



 ÍSFÉLAG

Lýsing

22. nóvember 2023





**SAMANTEKT**

**Ísfélags hf.**

**22. nóvember 2023**

## SAMANTEKT

### A. INNGANGUR OG VARNADARORÐ

Samantekt þessi skal lesin sem inngangur að lýsingu Ísfélags hf. („útgefandi“), sem samanstendur af samantekt þessari, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, öllum dagsettum 22. nóvember 2023 („lýsingin“). Samantekt þessi skal að öðru leyti lesin með hliðsjón af lýsingunni og skal ákvörðun fjárfesta um fjárfestingu í þeim verðbréfum, sem samantekt þessi varðar, byggja á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni.

Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfunum. Ef borin er fram krafa fyrir dómstóla sem varðar upplýsingar í lýsingunni, gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað við þýðingu á lýsingunni af íslenski tungu yfir á erlent tungumál áður en málarekstur hefst. Einkaréttarleg ábyrgð fellur aðeins á þá aðila sem hafa birt samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í hlutabréfum útgefnum af útgefanda.

<b>Lögformlegt heiti</b>	Ísfélag hf., kt. 660169-1219
<b>Aðsetur</b>	Tangagata 1, 900 Vestmannaeyjar, Ísland
<b>ISIN</b>	IS0000030112
<b>Tegund verðbréfa</b>	Hlutabréf
<b>LEI</b>	549300R7Z508ZEW03R28
<b>Auðkenni</b>	ISF
<b>Vefsíða</b>	<a href="http://www.isfelag.is">www.isfelag.is</a>
<b>Sími</b>	+354 488 1100
<b>Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna</b>	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Ísland. Tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
<b>Dagsetning lýsingar</b>	Lýsingin var staðfest 22. nóvember 2023.

### B. LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

#### HVER ER ÚTGEFANDI VERÐBRÉFANNA?

Útgefandi verðbréfanna er Ísfélag hf., kt. 660169-1219, LEI 549300R7Z508ZEW03R28, með aðsetur að Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, Íslandi.

Útgefandi er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Meginstarfsemi félagsins felst í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða, auk tengdrar starfsemi. Félagið er umsvifamikilið á Íslandi á sviði veiða og vinnslu uppsjávartegunda fisks og framleiðslu á fiskimjöli og lýsi. Félagið stundar einnig bolfiskveiðar- og vinnslu og framleiðir m.a. sjófrystar sjávarafurðir í einu fiskiskipa sinna. Þá framleiðir félagið frosnar og ferskar bolfisk- og uppsjávarafurðir í landvinnslum félagsins. Stöðugildi hjá sameinuðu félagi Ísfélags voru að meðaltali 374 talsins á árinu 2022. Ísfélag er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum Íslands, með 8,9% hlutdeild í heildaraflaheimildum, eða um 39.300 þorskígildistonn. Þar af eru um 16.700 þorskígildistonn í uppsjávarfiski og 22.600 þorskígildistonn í bolfiski.

Framkvæmdastjórn útgefanda samanstendur af eftirfarandi einstaklingum við dagsetningu lýsingarinnar: Stefán Baldvin Friðriksson, forstjóri, Ólafur Helgi Marteinson, aðstoðarforstjóri, Unnar Már Pétursson, fjármálastjóri og Örvar Guðni Arnarson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.

Alls eiga þrír hluthafar meira en 5% af hlutafé útgefanda. Guðbjörg Matthíasdóttir og Einar Sigurðsson, stjórnarmenn, eru tengdir aðilar við hluthafann ÍV fjárfestingafélag ehf. Ólafur Helgi Marteinson, aðstoðarframkvæmdastjóri útgefanda er tengdur aðili við hluthafann Martein Haraldsson ehf.

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum annarra aðila en ÍV fjárfestingafélags ehf., sem fer með bein yfirráð í útgefanda í krafti hlutafjáreignar sinnar. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu samkomulög sem gætu leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu.

Eftirfarandi hluthafar eiga meira en 5% af hlutafé útgefanda á dagsetningu lýsingarinnar:

Hluthafi	Fjöldi hluta	%
ÍV fjárfestingafélag ehf.	472.877.741	57,77%
Marteinn Haraldsson ehf.	95.145.581	11,62%
Gunnar Sigvaldason	52.743.201	6,44%
Aðrir hluthafar (minni en 5%)	197.845.790	24,17%
<b>Heildarhlutafé</b>	<b>818.612.313</b>	<b>100.00%</b>

Endurskoðandi útgefanda er KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík („KPMG“). Matthías Þór Óskarsson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggildra endurskoðenda, annaðist endurskoðun árs hlutareiknings útgefanda fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023 og áritaði árs hlutareikninginn. Var KPMG kosið endurskoðandi útgefanda á hluthafafundi félagsins sem haldinn var þann 14. júní 2023 og tók við starfanum af Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogi („Deloitte“) að liðnum þeim þriggja ára hámarkstíma sem starfsreglur Deloitte leyfa.

#### HELSTU FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

Rekstrarreikningur	6M 2023	6M 2022*	2022	2021	2020
<i>Bandaríkjadollar (USD)</i>	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>IFRS</i>	<i>Ársreikningalög</i>	<i>Ársreikningalög</i>
Heildartekjur	82.239.140	93.543.536	163.714.107	128.008.076	81.191.076
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	30.278.025	42.702.451	69.939.278	55.831.607	28.226.467
Hagnaður eftir skatta	17.912.687	32.236.008	61.312.613	40.654.746	13.987.671
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (USD á hlut)	0,032	0,061	0,115	0,077	0,026

Efnahagsreikningur	30. júní 2023	6M 2022*	31. des 2022	31. des 2021	31. des 2020
<i>Bandaríkjadollar (USD)</i>					
Heildareignir	769.840.844	337.479.066	335.279.667	294.644.951	293.498.140
Eigið fé	480.718.634	215.248.248	228.654.246	150.005.291	150.005.291
Skuldir samtals	289.122.210	122.230.818	106.625.420	144.639.661	143.492.850

Sjóðstreymi	6M 2023	6M 2022*	2022	2021	2020
<i>Bandaríkjadollar (USD)</i>					
Handbært fé við lok tímabils	25.566.236	48.661.637	26.608.654	18.657.844	12.785.026

\*Byggt á óendurskoðuðu uppgjöri Ísfélags hf. m.v. 30. júní 2022 sem byggt á IFRS staðli

#### Pro forma fjárhagsupplýsingar

Ísfélag sameinaðist Ramma hf. á árinu 2023 og tók samruninn gildi þann 30. júní 2023. Þar sem samruninn tók gildi fyrir lok reikningstímabils vegna árs hlutareiknings 2023 fyrir fyrstu sex mánuði ársins, er efnahagsreikningur réttur í endurskoðuðum árs hlutareikningi útgefanda. Af þeim sökum einskorðast pro forma upplýsingar í lýsingunni við rekstrarreikning sameinaðs félags fyrir fyrstu sex mánuði 2023.

Útgefandi staðfestir að engar mikilvægar breytingar hafi orðið á rekstri hans og eigna-, skulda- eða fjárhagsstöðu hans frá 30. júní 2023 og fram til birtingar lýsingarinnar að ofangreindu undanskildu.

Pro forma Fjárhagsupplýsingar	Ísfélag hf. Móðurfélag Endurskoðað USD	Rammi hf. Móðurfélag Óendurskoðað USD	Innri viðskipti	Ísfélag hf. Móðurfélag Pro forma USD
<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>6M 2023</b>	<b>6M 2023</b>		<b>6M 2023</b>
<i>Bandaríkjadollar (USD)</i>	<i>IFRS</i>	<i>Ársreikningalög</i>		<i>IFRS</i>
Rekstrartekjur	82.239.140	38.058.789	(313.363)	119.984.566
Kostnaðarverð seldra vara	(52.488.254)	(28.183.287)	313.363	(80.358.178)
<b>Framlegð</b>	<b>29.750.886</b>	<b>9.875.502</b>		<b>39.626.388</b>

Aðrar tekjur	404.458	6.473	410.931
Útflutningskostnaður	(2.275.910)	(488.221)	(2.764.131)
Annar rekstrarkostnaður	(3.056.129)	(1.064.289)	(4.120.418)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>24.823.305</b>	<b>8.329.465</b>	<b>33.152.770</b>
Hreinar fjármagnstekjur	(2.579.682)	(794.589)	(3.374.271)
Áhrif dóttur og hlutdeildarfélaga	423.400	(84.448)	<b>338.952</b>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>22.667.023</b>	<b>7.450.428</b>	<b>30.117.451</b>
Tekjuskattur	(4.754.337)	(1.498.112)	(6.252.449)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>17.912.686</b>	<b>5.952.316</b>	<b>23.865.002</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>30.278.025</b>	<b>9.800.551</b>	<b>40.078.577</b>
<i>Sem hlutfall af tekjum</i>	<i>37%</i>	<i>26%</i>	<i>33%</i>

### HELSTU ÁHÆTTUÆTTIR SEM ERU SÉRTÆKIR FYRIR ÚTGEFANDANN

#### Laga-, leyfis- og regluáhætta

- Starfsemi útgefanda lýtur margvíslegum lögum og reglum og getur efni þeirra frá einum tíma til annars haft margháttuð áhrif á starfsemi hans. Útgefandi lýtur þannig m.a. ákvörðunum stjórnvalda um tilhögun fiskveiðistjórnunar og lagaumhverfi hennar og úthlutanir veiðikvóta, en allt eru þetta lykiláhættur í rekstri hans.
- Ákvarðanir stjórnvalda um fiskveiðilöggjöf og skattheimtu í sjávarútvegi ráðast m.a. af pólitískum viðhorfum á hverjum tíma og kunna því breytingar á löggjöf hvað þetta snertir að hafa neikvæð áhrif á starfsemi hans, rekstur og fjárhagsstöðu. Hið sama á við, komi til þess að útgefandi fylgi ekki, eða geti ekki í rekstri sinnt þeim lögmæltu skyldum sem á rekstri hans hvíla.

#### Rekstraráhætta

- Rekstur útgefanda verður fyrir áhrifum af ríkjandi kringumstæðum í íslensku og alþjóðlegu hagkerfi hverju sinni, t.d. hagvaxtarstigi, verðbólgu atvinnustigi, vaxtastigi og gengisþróun íslensku krónunnar, en allir þessir þættir og þróun þeirra hafa áhrif á framboð og eftirspurn á mörkuðum og þar með á tekjur og rekstrarkostnað hans.
- Rekstur útgefanda ræðst að miklu leyti af fiskgengd á þeim fiskimiðum eða í þeim deilistofnum þar sem útgefandi stundar veiðar og/-vinnslu. Sveiflur í fiskgengd kunna því að hafa veruleg neikvæð áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu útgefanda.
- Rekstur og afkoma félagsins er háð hráefnis- og afurðaverði sem tekur breytingum milli ára. Ísfélag hefur ekki nema að litlu leyti færi á að sjá fyrir þróun markaðsverðs á afurðum félagsins og hefur félagið ekki stjórn á slíkri þróun. Stærstur hluti hráefnis kemur frá skipum félagsins og gilda kjarasamningar um verðlag þess, þar sem verð hráefnis tekur mið af afurðaverði hverju sinni. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri félagsins, s.s. hvað varðar veiðar, hráefnakaup, samsetningu veiðiheimilda og langtímasambönd við viðskiptavinum, til að draga úr neikvæðum áhrifum verðbreytinga að einhverju leyti. Ekki er þó hægt að tryggja að stefna félagsins dragi úr þessum áhrifum á rekstur og afkomu félagsins. Útgefandi selur afurðir sínar á innlendum og erlendum mörkuðum. Er afkoma hans m.a. háð þeim afurðaverðum sem þar bjóðast, frá einum tíma til annars. Kann það að hafa neikvæð áhrif á starfsemi hans, rekstur og fjárhagsstöðu verði lækkanir á afurðaverðum á slíkum mörkuðum án þess að stjórnendum útgefanda reynist unnt að grípa til mótvægisáðgerða.
- Útgefandi gerir út fiskiskip til veiða allan ársins hring, við mismunandi veðurskilyrði, bæði innan og utan efnahagslögsögunnar, og er afli skipanna unninn í fiskvinnslum félagsins af hæfu starfsfólki og með háþróuðum tækjabúnaði. Vegna þessa býr útgefandi við áhættu er varðar náttúrulegar sveiflur, m.a. í veðurfari og minnkandi eða breytttri fiskgengd, hvort heldur sem er milli árstíða eða veiðitímabila, í íslenskri efnahagslögsögu eða utan hennar, sem og hvað varðar skert aðgengi að hæfu starfsfólki og þeirri tækni sem félaginu er þörf á til að stunda starfsemi sína með arðbærasta hætti hverju sinni. Allir þessir þættir geta haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu útgefanda þróist þeir með óhagfelldum hætti fyrir hann. Þá getur þróun gengis gjaldmiðla, sem og þróun afurðaverðs með sama hætti orðið útgefanda óhagfelld þrátt fyrir tilraunir stjórnenda hans til þess að stemma stigu við slíku. Í lánasamningum útgefanda eru ýmsir fjárhagslegir og aðrir skilmálar er varða ýmsa þætti í starfsemi útgefanda s.s. breytingar á eignarhaldi útgefanda, vanefndir lánaskuldbindinga og afleiddar vanefndir,

breytingar á rekstri útgefanda, útgreiðslur úr rekstri hans, lágmarks eiginfjárlutfall hans, úthlutun veiðiheimilda og veðsetningarbann. Brot á slíkum skilmálum geta leitt til gjaldfellingar samkvæmt lánasamningum og komi til slíks, gæti útgefandi þurft að endurgreiða lán samstundis eða beita öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum í samstarfi við lánveitanda. Þá gerir útgefandi ekki langtímasamninga við kaupendur afurða sinna. Útgefandi hefur þannig enga tryggingu fyrir því að kaupendur að afurðum hans reynist fyrir hendi eftir framleiðslu þeirra.

## C. LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

### HELSTU EIGINLEIKAR VERÐBRÉFANNA

Almennar upplýsingar	Hlutabréf í Ísfélagi hf., kt. 660169-1219 eru í einum flokki og njóta þau öll sams konar réttinda samkvæmt samþykktum félagsins. Hlutabréfin eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru þau rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Hlutabréf útgefanda eru rafrænt skráð með ISIN númer IS0000030112 og skráð sem nafnbref með nafni og kennitölu viðeigandi hluthafa eða tilnefnds aðila í samræmi við 42. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
Gjaldmiðill	Íslenskar krónur.
Nafnvirði hlutabréfanna	Hlutafé útgefanda er ISK 818.612.313 að nafnvirði, sem skiptist í jafnmarga hluti, sem hver og einn er ein króna að nafnvirði.
Réttindi	Hver hlutur í útgefanda veitir eiganda þess eitt atkvæði á hluthafafundi, þar sem hverjum hluthafa er heimilt að greiða atkvæði í jöfnum hlutföllum við hlutafjáreign hans í útgefanda. Engin sérréttindi fylgja hlutum útgefanda. Réttindi hluthafa eru í samræmi við samþykktir útgefanda sem má aðeins breyta í samræmi við gildandi lög og ákvæði samþykktanna á hverjum tíma.
Réttihæð hlutabréfanna	Komi til slita eða skipta útgefanda verður hluthöfum greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum útgefanda, eftir að allir aðrir kröfuhafar útgefanda, sem ekki teljast víkjandi, hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar. Engin breytiréttindi fylgja hlutabréfunum.
Frjálst framsal hlutabréfanna	Engar hömlur eru lagðar á veðsetningu eða framsal hluta í útgefanda aðrar en þær en sem leiða af lögum. Um skrásetningu veða eða eigendaskipta fer eftir, lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, eða tengdra reglna. Athygli fjárfesta er þó vakin á því að heimild erlendra aðila til að eiga hlutafé útgefanda er takmörkuð með ákvæðum laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
Arðgreiðslustefna	Útgefandi stefnir að því að greiða hluthöfum sínum árlegan arð af því fé sem bundið er í félaginu, sem nemi að lágmarki 30% af hagnaði næstliðins rekstrarárs, þó að því gefnu að eiginfjárlutfall félagsins verði ekki lægra en 50% eftir að arðgreiðslan hefur farið fram.

### HVAR MUNU VIÐSKIPTI MEÐ VERÐBRÉFIN FARA FRAM?

Í kjölfar staðfestingar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á lýsingunni, og í kjölfar árangursríks almenns útboðs á verðbréfunum, mun stjórn útgefanda óska eftir því að allir útgefni hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur markaður fyrir fjármálagerninga.

### ERU VERÐBRÉFIN MEÐ ÁBYRGÐ?

Verðbréfin njóta ekki ábyrgðar þriðja aðila.

### HELSTU ÁHÆTTUÞÆTTIR SEM ERU SÉRTÆKIR FYRIR VERÐBRÉFIN

- Fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum þar sem ef til slita eða skipta kemur í hlutafélagi eru hluthafar aftastir í kröfuröð og fá aðeins greitt eftir að gildar kröfur annarra kröfuhafa hafa verið greiddar. Hlutabréfaferð getur jafnframt sveiflast meira en virði skuldabréfa og virði þeirra er háð stöðugum breytingum.
- Markaðsverð hlutabréfa útgefanda er háð ýmsum þáttum, sem bæði kunna að varða markaði almennt en einnig útgefanda sérstaklega, sem geta haft áhrif ýmist til hækkunar eða lækkunar á verði þeirra. Engin vissa er fyrir hendi varðandi það hver framtíðarþróun markaðsverðs hlutabréfa útgefanda kann að verða.

- Verði tekin ákvörðun að hækka hlutfé útgefanda, er hluthöfum nauðsynlegt að nýta forgangsrétt sinn samkvæmt samþykktum útgefanda og taka þátt í þeirri hlutfjárhækkun eigi hlutfallslegur eignarhlutur þeirra í félaginu ekki að lækka (þynnast). Hugsanlegt er þó að hluthafafundur sem ákveður hlutfjárhækkunina ákveði að falla frá slíkum forgangsrétti og mun hlutfallslegur eignarhlutur þeirra hluthafa, sem ekki njóta réttar til að taka þátt í henni, lækka
- Afkoma útgefanda, markaðsaðstæður og smæð íslensks hlutabréfamarkaðar kunna að leiða til þess að kaupendur að hlutum útgefanda reynist ekki fyrir hendi þegar vilji fjárfestis stendur til sölu þeirra, ellegar það verð sem í boði er sé lægra en fjárfestir telur sanngjarnt.
- Eignarhald útgefanda er samþjappað og verður það áfram í kjölfar útboðs. Því geta fáir hluthafar tekið mikilsverðar ákvarðanir í félaginu, bæði er varða rekstur þess og eignarhald, sem kunna að hafa neikvæð áhrif á markaðsverðmæti hlutabréfa félagsins.

### *SAMKVÆMT HVADA SKILYRÐUM OG TÍMAÁÆTLUN GET ÉG FJÁRFEST Í ÞESSU VERÐBRÉFI?*

Verðbréf útgefanda verða boðin til sölu í almennu útboði sem fer fram dagana 23. nóvember 2023 til 1. desember 2023 samkvæmt því sem segir hér að neðan.

Í útboðinu verða alls 118.923.851 þegar útgefnir hlutir í útgefanda verða boðnir til sölu, eða sem samsvarar um 14,53% af skráðu heildarhlutfé útgefanda. Seljendur hlutfjárins eru alls fimm hluthafar, auk þess sem útgefandi mun sjálfur selja eigin hluti sem eru í hans eigu við útgáfu lýsingarinnar. Hlutirnir verða seldir í almennu útboði á grundvelli lýsingarinnar.

Útboðið er ekki sölutryggt. Fjárfestar geta valið um tvær áskriftarbækur sem eru ólíkar að verði, stærð og úthlutun:

**Áskriftarbók A:** Í þessari áskriftarbók skuldbinda fjárfestar sig til að kaupa í útboðinu hluti útgefanda fyrir sem nemur, að hámarki, allt að þeirri heildarfjárhæð sem tilboð þeirra tilgreinir en öll tilboð fjárfesta í þessari áskriftarbók skulu gerð á genginu 135 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar fjárfestis er 100.000 kr. en hámarksáskrift er 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í áskriftarbók A, en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í áskriftarbók A verða seldir á sama verði<sup>1</sup> (hér eftir „útboðsgengi áskriftarbókar A“).

Komi til umfræftirspurnar verða áskriftir í áskriftarbók A skertar hlutfallslega, en þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir, ef það dugar ekki til.

**Áskriftarbók B:** Í áskriftarbók B verður tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. og er fjárfesti heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í áskriftarbók B: Samtala þeirra má þó ekki vera hærri en sem nemur heildarstærð útboðsins.

Í áskriftarbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda, en fjárfestar leggja fram áskriftir sem fela í sér tilboð um kaup hluta á verði, sem hver og einn fjárfestir tiltekur, en verður að vera jafnt eða herra og lágmarksverð í áskriftarbók B sem er 135 kr./hlut.

Allir hlutir í áskriftarbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af þeim verðum pr. hlut sem fjárfestar hafa boðið með þeim tilboðum sem samþykkt eru (hér eftir „útboðsgengi áskriftarbókar B“). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi áskriftarbókar B verður hafnað.

Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi áskriftarbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umfræftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar eins og nánar er rakið í lýsingunni.

Gert er ráð fyrir að áskriftartímabilið hefjist kl. 10:00 GMT þann 23. nóvember 2023 og því ljúki kl. 14:00 GMT þann 1. desember 2023. Áskriftartímabilið er háð hvers kyns framlengingum eða frestun á tímaáætlun. Útgefandi áskilur sér rétt til að framlengja eða fresta áskriftartímabilinu. Ekki verður tekið við áskriftum eftir lok áskriftartímabilsins. Komi til þess að áskriftartímabil verði lengt eða því frestað verður viðauki við lýsinguna birtur eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar á vef útgefanda [www.isfelag.is/fjarfestar](http://www.isfelag.is/fjarfestar) eigi síðar en 4. desember 2023.

Útboðinu er aðeins beint að fjárfestum á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands. Löggaðilar með íslenska kennitölu og skráð heimili hér á landi geta tekið þátt í útboðinu ásamt

<sup>1</sup> Með verði í þessu samhengi er átt við verð pr.hlut.

einstaklingum sem náð hafa lögaldri eins og hann er skilgreindur í lögræðislögum nr. 71/1997, sem hafa íslenska kennitölu og lögheimili hérlandis, þó með fyrirvara um takmarkanir sem geta leitt af lögum og reglum. Takmarkanir þessar geta m.a. átt við um gjaldþrota aðila sem standa í gjaldþrotaskiptum í áskriftartímabilinu, en slíkir aðilar mega ekki taka þátt í útboðinu. Aðilar sem eru ekki fjárráða mega ekki taka þátt í útboðinu.

Athygli fjárfesta er sérstaklega vakin á því, að 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri eru reistar skorður við fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þær takmarkanir.

Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („Arion banki“), Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („Íslandsbanki“) og Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík („Landsbankinn“) hafa umsjón með sölu hlutabréfanna í almenna útboðinu. Áskriftir skal skrá rafrænt í áskriftarkerfi Arion banka í gegnum hlekkir sem má finna á á vefsíðum Arion banka ([www.arionbanki.is/isfelag](http://www.arionbanki.is/isfelag)), Íslandsbanka ([www.islandsbanki.is/isfelag](http://www.islandsbanki.is/isfelag)) og Landsbankans ([www.landsbankinn.is/isfelag](http://www.landsbankinn.is/isfelag)). Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi. Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringarþjónustu þó, þrátt fyrir framangreinda kröfu um tilhögun áskrifta, heimilt að skila áskriftum á sérstöku áskriftarformi sem fá má hjá umsjónaraðilum útboðsins. Áskriftarvefurinn verður bæði á íslensku og ensku.

#### *HVERS VEGNA ER ÞESSI LÝSING RITUÐ?*

Lýsing þessi er rituð í tengslum við almennt útboð á þegar útgefnum hlutum í útgefanda og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Útgefandi ber allan kostnað af almenna útboðinu og töku hlutanna til viðskipta, þar með talinn sölukostnaður hinna seljandi hluthafa. Útboðið er ekki sölutryggt.

Sé miðað við að allt útboðið sé selt á lágmarksgengi er nettó heildarsöluverð þeirra hluta sem seldir verða í útboðinu 15.779 m.kr., hvar af 5.355 m.kr. munu koma í hlut útgefanda sjálfs sem endurgjald fyrir sölu eigin hluta í hans eigu. Þá fjármuni sem útgefanda munu þannig greiðast mun félagið nýta til að greiða kostnað við útboðið og töku hluta félagsins til viðskipta, í fjárfestingar sínar, rekstur og til almennra félagsþarfa, eins og þurfa þykir.

Athygli fjárfesta er vakin á því, að umsjónaraðilar útboðsins og töku verðbréfa útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki, þiggja allir þóknunir fyrir starfa sinn við umsjón við framkvæmd hins almenna útboðs og töku til viðskipta. Þá er Arion banki einn seljenda hluta útgefanda í útboðinu. Íslandsbanki og Landsbanki eru báðir meðal lánveitenda útgefanda.



**ÚTGEFANDALÝSING**

**Ísfélags hf.**

22. nóvember 2023

## EFNISYFIRLIT

1.	Áhættuþættir.....	4
1.1	Laga, leyfis- og regluáhætta.....	4
1.1.1	Fiskveiðistjórn.....	5
1.1.2	Stjórn málaumhverfi.....	6
1.1.3	Veiðigjöld.....	6
1.1.4	Skattaleg áhætta.....	7
1.1.5	Kjarasamningar.....	7
1.1.6	Samkeppni.....	8
1.1.7	Verðbréfalöggjöf.....	8
1.1.8	Stjórnsýslu-, dóms- og gerðardómsmál.....	9
1.2	Rekstraráhætta.....	9
1.2.1	Áhætta tengd efnahagsumhverfi.....	9
1.2.2	Fiskimið og deilistofnar.....	10
1.2.3	Breytingar á hráefnis- og afurðaverði.....	10
1.2.4	Aðgengi að mörkuðum.....	11
1.2.5	Veiðar og vinnsla.....	11
1.2.6	Samningsáhætta og mikilvægir samningar.....	12
1.2.7	Olíuverðsáhætta.....	12
1.2.8	Fasteignir og staðsetning.....	12
1.2.9	Skipastóll.....	13
1.2.10	Tækninýjungar.....	13
1.2.11	Umhverfisáhætta.....	13
1.2.12	Vátryggingar.....	14
1.2.13	Stjórnun og starfsmannaáhætta.....	14
1.2.14	Stefnumótunaráhætta.....	14
1.2.15	Áhætta vegna áætlana.....	14
1.2.16	Orðsporsáhætta.....	14
1.2.17	Reikningsskilaaðferðir og mat á eignum.....	15
1.2.18	Áhættustýring og innra eftirlit.....	15
1.2.19	Fjárhagsleg áhætta.....	15
1.3	Markaðsáhætta.....	15
1.3.1	Gjaldeyris- og uppgjörsáhætta.....	15
1.3.2	Vaxta- og fjármögnunaráhætta.....	16
1.3.3	Verðbólguáhætta.....	16
1.3.4	Lánsáhætta (mótaðilaáhætta).....	17
1.3.5	Lausafjárahætta.....	17
1.3.6	Áhætta vegna uppbyggingar á eignarhaldi.....	17
2.	Tilkynning til fjárfesta.....	19
2.1	Hugsanlegir hagsmunarárekstrar.....	21
2.2	Ráðgjafar og umsjón með töku til viðskipta.....	22
2.3	Skjöl felld inn með tilvísun.....	22

2.4	Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis .....	23
2.5	Upplýsingar frá þriðja aðila .....	24
2.6	Yfirlýsingar ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda .....	24
2.7	Skilgreiningar og tilvísanir .....	24
2.8	Skammstafanir og hugtök .....	26
3.	Upplýsingar um útgefandann .....	27
3.1	Útgefandi .....	27
3.2	Tilgangur .....	27
3.3	Lagaumhverfi.....	27
3.4	Sértæk lög tengd sjávarútvegsfélögum .....	28
3.4.1	Stjórn fiskveiða.....	28
3.4.2	Lög um veiðigjöld .....	29
3.5	Ágrip af sögu Ísfélags .....	30
3.6	Skipulag samstæðunnar, skipurit og hlutdeildarfélag .....	31
3.6.1	Hlutverk og markmið .....	31
3.7	Starfssvið .....	32
3.8	Dótturfélög .....	34
3.9	Hlutdeildarfélag.....	35
4.	Lýsing á starfsemi Ísfélags .....	38
4.1	Inngangur .....	38
4.2	Útgerð .....	38
4.3	Fiskvinnslur og fiskimjölsværksmiðjur .....	41
4.4	Sala og dreifing.....	44
4.5	Vöruþróun.....	44
4.6	Hugverkaréttindi .....	44
4.7	Fasteignir og skip Ísfélags .....	49
4.8	Gæðakerfi og vottanir .....	50
5.	Markaðir og samkeppni í sjávarútvegi .....	52
5.1	Sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi .....	52
5.2	Íslenskur sjávarútvegur .....	53
5.3	Afli Íslenskra fiskiskipa .....	55
5.4	Samkeppnin .....	56
5.5	Helstu markaðir og afurðir Ísfélags .....	57
5.6	Rannsóknar- og þróunarverkefni .....	61
6.	Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2020 – 30. júní 2023 .....	62
6.1	Þróun, horfur, fjárfestingar og breytingar á fjárhagsstöðu .....	62
6.2	Afkomuspá fyrir árið 2023 og samlegðaráhrif.....	64
6.3	Rekstur Ísfélags .....	64
6.3.1	Rekstur Ísfélags fyrstu sex mánuði ársins 2023.....	64
6.3.2	Efnahagur Ísfélags þann 30. Júní 2023 .....	65
6.3.3	Sjóðstreymisyfirlit Ísfélags fyrstu sex mánuði 2023 .....	67
6.3.4	Pro forma fjárhagslegar upplýsingar Ísfélags fyrir fyrstu sex mánuði 2023.....	68

6.3.5 Yfirlýsing endurskoðanda á Pro Forma fjárhagsupplýsingum .....	69
6.4 Ísfélag Vestmannaeyja.....	71
6.4.1 Rekstur Ísfélags Vestmannaeyja 2020-2022 .....	71
6.4.2 Efnahagur Ísfélags Vestmannaeyja 2020-2022 .....	72
6.4.3 Sjóðstreymisyfirlit Ísfélags Vestmannaeyja 2020-2022 .....	74
6.5 Rammi .....	76
6.5.1 Rekstur Ramma 2020-2022.....	76
6.5.2 Efnahagur Ramma 2020-2022.....	77
6.5.3 Sjóðstreymisyfirlit Ramma 2020-2022 .....	80
7. Stjórnarhættir, Stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur.....	82
7.1 Stjórnarhættir .....	82
7.2 Stjórn og yfirstjórn útgefanda .....	82
7.3 Eftirlitstjórn .....	88
7.4 Laun og hlunnindi stjórnar, yfirstjórnar og nefndarmanna .....	89
7.5 Tengdir aðilar.....	90
7.6 Endurskoðendur.....	92
8. Hluthafar og hlutafé.....	92
8.1 Hluthafar .....	92
8.2 Hlutafé .....	93
8.3 Réttindi .....	94
8.3.1 Atkvæðisréttur .....	94
8.3.2 Arður og arðgreiðslustefna .....	95
8.4 Hækkun eða lækkun hlutafjár .....	95
8.5 Þróun hlutafjár .....	95

## 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Hér er fjallað um þá áhættuþætti sem Ísfélag hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir nefnt ýmist „Ísfélag“, „útgefandinn“ eða „félagið“) eru kunnir og geta, að mati félagsins, sérstaklega haft áhrif á félagið, rekstur þess og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Félagið sameinaðist Ramma hf., kt. 681271-1559, og miðast samruninn við 31. desember 2022 í samræmi við þágildandi reikningsskilastaðla útgefanda. Samruninn var endanlega staðfestur á hluthafafundi félagsins þann 14. júní 2023 en reikningshaldslega miðast samruninn við 30. júní 2023 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Umfjöllun í útgefandalýsingu þessari miðast við sameinað félag, nema þegar um söguleg gögn er að ræða, eða annað er tekið fram.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um að fjárfesta í hlutabréfum í félaginu með þátttöku í almennu útboði á hlutum í Ísfélagi, sem fyrirhugað er dagana 23. nóvember – 1. desember 2023, eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um óvissu og áhættuþætti sem koma fram í lýsingu dagsettri 22. nóvember 2023, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu þessari, en þættir þessir kunna að hafa veruleg áhrif á rekstur Ísfélags og verðmæti fjárfestingar í fjármálagerningum útgefnum af félaginu, þ.m.t. hlutabréfum þess.

Fjárfestum má vera ljóst að upptalning þessara óvissu- og áhættuþátta er, eðli máls samkvæmt, ekki tæmandi, auk þess sem sú óvissa og þær áhættur sem rekstur Ísfélags stendur frammi fyrir kunna að breytast frá einum tíma til annars. Auk þessa er ekki hægt að segja til um það með neinni vissu, hvort einstakur áhættuþáttur kunni að hafa keðjuverkandi áhrif og hrinda af stað fleiri áhættuþáttum og að vægi slíks áhættuþáttar kunni þannig að vera meira en Ísfélag sér fyrir eða gat séð fyrir.

Fjárfestum má auk þessa vera ljóst, að ekki er unnt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á afkomu, efnahag og virði hlutabréfa í Ísfélagi, en slíkt mat væri m.a. háð því að aðrir áhættuþættir héldust óbreyttir í einhvern tíma, sem sjaldnast er raunin. Með vísan til ofangreinds, er athygli fjárfesta vakin á, að hver og einn áhættuþáttur sem hér er lýst getur haft margþætt og ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti hluta í Ísfélagi, í meira eða minna mæli, bæði til skemmri og lengri tíma. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta fer eftir alvarleika þeirra, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu þættirnir, að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á hlutabréfin og líkunum á að þeir gerist. Umfjöllun um þá áhættuþætti sem félaginu er kunnugt um og telur skipta máli varðandi mat á hlutabréfum í félaginu er að finna í fyrrgreindri verðbréfalýsingu Ísfélags í kaflanum „Áhættuþættir“ en sá kaflinn inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur eftir bestu vitund, að eigi sérstaklega við um verðbréfin svo meta megji markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur þess að þeir gangi eftir. Fjárfestar eru upplýstir um að hugsanlegt er að Ísfélag muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar gangi einhver þessara áhættuþátta eftir, ellegar að slíkt gerist vegna atvika eða kringumstæðna sem koma til síðar, og ekki voru taldar fela í sér sérstaka áhættu á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrirbyggjandi eru við útgáfu lýsingar þessarar og útgefanda er kunnugt um.

Fjárfestum má einnig vera kunnugt um, að ekki er víst að í lýsingu þessari sé fjallað um alla þá áhættuþætti sem gætu haft áhrif á afkomu og efnahag félagsins í framtíðinni, enda gætu áhættuþættir sem eru álitnir óverulegir í dag, eða er ella ekki getið hér, þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar. Að auki gætu komið til nýir áhættuþættir eftir útgáfu lýsingar þessarar sem eru útgefanda ekki fyrirsjáanlegir er lýsing þessi var gefin út.

### 1.1 LAGA, LEYFIS- OG REGLUÁHÆTTA

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru háð þeirri áhættu að stjórnvöld breyti lögum og reglum með þeim hætti að starfsemi félagsins verði óhagkvæmari en ella.

Ísfélag starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lög um veiðigjald nr. 145/2018 og lög um matvæli nr. 93/1995, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Auk þess taka sjómannalög nr. 35/1985 til starfsemi félagsins. Ýmis lög um umhverfismál snerta einnig félagið, svo sem lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20/1972, lög um geislavarnir nr. 44/2002 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Í rekstri félagsins ber félaginu jafnframt að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005. Nánari umfjöllun um gildandi lagaumhverfi félagsins er í kaflanum „3.3 Lagaumhverfi“.

Starfsemi Ísfélags lýtur ýmsum opinberum reglum og eftirliti. Eru þannig helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts félagsins háð ýmiss konar leyfisveitingum opinberra aðila, en starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Verði tilskilin leyfi ekki veitt, eða þau ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, þau afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, þá kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið.

Þar sem Ísland er aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) er Ísfélagi, til viðbótar framansögðu, skylt, eftir því sem við á, að stunda sína starfsemi í samræmi við þá löggjöf Evrópusambandsins sem er innleidd hér á landi.

Bretland hefur í gegnum tíðina verið eitt helsta viðskiptaland Íslands og vega viðskipti með sjávarafurðir þungt í viðskiptum milli landanna. Ísfélag selur sjófrystan og landfrystan fisk til Bretlands, en útflutningur þangað nam 21% af heildartekjum félagsins á árinu 2022. Bretland verður auk þess nýr samningsaðili um deilistofna, sem getur valdið erfiðleikum og tófum í samningsviðræðum milli þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Auk þess er hætta til staðar að brotthvarf Bretlands úr Evrópusambandinu valdi því að stefnumörkun og lagasetning á sviði sjávarútvegsmála og innflutnings sjávarafurða verði minna fyrirsjáanleg í framtíðinni og síður líkleg til að taka tillit til hagsmuna annarra ríkja, þ.m.t. Íslands. Allt slíkt kann að hafa í för með sér áhættu og óvissu fyrir Ísfélag.

Breytingar á lögum, reglum og stjórnsluframkvæmd sem gilda um félagið og starfsemi þess gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á Ísfélag og hvernig það hagar starfsemi sinni frá einum tíma til annars. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar eða að sett verði ný lög sem kynni að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Ef í ljós kemur að starfsemi félagsins uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, m.a. vegna álitshnekkis, þess að félagið fái á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípi til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu, þ.m.t. sviptingar starfsleyfa, eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfði dómsmál á hendur félaginu.

Úrskurðir dómstóla, laga- og reglugerðarbreytingar, ásamt breytingum á stjórnsluframkvæmd, geta haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag félagsins.

### 1.1.1 FISKVEIÐISTJÓRN

Breytingar á stjórnkerfi fiskveiða gætu falið í sér óvissu og áhættu fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, þ.m.t. Ísfélags. Stjórnvöld setja lög og reglugerðir um stjórn fiskveiða sem ætlað er að stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskistofna. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir kunna að takmarka úthlutun aflaheimilda en þær eru ein af grunnforsendum fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig getur breyting á úthlutun aflaheimilda og heimildum á framsali þeirra haft áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með Ísfélags.

Markmið íslenskra stjórnvalda með stjórn fiskveiða er, samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Við stjórn veiða íslenskra skipa er ýmsum aðferðum beitt, m.a. úthlutun veiðileyfa og aflaheimilda, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir veiðisvæða. Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu, kt. 660892-2069, Norðurslóð Borgum, 600 Akureyri (hér eftir „Fiskistofa“).

Ísfélag er eitt stærsta útgerðarfyrirtæki landsins með um 39 þúsund þorskígildistonn innan og utan landhelgi Íslands við úthlutun fiskveiðiársins 2023/2024 (í tilfelli tegunda sem ekki hefur verið úthlutað er miðað við úthlutun fiskveiðiársins 2022/2023). Þar af eru um 17 þúsund þorskígildistonn í uppsjávartegundum. Þá nýtur Ísfélag aflaúthlutunar upp á 23 þúsund þorskígildistonn í bolfiski. Skipastóll Ísfélags miðast við að hann nái að veiða allan úthlutaðan kvóta. Sjá nánari umfjöllun um aflahlutdeild Ísfélags niður á helstu tegundir í kaflanum „4.2 Útgerð“.

Veiði á einstökum fisktegundum getur sveiflast nokkuð milli ára, t.d. vegna ástands í hafinu, veðurfars og ástands fiskistofna. Mæta má slíkri áhættu með því að dreifa aflaheimildum milli tegunda. Á hverju ári felst áhætta í því að ekki takist að veiða úthlutaðan kvóta, eða úthlutun aflaheimilda verði mögulega skert síðar. Slíkt getur haft áhrif á afkomu og rekstur Ísfélags.

Brot gegn lögum um stjórn fiskveiða varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stórfelld ásetningsbrot geta varðað fangelsi allt að 6 árum. Þá hefur Fiskistofa lagaheimildir til að beita stjórnsluviðurlögum, s.s. sviptingu veiðileyfis og afturköllun vigtunarleyfis, vegna tiltekinna brota. Verði Ísfélag uppvíst að slíkum brotum og verði félaginu gerð refsing þess vegna, eða það beitt refsikenndum viðurlögum, kann það bæði að hafa mikil áhrif á orðspor félags, sem og umtalsverð neikvæð áhrif á fjárhag félagsins.

Fjárfestum má vera ljóst að óvissa í rekstrarspám Ísfélags, líkt og annarra sjávarútvegsfyrirtækja, er mikil, þar sem úthlutun veiðiheimilda fyrir hvert ár er háð leyfum Fiskistofu og ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunnar, kt. 470616-0830, Fornbúðum 5, 220 Hafnarfirði (hér eftir „Hafrannsóknarstofnun“). Ef úthlutun reynist minni en áætlað var getur það haft neikvæð áhrif á afkomu og rekstur félagsins.

### 1.1.2 STJÓRN MÁLAUMHVERFI

Sú hættu er ávallt til staðar, að stjórnvöld breyti leikreglum í sjávarútvegi með þeim hætti að það hafi neikvæð áhrif á rekstur og afkomu Ísfélags. Ákvarðanir stjórnvalda, sem m.a. geta ráðist af þróun stjórnmála á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Ísfélags. Hættu er á að stjórnvöld setji m.a. takmarkanir á viðskipti við einstök lönd sem útgefandi á í viðskiptum við. Dæmi um slíkar kringumstæður er það viðskiptabann sem íslensk stjórnvöld settu á útflutning sjávarafurða til Rússlands árið 2015 í kjölfar innlimunar Rússlands á Krímskaga og nærliggjandi landsvæðum, sem tilheyra Úkraínu. Stjórnmálaumhverfi getur jafnframt haft áhrif á það hvort fyrirtæki hugi að uppbyggingu á einstökum landsvæðum eða mörkuðum.

Starfsemi Ísfélags lýtur fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum þáttum löggjafar ráðist af stjórnmálaumhverfi á hverjum tíma. Þar bera hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skipulag og uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfisins, veiðigjöld, tolla og skatta.

Pólitískur óstöðugleiki getur m.a. haft í för með sér breytingar á lögum og reglum sem gilda um félagið. Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar hefur matvælaráðherra lagt inn í samráðsgátt stjórnvalda áform um ný heildarlög um nýtingu og stjórn nytjastofna sjávar. Eiga þau lög að taka við af fjölda laga og reglna sem gilda um sjávarútveg á Íslandi. Enn fremur hefur Matvælaráðherra kynnt áform um hækkun veiðigjalda, áform um að leggja til breytingar á 72. gr. (auðlindarákvæði) stjórnarskrárinnar og breytingu á aflamarkskerfinu með þeim hætti að fara í útboð á ákveðnum hluta aflaheimilda sem stjórnvöld hafa til ráðstöfunar skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Slíkar breytingar geta verið féluginu verulega óhagfelldar og skapað óvissu í kringum íslenskan sjávarútveg.

Ákvarðanir stjórnvalda í málefnum sjávarútvegs geta jafnframt ráðist af alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist, s.s. aðildarsamningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Íslenskum fiskiskipum er heimilt að veiða úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja sem aðili að Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni (NAFO) og Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC). Íslendingar eru jafnframt með sérstakan samning við Rússland og Noreg um veiðar íslenskra skipa á þorski í Barentshafi innan lögsögu þeirra, auk tvíhliða samnings við Færeyjar. Við veiðar í lögsögu annarra ríkja ber að fara eftir þeim reglum sem hvert ríki setur um veiðarnar.

Ef einhverjar breytingar verða á samstarfi við þessari þjóðir kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag Ísfélags.

Það er ekki á færi Ísfélags að draga úr eða stýra þessum áhættuþáttum og því er nauðsynlegt að fjárfestar séu meðvitaðir um þá áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af féluginu.

### 1.1.3 VEIÐIGJÖLD

Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórnun, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til tekjuöflunar ríkissjóðs. Veiðigjöld eru afkomutengd og getur ákvörðun stjórnvalda um fjárhæð veiðigjalds sem hlutfall af afkomu hvers árs fyrir sig haft áhrif á rekstur og efnahag Ísfélags. Um veiðigjald og álagningu þess er fjallað í lögum nr. 145/2018 um veiðigjald.

Þorskur og meðafli hans í rússneskri og norskri lögsögu, sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði I og II (Síldarsmugunni), mynda ekki stofn veiðigjalds skv. 2. mgr. 3. gr. laga um veiðigjald nr. 145/2018.

Breytingar á álagningu veiðigjalda og fjölda fiskitegunda sem mynda stofn til álagningar veiðigjalds kunna að hafa veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins og getur félagið ekki spáð fyrir um hugsanlegar breytingar og áhrif þeirra. Taflan hér fyrir neðan sýnir greidd veiðigjöld fyrirrennara Ísfélags, Ísfélags Vestmannaeyja og Ramma, síðustu þrjú ár.

Tafla 1: Veiðigjöld Ísfélags 2020-2022

Í milljónum ISK	2020	2021	2022
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	174	261	333
Rammi hf.	163	273	245
Samtals	337	534	578

Breytingar á álagningu veiðigjalda hafa þein áhrif á rekstrarhagnað Ísfélags fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. EBITDA). Álagning veiðigjalda tekur mið af afkomu greinarinnar og því ætti það að fara saman við afkomu félagsins. Það er hins vegar ekki á færi félagsins að draga úr eða stýra þeirri áhættu sem breytingar á veiðigjöldum hafa í för með sér og því er nauðsynlegt að fjárfestar séu meðvitaðir um áhættu þeim tengdri en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af félaginu.

#### 1.1.4 SKATTALEG ÁHÆTTA

Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattheimtu lögaðila geta haft áhrif á Ísfélag og dregið úr arðsemi þess. Ísfélag er íslenskt hlutafélag og ber sem slíkt ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattlagning á tekjur lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, ásamt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eru dæmi um skattheimtu sem skiptir máli fyrir félagið.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja með skattalega heimilisfesti á Íslandi er nú 20% og hefur hlutfallið verið stöðugt undanfarin ár. Þá hefur sértækum skattstofnum á fyrirtæki ekki fjölgað. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2024 kemur fram að fyrirhugað sé að hækka tekjuskattshlutfall fyrirtækja tímabundið í eitt ár úr 20% í 21%. Skattframtal félagsins er í Bandaríkjadóllar (hér eftir „USD“) sem er starfrækslu- og uppgjörsgjaldmiðill félagsins. Áhætta félagsins er þó fólgin í því að ákvarðanir stjórnvalda geta haft áhrif á framangreinda þætti og geta haft áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

Bent er á að í kjölfar fyrirspurna og gagnaöflunar Skattsins, kt. 540269-6029, Katrínartúni 6, 105 Reykjavík (hér eftir „Skatturinn“) á grundvelli heimilda samkvæmt 94. og 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt endurávarðaði Skatturinn, með úrskurði þann 22. desember 2022, opinber gjöld félagsins vegna gjaldáranna 2017, 2018, 2019 og 2020 þar sem talið var að tilteknir annmarkar hefðu verið á skattskilum félagsins á umræddu tímabili. Áður hafði Skatturinn fallist á andmæli félagsins að því er varðar nokkur skattaleg atriði sem Skatturinn hafði óskað upplýsinga um, auk þess sem félagið gerði ekki athugasemdir við hluta af þeim atriðum sem endurávarðanir Skattsins vörðuðu. Endurávarðanir Skattsins leiddu til tæplega 500 milljóna króna skattgreiðslu, sem félagið innti af hendi í árslok 2022. Félagið kærði tiltekin atriði úrskurðarinnar til yfirsattanefndar með kæru dagsettri 17. mars 2023, sem hefur málið enn til meðferðar við útgáfu lýsingar þessarar. Þar sem félagið telur ákvarðanirnar rangar og að félagið eigi ekki að standa skil á umræddum skattgreiðslum, hefur félagið eignfært hjá sér áður nefnda fjárhæð. Þrátt fyrir þá afstöðu Ísfélags sem lýst er að framan, er enginn víska fyrir hendi um það, hver afdrif málsins munu verða og kann niðurstaða yfirsattanefndar þar um að verða allt frá því að félaginu endurgreiðist þeir fjármunir, auk vaxta, sem félagið innti af hendi í umrætt sinn, allt til þess að félagið tapi málinu alfarið, en slíkt myndi leiða til lækkunar á eigin fé félagsins um sem nemur þeirri fjárhæð sem félagið hefur eignfært vegna þessa. Þá kann endanleg úrlausn málsins að leiða til niðurstöðu sem liggur einhverstaðar milli þeirra tveggja möguleika sem hér er lýst, á þann veg að félaginu endurgreiðist einhverjir umræddra fjármuna en þó ekki allir, með tilsvarendi áhrifum á eigið fé þess. Við ritun lýsingar þessarar liggur ekki fyrir hvenær endanleg niðurstaða kæru Ísfélags til yfirsattanefndar mun liggja fyrir, auk þess sem hafa ber í huga að úrlausnir yfirsattanefndar kunna að verða bornar undir dómstóla til endanlegrar ákvörðunar, en slíkt kann að seinka því að verði leyst úr ágreiningnum með fullnaðarúrskurði eða -dómi.

Evrópusambandið hefur kynnt fyrirætlanir sínar um að auka skattlagningu á vöru- og fólksflutninga með skipum, með grænum sköttum sem ætlað er að draga úr notkun hefðbundinna eldsneytisgjafa. Fjárhagsleg áhrif slíkrar skattlagningar á starfsemi félagsins liggja ekki fyrir, en ljóst er að álagning grænna skatta, t.d. vegna flutninga, geta leitt til kostnaðarhækkana hjá Ísfélagi og þannig haft neikvæð áhrif á afkomu þess.

#### 1.1.5 KJARASAMNINGAR

Þann 18. febrúar 2017 var undirritaður kjarasamningur milli Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir „SFS“) og annars vegar Sjómannasambands Íslands (hér eftir „SSÍ“) og hins vegar Félags vélstjóra og málmæknimanna (hér eftir „VM“). Samningurinn við SSÍ rann úr gildi þann 1. desember 2019 og samningurinn við VM rann út 1. október 2019 og hafa kjarasamningar við sjómenn, aðra en skipstjórnarmenn, verið lausir síðan samningarnir runnu út. Ef SFS og SSÍ/VM ná ekki að semja er hætt á að félögin beiti verkfallsaðgerðum sem geta hamlað starfsemi Ísfélags með þeim afleiðingum að afkoma félagsins hlýtur skaða af.

Þann 3. apríl 2019 undirrituðu Samtök atvinnulífsins og Starfsgreinasambandið svokallaðan lífskjarasamning og var hann í gildi til 1. janúar 2022. Hann kvað á um launahækkun, sem að hluta til var tengd hagvexti. Í lok árs 2022 voru gerðir nýir kjarasamningar þar sem hagvaxtarauki, sem koma átti til greiðslu vorið 2023, samkvæmt lífskjarasamningnum var felldur inn í umsamda hækkun nýrra samninga frá 1. nóvember 2022. Í samningunum var kveðið á um launahækkun starfsmanna sem fá greitt yfir töxtum að fjárhæð kr. 33.000, auk þess sem bónus og akkorað í fiskvinnslu var hækkað um 8%. Aðrir kjaratengdir liðir hækkuðu enn fremur um 5%. Samningarnir gilda frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Þann 9. febrúar 2023 undirrituðu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Félag skipstjórnarmanna kjarasamning sem gildir til 31. janúar 2033. Samningurinn er uppsegjanlegur m.v. ákveðnar forsendur s.s. ef veiðigjöld hækka, eða ef breyting verður á fyrirkomulagi gjaldtöku, líkt og með fyrningu aflaheimilda eða uppboðum.

Til að félagið komi fjárhagslega skaðlaust frá launahækkunum vegna kjarasamninga í framtíðinni þarf félagið annaðhvort að velja launahækkunum út í verðlag afurða sinna eða hagræða í rekstri sínum. Engin vissa er fyrir hendi að félaginu verði unnt að grípa til slíkra ráðstafana, ellegar að þær skili þeim árangri sem stefnt er að. Náist slíkt ekki getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

### 1.1.6 SAMKEPPNI

Starfsemi félagsins fellur undir gildissvið samkeppnislaga nr. 44/2005 og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir þeim lögum. Getur íhlutun Samkeppniseftirlitsins í starfsemi Ísfélags haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á rekstur og afkomu þess. Brjótí félagið gegn samkeppnislögum gæti slíkt takmarkað starfsemi félagsins, haft áhrif á orðspor þess og afkomu.

Fyrirgreind lög, eins og önnur, geta breyst með neikvæðum afleiðingum fyrir félagið. Sá möguleiki er jafnframt fyrir hendi að til komi ný lögjöf sem Ísfélag verður að lúta og geta haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins, arðsemi og/eða fjárhagsstöðu.

Afurðir félagsins eru seldar á alþjóðlegum mörkuðum og er félagið þannig háð því að hafa greiðan aðgang að mörkuðum. Ísfélag starfar í alþjóðlegri samkeppni við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru. Jafnframt er félagið í samkeppni við aðrar tegundir matvælaframleiðslu. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki, þar með talið Ísfélag, selja afurðir sínar til geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðum opinberra aðila sem geta haft áhrif á sölu afurða félagsins. Félagið selur stærstan hluta vara sinna til Evrópu og Asíu. Nánar er fjallað um þá markaði sem félagið starfar á í kaflanum „5.5 Helstu markaðir og afurðir Ísfélags“.

Það er ekki á færi Ísfélags að hafa áhrif á eða stjórna hversu mikið er veitt af fiski í heiminum og kann því aukning á veiðiheimildum eða auknið fiskeldi um heim allan eða hjá einstaka þjóðum að hafa áhrif á markaðsverð afurðanna. Takist félaginu ekki að bjóða viðskiptavinum sínum vörur sem uppfylla þeirra gæðakröfur á samkeppnishæfu verði, kynni það hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

### 1.1.7 VERÐBRÉFALÖGGJÖF

Hlutabréf útgefanda eru rafrænt útgefin í kerfum Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík og gilda því um þau lög nr. 7/2020, um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga (hér eftir „lög um verðbréfamistöðvar“).

Útgefandi mun óska eftir því að hlutabréf útgefin af félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“). Fjárfestum er bent á að þegar hlutir í Ísfélagi hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland mun félagið falla undir ákvæði þeirra laga, reglugerða og reglna sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma.

Í kjölfar töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á skipulegum markaði munu um starfsemi félagsins m.a. gilda ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur, ákvæði laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem og reglur laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, en öllum þessum lögum er ætlað að tryggja áreiðanlega upplýsingagjöf og fjárfestavernd í tengslum við eignabreytingar á hlutum í félögum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Þeim til viðbótar munu einnig gilda ákvæði reglna sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur sett, m.a. um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 320/2022, ákvæði reglna um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa nr. 655/2023 og reglur um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 44/2023. Til viðbótar framansögðu mun félagið jafnframt hlíta reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, eins og þær kunna að vera á hverjum tíma.

Gerist Ísfélag brotlegt við framangreind lög eða reglur, gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar og/eða Nasdaq Iceland veiti félaginu áminningu og jafnvel fjársektum. Enn fremur gætu slík brot haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á verðbréfum útgefnum af félaginu. Þá gætu alvarleg brot á umræddum lögum og reglum leitt til þess að Fjármálaeftirlitið eða Nasdaq Iceland hf. taki verðbréf útgefin af félaginu úr viðskiptum á þeim skipulega markaði þar sem þau eru til viðskipta.

### 1.1.8 STJÓRNSÝSLU-, DÓMS- OG GERÐARDÓMSMÁL

Vísað er til umfjöllunar um úrskurð Ríkisskattstjóra vegna tekjuskatts félagsins á tímabilinu 2016-2018, sem félagið hefur kært til yfirkattaneftndar, en í málinu er deilt um greiðsluskyldu á um 500 milljónum króna sem skattfyrirvöld telja vangreiddan tekjuskatt. Frekari umfjöllun má finna í kaflanum „1.1.4 Skattaleg áhætta“.

Félagið kann, vegna umsvifa starfsemi sinnar og vegna þeirrar flóknu umfangsmiklu laga og reglna sem varða starfsemi þess, að eiga í málarekstri, frá einum tíma til annars, hvort heldur fyrir stjórnvöldum, dómstólum eða gerðardómum er varða eða leiða af rekstri félagsins. Kann slíkur ágreiningur og niðurstöður framangreindra aðila að hafa mikilsverð áhrif á starfsemi félagsins, rekstur, fjárhagsstöðu eða arðsemi, allt eftir undirliggjandi hagsmunum hverju sinni.

Við útgáfu lýsingar þessarar er félagið ekki aðili að stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á starfsemi, fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi, né heldur hefur félagið átt í slíkum málarekstri á undanförunum tólf mánuðum.

Félaginu er enn fremur ekki kunnugt um nein atvik eða kringumstæður sem geri að verkum að ætla megi að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalýsingu þessarar.

### 1.2 REKSTRARÁHÆTTA

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tjóni sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi Ísfélags og dótturfélaga þess. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðu Ísfélagsins (um skilgreiningu hugtaksins samstæðu er vísað til kafla „2.7 Skilgreiningar og tilvísanir“), tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjárahætta. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi samstæðunnar, auk hlutdeildarfélaga hennar.

Hluti af rekstraráhættu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er sú áhætta að stjórnvöld breyti gildandi reglum í sjávarútvegi með þeim hætti að starfsemi samstæðunnar verði óhagkvæmari en ella, sbr. umfjöllun í kaflanum „1.1 Laga- leyfis- og regluáhætta“, og í kaflanum, „1.1.3 Veidigjöld“.

Félagið býr við áhættu vegna breytinga í náttúrunni, enda eru veiðar og vinnsla á fiski meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskstofna við landið og deilistofna, sem samnýttir eru með öðrum þjóðum. Breytingar á náttúruferli og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Að auki stendur félagið, líkt og aðrir framleiðendur sjávarafurða, frammi fyrir áhættu af því að eftirspurn eftir afurðum félagsins minnki vegna aukningar á fiskeldi á heimsvísu með tilheyrandi áhrifum á afkomu félagsins. Samhliða stendur félagið á hverjum tíma frammi fyrir örur tækninýjungum í veiðum og vinnslu sjávarafurða, sem kunna að krefjast aukinnar fjárfestingar og innleiðingar af hálfu félagsins. Engin víska er fyrir því að slíkar fjárfestingar muni reynast félaginu hagfelldar, ellegar að félaginu takist að innleiða slíka nýja framleiðslutækni í rekstur sinn með fullnægjandi hætti. Kann hvort tveggja að hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Engin fullvíska er fyrir því að félaginu kunni að takast að stýra áhættuþáttum er tengjast slíkri breytingu á tilhögun eftirspurnar, eða bregðast við og hagnýta sér tækninýjungar í rekstri sínum, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á rekstur og afkomu félagsins.

Félagið leitast við að stýra rekstraráhættu með sem hagkvæmustum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír sinn. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla, viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, þjálfun starfsfólks, skipulagi og skráningu verkferla og kaupum trygginga þegar við á. Þrátt fyrir aðgerðir félagsins til þess að draga úr rekstraráhættu er ekki hægt að útiloka að félagið geti ítrekað orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna áhættuþátta tengdum rekstri og starfsemi félagsins.

#### 1.2.1 ÁHÆTTA TENGD EFNAHAGSUMHVERFI

Almennir efnahagslegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vaxtastig og gengisskráning íslensku krónunnar, hafa áhrif á rekstur félagsins, hvort heldur sem áhrifanna gætir héraðs eða erlendis. Umsvif í hagkerfinu hafa áhrif á hvort tveggja, framboð og eftirspurn. Atvinnustig getur haft áhrif á launakostnað félagsins. Uppgjörsmýnt Ísfélags er Bandaríkjadóllar og er samstæðuuppgjör einnig þýtt yfir í USD en dótturfélög eru gerð upp í íslenskum krónum (hér eftir „ISK“) og eitt þeirra í breskum pundum (hér eftir „GBP“). Gengisskráning íslensku krónunnar hefur því áhrif á rekstur Ísfélags hvað snertir innlendan rekstrarkostnað, s.s. laun, opinber gjöld og innlend aðföng sem og skuldir félagsins í ISK. Breytingar á gengi krónunnar hafa þannig áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Verðbólga hefur áhrif á verð vöru og þjónustu og þar með á rekstrarkostnað og gjöld sem félagið þarf að standa skil á. Verðbólga, og væntingar um þróun hennar, hafa áhrif á vaxtastig og þar af leiðandi á fjármagnskostnað Ísfélags og fyrirtækja almennt.

Ísfélag hefur stærstan hluta tekna sinna af erlendri sölu. Vegna þess hefur lægra gengi krónunnar, auk annarra þátta s.s. hagfelldrar þróunar afurðaverðs, almennt jákvæð áhrif á rekstur Ísfélags og annarra sjávarútvegsfélaga sem selja á erlenda markaði. Hætta er á að herra gengi krónunnar og/eða neikvæð þróun afurðaverðs kunni að hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi, til dæmis þeir sem hér að ofan eru taldir, eru utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda Ísfélags.

Efnahagshorfur á Íslandi og í heiminum öllum breyttust í febrúar 2022 þegar Rússland réðist inn í Úkraínu og úr varð stríð milli landanna sem enn sér ekki fyrir endann á. Rússland var áður stór markaður fyrir Ísfélag en stjórnvöld í Rússlandi lokuðu fyrir innflutning á sjávarafurðum frá Íslandi árið 2015 í kjölfar efnahagsþvingana Vesturlanda. Í Póllandi og Úkraínu eru mikilvægustu markaðir félagsins í Austur Evrópu fyrir frystar uppsjávarafurðir. Stríð í Úkraínu hefur ekki haft verulega neikvæð áhrif á rekstur félagsins.

## 1.2.2 FISKIMIÐ OG DEILISTOFNAR

Fiskur á þeim fiskimiðum þar sem Ísfélag nýtur veiðiheimilda er náttúruauðlind og eru sveiflur í fiskgengd á mismunandi tímum og hafssvæðum. Ýmsir þættir geta haft áhrif þar á og má nefna áhrif veiða og umhverfisbreytinga af mannavöldum auk þess sem fæða fyrir fiskinn, straumar, sjávarhitastig og hrygning kunna að hafa áhrif.

Veiðiheimildir eru háðar ákvörðunum stjórnvalda og breytingar á þeim, ásamt sveiflum í fiskgengd á þeim miðum þar sem Ísfélag hefur veiðiheimildir, kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins og ekki er hægt að spá fyrir um þær. Stærstur hluti af hráefni félagsins sem fer til vinnslu er eiginn afli en félagið kaupir einnig af og til bolfisk á innlendum fiskmörkuðum og uppsjávarafra í beinum viðskiptum eða á uppboðsmarkaði frá öðrum útgerðum. Félagið flytur út ferskan fisk á markað erlendis. Ekki er hægt að tryggja að félagið veiði eða afli sér nægjanlegs hráefnis, t.d. með kaupum á mörkuðum, til frekari vinnslu og sölu, ellegar að afurðaverð þróist með hagfelldum hætti fyrir félagið.

Tafla 2: Veiðiheimildir félagsins í deilistofnum (aflamark í tonnum)

Fiskveiðiárið 2023/2024	Aflamark	Aflahlutd.
Kolmunni	14.136	5,20%
Makrill*	15.419	13,04%
Norsk íslensk síld	17.637	20,15%
Norður-Íshafsborskur	679	16,50%
Flæmingjarækja**	N/A	62,11%
Úthafskarfi	N/A	11,79%
Alls þorskígildi í tonnum***	6.922	

\* Aflamark makrils er fyrir árið 2022/2023 en magnið hefur verið aðlagð að núverandi aflahlutdeild í tegundinni og hækkaði þannig útreiknað aflamark um 749 tonn.

\*\* Með hugtakinu „flæmingjarækja“ er í lýsingu þessari átt við rækju (*Pandalus borealis*) sem veidd er á hafsvæði undan Atlantshafsströnd Nýfundnlands í Kanada, sem í daglegu tali gengur undir nafninu Flæmski hatturinn, (e.Flemish Cap)

\*\*\* Heildarþorskígildi félagsins námu 39.329 þúsund tonnum. Veiðiheimildir félagsins í deilistofnum er því 17,6% af heildarúthlutun.

Ísfélag hefur aflaheimildir í deilistofnum við Ísland. Íslendingar eru jafnframt með sérstakan samning við Rússland og Noreg um veiðar íslenskra skipa á þorski í Barentshafi innan lögsagna þeirra. Ekki hafa náðst samningar um heildarveiði á kolmunna, makríl og norsk- íslenskrí síld milli Íslands og annarra þjóða sem gera tilkall til þessara stofna. Sjá nánar undirkafla í kafla 5.1 um sjávarútveg í alþjóðlegu samgengi, sem ber yfirskriftina „Uppsjávarvegur í Norðaustur-Atlantshafi“. Samanlögð heildarsókn íslenskra og erlendra útgerðarfyrirtækja í þessa stofna hefur á undanförmum árum verið umfram þá samanlögðu ráðlögðu heildarsókn sem ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og ráðgjöf sambærilegra aðila í viðkomandi löndum fela í sér og er því hætta á ofveiði stofnanna því fyrir hendi. Veiðar Ísfélags úr umræddum stofnum fara hins vegar ávallt fram innan þeirra marka og veiðiheimilda sem íslensk yfirvöld hafa sett veiðum íslenskra aðila. Væru þessir deilistofnar ofveiddir í langan tíma mun það hafa áhrif til lækkunar á fiskgengd og, í kjölfarið, áhrif á afkomu og rekstur Ísfélags.

## 1.2.3 BREYTINGAR Á HRÁEFNIS- OG AFURÐAVERÐI

Rekstur og afkoma félagsins er háð hráefnis- og afurðaverði sem tekur breytingum milli ára. Ísfélag hefur ekki nema að litlu leyti færi á að sjá fyrir þróun markaðsverðs á afurðum félagsins og hefur félagið ekki stjórn á slíkri

þróun. Stærstur hluti hráefnis kemur frá skipum félagsins og gilda kjarasamningar um verðlag þess, þar sem verð hráefnis tekur mið af afurðaverði hverju sinni. Félagið leitast við að lágmarka þessa áhættu með fjölbreytni í rekstri félagsins, s.s. hvað varðar veiðar, hráefnakaup, samsetningu veiðiheimilda og langtímasambönd við viðskiptavinum, til að draga úr neikvæðum áhrifum verðbreytinga að einhverju leyti. Ekki er þó hægt að tryggja að stefna félagsins dragi úr þessum áhrifum á rekstur og afkomu félagsins.

#### 1.2.4 AÐGENGI AÐ MÖRKUÐUM

Ísfélag selur vörur sínar á alþjóðlegum mörkuðum og er háð því að hafa greiðan aðgang að þeim með vörur sínar. Félagið á í samkeppni við önnur fyrirtæki í heiminum sem bjóða sambærilega vöru og Ísfélag. Breyttar aðstæður í þeim viðskiptalöndum sem sjávarútvegsfyrirtæki selja afurðir sínar til geta haft veruleg áhrif á tekjuflæði fyrirtækjanna. Þetta á t.d. við um samkeppnisstöðu afurða á mörkuðum erlendis gagnvart öðrum matvælum og aðgerðir opinberra aðila sem geta haft áhrif á sölu afurða félagsins.

Félagið selur stærstan hluta af því mjóli og lýsi sem félagið framleiðir til Noregs þar sem það er nýtt í fiskeldisfóður. Uppsjávarafurðir eru að mestu seldar til Austur-Evrópu og Asíu. Bolfiskafurðir eru seldar til meginlands Evrópu og Bretlands. Nánar er fjallað um þá markaði þangað sem félagið selur afurðir sínar í kaflanum „4.4 Sala og dreifing“.

Aukin veiði og/eða aukin fiskeldi um heim allan eða hjá einstökum þjóðum kunna að hafa áhrif á eftirspurn eftir og/eða markaðsverð þeirra afurða sem Ísfélag framleiðir. Takist félaginu ekki að bjóða viðskiptavinum sínum vörur sem uppfylla gæðakröfur þeirra, á samkeppnishæfu verði, mun það hafa neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

Afurðir Ísfélags eru seldar undir vörumerkjum Ísfélags og Ramma að mestu í gegnum StorMar ehf., kt. 431120-0110, Krossey, 780 Höfn í Hornafirði, Ísland, (hér eftir „StorMar“), Icelandic Pelagic ehf., kt. 420108-0600, Krossey, 780 Höfn í Hornafirði (hér eftir „Iceland Pelagic“) og Arctic Seafood Ltd., kt. 620507-9890, 17th Floor, No 1 Spinningfields, 1 Hardman Street, Manchester, M3 3EB, England (hér eftir „Arctic Seafood“).

Ef einhverjar aðstæður kæmu upp sem yrðu til þess að Ísfélag tæki ákvörðun um að selja afurðir sínar í auknum mæli í gegnum aðra söluaðila, til dæmis vegna breytinga á mörkuðum, breytinga hjá StorMar, Iceland Pelagic eða Arctic Seafood eða stjórnvaldsákvörðana, gæti það haft áhrif á rekstur og afkomu Ísfélags til lengri eða skemmri tíma.

Ísfélag treystir á aðgengi að hagkvæmri og viðeigandi flutningsþjónustu og nýtir bæði sjóflutninga og farmflutninga með flugvéllum. Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að slík þjónusta verði ávallt til staðar þegar þörf er á að afurðir félagsins skili sér til viðskiptavina á réttum tíma, ellegar að slík þjónusta verði félaginu hagkvæm.

#### 1.2.5 VEIÐAR OG VINNSLA

Megin rekstraráhætta Ísfélags felst að mestu leyti í meginstarfsemi félagsins; því að gera út skip til fiskveiða, fiskvinnslu, auk tengdrar starfsemi, sem er fólgin í rekstri sölufélaga sem annast sölu- og markaðsstarf sjávarafurða. Skip Ísfélags eru gerð út allan ársins hring við mismunandi veðurskilyrði, bæði í íslenski efnahagslögsögu og utan hennar. Fiskvinnsla félagsins er einnig háð framboði á og notkun framleiðslubúnaðar sem er tæknilega þróaður, sem og aðgengi að hæfu starfsfólki. Ísfélag býr við áhættu vegna náttúrulegra sveiflna, bæði hvað snertir veðurfar, en einnig hvað snertir fiskgengd og veiðar. Veiðar og vinnsla á fiski eru þannig m.a. háðar vexti og viðgangi fiskistofna við landið og deilistofna sem nýttir eru ásamt öðrum þjóðum. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla Ísfélags og geta þannig haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

Sveiflur í aflabrogðum eftir árstíðum geta leitt til þess að félagið verði að grípa til tímabundinna ráðninga á starfsfólki til að ná fram hæfilegum sveigjanleika en slíkt er háð gildandi kjarasamningum á hverjum tíma og ekki hægt að tryggja að slíkt fyrirkomulag verði til framtíðar. Starfsemin er vertíðarbundin og þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma fyrir hátt endurgjald, getur því liðið nokkur tími á milli þess að framleitt er og tekjur skili sér vegna sölu afurða. Tilhögun ráðninga af þessum toga getur leitt til þess að framboð á hæfu starfsfólki standi félaginu ekki til boða þegar þörf krefur, en slíkt kann að hafa neikvæð áhrif á starfsemi og afkomu félagsins.

Forstjóri hefur heimild stjórnar félagsins til að gera framvirka samninga með gjaldmiðla og vexti í því skyni að draga úr áhættu af gengissveiflum og vaxtabreytingum á rekstur félagsins. Slíkir samningar eru m.a. notaðir til að verja vænt tekjustreymi gegn breytingum á gengi gjaldmiðla. Engin trygging er fyrir því, að gerð slíkra samninga verði félaginu hagfelld eða hafi jákvæð áhrif á afkomu þess, ef markaðspróun verður önnur en sú sem Ísfélag vænti við gerð slíkra samninga.

Til þess getur komið að viðunandi verð fái ekki fyrir framleiðslu Ísfélags sem leitt getur til rekstrartaps. Einnig getur verið að framleiðslan seljist ekki strax og getur félagið þá setið uppi með birgðir sem óvíst er hvenær og á hvaða verði munu seljast. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Í uppsjávarveiðum á borð við þær sem Ísfélag stundar, geta verið miklar sveiflur í stærðum veiðistofna á milli ára og þar með í veiðum og vinnslu þeirra. Þá skiptast veiðar uppsjávartegunda niður á árstíðir. Sjá nánar umfjöllun í kaflanum „4 Lýsing á starfsemi Ísfélags“. Vegna þessa er hætta á að sveiflur í aflaheimildum eða veiðum á grundvelli slíkra heimilda verði það miklar að það hafi neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

### 1.2.6 SAMNINGSÁHÆTTA OG MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Lánasamningar sem Ísfélag er skuldari að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann. Það sama á við um samningsgerð tengda annarri fjárfestingu félagsins.

Á Ísfélagi hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft í för með sér gjaldfellingu lána og neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið, reynist endurfjármögnun óhagstæð eða ómöguleg. Gjaldfellingarheimildir lána félagsins snúa að hefðbundnum vanefndaákvæðum, t.d. vanefndum á samningsbundnum greiðslum, brotum á fjárhagsskilmálum, en einnig eru skilmálar er varðar breytingar á eignarhaldi, afleiddar vanefndir (e. Cross-default), breytingar á félagi, útgreiðslur, kröfur um lágmarks eiginfjárlutfall, úthlutun aflamarks og veðsetningarbann. Sjá nánar umfjöllun í kafla 6.3.2 í undirkafla sem ber yfirskriftina „Skuldir Ísfélags þann 30. júní 2023“.

Ísfélagið gerir ekki skuldbindandi langtímasamninga við einstaka viðskiptavini um kaup þeirra á afurðum félagsins. Ísfélag hefur þó hins vegar gert samkomulag við sölufélögin StorMar ehf. og Iceland Pelagic ehf. um sölu og dreifingu. StorMar er sölufélag í jafnri eigu Ísfélags, Brims hf., Gjögurs hf. og Skinneyjar-Þinganes hf. og selur bolfiskafurðir félagsins. Iceland Pelagic ehf. er sölufélag í jafnri eigu Ísfélags, Brims hf. og Skinneyjar-Þinganes hf. og selur frýstar uppsjávarafurðir félagsins. Eigendur Iceland Pelagic ehf. eru skuldbundnir til að selja afurðir sínar í gegnum félagið fyrir utan þær afurðir sem seldar eru á Íslandi eða fara til Asíu. Bæði félögin selja afurðir gegn umboðslaunum. Sjófrýstar afurðir félagsins eru að mestu seldar í gegnum sölu fyrirtækið Arctic Seafood Ltd. Bent er á kaflann „4.4 Sala og dreifing“ um solumál félagsins og greiningu á stærð einstakra viðskiptavina félagsins. Hætti einn af stærstu viðskiptavinum félagsins í viðskiptum við félagið getur það haft veruleg áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Sjá nánar umfjöllun í kaflanum „1.3.4 Lánsáhætta (mótaðilááhætta)“.

### 1.2.7 OLÍUVERÐSÁHÆTTA

Olíuverðsáhætta er skilgreind sem hættan á að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt fyrir félagið, sem leiði til fjárhagslegs taps. Áhættan er fólgin í því að ekki reynist hægt að ýta hækkun á olíuverði út í söluverð framleiðsluvara en slíkt hefði bein neikvæð áhrif á framlegð félagsins. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur þannig veruleg áhrif á rekstur félagsins.

Helstu áhrifavaldar á þróun heimsmarkaðsverðs olíu eru í venjulegu árferði árstíðabundnar eftirspurnarsveiflur, efnahagslegar aðstæður á stærstu olíumörkuðum heims, aðgengi að olíulindum og milliríkjadeilur. Stór hluti kostnaðar félagsins er vegna olíukaupa útgerðar og fiskimjölsverksmiðja þess, en kostnaðurinn nam 4,0% af tekjum árið 2021 og 5,6% á árinu 2022.

Ísfélag hefur til þessa ekki beitt framvirkum samningum til að verjast verðhækkunum á olíu, en gæti gert það þegar það á við í því skyni að draga úr afkomusveiflum, ná áætlaðri framlegð og rekstrarhagnaði eða til að verja sjóðstreymi félagsins. Ekki er þó hægt að útiloka að slíkar ráðstafanir reynist ófullnægjandi, verði gripið til þeirra, og að félagið kunní að verða fyrir tjóni vegna neikvæðrar þróunar olíuverðs, sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

### 1.2.8 FASTEIGNIR OG STAÐSETNING

Félagið á allar þær fasteignir sem hýsa kjarnastarfsemi félagsins. Áhætta félagsins af því að geta ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum svæðum og á sanngjörnum kjörum er þannig takmörkuð.

Félagið ber ábyrgð á því að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi, eða rúmist gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda ekki innan áætlana félagsins, eða nái félagið ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft margvíslegar neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið. Sjá nánar kaflann „4.7 Fasteignir og skip Ísfélags“.

Fasteignagjöld og lóðarleiga renna til sveitarfélaga eða annarra lóðarhafa sem ákveða álagningu þeirra og annast innheimtu. Fasteignamat, lóðarleiga, fasteignagjöld og önnur opinber gjöld geta tekið breytingum á hverju ári.

Verði breytingar á aðferðum við álagningu fasteignagjalda eigna getur það haft í för með sér breytingar á fasteignamati sem eiga sér ekki beina hliðsjón af markaðsaðstæðum til skemmri tíma. Breyting opinberra gjalda og skatta getur haft áhrif á afkomu félagsins.

Allar fasteignir félagsins eru váttryggðar, bæði með lögbundinni brunatryggingu, auk þess sem félagið hefur keypt sérstakar rekstrarstöðvunartryggingar í tengslum við mögulegt tjón á fasteignunum. Um váttryggingavernd félagsins vísast til kaflanum „1.2.13 Váttryggingar“. Félagið getur þó ekki ábyrgst að váttryggingavernd félagsins reynist fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar af slíku tjóni á afkomu félagsins.

### 1.2.9 SKIPASTÓLL

Ísfélag hf. gerir út fjögur uppsjávarveiðiskip, einn frystitogara, einn krókabát og þrjú bolfiskveiðiskip. Markvisst hefur verið ráðist í fjárfestingar í skipum til þess að auka gæði, nýtingu og verðmæti sjávarafurða. Skip félagsins eru á mismunandi aldri og ástandi. Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun skipastólsins sé fullnægjandi fyrir rekstur þess.

Sé slíkum framkvæmdum ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins eða félagið nær ekki að afla nauðsynlegs fjármagns vegna fjárfestinganna, getur það haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á afkomu félagsins. Nánar er fjallað um skipastól félagsins í kaflanum „4.2 Útgerð“. Þrátt fyrir að skipastóll félagsins sé váttryggður er ekki hægt að ábyrgjast að váttryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum. Ef ekki reynist unnt, af einhverjum orsökum, t.d. vegna bilana, manneklu, viðskipta- eða hafnbanna ellegar annarra slíkra aðstæðna sem girða fyrir hagnýtingu, að nýta skipastól félagsins í samræmi við áætlanir, getur það haft neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins.

### 1.2.10 TÆKNINÝJUNGAR

Mikil þróun hefur verið í tækni við veiðar og vinnslu sjávarafurða í gegnum tíðina. Fiskvinnslur og skipastóll félagsins hafa verið útbúin nauðsynlegum búnaði og tækni til veiða og vinnslu sem hefur verið vel viðhaldið í gegnum árin. Ekki er þó hægt að útiloka að ný tækni eða kröfur komi síðar fram sem geri núverandi búnað úreltan og krefjist þar með fjárfestingar í nýjum búnaði eða tækni, ellegar að félaginu reynist, af einhverjum orsökum, t.d. fjárskorti eða skorts á þekkingu, að nýta sér slíkar tækninýjungar, og kynni slíkt að hafa í för með sér neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

### 1.2.11 UMHVERFISÁHÆTTA

Umhverfisáhætta felur m.a. í sér þá hættu að skerða þurfi aflaheimildir tiltekinna fiskistofna sem myndi hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins og að félagið sæti viðurlögum uppfylli það ekki viðmið sem bundin eru í lög tengd umhverfismálum. Fiskveiðistjórnun á Íslandsmiðum byggist á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Þau grundvallast á aflamarkskerfi í þeim tegundum sem veiðar eru takmarkaðar á.

Stjórnvöld, í samráði við hagsmunaaðila, vinna að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindinni og er það stefna stjórnvalda að vernda viðkvæm vistkerfi. Fiskistofa ber ábyrgð á framkvæmd laga um stjórn fiskveiða, lögum tengdum fiskveiðistjórn og reglugerðum. Ákvarðanir eru ávallt teknar á vísindalegum forsendum og er þar byggt á rannsóknum og greiningum Hafrannsóknastofnunar, sem gefur m.a. ráðgjöf um lokanir á einstökum veiðisvæðum vegna tilvistar viðkvæmra vistkerfa. Oft er lokunum veiðisvæða til skemmri tíma beitt t.d. í kringum hrygningu, eða vegna smáfisks á veiðislóð eða af öðrum orsökum.

Komi til þess að skerða þurfi aflaheimildir, t.d. vegna ofveiði á tilteknum fiskistofnum, myndi það hafa neikvæð áhrif á afkomu Ísfélags. Í því sambandi má benda á að Ísfélag hefur yfir að ráða um 20% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af loðnu, en engar heimildir voru t.d. gefnar út til loðnuveiða á fiskveiðiárunum 2018/19 og 2019/20. Sjá einnig umfjöllun um deilistofna í kaflanum „1.2.2 Fiskimið og deilistofnar“.

Skerðing veiðiheimilda hefur því neikvæð áhrif á tekjur og afkomu félagsins. Starfsemi Ísfélags er bundin ýmsum lögum er lúta að umhverfismálum og má þar nefna lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, og lög nr. 44/2002, um geislavarnir. Fyrirtækið hefur að leiðarljósi að hámarka nýtingu á hráefni og orku með sem minnstum umhverfisáhrifum. Þannig hefur svartolífu verið skipt út fyrir gasolífu um borð í skipum félagsins og fiskimjölsværsmiðjur eru keyrðar á enduruninni olíu en félagið hefur í hyggju að nota umhverfisvæna raforku í stað olíu þegar því verður við komið. Komi til þess að starfsemi Ísfélags uppfylli ekki viðmið sem bundin eru í lög og reglur er varða umhverfismál kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur, orðspor og afkomu félagsins. Enn fremur geta atvik á borð við skipsskaða haft í för með sér umhverfismengun, s.s. vegna olíuleka, sem félagið þyrfti hugsanlega að bera kostnað af að hreinsa, auk annarra þátta og þau þannig haft neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins.

Ofangreindu til viðbótar kunna þau fiskimið, þar sem félagið stundar fiskveiðar sínar, að vera viðkvæm bæði fyrir ýmiss konar mengun, t.d. mengun af völdum olíu, geislavirkra efna eða annarra þrávirkra lífrænna efna, sem kunna að spilla þeim sjávarafli sem félagið reiðir sig á í tekjuöflun sinni. Að sama skapi kunna breytingar á t.d. sjávarstraumum og sjávarhita sem meðal annars kunna að fylgja í kjölfar hnattrænnar hlýnunar, að hafa áhrif á fiskvegnd á Íslandsmiðum og þar með á veiðar á þeim fisktegundum sem félagið reiðir sig á í tekjuöflun sinni. Slík mengun eða áhrif hnattrænnar hlýnunar, komi þau fram, kunna að hafa neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

### **1.2.12 VÁTRYGGINGAR**

Ísfélag kaupir allar almennar váttryggingar vegna starfsemi sinnar, s.s. bruna- og húseignatryggingar, húftryggingar fiskiskipa, afla- og veiðafæratryggingar, nótatryggingar, hagsmunatryggingar fiskiskipa fyrir tiltekin skip, áhafnartryggingar, farmtryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, tryggingar vegna lausafjár og birgða, rekstrarstöðvunartryggingar, stríðstryggingu, váttryggingavernd fyrir starfsmenn, almennar ábyrgðartryggingar vegna reksturs með innifalinni ábyrgð vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir og mengun hafs og stranda, og starfsábyrgðartryggingar vegna stjórnar og stjórnenda Ísfélags.

Þrátt fyrir ofangreint er ekki hægt að ábyrgjast að váttryggingar félagsins veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð váttryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem váttryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda samkvæmt skilmálum váttryggingar reynist ekki til staðar. Slík atvik geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins, auk þess sem hækkun iðgjalda getur dregið úr arðsemi og afkomu félagsins.

### **1.2.13 STJÓRNUN OG STARFSMANNAÁHÆTTA**

Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og dugnaði stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenskum sjávarútvegi og erlendum mörkuðum. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hættu störfum, en sérstaklega ef margir þeirra myndu hverfa frá félaginu með stuttu millibili án þess að félagið stýrði þar för. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur áherslu á að bjóða góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og/eða halda í þá starfsmenn sem það þarfnast. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til framþróunar. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

### **1.2.14 STEFNUMÓTUNARÁHÆTTA**

Stefnumótunaráhætta er hættan á því að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lakari fjárhagsstöðu. Viðskiptastefna félagsins mótast af skilgreindu hlutverki og markmiðum. Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, annað hvort vegna eigin mistaka eða vegna þess að reksturinn er næmur fyrir sveiflum gjaldmiðla, breytingum á heimsmarkaðsverði olíu og sveiflum í efnahagslífi viðskiptalanda sem hafa áhrif á eftirspurn og verð afurða. Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hættan á að reksturinn bíði skaða af.

### **1.2.15 ÁHÆTTA VEGNA ÁÆTLANA**

Félagið gerir áætlanir með reglubundnum hætti, s.s. rekstrarspá. Félagið tekur viðskiptalegar ákvarðanir sem oft og tíðum eru byggðar á áætlunum og spám sem gerðar hafa verið. Áætlanagerð félagsins byggir á fjölda forsendna, t.a.m. úthlutuðum veiðiheimildum. Félagið getur enga tryggingu veitt fyrir því að þær forsendur sem áætlanir byggja á verði að veruleika, og óvæntir atburðir kunna að hafa áhrif á afkomu félagsins á hverjum tíma, óháð því hvort þær forsendur sem liggja til grundvallar slíkum áætlunum standist að öðru leyti. Miklar sveiflur hafa t.d. verið á úthlutun loðnuheimilda síðastliðin ár. Sala loðnuafurða skiptir Ísfélag verulegu máli og því eru áætlanir endurskoðaðar eftir hverja loðnuvertíð. Raunverulegar niðurstöður kunna því að vera frábrugðnar áætlunum félagsins.

### **1.2.16 ORÐSPORSÁHÆTTA**

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor útgefanda hjá neytendum, mótaðilum, starfsmönnum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu.

Hættan er sú að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um starfsemi eða viðskiptahætti félagsins sjálfs eða aðila sem tengdir eru félaginu. Ísfélag hefur t.d. keypt útgerðir og vinnslu staðsettar í öðrum sveitarfélögum. Flutningur á starfsemi eftir slík viðskipti getur skaðað orðspor félagsins. Jafnframt geta flutningar á starfsemi innan samstæðunnar haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins.

Einnig getur neikvæð umfjöllun komið upp, ef stjórnendum félagsins verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða aðili tengdur félaginu er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Sama á við ef starfsemi félagsins leiðir til umhverfistjóns af einhverjum toga. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til tekjuöflunar og haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu þess, sem og haft áhrif á eftirspurn eftir fjármálagerningum félagsins og áhrif á láns hæfi félagsins, vegna innri reglna fjárfesta og lánveitenda þar um.

Mikilvægt er að gæði afurða félagsins undir vörumerkjum þess séu fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Til að tryggja sem mest gæði afurða félagsins styðst félagið við viðurkennda framleiðslustaðla og vottuð gæðastjórnunarkerfi. Nánar er fjallað um það í kaflanum „4.8 Gæðakerfi og vottanir“. Ef félagið bregst trausti viðskiptavina í þessum efnunum gæti það haft áhrif á stærð viðskiptavinahópsins og þar með fjárhagslega afkomu félagsins, sem og skaðað orðspor þess meðal fjárfesta og lánveitenda.

### 1.2.17 REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR OG MAT Á EIGNUM

Ársreikningar og árs hlutauppgjör félagsins verða frá og með árinu 2023 útbúin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Hinir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar eru í stöðugri endurskoðun. Gerð reikninganna krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Breytingar á IFRS eða túlkunum á þeim, eða mistök af hálfu stjórnenda og endurskoðenda félagsins við beitingu hinna alþjóðlegu reikningsskilastaðla í reikningsskilum geta haft áhrif á niðurstöðu ársreikninga og árs hlutareikninga félagsins og þannig gefið ranga mynd af fjárhagslegri stöðu félagsins á hverjum tíma.

Ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja fyrir 2022 er sá fyrsti sem félagið hefur undirbúið og samið í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS, en fyrir sama tímabil var einnig gerður ársreikningur í samræmi við íslenska reikningsskilahefð (GAAP) samkvæmt lögum nr. 3/2006. Gerður var samandreginn árs hlutareikningur Ísfélags fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Nánar er fjallað um ársreikninga og árs hlutareikninga félagsins í kaflanum „6 Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2020 – 30. júní 2023“. Einnig er bent á kaflann „2.3 Skjöl felld inn með tilvísun“ þar sem finna má vefslóðir fyrir viðeigandi skjöl.

### 1.2.18 ÁHÆTTUSTÝRING OG INNRA EFTIRLIT

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með áhættustýringu félagsins. Markmið Ísfélags með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem samstæðan og hlutdeildarfélög hennar búa við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega í því skyni að þær endurspegli breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar, auk hlutdeildarféлага, frá einum tíma til annars. Það getur valdið félaginu tjóni ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast ófullnægjandi og kann slíkt að hafa neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins.

### 1.2.19 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA

Starfsemi Ísfélags hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu, s.s. breytingar á söluverði afurða félagsins, breytingar á verði þeirra aðfanga sem félagið nýtir til rekstrar síns, breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, vaxtabreytingar, áhættu vegna lánsviðskipta og lausafjáraáhattu. Fyrirgreindir þættir geta haft áhrif á afkomu félagsins og virði þess. Áhættustýring Ísfélags miðar m.a. að því að greina, meta og stýra þessum áhættuþáttum. Fjármálastjóri félagsins fer með hlutverk áhættustýringar í samstarfi við forstjóra þess.

## 1.3 MARKAÐSÁHÆTTA

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsgengi erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu samstæðunnar og hlutdeildarféлага, eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru ekki afgerandi hluti af starfsemi félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættuþætti í heildarrekkstri félagsins.

### 1.3.1 GJALDEYRIS- OG UPPGJÖRSÁHÆTTA

Einn af fjárhagslegum áhættuþáttum samstæðunnar, er gjaldmiðlaáhætta, en öll viðskipti félagsins í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli, sem er bandaríkjadóllar, mynda gjaldmiðlaáhættu. Gengisbreytingar kunna að hafa áhrif á arðsemi félagsins þar sem tekjur og skuldir félagsins eru í mismunandi myntum. Hætta er á því að breytingar á gengi gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða, rekstrarkostnaðar og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli einstakra félaga innan samstæðunnar.

Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu gagnvart starfrækslugjaldmiðli félagsins eru íslensk króna (ISK), evra (EUR) og norsk króna (NOK). Starfrækslumynt félagsins er bandaríkjadóllar (USD) og er uppgjör sett fram í þeirri mynt.

Lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en USD myndar gengisáhættu sem er að hluta til varin með sjóðstreymi samstæðunnar. Framvirkir samningar með gjaldmiðla eru notaðir til að verjast gengisáhættu. Nánari upplýsingar um eignir og skuldir Ísfélags má finna í kafla „6.3.2 „Efnahagur Ísfélags 30. júní 2023“.

Uppgjörsáhætta felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörsáhætta félagsins er til komin vegna þess að uppgjörsmünt félagsins er USD, en hluti af rekstrarkostnaði er í íslenskum krónum og öðrum myntum en USD. Hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár, er í öðrum erlendum myntum en USD. Því myndast gengishagnaður eða -tap sem færast meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri félagsins. Birgðir félagsins eru bókaðar í þeim gjaldmiðlum sem þær eru seldar í og hafa því áhrif á uppgjörsáhættu.

Stærsti hluti gjalda félagsins er launakostnaður, þar sem launakostnaður í landi er í ISK en launakostnaður í útgerð er ákvarðaður út frá aflaverðmæti, sem er tengt við afurðaverð. Næst stærsti gjaldaliðurinn er kaup á olfu í USD. Sú mynt sem mest áhrif hefur á gengismun félagsins er USD. Um 58 % af söluverðmæti afurða félagsins var í USD og NOK á síðasta ári, en sala í NOK er einkum sala á mjöli. Heimsmarkaðsverð á mjöli ræðst af stórum hluta af veiði í Perú í Suður-Ameríku þar sem Perú er stærsti framleiðandi fiskimjöls á alþjóðavísu.

Gjaldmiðlaskiptasamningar geta verið notaðir til að verjast gengisáhættu félagsins að hluta. Félagið hefur gert slíka samninga í fortíð og kunna slíkir samningar að vera í gildi hjá félaginu frá einum tíma til annars, allt í samræmi við ákvarðanir stjórnenda og mat þeirra á markaðsaðstæðum hverju sinni. Við birtingu lýsingar þessarar hefur Ísfélag enga gjaldmiðlaskiptasamninga í gildi.

Þrátt fyrir ofangreint, er athygli fjárfesta vakin á því, að hætta á að slíkir gjaldmiðlasamningar dugi ekki til að verjast allri gengisáhættu félagsins. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að draga úr áhættu og tryggja ábata af væntu tekjustreymi. Miklar sveiflur í fyrrgreindum gjaldmiðlum geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

### 1.3.2 VAXTA- OG FJÁRMÖGNUNARÁHÆTTA

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði félagsins. Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum.

Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir og fastir vextir í mismunandi myntum. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þrjúþætt, gengisáhætta, verðbólguáhætta og áhætta af hækkun breytilegra vaxta. Langtímaskuldir Ísfélags bera blöndu af föstum og breytilegum vöxtum. Fastir vextir eru yfirleitt hærri en breytilegir vextir og því þarf að greiða meira fyrir stöðugleika á afborgun lána. Heildar vaxtaberandi skuldir Ísfélags 30. júní 2023 námu samtals USD 147 milljónum, hvar af USD 135 milljónir eru langtímaskuldir og USD 12 milljónir eru skammtímaskuldir.

Samstæðan hefur gert vaxtaskiptasamninga til að verja sig gegn breytilegum vöxtum langtímalána. Vörnin nær ekki til allra breytilegra vaxta.

Þegar fjármálastofnanir hafa möguleika á að breyta vöxtum á langtímalánum félagsins getur greiðslubyrði hækkað með tilheyrandi áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántöku. Bæði er til staðar hætta á því að félagið nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður, en einnig er til staðar hætta á því að félaginu takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

### 1.3.3 VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Verðbólga á Íslandi getur valdið hækkunum á ýmsum innlendum rekstrarkostnaði félagsins, auk þess sem verðbólga eykur þrýsting á launahækkunir. Um 30% af rekstrarkostnaði Ísfélags fellur sögulega til í íslenskrí krónu og er því háður þróun verðlags á innlendum markaði. Meirihluti tekna félagsins og stórir kostnaðarliðir svo sem olía eru í erlendum gjaldmiðlum, og laun sjómanna eru tengd aflaverðmæti og eru því ekki beint tengd innlendra verðbólgu.

### 1.3.4 LÁNSÁHÆTTA (MÓTAÐILAÁHÆTTA)

Lánsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum til komin vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Félagið fylgist með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti og eru kröfurnar færðar niður í bókum félagsins ef talið er að þær muni ekki innheimtast að fullu eftir hefðbundnar innheimtuáðgerðir. Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, en verðmætið má sjá í ársreikningum Ísfélags Vestmannaeyja hf., og Ramma hf. og einnig í 6 mánaða uppgjöri Ísfélags fyrir 2023 sem er hluti útgefandálýsingar.

Greining viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna er birt í skýringu nr. 11 í árshlutareikningi Ísfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023.

Leitast er við að stýra upphæðum lánsviðskipta og magni í afhendingu til hlutaðeigandi viðskiptavinar í því skyni að draga úr áhættu.

Ekki eru til staðar greiðslufallstryggingar. Aftur á móti byggja viðskipti milli aðila á áralöngu viðskiptasambandi. Standi mótaðili eða mótaðilar félagsins ekki við skuldbindingar sínar og ef stór hluti viðskiptakrafna tapast hjá félaginu getur það haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Sama gildir ef stærstu viðskiptavinir þess hætta viðskiptum við félagið.

### 1.3.5 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið hefur það að markmiði að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

*Eftirfarandi tafla sýnir fjárskuldir samstæðunnar, annarra en afleiðuskulda, og ónúvirt framtíðar sjóðsflæði vegna þeirra skulda. Tafla 3: Fjárskuldir félagsins, annarra en afleiðuskulda, 30. júní 2023. Upphæðir í USD milljónum.*

Liður	Bókfært verð	Innan 1 árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
Vaxtaberandi skuldir	147	12	50	85	0
Viðskiptaskuldir	11	11	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	46	46	0	0	0
Tekjuskattur til greiðslu	6	6	0	0	0
Alls	209	74	50	85	0

Handbært fé Ísfélags þann 30. júní 2023 nam USD 25,6 milljónum. Minnki aðgangur félagsins að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

### 1.3.6 ÁHÆTTA VEGNA UPPBYGGINGAR Á EIGNARHALDI

Nafnverð útgefins hlutfjár nemur 818.612.313 kr. en þar af á félagið sjálft 39.667.919 kr. að nafnvirði. Á dagsetningu lýsingar eru 276 hluthafar í félaginu. Vægi hluthafa, þegar mál eru borin undir atkvæði hluthafa, er í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra. Ekki eru áform um hækkun hlutfjár og eru því hlutir til sölu í fyrirhuguðu útboði áður útgefnir hlutir í eigu núverandi hluthafa auk eigin hluta félagsins. Um seljendur í útboðinu vísast til kafla „4.1.2 Seljendur“ í verðbréfalýsingu félagsins dags. 22. nóvember 2023.

Markmið með útboðinu er að auka dreifingu hlutfjár, fá virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almennig.

Stærsti hluthafi félagsins er ÍV fjárfestingafélag ehf., kt. 580402-5850, Birkihlíð 17, 900 Vestmannaeyjum. ÍV fjárfestingafélag ehf. á 472.877.741 hluti eða 57,77% hlut í félaginu, sem samsvarar 60,71% atkvæðisréttar, að teknu tilliti til eigin hluta félagsins, og fer því með yfir 30% atkvæðisréttar sem eru skilgreind mörk yferráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur. Í fyrirhuguðu almennu útboði á 14,53% af áður útgefnum hlutum í Ísfélagi, sem lýst er í verðbréfalýsingu dagsettri 22. nóvember 2023, áformar ÍV fjárfestingafélag ehf. að selja sem nemur 70.676.203 hlutum eða 8,63% af útgefnum hlutum í Ísfélagi. Að öllu óbreyttu gerir ÍV fjárfestingafélag ehf. ráð fyrir því að eiga um 49,13% hlut í félaginu að útboði loknu sem er yfir fyrrgreindum skilgreindum mörkum um yferráð.

Marteinn Haraldsson ehf., kt. 510291-1319, Gránugötu 1-3, 580 Siglufirði (hér eftir „Marteinn Haraldsson ehf.“) er annar stærsti hluthafi Ísfélags með 11,62% hlut, sem samsvarar 12,21% atkvæðisréttar að teknu tilliti til eigin

hluta félagsins. Marteinn Haraldsson ehf. áformar að selja sem nemur 1.651.510 af útgefnum hlutum í Ísfélagi, Að útboðinu loknu gerir Marteinn Haraldsson ehf. því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 11,42% hlut í Ísfélagi.

Þriðji stærsti hluthafinn er Gunnar Sigvaldason, kt. 151038-2719, Hornbrekku 16, 625 Ólafsfjörður (hér eftir „Gunnar Sigvaldason“), með 6,44% eignarhlut, eða 6,77% atkvæðisréttar. Gunnar Sigvaldason áformar að selja sem nemur 915.501 af útgefnum hlutum í Ísfélagi%. Að útboðinu loknu gerir Gunnar Sigvaldason því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 6,33% hlut í Ísfélagi.

Aðrir hluthafar fara með undir 5% af beinum eignarhlut í Ísfélagi sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007, um yfirtökur. Um hluthafa félagsins, sjá nánar umfjöllun í kaflanum „8 Hluthafar og hlutafé“.

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, er kveðið á um skyldu aðila sem náð hafa beint eða óbeint yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við: 1) hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu; 2) hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða 3) hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu. Samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, eru aðilar sem fara með yfirræð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði undanþegnir þeirri skyldu að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðilar missa yfirræðin en ná þeim að nýju.

Samsetning eigendahóps félagsins getur falið í sér áhættu fyrir fjárfesta og hafa ber í huga að eignarhald félagsins getur breyst bæði hratt og án fyrirvara. Stærstu hluthafar útgefanda gætu, byggt á eignarhlutföllum þeirra, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirræðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald útgefanda samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Stærstu hluthafar félagsins, ÍV fjárfestingarfélag ehf., Marteinn Haraldsson ehf. og Gunnar Sigvaldason hafa undirgengist söluhömlur að útboðinu loknu en þeir hafa undirgengist að selja ekki frekar af útistandandi hlut sínum í Ísfélagi í 6 mánuði frá lokum útboðs (lok áætluð 1. desember 2023). Ekki liggja fyrir upplýsingar um frekari áform seljenda í útboðinu varðandi eignarhluti sínu eftir það tímamark og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um söluskyldu á hlutum í Ísfélagi.

Hagsmunir minnihlutaeigenda njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur, frá þeim tíma að hlutabréf félagsins eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Samkvæmt lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í Ísfélagi. Þá er fjárfesting íslenskra aðila sem að hluta til eru í eigu erlendra aðila jafnframt takmörkuð. Erlendir aðilar mega þannig eiga að hámarki 25% hlutafjár í hluthafa félagsins en að hámarki 33% ef eignarhlutur hluthafa í Ísfélagi er lægri en 5%, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991. Erlendur aðili er, samkvæmt 2. gr., laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirræðum.

Eins og fram kemur í kafla „8 Hluthafar og hlutafé“ í útgefandalýsingu þessari eru hlutabréf fyrir eignarhlutum í Ísfélagi gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar. Annast reikningsstofnanir og verðbréfamiðstöðvar rafræna eignaskráningu verðbréfa og skráningu í hlutaskrá félags. Að teknu tilliti til framangreinds ber stjórnendum félagsins skylda til að tilkynna viðeigandi ráðuneyti ef þeir telja að farið sé gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 34/1991. Bregðist stjórnendur félagsins þeirri skyldu og tilkynni viðeigandi ráðuneyti ekki um brot gegn ákvæðinu getur það varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 14. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Fyrirgreindar takmarkanir í íslenskri löggjöf á eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, geta mögulega dregið úr seljanleika hlutabréfa í útgefanda þar sem fjöldi mögulegra kaupenda er þar með takmarkaðri en í tilfelli hlutabréfa útgefanda sem ekki falla undir slíkar kvaðir. Athygli fjárfesta er enn fremur vakin á því að í gr. 2.8. í samþykktum Ísfélags, dags. 28. september 2023, er mælt fyrir um þá reglu að um takmarkanir á kaupum erlendra aðila fari eftir lögum nr. 34/1991 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.

## 2. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi, dagsett 22. nóvember 2023 inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu Ísfélags sem samanstendur af þremur skjölum (i) útgefandalýsingu þessari, (ii) verðbréfalýsingu sem varðar hlutabréf útgefin af Ísfélagi vegna almenns útboðs á áður útgefnum hlutum í Ísfélagi og ósk um að hlutabréf í Ísfélagi verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, svo og (iii) samantekt.

Útgefandalýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm líkt og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ber ekki að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem útgefandalýsingin varðar.

Efnistöð lýsingarinnar fylgja ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 1, 11 og 20 við framselda reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði 1. Viðauka í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur hlutabréfa, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. febrúar 2021 (e. „Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares“) ásamt viðauka (e. „Supplement C – Iceland“) dagsettum 1. september 2021.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim fjármálagerningum sem útgefandalýsing þessi varðar, eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útgefandalýsinguna og önnur skjöl sem lýsingu Ísfélags tilheyrja en nálgast má gögnin á vef félagsins [www.isfelag.is/fjarfestar](http://www.isfelag.is/fjarfestar). Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Eftir birtingu lýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Ísfélagi eða varða félagið og viðkomandi verðbréf. Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölin eru staðfest af Fjármálaeftirlitinu og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með verðbréf á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyrja lýsingu útgefanda sem máli geta skipt við mat á verðbréfum koma fram á þessu tímabili þá skal útbúa og birta viðauka við lýsingu í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunaleg lýsing. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga nr. 14/2020 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans, að því tilskildu að viðkomandi mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni sem að framan greinir hafi komið fram eða uppgötvast fyrir lok útböðstímabilsins eða afhendingu verðbréfanna, hvort heldur sem gerist fyrr.

Stjórn útgefandans telur að félagið uppfylli öll skilyrði til að hlutabréf þess séu tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k. 500 hluthafa (eða 300 hluthafa sé viðskiptavakt með hlutabréf útgefanda til staðar) sem hver á hlutabréf í félaginu að verðmæti EUR 500 (eða sem svarar til u.þ.b. 75.000 króna) og almennir hluthafar (e. „in Public Hands“) eigi samtals a.m.k. 25% hlutafjár í félaginu.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu seljenda, sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 22. nóvember 2023. Hið fyrirhugaða útboð telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi d liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að gera Ísfélagi kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og dreifðara eignarhaldi félagsins og, hins vegar, að gera upplýsingar um félagið aðgengilegri fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavinum og allan almenning.

Stærð útboðsins nemur 14,53% af heildarhlutum í félaginu. Áskriftartímabil mun standa yfir frá kl. 10:00 fimmtudaginn 23. nóvember 2023 til kl. 14:00 föstudaginn 1. desember 2023.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins muni liggja fyrir í síðasta lagi mánudaginn 4. desember 2023.

Stjórn Ísfélags mun óska eftir að öll útgefin hlutabréf í Ísfélagi verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í kjölfar útbodsins, allt þó með þeim fyrirvörum sem að neðan greinir.

Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun Nasdaq Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá hvort að verðbréfin verði tekin til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutabréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði en Nasdaq Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Seljendur áskilja sér rétt til að falla frá útböðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um töku hlutabréfa Ísfélags til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða ef Nasdaq Iceland hefur ekki samþykkt umsóknina í síðasta lagi 15. desember 2023. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útböðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í Ísfélagi verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útböðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útböðið sjálft, útgefandann eða seljendur, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi eða erlendis.

Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útböðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útböðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útböðinu eða útböðstímabilið framlengt verður tilkynnt þar um opinberlega og verður viðauki við lýsinguna jafnframt birtur opinberlega. Komi til þess að útböðinu verði frestað verður birtur viðauki við útgefandalýsingu þessa, í samræmi við 2. mgr. 23 gr. lýsingarreglugerðarinnar, þar sem gerð verður grein fyrir hvenær útböðið hefst að nýju og hvað það mun standa lengi yfir. Jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu útgefandalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í félaginu.

Þátttaka í útböðinu af hálfu fjárfesta er háð skilyrðum sem m.a. varða markaðssetningu útbodsins og fjárræði og gjaldfærni. Útböðið er markaðssett á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands og er þátttaka í því heimil öllum þeim einstaklingum sem hafa bæði íslenska kennitölu og lögheimili hérlendis og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997. sem og þeim lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, skráð heimili hér á landi og eru ekki ógjaldfærir í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða, m.a. lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. nánar í kafla 1.3.6.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 22. nóvember 2023, má ekki og skal ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða loforð um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljenda, umsjónaraðila útbods, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. eða annarra aðila.

Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum, en ekki loforðum, og að fjárfesting í verðbréfum sem gefin eru út af Ísfélagi séu alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig.

Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum Ísfélags og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem banka, verðbréfafyrirtækja og sparisjóða, en þessir aðilar geta aðstoðað fjárfesta við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa fyrir þá og leita sér óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 22. nóvember 2023 skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða -aðgerða, annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða til landa þar sem slík dreifing stangast á við lög eða reglur hlutaðeigandi lands. Útgefandalýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreift, á einn eða annan hátt, til landa utan Íslands. Útgefandi, seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingunni.

Lýsing þessi inniheldur „framsýnar yfirlýsingar“ (e. Forward Looking Statements). Þessar framsýnu yfirlýsingar eru byggðar á núverandi áætlunum og væntingum Ísfélags. Þær skulu ekki skoðast sem ábyrgðaryfirlýsingar eða trygging fyrir tilteknum árangri eða þróun í framtíðinni. Þær byggja á ákveðnum væntingum sem eru eðlilegar þegar yfirlýsingar þessar eru gefnar, en hafa ber í huga að þær kunna síðar að reynast rangar. Þá ber að hafa í huga að slíkar framsýnar yfirlýsingar eru háðar ýmsum áhættum og óvissu og fjárfestar ættu ekki að treysta á að þessar framsýnu yfirlýsingar verði að raunveruleika. Fjárfestar skulu einnig athuga, að hvorki félaginu né ráðgjöfum þess ber skylda til að endurskoða, staðfesta eða gefa út opinberlega ef breytingar verða gerðar á framsýnum

yfirlýsingum til að endurspegla atburði eða aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfudag þessarar lýsingar, ellegar ef þróun verður með öðrum hætti en hinar framsýnu yfirlýsingar lýstu.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að hlutabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda, bæði um útgefandann hlutabréf útgefin af honum, ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 108/2007 um yfirtökur, lög 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem og reglugerðir settar á grundvelli þessara laga, þar með taldar reglur sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur sett, m.a. um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 320/2022, reglur um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa nr. 655/2023 og reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Umsókn útgefanda um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

## 2.1 HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR

Athygli fjárfesta er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn og yfirstjórn Ísfélags sem koma fram í kafla þessum sem ber yfirskriftina „2.1 Hugsanlegir Hagsmunaárekstrar“.

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari útgefandalýsingu.

Athygli fjárfesta er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík (hér eftir „Arion banki“) og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Íslandsbanki“) og Landsbankinn, kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“), hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum Ísfélags og umsókn um að hlutabréf í Ísfélagi verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa umsjón með töku á hlutabréfum í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fá þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa auk þess umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og fá þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu.
- Arion banki á 5.405.593 hluti í Ísfélagi, eða sem nemur 0,66% af útgefnu hlutafé. Arion banki er einn af seljendum í hlutafjárútboði Ísfélags og fyrirhugar að selja alla hluti sína í útboðinu. Landsbankinn á 826.200 hluti í Ísfélagi, eða sem nemur 0,10% af útgefnu hlutafé. Íslandsbanki á enga hluti í Ísfélagi.
- Arion banki er hvorki viðskiptabanki né lánveitandi Ísfélags, en þó hefur Ísfélag gert afleiðusamninga með Arion banka hf. sem mótaðila.
- Landsbankinn er einn hluthafa Ísfélags hf. með um 0,10% eignarhlut. Landsbankinn er lánveitandi útgefanda og veitir honum þjónustu á sviði gjaldeyrisviðskipta. Fær bankinn greiddar þóknanir frá útgefanda vegna þessara þjónustu.
- Íslandsbanki er lánveitandi útgefanda, auk þess að veita Ísfélagi þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, gjaldeyrisviðskipta og afleiðuviðskipta. Fær Íslandsbanki greiddar þóknanir frá útgefanda vegna þessara þjónustu.
- Ísfélag hf. hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í Ísfélagi hf. við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf., sem báðir annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá útgefanda.

Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 44. og 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Arion banki fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka um hagsmunaárekstra, „Reglur um meðferð hagsmunaárekstra“ sem eru settar í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, en þær er að finna á vefslóðinni <https://www.arionbanki.is/bankinn/stjornarhaettir/reglur-og->

skilmalar/. Þessar reglur Arion banka um meðferð hagsmunaárekstra eru ekki felldar inn í lýsingu þessa með tilvísun og eru þar af leiðandi ekki hluti af lýsingunni.

Landsbankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um stefnu Landsbanka um hagsmunaárekstra, sem ber yfirskriftina „Stefna um hagsmunaárekstra“ sem er sett í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, en þær er að finna á vefslóðinni <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar>. Þessi stefna Landsbanka um meðferð hagsmunaárekstra er ekki felld inn í lýsingu þessa með tilvísun og er þar af leiðandi ekki hluti af lýsingunni.

Íslandsbanki fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér útdrátt úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra, „Stefna um hagsmunaárekstra“ en stefnan er sett í samræmi ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Stefnur Íslandsbanka og útdrátt úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra er að finna á vefslóðinni <https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/stefnur-reglur-og-verklag>. Stefnur Íslandsbanka eru ekki felldar inn í lýsingu þessa með tilvísun og er þar af leiðandi ekki hluti af lýsingunni.

Útgefanda er ekki kunnugt um frekari hagsmunaárekstra en þá sem hér greinir.

## 2.2 RÁÐGJAFAR OG UMSJÓN MEÐ TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa umsjón með almennu útboði á hlutum í Ísfélagi hf. sem tilgreint er í útgefandalýsingu þessari og þá hefur Arion banki jafnframt unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans. Útgefandalýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal endurskoðuðum ársreikningum Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir fjárhagsárin 2020, 2021 og 2022 sem og endurskoðuðu árshlutauppgjöri Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa jafnframt umsjón með töku hlutabréfa Ísfélags til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Upplýsingar í lýsingu þessari byggja á upplýsingum frá útgefanda, sem ber ábyrgð á efni lýsingarinnar. Hvorki Arion banki, Íslandsbanki né Landsbankinn hafa lagt mat á nákvæmni eða heilleika þeirra upplýsinga sem fram koma í lýsingu þessari né annarra upplýsinga sem birtar er í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútboð og töku hlutabréfanna til viðskipta.

### Arion banki hf.

Kennitala 581008-0150  
LEI RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19  
Heimilisfang Borgartún 19, 105 Reykjavík, Ísland  
Sími 444 7000  
Vefsíða [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is)

### Landsbankinn hf.

Kennitala 471008-0280  
LEI 549300TLZPT6JELDWM92  
Heimilisfang Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, Ísland  
Sími 410-4000  
Vefsíða [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is)

### Íslandsbanki hf.

Kennitala 491008-0160  
LEI 549300PZMFIQR79Q0T97  
Heimilisfang Hagasmári 3, 201 Kópavogur, Ísland  
Sími 440 4000  
Vefsíða [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

## 2.3 SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni:

- Endurskoðaður árshlutareikningur Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: <https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/10/arshlutareikningur062023.pdf>

- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. 2022 samkvæmt IFRS reikningsskilastaðli, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: <https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/10/IFRS-arsreikningur-2022.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. 2022, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219\\_Isfelag\\_Vestmannaeyja\\_hf.ars\\_2022.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219_Isfelag_Vestmannaeyja_hf.ars_2022.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf. 2022, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.ars\\_2022.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.ars_2022.pdf)
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf. 2022, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.sr\\_2022.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.sr_2022.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. 2021, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219\\_Isfelag\\_Vestmannaeyja\\_hf.ars\\_2021-3.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219_Isfelag_Vestmannaeyja_hf.ars_2021-3.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf. 2021, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.ars\\_2021.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.ars_2021.pdf)
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf. 2021, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.sr\\_2021.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.sr_2021.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. 2020, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219\\_Isfelag\\_Vestmannaeyja\\_hf.ars\\_2020-1.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6601691219_Isfelag_Vestmannaeyja_hf.ars_2020-1.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf. 2020, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.ars\\_2020.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.ars_2020.pdf)
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf. 2021, ásamt áritun óháðs endurskoðanda, vefslóð: [https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559\\_Rammi\\_hf.sr\\_2020.pdf](https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/07/6812711559_Rammi_hf.sr_2020.pdf)
- Samandreginn árshlutareikningur Ísfélags 30. júní 2023 með ókönnuðum samanburðartölum 30.6.2022, vefslóð: <https://isfelag.is/wp-content/uploads/2023/11/Isfelag-arshlutareikningur-2022.pdf>
- Samþykktir Ísfélags hf., dagsettar 28. september 2023, vefslóð [Samþykktir-Isfelags-hf.-2023\\_2.pdf](#)

Fjárfestar skulu lesa lýsingu þessa í samhengi við öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun eru eins og áður segir órjúfanlegur hluti af lýsingu þessari.

Meðan útfandalýsingin er í gildi er fjárfestum heimilt að skoða skjöl sem vísað er til hér að framan og er slíkt aðgengi veitt í 10 ár með birtingu lýsingar á vef félagsins, <http://isfelag.is/fjarfestar> og fyrrnefndum vefslóðum.

#### **2.4 GILDISTÍMI, AÐGENGI AÐ LÝSINGU OG SKJÖL TIL SÝNIS**

Gildistími útfandalýsingar þessarar, sem dagsett er 22. nóvember 2023, er 12 mánuðir frá staðfestingu hennar. Útgefanda er heimilt að nota staðfesta útfandalýsingu á gildistíma hennar með verðbréfalýsingu og samantekt, eftir því sem við á, til að mynda lýsingu líkt og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Samþykktir Ísfélags hf., dagsettar 28. september 2023
- Endurskoðaður árshlutareikningur Ísfélags hf., fyrir fjárhagstímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. samkvæmt IFRS reikningsskilastaðli, fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf., fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2021.

- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyjar hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Samfélagsskýrsla Ísfélags Vestmannaeyja 2021 og 2022, og samfélagsskýrsla Ramma 2022.
- Fjárfestakynning félagsins dagsett 22. nóvember 2023.

Aðgengi fjárfesta að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <http://isfelag.is/fjarfestar>. Fjárfestar geta jafnframt óskað sérstaklega eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar.

## 2.5 UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari, sem aflað hefur verið frá Hagstofu, Alþingi, Fiskistofu, og Matvælaráðuneytinu, eru fengnar úr gögnum viðkomandi stofnana sem aðgengileg eru almenningi. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeirri upplýsingagjöf sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar séu réttar og engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Heimilda er getið þar sem það á við.

## 2.6 YFIRLÝSINGAR ÁBYRGÐARAÐILA ÚTGEFANDALÝSINGAR FYRIR HÖND ÚTGEFANDA

Stjórnarformaður og forstjóri Ísfélags hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar, lýsa því yfir fyrir hönd Ísfélags hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í útgefandalýsinguinni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr henni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Vestmannaeyjum, 22. nóvember 2023

Fyrir hönd Ísfélags hf.

---

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson  
Stjórnarformaður Ísfélags hf.

---

Stefán Friðriksson  
Forstjóri Ísfélags hf.

## 2.7 SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR

Í lýsingu þessari skal túlka eftirfarandi hugtök og tilvísanir með þeim hætti sem hér segir:

„alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“ og „IFRS“ vísa til International Financial Reporting Standards eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002,

„einkahlutafélög“ vísa til félaga samkvæmt lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög,

“Fjármálaeftirlitið” vísar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„hlutafélagalög“ vísar til laga nr. 2/1995, um hlutafélög,

„Arion banki“ vísar til Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík, Íslandi,

„Íslandsbanki“ vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, Íslandi,

„Landsbankinn“ vísar til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Leiðbeiningar um stjórnarhætti“ vísar til reglna sem bera heitið Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þær eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. Útgáfa 2021,

„lýsingin“ vísar til lýsingar Ísfélags hf. dagsettrar 22. nóvember 2023, sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri 22. nóvember 2023 og samantekt sem dagsett er sama dag,

„lýsingarreglugerð“ vísar til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 4. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„lög um lýsingar“ vísar til laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

„lög um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga“ vísar til laga nr.7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafrænna eignaskráningu fjármálagerninga,

„lög um yfirtökur“ vísar til laga nr. nr. 108/2007, um yfirtökur,

„Nasdaq Iceland“ vísar til Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamíðstöð“ vísar til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„samkeppnislög“ vísar til samkeppnislaga nr. 44/2005,

„skipulegur verðbréfamarkaður“ vísar til skipulegs verðbréfamarkaðar samkvæmt skilgreiningu laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga,

„umsjónaraðili“ vísar til Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík, Íslandi, og Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi og til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, einhverra þeirra, eða allra, eftir samhengi,

„útgefandalýsingin“ vísar til útgefandalýsingar félagsins dagsettrar 22. nóvember 2023,

„verðbréfalýsingin“ vísar til verðbréfalýsingar félagsins dagsettrar 22. nóvember 2023,

Tilvísun til „Ísfélags“, „Ísfélagsins“, „útgefanda“, „félagsins“ eða „samstæðunnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Ísfélags hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Ísfélag hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Tilvísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa í Ísfélagi hf. hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð í flokki hlutabréfa með ISIN númerið IS0000030112, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Tilvísun til „seljenda“, í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til eftirfarandi aðila: ÍV fjárfestingafélag ehf., kt. 580402-5850, Birkihlíð 17, 900 Vestmannaeyjar; Marteinn Haraldsson ehf., kt. 510291-1319, Gránugötu 1-3, 580 Siglufjörður, Gunnar Sigvaldason, kt. 151038-2719, Hornbrekkuvegi 16, 625 Ólafsfjörður, Svavar Berg Magnússon, kt. 111038-3099, Hlíðarvegi 67, 625 Ólafsfjörður, Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík; og Ísfélag hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum.

#### **Ýmis hugtök tengd starfsemi félagsins:**

**Í lýsingu þessari** skal litið svo á að eftirfarandi hugtök hafi þá merkingu sem getið er við hvert og eitt þeirra, þegar hugtakanna er getið í tengslum við starfsemi Ísfélags:

**Aflaheimild:** Veiðiheimild og er oft notað sem samheiti aflamarks og aflahlutdeildar. Gjarnan nefnt kvóti.

**Aflamark:** Fiskistofa úthlutar aflamarki (í tonnum) til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn á grundvelli aflahlutdeildar hluteigandi skips.

**Aflahlutdeild:** Úthlutun til skips af leyfðum heildarafla í kvótabundinni tegund sem fiskiskip má veiða af leyfilegum heildarafla í tegundinni, þ.e. fast hlutfall af heildarafla.

**Botnfiskur/Bolfiskur:** Fisktegund sem heldur sig við hafsbottinn. Ýsa, þorskur, karfi ufsi og grálúða eru dæmi um botnfiska.

**Deilistofnar:** Deilistofnar eru flökkustofnar, stofnar sem eru ekki staðbundnir heldur flakka milli lögsagna ríkja og þar með veiðisvæða, eins og til dæmis úthafskarfi, loðna, makrill, kolmunnir og norsk-íslensk síld.

**Fiskveiðiár:** 12 mánaða tímabil frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Fiskveiðiár deilistofna er almanaksárið.

**Kvóti:** Aflaheimild eða veiðiheimild.

**Leyfilegur heildarafla:** Ákvörðun matvælaráðherra um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum á fiskveiðiarinu.

**Lestir:** Rými í fiskiskipi þar sem afli er geymdur. Lestar eru misstórar og breytilegar eftir tegund skips.

**Síldarsmugan:** Hafsvæði utan efnahagslögsagna í Norðaustur-Atlantshafi, sem liggur að efnahagslögsögum Íslands, Færeyja, Noregs, Jan Mayen, Svalbarða og Grænlands.

**Uppsjávarfiskur:** Helstu tegundir uppsjávarfiska sem veiddir eru af íslenskum skipum eru loðna, makrill, síld og kolmunni.

**Þorskígildi:** Notað til samanburðar á verðmæti nytjastofna í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þorskígildin eru reiknuð sem hlutfall aflaverðmætis einstakra tegunda, sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, af aflaverðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar útreikningi liggur heildarmagn og heildaraflaverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu.

## 2.8 SKAMMSTAFANIR OG HUGTÖK

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
ESB	Evrópusambandið
EUR	evra
GBP	breskt pund
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kg.	kílógramm
kr.	krónur
kt.	kennitala
kW.	kílówatt
mgr.	málgrein
m.kr.	milljónir króna
ma.kr.	milljarðar króna
NOK	norskar krónur
XDR(SDR)	XDR er gengi á sérstökum dráttarréttindum (SDR) sem er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gjaldmiðlakarfan samanstendur af fimm gjaldmiðlum: Bandaríkjadala, evru, kínversku júani, bresku pundi og japönsku jeni.
nr.	númer
sbr.	samanber
tl.	töluliður
USD	bandaríkjadollar, sem uppgjörsmýnt Ísfélags hf.
þús.	þúsund
þús. USD	þúsundir bandaríkjadala

### 3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

#### 3.1 ÚTGEFANDI

Lögformlegt heiti:	Ísfélag hf.
Viðskiptaheiti:	Ísfélag
Kennitala:	660169-1219
Félagaform:	Hlutafélag, skráð á Íslandi og starfrækt í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
Stofndagur:	1.12.1901
Eigendur:	Hluthafar félagsins voru 276 talsins þann 22. nóvember 2023. Þrír hluthafar eiga 5% eða stærri eignarhlut í félaginu, en þeir eru ÍV fjárfestingafélag ehf. (eignarhluti við útgáfu lýsingar: 57,77%, en atkvæðisréttur við útgáfu lýsingar: 60,71%), Marteinn Haraldsson ehf. (eignarhluti við útgáfu lýsingar 11,62%, en atkvæðisréttur við útgáfu lýsingar 12,21%) og Gunnar Sigvaldason (eignarhluti við útgáfu lýsingar 6,44% en , atkvæðisréttur við útgáfu lýsingar 6,77%).
Útistandandi hlutafé:	778.944.394 hlutir, hver 1 króna að nafnverði.
Eigin hlutir:	39.667.919 hlutir
Heildarhlutafé:	818.612.313 hlutir og er hver hlutur 1 króna að nafnverði.
Auðkenni hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð og Nasdaq Kauphöll:	ISF
LEI-númer:	549300R7Z508ZEW03R28
ISIN-númer:	ISIN IS0000030112
Höfuðstöðvar og lögheimili:	Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar, Ísland
Vefsíða:	www.isfelag.is (Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema að þær upplýsingar séu felldar inn með tilvísun)
Tölvupóstfang:	isfelag@isfelag.is
Símanúmer:	+354 480 1100
Fjárhagsdagatal:	29. mars 2024 – Birting ársuppgjörs 2023 17. apríl 2024 – Aðalfundur 2024 31. maí 2024 – Birting uppgjörs Q1 2024 30. ágúst 2024 – Birting uppgjörs Q2 2024 29. nóvember 2024 – Birting uppgjörs Q3 2024

#### 3.2 TILGANGUR

Ísfélag er íslenskt hlutafélag sem starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Tilgangur félagsins samkvæmt grein 1.3 í samþykktum þess er að reka útgerð, fiskvinnslu og aðra vinnslu sjávarafurða, svo og aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs og á skyldum sviðum auk rannsóknarstarfsemi, útflutnings, innflutnings, þátttöku í rekstri annarra félaga, svo og fjárfestingar, lánastarfsemi og kaup, sala og rekstur fasteigna og tengd starfsemi.

#### 3.3 LAGAUMHVERFI

Ísfélag starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög og er félagið skilgreint sem eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Starfsemi félagsins fellur einnig meðal annars undir eftirfarandi löggjöf:

Lög nr.	Efni
116/2006	Um stjórn fiskveiða
145/2018	Um veiðigjald
93/1995	Um matvæli
144/2019	Um breytingu á ýmsum lögum um matvæli
7/1998	Um hollustuhætti og mengunarvarnir
57/1996	Um umgengni um nytjastofna sjávar
79/1997	Um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands
151/1996	Um fiskveiðar utan lögsögu Íslands
35/1985	Sjómannalög
20/1972	Um bann við losun hættulegra efna í sjó
44/2002	Um geislavarnir
33/2004	Um varnir gegn mengun hafs og stranda
150/2020	Um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

90/2018	Um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
3/2006	Um ársreikninga
145/1994	Um bókhald
94/2019	Um endurskoðendur og endurskoðun
90/2003	Um tekjuskatt
50/1988	Um virðisaukaskatt
44/2005	Samkeppnislög

Starfsemi félagsins lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og rekstur skipakosts félagsins háðar leyfisveitingum opinberra aðila.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja samkeppnislögum nr. 44/2005. Varðandi umfjöllun í tengslum við Samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins, sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga er vísað til kafla „1.1.6 Samkeppni“. Sjá einnig kafla „5.4 Samkeppnin“. Þar sem Ísland er aðili að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) starfar Ísfélag jafnframt í samræmi við þá löggjöf Evrópusambandsins sem ákveðið er að innleiða hér á landi, frá einum tíma til annars.

### 3.4 SÉRTÆK LÖG TENGD SJÁVARÚTVEGSFÉLÖGUM

Á Íslandi gildir ítarleg löggjöf um stjórn fiskveiða. Matvælaráðuneytið ber ábyrgð á gerð laga, reglugerða og setningu langtíamarkmiða í sjávarútvegi. Fiskistofa er það stjórnvald sem fer með framkvæmd og eftirfylgni þeirra laga og reglna sem settar eru í samvinnu við aðrar helstu stofnanir í stjórnkerfi sjávarútvegs á Íslandi.

#### 3.4.1 STJÓRN FISKVEIÐA

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, taka til ýmissa atriða við stjórn veiða íslenskra skipa og má þar nefna veiðileyfi, aflaheimildir, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir á veiðisvæðum. Markmið laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum. Úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu. Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni á Íslandi nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Flestir nytjastofnar á Íslandsmiðum eru kvótabundnir (98% af heildaraflaverðmæti). Fiskistofa úthlutar aflamarki til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn, á grundvelli aflahlutdeildar hlutaðeigandi skips og ákvörðunar matvælaráðherra um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum, en aflamark flestra tegunda miðast við fiskveiðiárið, það er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Með aflahlutdeild er átt við það hlutfall af leyfilegum heildarafla í kvótabundinni tegund sem fiskiskip má veiða. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, ákveður ráðherra með reglugerð að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar þann heildarafla sem má veiða á ákveðnu tímabili eða vertíð úr einstökum nytjastofnum við Ísland og nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Aflaheimildir (aflahlutdeildir og aflamark) verða lögum samkvæmt alltaf að vera bundnar við fiskiskip. Nokkur sveigjanleiki er innbyggður í aflamarkskerfið. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda útgerðarmönnum og sjómönnum að fara að settum reglum og stuðla að ábyrgri nýtingu fiskistofna. Í því sambandi má nefna að heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki flestra tegunda frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta og þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram úthlutað aflamark skips á einstöku fiskveiðiári og dregst sá afli frá úthlutun á næsta ári. Með tegundatilfærslu er átt við reglu sem heimilar að afli í einni tegund dragist að ákveðnu marki frá aflaheimildum skips í annarri tegund. Þessi heimild nær þó ekki til veiða á þorski. Að tilteknum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum takmörkunum er heimilt að flytja aflaheimildir á milli fiskiskipa. Allan afla sem kemur í veiðafæri á að koma með að landi og vigta í löndunarhöfn og skulu löggildir vigtarmenn sjá um vigtunina með löggildri vog.

Lögum samkvæmt mega yfirráð einstakra eða tengdra aðila (samkvæmt skilgreiningu laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða) yfir aflahlutdeildum almennt og í tilteknum einstökum tegundum ekki fara yfir ákveðin mörk og hefur Fiskistofa eftirlit með að yfirráð einstakra aðila yfir aflahlutdeild fari ekki umfram þau mörk sem lög kveða á um. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyðan heildarafla. Þá má aflahlutdeild einstaks eða tengdra aðila (samkvæmt skilgreiningu laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða) í þorski ekki fara yfir 12%. Í ýsu, ufsa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsækju má hún ekki fara yfir 20% og í karfa ekki yfir 35%. Afli undir ákveðnum lengdarmörkum, svonefndur undirmálsafla, tiltekinna tegunda, þ.e. þorsks, ýsu, ufsa og karfa dregst ekki að fullu frá aflamarki fiskiskips, enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla um borð og vigtaður og skráður sérstaklega. Ísfélag hefur yfir að ráða um það bil 39.300 þorskígildistonnnum, sem samsvarar 8,9% af heildarþorskígildum sjávarútvegsins á Íslandi, m.v. úthlutun Fiskistofu á fiskveiðiárinu 2023/24 og 2022/2023 fyrir tegundir sem ekki er búið að úthluta.

### 3.4.2 LÖG UM VEIÐIGJÖLD

Fiskistofa lagði á veiðigjöld skv. lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, með síðari breytingum og runnu gjöldin í ríkissjóð. Sett voru lög nr. 56/2018 um breytingu á lögum nr. 74/2012 þar sem upphæð veiðigjalds á afla var ákveðið fyrir september til desember 2018. Ný lög um veiðigjald nr. 145/2018 tóku gildi frá upphafi árs 2019. Fiskistofa leggur á veiðigjöld skv. lögum nr. 145/2018 um veiðigjald og renna gjöldin í ríkissjóð. Veiðigjald er lagt á mánaðarlega og innheimt í öðrum mánuði eftir það. Árlega er gefin út reglugerð um fjárhæðir og álagningu.

Upphaflega voru veiðigjöld tvenns konar, annars vegar almennt veiðigjald sem lagt var á frá fiskveiðiárinu 2004/2005 og hins vegar sérstakt veiðigjald sem lagt var á fiskveiðiárinu 2012/2013 til 2014/2015. Frá og með fiskveiðiárinu 2015/2016 er einungis lagt á eitt veiðigjald.


Veiðigjöld frá árinu 2012/2013 voru lögð á úthlutað aflamark og landaðan afla sem ekki tilheyrði kvótakerfinu. Um var að ræða ákveðna krónutölu á hvert þorskígildiskíló í aflamarki eða afla utan kvóta vegna fiskveiðiáranna 2012/2013 og 2013/2014 en fyrir fiskveiðiárið 2014/2015 voru þau, eins og nú, ákvörðuð sem tiltekin krónutala á hvert kíló landaðs afla. Eru gjöldin mismunandi eftir hverri fisktegund og hafa verið það frá fiskveiðiárinu 2014/2015.

Svipað fyrirkomulag og hér er lýst gildi fyrir fiskveiðiárið 2015/2016, en þá var þó einvörðungu um eitt veiðigjald að ræða, sem var lagt á landaðan afla, en ekki á aflamark. Sama fyrirkomulag hefur gilt síðan, en þó með breyttum krónutölum á hvert kíló ár hvert. Við útgáfu þessarar lýsingar eru veiðigjöld lögð á sem krónur á hvert kílógramm landaðs óslægðs afla. Gjald það sem lagt er á einstakar tegundir er birt eigi síðar en í desember ár hvert. Veiðigjaldið á að nema 33% af reiknistofni á hverja nytjategund, en sérstakt 10% álag á veiðigjaldið er lagt á uppsjávartegundir. Á fiskveiðiárunum 2012/2013 til 2016/2017 áttu félög og einstaklingar með atvinnurekstur sem á var lagt sérstakt veiðigjald rétt á lækkun gjaldsins vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum til ársloka 2011, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi lækkunarheimild var afnumin frá og með fiskveiðiárinu 2017/2018.

Upphæð álagðs veiðigjalds frá 2010 má sjá hér fyrir neðan. Á vefsíðu Fiskistofu má sjá álögð veiðigjöld sundurliðuð eftir greiðendum:

<http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/veidigjold-fyrri-ar/>

Mynd 1: Heildarveiðigjöld frá 2010 í milljörðum króna.<sup>1</sup>



### LÖG UM VERÐLAGSSTOFU SKIPTAVERÐS OG ÚRSKURÐARNEFND SJÓMANNA OG ÚTVEGSMANNA

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, er útgerð skylt að senda Verðlagsstofu alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar eins og kjarasamningar segja til um að skuli gera.

<sup>1</sup> [Veiðigjald - Mælaborð sjávarútvegsins \(radarinn.is\)](http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/veidigjold/veidigjold-fyrri-ar/)

Í 6. gr. sömu laga er tekið fram að Verðlagsstofa skuli að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggja samningur á milli útgerðar og áhafnar um fiskverð til uppjörs.

### **LÖG UM VEIÐAR OG VINNSLU ERLENDRA SKIPA Í FISKVEIÐILANDHELGI ÍSLANDS**

Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, fjalla m.a. um þá aðila sem mega stunda fiskveiðar og vinnslu sjávarafila um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þeir aðilar sem mega stunda slíkar fiskveiðar og vinnslu sjávarafila eru eftirfarandi aðilar:

- Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar,
- Íslenskir lögaðilar sem eru að fullu í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem:
  - o eru undir yfirráðum íslenskra aðila;
  - o eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%; eða
  - o eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Til fiskveiða og vinnslu sjávarafila um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins nýta íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafila skv. 3. mgr. 1 gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með hugtakinu „íslensk skip“ í þessu samhengi er átt við þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa. Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, fjalla að auki um veiðar erlendra aðila og heimildir þeirra þar.

Ýmsar reglugerðir hafa verið settar af ráðherra sem varða sjávarútvegsfélög. Matvælaráðuneytið gefur á hverju ári út hefti um helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða. Nálgast má ritið á heimasíðu ráðuneytisins á <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/>.

Jafnframt má nálgast lög um sjávarútveg, fiskveiðar og fiskirækt á vef Alþingis, <https://www.althingi.is/lagasafn/kaflar/nuna/33.html>, og upplýsingar um reglugerðir sem varða sjávarútveg, fiskveiðar og fiskirækt á vef Dómsmálaráðuneytisins: <https://island.is/reglugerdir>, þar undir undirköflum kafla lagasafns „33. Sjávarútvegur, fiskveiðar og fiskirækt“.

Fjallað er um áhættu tengda lagalegu -og stjórn málaumhverfi félagsins í kaflanum „1.1 Laga-, leyfis- og regluáhætta“.

### **3.5 ÁGRIP AF SÖGU ÍSFÉLAGS**

#### **SAGA ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA HF.**

Ísfélag var stofnað þann 1. desember 1901, og hefur félagið þannig starfað í 122 ár. Félagið er elsta starfandi hlutafélag sem skrásett er á Íslandi. Í 122 ára sögu félagsins hefur félagið sameinast mörgum félögum s.s. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðarsonar (FES), Hraðfrystistöð Þórshafnar ásamt fleiri félögum, og nú síðast Ramma hf. Félagið var upphaflega stofnað um byggingu íshúss í Vestmannaeyjum til geymslu á beitu. Fram til ársins 1914 var einungis framleiddur ís í húsi félagsins, en það ár var einnig ákveðið að hefja kjötverslun.

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hóf starfsemi í Eyjum árið 1929 og var það í fyrsta skipti sem heilfrysting á fiski fór fram í Vestmannaeyjum, en Ísfélag Vestmannaeyja hóf heilfrystingu fjórum árum síðar, eða árið 1940. Formleg útgerð hjá félaginu hófst í september 1973; sama ár og gosið í Heimaey stóð yfir. Á stjórnarfundum félagsins þann 13. september 1973 var ákveðið að hefja útgerð, byggja fiskmóttöku í Þorlákshöfn og hraða uppbyggingu starfsaðstöðu í Eyjum að loknu gosi. Í upphafi árs 1974 rak félagið tvö frystihús, annað í Vestmannaeyjum og hitt á Kirkjusandi í Reykjavík, en hið síðargreinda var þá stærsta framleiðslueining í eigu sama aðila í fiskiðnaði hér á landi.

Tímamót urðu í sögu félagsins árið 1992 þegar félagið sameinaðist Berg-Hugin hf. og Hraðfrystistöð Vestmannaeyja og varð þar með eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtækið í landinu. Sameiningin við fyrrgreinda félagið var þó síðar dregin til baka. Miklar fjárfestingar í rekstri félagsins fylgdu í kjölfarið og var árið 1996 eitt besta rekstrarár í sögu þess. Árið 1999 sameinaðist félagið Krossanesi hf. á Akureyri og árið 2007 keypti félagið allt hlutafé í Hraðfrystistöð Þórshafnar. Í kjölfarið voru ný frystigeymsla og lausfrystir byggð á Þórshöfn og fiskimjölsverksmiðjan þar endurnýjuð.

Frá árinu 2010 hefur félagið fjárfest mikið í tækjum og endurnýjun á búnaði. Hefur félagið þannig fjárfest í bolfisklínu í Vestmannaeyjum, sem síðar var uppfærð með vatnsskurðarvél, fjárfest í hrognahúsi á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum, auk þess sem þjarkar hafa verið settir upp í framleiðslulínum félagsins. Hefur félagið reist nýja hráefnistanka í Vestmannaeyjum og stækkað frystihúsið á Þórshöfn. Í Vestmannaeyjum hefur félagið einnig reist hreinsistöð, flokkunarstöð og frystigeymslu. Félagið sameinaðist Ramma hf. í júní árið 2023, á þann veg að Ísfélag yfirtók rekstur síðargreinda félagsins eins og nánar er vikið að, að neðan.

#### **SAGA RAMMA HF.**

Rammi hf. rekur sögu sína aftur til ársins 1928 en þá hófst útgerðarsaga Magnúsar Gamalielssonar útgerðarmanns í Ólafsfirði, sem er einn margra vaxtarsprotu sem uxu og sameinuðust síðar í smáum og stórum skrefum og mynduðu sjávarútvegsfyrirtækið Ramma hf., sem stundaði útgerð frá Fjallabyggð og Þorlákshöfn og stundaði vinnslu sjávarafurða á báðum stöðum. Aðrar rætur Ramma hf. má rekja til Þormóðs ramma hf., Sæbergs hf., Árnass hf., Sigvalda Þorleifssonar hf., Leitis hf., Sigurbjarnar ehf., Þormóðsbergs hf., Drafnars hf., og margra fleiri fyrirtækja.

#### **ÍSFÉLAG**

Ísfélag Vestmannaeyja og Rammi sameinuðust í júní árið 2023 á þann veg að fyrrgreinda félagið yfirtók allan rekstur og skuldbindingar síðarnefnda félagsins. Var nafni Ísfélags Vestmannaeyja hf. þá breytt samhliða með breytingu á samþykktum félagsins í júnímánuði 2023 í Ísfélag hf. sem er nafn hins sameinaða félags

Forsvarsmenn félaganna tveggja voru sammála um að mörg tækifæri væru fólgin í sameiningunni, m.a. sóknarfæri og möguleikar á að styrkja rekstrargrundvöll félagsins til framtíðar bæði með samþættingu starfseminnar og frekari vexti.

Heildaraflahlutdeild sameinaðs félags er 8,9% af heildar úthlutuðu aflamarki íslenskra fyrirtækja. Samanlögð velta félaganna var um USD 250 milljónir á árinu 2022. Að mati stjórnenda Ísfélags er sameinað fyrirtæki betur í stakk búið til að takast á við áskoranir og tækifæri í rekstri og styrkir sameiningin samkeppnisstöðu þess á alþjóðlegum mörkuðum. Þá telja stjórnendur félagsins að ýmis tækifæri eru fyrir hendi til þess að gera betur í rekstri sameinaðs félags, m.a. í hagræðingu og sérhæfingu í veiðum og vinnslu. Mikill fjárhagslegur styrkur félagsins gerir því einnig kleift að nýta tækifæri sem framundan eru, t.d. fiskeldi og öðrum vaxtarsprotum eins og t.d. Primex og VAXA, og þetta hefur félagið gert í raun, m.a. með kaupum á 29% hlut í Austur Holding AS, félagi sem á 55% í Ice Fish Farm, sem stundar sjóeldi á Austfjörðum. Þessu til viðbótar er félagið, að mati stjórnenda þess, betur til þess fallið að sinna þörfum viðskiptavina sinna eftir sameininguna, þar sem það nýtur meiri aflaheimilda og framleiðir fleiri afurðir en áður. Er vöruframboð félagsins eftir samrunann þannig meira en áður og getur félagið nú, í kjölfar samruna, boðið viðskiptamönnum sínum afurðir sem það gat ekki áður.


### **3.6 SKIPULAG SAMSTÆÐUNNAR, SKIPURIT OG HLUTDEILDARFÉLÖG**

#### **3.6.1 HLUTVERK OG MARKMIÐ**

Ísfélag hf. er meðal stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins og stundar félagið aðallega veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski, bolfiski og rækju, auk þess sem dótturfélög þess stunda margþætta starfsemi. Félagið er einn stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Að neðan gefur að finna yfirlitsmynd yfir Ísfélag þ.e. móðurfélag samstæðu ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum, sem og eignarhlut félagsins í hverju þessara fyrirtækja fyrir sig:

Mynd 3.6.1 Ísfélag ásamt hlutdeildarfélögum og dótturfélögum Ísfélags -




Á árinu 2022 voru að meðaltali 374 stöðugildi hjá sameinuðu félagi í landi og á sjó. Árið 2021 voru stöðugildi hjá sameinuðu félagi að meðaltali 380 og á árinu 2020 voru þau 382 Ísfélag gerir út níu fiskiskip og er félagið með starfsemi í Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Siglufirði og Þorlákshöfn, auk þess sem félagið á hlutdeildarfélag á Grænlandi sem stundar veiðar á uppsjávarfiski.

Ísfélag einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og stunda starfsemi sína í sátt við umhverfi og samfélag. Félagið stundar veiðar úr nytjastofnum á Íslandsmiðum og nokkrum tilteknum deilistofnum og vill hámarka nýtingu þeirra til lengri tíma. Félagið kappkostar að umgangast lífríki sjávar með sjálfbærum hætti, sjá nánar Samfélagsskýrslu félagsins í kaflanum „2.4 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis“.

Stefna Ísfélags er að hámarka virði þeirra afurða sem félagið aflar á grundvelli þeirra aflaheimilda, sem félagið nýtur á hverjum tíma. Það er m.a. gert með því að stýra veiðum með hliðsjón af markaðsaðstæðum hverju sinni og bregðast skjótt við breyttum aðstæðum. Það er jafnframt stefna Ísfélags að stýra rekstri sínum á þann veg, að allrar eðlilegrar hagkvæmni og ráðdeildar sé þar gætt og að félagið geti, á hverjum tíma, veitt eigendum sínum ásættanlega arðsemi á þá fjármuni sem þeir eiga fólgni eru í rekstri félagsins. Um arð og arðgreiðslustefnu Ísfélags vísast til kafla „8.3.2 Arður og arðgreiðslustefna“.

### 3.7 STARFSSVIÐ

Ísfélag er sjávarútvegsfyrirtæki og lýtur starfsemin að veiðum og vinnslu sjávarfangs. Framkvæmdastjórn Ísfélags er skipuð forstjóra, aðstoðarforstjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.



### SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Forstjóri Ísfélags er Stefán Friðriksson og ber hann ábyrgð á rekstri og afkomu félagsins gagnvart stjórn. Forstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri, stefnumótun, áætlanagerð, áhættustýringu og er hann talsmaður félagsins út á við. Forstjóri er einnig framkvæmdastjóri landvinnslu félagsins, en á því sviði starfa 236 starfsmenn.

Forstjóri ber ábyrgð á mannauðsmálum og umhverfis- og samfélagsstefnu félagsins, sem og stjórnarháttum félagsins.

### ÚTGERÐARSVIÐ

Sviðið er ábyrgt fyrir útgerð skipa félagsins. Skipastóll félagsins telur 9 skip og starfa 177 starfsmenn og sjómenn hjá sviðinu. Framkvæmdastjóri útgerðarsviðs er Ólafur Helgi Marteinsson aðstoðarforstjóri. Framkvæmdastjóri útgerðar ber ábyrgð á útgerð skipa félagsins. Útgerðarstjórar sjá um daglegan rekstur á skipum.

Framkvæmdastjóri útgerðar ber einnig ábyrgð á öryggis- og gæðamálum félagsins.

## LANDVINNSLUSVIÐ

Á landvinnslusviði félagsins störfuðu 236 starfsmenn þann 30. júní 2023. Framkvæmdastjóri landvinnslusviðs er Stefán Friðriksson, forstjóri Ísfélags og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri landvinnslu félagsins.

Undir framkvæmdastjóra landvinnslusviðs heyra sex framleiðslustjórar sem bera ábyrgð á daglegum rekstri sinnar deildar. Félagið rekur sex landvinnslur, fiskimjòlsverksmiðjur á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum, fiskvinnslu fyrir bolffisk og uppsjávarfisk á Þórshöfn og í Vestmannaeyjum, bolffiskvinnsla í Þorlákshöfn og rækjuvinnsla á Siglufirði.

## SKRIFSTOFA OG FJÁRMÁL

Á skrifstofum félagsins störfuðu 22 starfsmenn þann 30. júní 2023. Skrifstofu- og fjármálastjóri er Unnar Már Pétursson. Helstu verkefni fjármálastjóra snúa að fjármálum, áhættustýringu, bókhaldi, launaútreikningi, uppgjörum og áætlanagerð.

## VIÐSKIPTAÞRÓUN

Örvar Guðni Arnarson er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Ísfélags. Ber hann ábyrgð á greiningu og innleiðingu verkefna á sviði nýsköpunar, fjárfestinga og nýjunga. Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar ber einnig ábyrgð á upplýsingatæknikerfum félagsins.

## 3.8 DÓTTURFÉLÖG

Við útgáfu lýsingar þessarar voru dótturfélög Ísfélags fjögur talsins. Með hugtakinu „dótturfélög“ er í þessu sambandi átt við lögaðila þar sem móðurfélag fer með yfirráð, en slík yfirráð teljast til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til einhliða ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Upphæðir í umfjöllun um neðangreind dótturfélög eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. 2022.

Dótturfélög Ísfélags eru eftirfarandi:

### PRIMEX EHF.

Ísfélag hf. á allt hlutafé í Primex ehf. kt. 681197-2819, Óskarsgötu 7, 580 Siglufirði (hér eftir „Primex“). Primex er sjávarlíftæknifyrirtæki með höfuðstöðvar á Siglufirði og framleiðir kítósan sem er trefjaefni sem er einangrað úr rækjuskel. Jákvæð hleðsla kítósans gefur því lífvirka eiginleika.


Framleiðsla Primex er vottuð sem náttúruleg (e. organic) og nýtur einnig vottunar samkvæmt ISO 22000 og ISO 14385 vottunarstöðlum. Að mati stjórnenda Primex, sem byggt er á viðtökum viðskiptavina á vörum Primex, þá er það kítósan sem Primex framleiðir einstaklega hreint efni og því eftirsóknarvert.

Primex selur afurðir sínar bæði sem hráefni fyrir frekari vinnslu og smásöluvöru. Primex þróar og selur kítósanvörur, m.a. fyrir fæðubótarefni, snyrtivörur, græðandi vörur, lækningatæki og landbúnað. Primex markaðssetur vörur sínar undir vörumerkjunum ChitoCare®, ChitoClear® og LipoSan Ultra® og SeaKlear®. ChitoCare er regnhlífavörumerki fyrir smásöluvörur. ChitoCare medical sáramedhöndlunartæki eru skráðar sem lækningatæki í flokki III (European Directive 93/42/EEC), ChitoCare beauty húðvörur eru skráðar í EU (CPNP, European Commission). Stjórnendur Primex telja að tækifæri Primex til sóknar felist í ChitoCare vörunum og er grunnvinna að erlendri markaðssetningu hafin. Þá hefur Primex selt kítósan vörur til framleiðenda sem nýta vöruna í eigin framleiðslu vegna náttúrulegrar lífrænnar virkni hennar í stað þess að nota kemísk gerviefni. ChitoCare medical sáravörur Primex eru einkaleyfisvarðar. Þær eru CE-vottuð lækningatæki í flokki III í samræmi við íslensk og evrópsk lög. Sú vottun þýðir að selja megi vörunar í Evrópu og á Íslandi og að nota megi fullyrðingar um að vörunar megi nota á opin sár. Skráning í USA er í ferli.

Primex hefur skráð fjögur einkaleyfi sem m.a. veita formúlum sára- og húðvara þess hugverkavernd, en upplýsingar um þau má finna í kafla „4.6 Hugverkaréttindi“ . Þá nýtur Primex einkaleyfis á tækni sem skilar umhverfisvænni framleiðslu afurða þess. Primex hlaut nýsköpunarverðlaun Íslands árið 2012 fyrir að breyta úrgangi í verðmæti, sem og fyrir árangur Primex á sókn á erlendum mörkuðum.

Rannsókn sem gerð var árið 2020 í Slóvakíu kannaði græðandi eiginleika varanna á sár sjúklinga með sykursýki sem hefðbundin meðferð hafði ekki náð að græða. Rannsóknin sýndi að á 10 vikum gréru sár sjúklinganna í umtalsvert meiri mæli ef notað var ChitoCare medical við sármedhöndlun þeirra, samanborið við áframhaldandi hefðbundna meðferð. Rannsóknin er með Clinicalgov skráningarnúmer NCT04178525 og má nálgast skráninguna á vefsíðunni classic.clinicaltrials.gov.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar árið 2020. Grafið sýnir hlutfall þráláttra sára sykursjúklinganna sem hafði gróði annars vegar með ChitoCare Medical meðferð og hins vegar með áframhaldandi hefðbundinni meðferð.



Rekstrartekjur Primex ehf. 2022 voru ISK 958.453.343 og nam hagnaður þess eftir skatta ISK 131.929.135. Hlutfé Primex er ISK 73.007.802. Heildareignir Primex í árslok 2022 voru ISK 884.259.374 og eigið fé ISK 720.451.375.

#### ARCTIC SEAFOOD LTD.

Ísfélag á allt hlutfé í Arctic Seafood Ltd. kt. 620507-9890, í Manchester í Englandi. Arctic Seafood selur frosinn fisk og rækju í heildsölu í Englandi, mest til viðskiptavina sem þjónusta „fish-and-chips“ staði. Rekstrartekjur Arctic Seafood 2022 námu GBP 23.450.445 og nam hagnaður eftir skatta GBP 491.195. Hlutfé Arctic Seafood er GBP 150.001 og námu heildareignir þess í árslok 2022 GBP 3.671.958 og eigið fé var GBP 2.368.228.

#### FISKMARKAÐUR ÞÓRSHAFNAR EHF.

Ísfélag á allt hlutfé í Fiskmarkaði Þórshafnar ehf., kt. 410403-6090, Eyrarvegi 16, 680 Þórshöfn. Fiskmarkaður Þórshafnar rekur fiskmarkað á Þórshöfn, þar sem frystihús Ísfélags er nýtt fyrir starfsemi fiskmarkaðarins og hefur markaðurinn útstöðvar á Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Bakkafirði, Vopnafirði og Borgafirði Eystra. Rekstrartekjur Fiskmarkaðar Þórshafnar árið 2022 námu kr. 100.507.144 og nam hagnaður eftir skatta kr. 25.272.723. Hlutfé Fiskmarkaðar Þórshafnar er kr. 550.000. Heildareignir í árslok námu kr. 69.277.201 og nam eigið fé fiskmarkaðarins kr. 68.365.515.

#### JÖRVI FASTEIGNIR EHF.

Ísfélag á allt hlutfé í Jörva fasteignum ehf., kt. 500189-1699, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum. Jörvi fasteignir eiga 3.800 fermetra lóð að Fiskislóð 13, 101 Reykjavík sem ber fasteignanúmer F2520090. Jörvi fasteignir hefur ekki annan rekstur með höndum en þann sem hér greinir og eru aðrar bókfærðar eignir Jörva fasteigna óverulegar.

### 3.9 HLUTDEILDARFÉLÖG

Við útgáfu lýsingar þessarar eru hlutdeildarfélög Ísfélags 9 talsins. Hlutdeildarfélög eru lögaðilar þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif teljast til staðar þegar Ísfélag tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaganna og er oft miðað við 20% - 50% eignarhlut og/eða áhrif á stjórnun hlutdeildarfélaganna sem teljast veruleg. Hlutdeildarfélög Ísfélags eru eftirfarandi:

#### LUNDEY FJÁRFESTINGAFÉLAG EHF.

Ísfélag á 50% eignarhlut í Lundey fjárfestingafélagi ehf., kt. 540817-1460, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir „Lundey“) sem á 14% hlutafjár, beint og óbeint, í Vaxa Technologies Ltd. sem er eini eigandi VAXA Technology Iceland ehf. sem á og rekur þörungaverksmiðju á Hellisheiði. VAXA Technology Iceland ehf. er um þessar mundir að reisa stórt verksmiðjuhús á Hellisheiði eftir að hafa starfrækt þar minni þörungaverksmiðju.

Kaupfélag Skagfirðinga, kt. 680169-5009, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki á 50% hlut í Lundey á móti Ísfélagi. Lundey hafði engar rekstrartekjur árið 2022. Hagnaður Lundeyjar eftir skatta það ár nam kr. 1.128.916.006 sem kom til af endurmati hlutafjareignar í samræmi við síðustu viðskipti með bréf í VAXA Technology Iceland ehf. Hlutfé

Lundeyjar er kr. 3.400.000. Heildareignir í árslok námu kr. 1.960.973.876, en eigið fé var kr. 1.960.071.642. Á árinu 2023 fjárfesti Lundey í VAXA Technology Iceland ehf. fyrir USD 221 þúsund.

#### **AUSTUR HOLDING A/S**

Í mars 2023 keypti Ísfélag 18.023.344 hluti í Austur Holding A/S, hlutafélagi sem skráð er í Noregi, kt. 930 310 387, Nordfrøyveien 413, 7260 Sistranda, fyrir alls NOK 775.000.000 og eignaðist með því 29,3% eignarhlut í fyrirtækinu. Austur Holding átti, fyrir fjárfestingu Ísfélags, 51.361.866 hluti (þá 56,1% eignarhlut) í Ice Fish Farm AS sem er hlutafélag sem skráð er í kauphöll í Noregi og rekur fiskeldi á Íslandi.

Eftir hlutfjárukningu í Ice Fish Farm AS í júní 2023 á Austur Holding AS alls 67.595.359 hluti í Ice Fish Farm AS eða 55,3% hlutfjár. Fjárfestum er bent á að Ice Fish Farm AS er útgefandi skráðra hlutabréfa og hægt er að nálgast nánari upplýsingar um rekstur fyrirtækisins á heimasíðu þess [www.icefishfarm.is/investors](http://www.icefishfarm.is/investors).

Hluthafasamkomulag er til staðar í Austur Holding sem kveður á um ýmis atriði er varða samskipti og réttindi hluthafa, t.a.m. rétt til að tilnefna stjórnarmenn í fyrirtækinu, forkaupsrétt hluthafa, hömlur á framsali, þvingunarrétt á kaupum og sölum með hluti í Austur Holding og öðrum atriðum er snúa að sölu á Austur Holding en í samkomulaginu er m.a. ákvæði sem gætu skyldað Ísfélag til sölu á eignarhlut sínum í Austur Holding, eða til kaupa á frekari hlutum í fyrirtækinu við nánar tilgreindar aðstæður.

#### **PELAGIC GREENLAND AS**

Ísfélag á 33,3% eignarhlut í grænlenka fyrirtækinu Pelagic Greenland AS, cvr-nr. 12 84 24 65, Qasapi 4, 3900 Nuuk (hér eftir „Pelagic Greenland“) á mótí grænlenka ríkisfyrirtækinu Royal Greenland AS. Pelagic Greenland nýtir aflaheimildir í loðnu, síld, makríl og kolmunna. Veiði Pelagic Greenland árið 2022 nam 25 þúsund tonnum, þar af var loðna um helmingur aflans. Á þessu ári er afli félagsins áætlaður um 27.000 tonn. Ísfélag er aðili að hluthafasamkomulagi við Royal Greenland AS um rekstur Pelagic Greenland.

Pelagic Greenland á uppsjávarskipin Tasiilaq, sem smíðað var árið 2003 og er 84 metra langt, og Tuneq sem var smíðað árið 1988 og er 70 metra langt.

Rekstrartekjur Pelagic Greenland námu 85.793 þúsundum DKK árið 2022 og tap eftir skatta nam 3.179 þúsundum DKK. Hlutfé Pelagic Greenland nemur 39.294 þúsundum DKK. Eignir Pelagic Greenland í árslok 2022 námu 181.397 þúsundum DKK og eigið fé nam 11.314 þúsundum DKK.

#### **ICELAND PELAGIC EHF.**

Ísfélag á 33,3% eignarhlut í Iceland Pelagic ehf., kt. 420108-0600, Krossey, 780 Hornafirði (hér eftir „IcePel“).

IcePel er í jafnri eigu Brims hf., Skinneyjar-Þinganes hf. og Ísfélags. Félagið selur aðallega uppsjávarafurðir til Austur Evrópu fyrir eigendur sína og þriðja aðila.

IcePel er aðili að hluthafasamkomulagi við eigendur Iceland Pelagic ehf. sem mælir fyrir um skuldbindingu IcePel til að selja allar frosnar uppsjávarafurðir sem eigendur þess framleiða og selja fyrir tilstilli þess. Byggjast arðgreiðslur úr IcePel til einstakra hluthafa á umfangi slíkra viðskipta hluthafanna fremur en hlutfjáreign þeirra. Hlutfé IcePel er kr. 30.000.000. Rekstrartekjur ársins 2022 voru kr. 17.635 milljónir og nam hagnaður eftir skatta kr. 146 milljónum. Heildareignir IcePel í árslok 2022 námu kr. 4.163 milljónum og var eigið fé fyrirtækisins kr. 805 milljónir. Stöðugildi hjá IcePel voru 8 á árinu 2022.

#### **STORMAR EHF.**

Ísfélag á 25% eignarhlut í StorMar ehf., kt. 431120-0110, Krossey, 780 Hornafirði (hér eftir „StorMar“). StorMar er í jafnri eigu Brims hf., Skinneyjar-Þinganes hf., Gjögurs hf. og Ísfélags. StorMar selur aðallega bolfiskafurðir til Evrópu og Bandaríkjanna fyrir eigendur sína og þriðja aðila. StorMar er aðili að hluthafasamkomulagi við eigendur StorMar um að eigendur félagsins selji allar frosnar bolfiskafurðir í gegnum það. Byggjast arðgreiðslur úr StorMar til einstakra hluthafa á umfangi slíkra viðskipta hluthafanna fremur en hlutfjáreign þeirra.

Hlutfé StorMar er kr. 30.000.000 og námu rekstrartekjur ársins 2022 kr. 9.412 milljónir. Tap StorMar eftir skatta á árinu 2022 nam 4 milljónum króna. Heildareignir StorMar í árslok 2022 námu kr. 1.766 milljónum og nam eigið fé þess 170 milljónum króna. Einn starfsmaður starfaði hjá fyrirtækinu á árinu 2022.

#### **FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA HF.**

Ísfélag á 30% eignarhlut í Fiskmarkaði Vestmannaeyja hf., kt. 511291-1009, Botni við Friðarhöfn, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir nefnt „Fiskmarkaður Vestmannaeyja“). Fiskmarkaður Vestmannaeyja rekur fiskmarkað í Vestmannaeyjum. Hluthafar Fiskmarkaðar Vestmannaeyja eru 28 og er Ísfélag stærsti hluthafinn og er Fiskmarkaður Íslands hf. næst stærsti hluthafinn á eftir Ísfélagi með 22% eignarhlut.

Hlutfé Fiskmarkaðar Vestmannaeyja er kr. 28.685.000. Rekstrartekjur ársins 2022 voru kr. 79.517.773 og nam hagnaður eftir skatta það ár kr. 13.861.921. Heildareignir í árslok 2022 námu kr. 122.731.111 en eigið fé nam kr. 105.078.106. Stöðugildi hjá Fiskmarkaði Vestmannaeyja voru 4 á árinu 2022.

#### *EYJASÝN EHF.*

Starfsemi Eyjasýnar ehf., kt. 480278-0549, Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir nefnt „Eyjasýn“), felst í rekstri fjölmiðlafyrirtækis sem gefur út fréttablaðið Eyjafréttir og heldur úti netmiðlinum Eyjafréttir.is.

Rekstrartekjur Eyjasýnar námu 28,4 milljónum króna á árinu 2022. Hagnaður Eyjasýnar á árinu 2022 nam 43 þúsundum króna. Eigið fé Eyjasýnar í árslok 2022 nam 1 milljón króna, að meðtöldu hlutfé fyrirtækisins, að fjárhæð 8 milljónir króna. Ísfélag hf. fer með 37,6% hlut í Eyjasýn hf.

#### *OCEAN ECOFARM EHF.*

Ocean Ecofarm ehf., kt. 490120-0170, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir „Ocean Ecofarm“), sinnir rannsóknarstörfum tengdum fiskrækt, kaupir aðkeypta þjónustu í því sambandi, en hefur enga starfsmenn á launum. Tap var af rekstri Ocean Ecofarm á árinu 2022 að fjárhæð 347.065 króna og var eigið fé í lok árs 2022 109.729.367 krónur, að meðtöldu hlutfé. Ísfélag hf. fer með 40% hlut í Ocean Ecofarm.

#### *RANNSÓKNARÞJÓNUSTAN VESTMANNAEYJUM EHF.*

Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum ehf., kt. 581004-2650, Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir nefnt „Rannsóknarþjónustan“) er alhliða rannsóknastofa sem býður upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurvöruframleiðendur. Tveir starfsmenn starfa hjá Rannsóknarþjónustunni.

Fyrirtækið tekur einnig virkan þátt í rannsóknum með öðrum fyrirtækjum og stofnunum í Vestmannaeyjum. Hagnaður Rannsóknarþjónustunnar árið 2022 námu 2.950.150 krónum. Eignir Rannsóknarþjónustunnar námu 44.271.643 krónum. Sama ár var bókfært eigið fé í lok árs 41.128.389 krónur. Ísfélag hf. fer með 41% hlut í Rannsóknarþjónustunni.

## 4. LÝSING Á STARFSEMI ÍSFÉLAGS

### 4.1 INNGANGUR

Ísfélag er með starfsemi á fjórum stöðum á landinu en höfuðstöðvar félagsins eru í Vestmannaeyjum. Meginstarfsemi félagsins eru fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða. Félagið er umsvifamikilið á Íslandi á sviði veiða og vinnslu uppsjávartegunda og framleiðslu á fiskimjöli og lýsi. Félagið framleiðir einnig sjófrystar sjávarafurðir um borð í Sólbergi ÓF sem er frystitogari félagsins. Þá framleiðir félagið frosnar og ferskar bolfiskafurðir í landvinnslum félagsins. Stöðugildi hjá félaginu voru 374 talsins á árinu 2022. Ísfélag er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, með 8,9% hlutdeild, eða um 39.300 þorskígildistonn. Þar af eru um 16.700 þorskígildistonn í uppsjávarfiski og 22.600 þorskígildistonn í bolfiski.

Afurðir félagsins eru seldar víðsvegar um heiminn, en helstu markaðir fyrir frystar uppsjávartegundir eru í Austur-Evrópu og Asíu. Helstu markaðir fyrir bolfiskafurðir eru á meginlandi Evrópu og í Bretlandi. Mjöl- og lýsisframleiðslan fer til fóðurgerðar og er uppistaða framleiðslunnar seld til fóðurframleiðenda í Noregi.

Í uppsjavarveiðum geta verið miklar sveiflur í stofnstærð nytjastofna á milli ára og þar með í veiðum og vinnslu þeirra. Veiðar uppsjávartegunda eru vertíðarbundnar. Í töflu hér fyrir neðan má sjá áherslur í veiðum eftir ársfjórðungum.

Tafla 4: Árstíðarsveiflur í veiði

Ársfjórðungur	Uppsjavarveiði	Bolfiskveiði
1F	Loðnuvertíð	Bolfiskveiðar
2F	Kolmunnaveiðar	Bolfiskveiðar
3F	Makrill og norsk-íslensk síld	Bolfiskveiðar
4F	Íslensk síld	Bolfiskveiðar

### 4.2 ÚTGERÐ

Skip Ísfélags eru vel búin til fiskveiða. Félagið leitar stöðugt leiða til að fjárfesta í nýrri tækni sem skilar sér í aukinni og betri nýtingu og betri gæðum afurða félagsins.

Félagið gerir út ný skip, uppsjávarskipin Sigurð VE, Heimey VE, Álsey VE og Suðurey VE, frystitogarann Sólberg ÓF og bolfiskskipin Dala-Rafn VE, Jón á Hofi ÁR, Litlanes ÞH og Ottó N. Þorláksson VE, eftir að félagið tilkynnti um það, þann 3. október 2023, að útgerð Múlabergs SI hefði verið hætt í kjölfar skemmda á skrokki þess og var allri áhöfn skipsins, 12 mönnum, sagt upp störfum. Fróða II var einnig lagt. Fjöldi stöðugilda á sjó í lok árs 2022 hjá félaginu voru 124, en á bakvið þau störf eru 177 sjómenn í skiptikerfum eða afleysingum. Í landi eru 4 starfsmenn.

Loðnuvertíðin stendur yfir fyrstu þrjú mánuði ársins og er hluti loðnunnar frystur til manneldis en sá hluti sem ekki fer til frystingar er unninn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins. Á loðnuvertíðinni veturinn 2023 var stærstum hluta aflans ráðstafað í heilfrystingu eða til loðnuhrognavinnslu. Uppsjávarskipin veiða kolmunna aðallega í apríl og maí suður af Færeyjum. Kolmunninn er unninn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins. Veiði á norsk-íslensku síldinni er aðallega frá september og fram í október, sem skarast að hluta við veiðar á makríl, sem er frá júlí og fram í september. Veiði á íslenskrum sumargotsíld fer fram á haustin og þá aðallega í október til nóvember. Makrill og síld eru unnin til manneldis en afskurður og hausar fara í vinnslu í fiskimjölsverksmiðjum félagsins.

#### UPPSJÁVARSKIP

**Sigurður VE 15 er** 3.763 brúttótonna smíðaður 2014 með Wartsila 4.500 kW aðalvél. Að jafnaði eru 8 manns um borð á flottrollsveiðum og 11 manns á nótaveiðum. Burðargeta skipsins er allt að 2.800 tonn af afla.

**Heimaey VE 1 er** 2.263 brúttótonn, smíðuð 2012, með Rolls Royce 4.500 kW aðalvél. Að jafnaði eru 8 manns um borð á flottrollsveiðum og 10 manns á nótaveiðum. Burðargeta skipsins er allt að 1.900 tonn af afla.

**Álsey VE 12 er** 1.936 brúttótonn, smíðuð 2003, með Wartsila 4.500 kW aðalvél. Skipið stundar flottrollsveiðar á makríl og síld og nótaveiðar á loðnu. Áhöfn telur 8 manns á flottrollsveiðum og 11 manns á nótaveiðum. Burðargeta skipsins er allt að 1.800 tonn af afla.

**Suðurey VE 11 er** 1.337 brúttótonn, smíðuð 2006, með MAN B&W 2.999 kW aðalvél. Skipið stundar flottrollsveiðar á makríl og síld og nótaveiðar á loðnu. Áhöfn telur 8 manns á flottrollsveiðum og 12 manns á nótaveiðum. Burðargeta skipsins er allt að 1.450 tonn af afla.

## **BOLFISKSkip, FRYSTITOGARI OG KRÓKABÁTUR**

**Sólberg ÓF 1** er frystitogari. Skipið er 3.719 brúttótonn að stærð, smíðað í Tyrklandi árið 2017 með Wartsila 4.640 kW af afli. Aðalvél. Skipið veiðir þorsk, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu á heimamíðum og þorsk í Barentshafi. Þorskur, ýsa og ufsi eru flökuð og fryst um borð, en aðrar tegundir s.s. karfi og grálúða eru heilfryst um borð. Megnið af aflanum er fryst í sjálfvirkum plötufrystum en einnig er í skipinu lausfrystir.

Í skipinu er einnig fiskimjólsværsmíðja sem vinnur mjöl og lýsi úr afskurði. Lestarrými er í skipinu fyrir u.þ.b. 800 tonn af frosnum afurðum og eru allar afurðir geymdar á brettum um borð. Mjöllest skipsins tekur um 150 tonn af mjöli í sekkjum og rúma lýsistankar þess um 35 tonn. Tvær vatnsskurðarvélar eru í skipinu. Skipið dregur tvö troll samtímis. Í áhöfn skipsins eru 34 manns hverju sinni og róa einstakir áhafnarmedlimir annan hvern tús. Venjuleg lengd veiðiferðar skipsins er um 30 dagar og stundar skipið veiðar allt árið um kring.

**Ottó N. Þorláksson VE 5** er skuttogari sem var smíðaður í Garðabæ árið 1981. Skipið er 57 m. langt, 10,3 metra breitt og er það 878 brúttótonn að stærð. Aðalvél skipsins er af tegundinni MAK sem framleiðir 1.619 kW af afli. Skipið er hefðbundinn ísfisktogari og veiðir þorsk, ýsu, ufsa og karfa og þá aðallega fyrir fiskvinnslur Ísfélags. Lest skipsins tekur 500 kör og áhöfn telur 15 manns.

**Dala-Rafn VE 508** er togbátur sem var smíðaður í Póllandi árið 2007. Skipið er 29 metrar að lengd 10,4 metrar að breidd og 485 brúttótonn að stærð. Aðalvél skipsins er af tegundinni Yanmar sem framleiðir 514 kW af afli. Skipið er hefðbundinn 3ja mílna togbátur og veiðir þorsk, ýsu, ufsa og karfa aðallega fyrir fiskvinnslurnar í landi. Fiskilestin tekur 200 kör og áhöfn telur 12 manns.

**Múlaberg SI 22** er skuttogari sem smíðaður var í Japan árið 1973. Skipið er 53 m. langt og 9,5 metrar á breidd og 819,35 brúttótonn að stærð. Aðalvél skipsins er af tegundinni Niigata og framleiðir 1.397 kW af afli. Skipið veiðir rækju og bolfisk. Í áhöfn eru 8 til 13 menn. Með tilkynningu 3. október 2023 tilkynnti Ísfélag um að félagið hefði ákveðið að hætta útgerð togarans í kjölfar skemmda á skrokki þess sem í ljós hefðu komið og var áhöfn togarans sagt upp störfum í kjölfarið. Ísfélagið seldi í kjölfarið íslenskum aðila skipið til niðurrifs

**Jón á Hofi ÁR 42** er skuttogari sem smíðaður var á Íslandi árið 1983. Skipið er 39 metrar að lengd og 8 metrar á breidd og 497 brúttótonn að stærð. Aðalvél skipsins er af tegundinni Bergen Diesel sem framleiðir 729 kw af afli. Skipið veiðir þorsk, ýsu, ufsa og karfa aðallega fyrir fiskvinnslurnar í landi. Lestin tekur 250 kör og eru 11 manns í áhöfn.

**Fróði II ÁR 38** er snurvoðar- og humarbátur sem var smíðaður í Skotlandi 1998. Báturinn er 27,6 metrar að lengd og 8,5 metrar á breidd-. Aðalvél skipsins er af tegundinni Caterpillar og framleiðir hún 681 kW af afli. Báturinn hefur verið tekinn úr rekstri og er til sölu.

**Litlanes ÞH 3** er krókabátur sem var smíðaður á Íslandi árið 2008. Báturinn er 12 metrar að lengd og 4 metrar að breidd og 17 brúttótonn að stærð. Þrír eru í áhöfn bátsins. Báturinn er gerður út á línu frá Þórshöfn og veiðir aðallega þorsk og ýsu.

## **SKIP Í SMÍÐUM**

Ísfélagið hefur nýjan ísfisktogara, Sigurbjörgu ÁR 67, í smíðum hjá Celiktrans skipasmíðastöðinni í Istanbul í Tyrklandi. Skipið verður væntanlega afhent Ísfélagi í upphafi árs 2024. Skipið er ísfisktogari sem einnig getur stundað humarveiðar. Mesta lengd skipsins er 48,1 metrar og er breidd þess 14 metrar. Aðalvél skipsins er frá MAN og er afl hennar 1795 kW. Í áhöfn Sigurbjargar munu geta verið allt að 15 menn. Í lest skipsins er rými fyrir 500 kör eða um 165 tonn af afla.

## **AFLAMARK OG AFLI**

Aflaheimildir Ísfélags skiptast í bolfisk 58% og uppsjávarfisk 42% (mælt í þorskígildum) en þessi hlutföll eru hins vegar breytileg milli ára. Eftirfarandi tafla sýnir aflahlutdeild félagsins eins og hún stendur við útgáfu þessarar útgefandalýsingar og miðast aflamark við síðustu úthlutun Fiskistofu að teknu tilliti til núverandi stöðu aflahlutdeilda. Félagið hefur þar að auki 27.2% aflahlutdeild í humri, en humarveiðar hafa ekki verið stundaðar á Íslandi síðan 2021 vegna varúðarsjónarmiða.

Tafla 5: Aflamark og aflahlutdeild í upphafi fiskveiðiárs 2023/2024. Í tilfelli tegunda sem ekki hefur verið úthlutað er notað aflamark 2022/2023.

<b>Tegund</b>	<b>Aflamark tonn</b>	<b>Aflahlutd.</b>	<b>Hámark</b>
---------------	----------------------	-------------------	---------------


Þorskur	11.029	6,60%	12%
Ýsa	4.066	6,84%	20%
Ufsi	4.055	7,67%	20%
Gullkarfi	1.981	5,74%	35%
Grálúða	865	7,37%	20%
Úthafsærækja	698	14,68%	20%
Annar bolfiskur	1.438		
<b>Bolfiskur innan lögsögu</b>	<b>24.131</b>		
Þorskur (Barentshaf)	679	16,50%	
<b>Bolfiskur alls</b>	<b>24.810</b>		
Íslandssíld	11.725	14,13%	20%
Loðna	62.358	19,99%	20%
Kolmunni	14.136	5,20%	
Norsk-íslensk síld	17.637	20,15%	
Makrill	15.419	13,04%	
<b>Uppsjávarfiskur alls</b>	<b>121.275</b>		
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>146.085</b>	<b>8,92%</b>	<b>12%</b>

Afla og aflaverðmæti má sjá í meðfylgjandi töflum og myndum. Breytingar á aflamarki uppsjávartegunda milli ára skýrist fyrst og fremst af sveiflum í loðnuúthlutun milli ára. Afli í kolmunna og síld hefur einnig sveiflast mikið á tímabilinu. Afli Ísfélags í bolfisktegundum var tæplega 21 þús. tonn árið 2022, samanborið við tæp 25 þús. tonn árið 2021 sem skýrist að hluta til af vélarbilun í ísfisktogaranum Ottó N. Þorlákssyni VE, en skipið var frá veiðum á tímabilinu frá apríl til október 2022.

Tafla 6: Afli og aflaverðmæti uppsjávartegunda 2020-2022

<b>Tegund</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
<b>Afli í tonnum</b>			
Kolmunni	19.004	6.392	13.214
Loðna		24.009	81.117
Makrill	15.876	16.812	16.023
Síld	23.320	30.449	30.606
<b>Alls</b>	<b>58.200</b>	<b>77.662</b>	<b>140.960</b>
Aflaverðmæti í þús. USD	17.060	32.797	45.180


Mynd 3: Uppsjávaraflí hjá skipum félagsins frá 2020-2022



Tafla 7: Afli og aflaverðmæti bolfisktegunda og annarra tegunda utan uppsjávarfisks 2020-2022. Sólberg ÓS landar fullnum afurðum

Tegund	2020	2021	2022
<i>Afli í tonnum</i>			
Þorskur	15.227	13.818	11.612
Ýsa	2.660	3.085	2.373
Ufsi	2.828	2.703	2.512
Karfi	2.357	2.723	1.861
Rækja	496	637	639
Annað	1.726	1.857	2.224
<b>Alls</b>	<b>25.293</b>	<b>24.823</b>	<b>21.221</b>
Aflaverðmæti í þús. USD	52.955	59.603	71.941

Tafla 8: Bolfisk- og rækjuafli skipa félagsins árin 2020-2022. Aflabrestur 2022 hjá Ottó N. Þorlákssyni VE var vegna vélabilunar.



#### 4.3 FISKVINNSLUR OG FISKIMJÖLSVERKSMÍÐJUR

Ísfélag starfrækir fiskimjölsværksmíðjur í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn, auk bolfiskvinnslu í Vestmannaeyjum, á Þórshöfn og í Þorlákshöfn auk rækjuvinnslu á Siglufirði. Undanfarin ár hefur félagið lagt sífellt meiri áherslu á nýtingu uppsjávarafla til framleiðslu afurða til manneldis, en með öflugri og betur útbúnum skipum aukast gæði aflans. Samhliða hefur félagið fjárfest í tækjum og búnaði til að auka afköst í uppsjávarvinnslu sinni sem stuðla að þessu markmiði.

### FISKVINNSLA Í VESTMANNAEYJUM

Í fiskvinnslu Ísfélags í Vestmannaeyjum starfa 62 manns. Á loðnu-, síldar- og makrílvertíðum er unnið allan sólahringinn á vöktum í fiskvinnslunni. Á milli vertíða uppsjávarfisks, vinnur fiskvinnslan bolfisk. Verksmiðjan afkastar að jafnaði 20 tonnum á dag í dagvinnu í bolfiski og 500 tonnum í uppsjávarvinnslu á vöktum. Framleiðslustjóri fiskvinnslu Ísfélags í Vestmannaeyjum er Björn Brimar Hákonarson.

### FISKVINNSLA Á ÞÓRSHÖFN

Í fiskvinnslu Ísfélags á Þórshöfn starfa 62 manns. Á loðnu-, síldar og makrílvertíðum er unnið allan sólahringinn á vöktum. Á milli vertíða uppsjávarfisks, vinnur fiskvinnslan bolfisk. Verksmiðjan afkastar að jafnaði 20 tonnum á dag í dagvinnu í bolfiski og 280 tonnum í uppsjávarvinnslu á vöktum. Framleiðslustjóri í fiskvinnslu Ísfélags á Þórshöfn er Siggeir Stefánsson.

### FISKVINNSLA Í ÞORLÁKSHÖFN

Í fiskvinnslu Ísfélags í Þorlákshöfn starfa 33 manns. Í Þorlákshöfn er unninn bolfiskur. Verksmiðjan afkastar að jafnaði 20 tonnum á dag í dagvinnu í bolfiski. Framleiðslustjóri fiskvinnslu Ísfélags í Þorlákshöfn er Jón Páll Kristófersson.

### RÆKJUVINNSLA Á SIGLUFIRÐI

Í rækjuvinnslu Ísfélags á Siglufirði starfa 22 manns. Þar er unnin rækjuafli skipa félagsins og rækja sem keypt er frá þriðja aðila. Verksmiðjan afkastar að jafnaði 20 tonnum á dag í dagvinnu af rækju. Framleiðslustjóri í rækjuvinnslu Ísfélags á Siglufirði er Haraldur Marteinson.

### FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA Í VESTMANNAEYJUM

Í Vestmannaeyjum starfrækir Ísfélag afkastamikla fiskimjölverksmiðju sem framleiðir mjöl og lýsi úr uppsjávartegundum. Í fiskimjölverksmiðjunni í Vestmannaeyjum starfa 20 manns. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 1.000 tonn á sólahring. Framleiðslustjóri fiskimjölverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum er Páll Scheving Ingvarsson.

### FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA Á ÞÓRSHÖFN

Á Þórshöfn starfrækir Ísfélag afkastamikla fiskimjölverksmiðju sem framleiðir mjöl og lýsi úr uppsjávartegundum. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 900 tonn á sólahring. Í fiskimjölverksmiðjunni starfa 15 manns. Framleiðslustjóri fiskimjölverksmiðju Ísfélags á Þórshöfn er Rafn Jónsson.

Tafla 9: Framleiðsla landvinnslu og frystitogara 2020-2022 og verðmæti afurða. Taflan inniheldur ekki framleiðslu frystihúsa á aukaafurðum uppsjávartegunda, s.s. hausa og hryggja sem seldar eru innan félagsins til mjölverksmiðja.

Framleiddar afurðir, tonn	2020	2021	2022
<b>Frystihúsið í Vestmannaeyjum</b>	<b>6.876</b>	<b>15.996</b>	<b>16.358</b>
Loðna og loðnuhrogn		3.848	6.164
Makríll	2.463	1.961	2.860
Síld	974	7.608	5.830
Bolfisktegundir	3.438	2.579	1.503
<b>Frystihúsið á Þórshöfn</b>	<b>16.641</b>	<b>16.140</b>	<b>13.737</b>
Loðna og loðnuhrogn		426	78
Makríll	6.222	7.825	5.810
Síld	7.494	6.135	6.611
Bolfisktegundir	2.925	1.753	1.238

<b>Fiskvinnsla Þorlákshöfn</b>	<b>3.246</b>	<b>3.469</b>	<b>3.668</b>
Bolfisktegundir	3.197	3.442	3.668
Skelfiskur	50	28	0
<b>Rækjuvinnsla Siglufirði</b>	<b>669</b>	<b>952</b>	<b>1.208</b>
Skelfiskur	669	952	1.208
<b>Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum</b>	<b>5.392</b>	<b>9.166</b>	<b>18.033</b>
Lýsi	1.180	2.583	4.931
Mjöl	4.212	6.583	13.102
<b>Fiskimjölsverksmiðjan á Þórshöfn</b>	<b>7.722</b>	<b>7.841</b>	<b>18.662</b>
Lýsi	3.321	3.252	6.919
Mjöl	4.401	4.590	11.743
<b>Sólberg ÓF 1</b>	<b>7.389</b>	<b>6.830</b>	<b>6.393</b>
Bolfisktegundir og aðrar afurðir	7.389	6.830	6.393
<b>Verðmæti seldra afurða og aukaafurða, þús. USD</b>			
Frystihúsið í Vestmannaeyjum	16.803	51.624	48.287
Frystihúsið á Þórshöfn	24.377	35.129	23.088
Fiskvinnsla Þorlákshöfn	9.958	11.327	12.256
Rækjuvinnsla Siglufirði	6.837	6.580	10.431
Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum	10.347	14.710	42.526
Fiskimjölsverksmiðjan á Þórshöfn	17.238	8.903	40.927
Sólberg ÓF 1	39.198	47.209	45.121
<b>Samtals</b>	<b>124.758</b>	<b>175.482</b>	<b>222.636</b>

#### LOÐNA

Ísfélag er með 20% aflahlutdeild í loðnu og er tegundin mikilvæg fyrir rekstur félagsins. Sveiflur eru í loðnuafli milli ára eins og sést á meðfylgjandi töflu. Taflan sýnir veitt magn loðnu frá 2011 til 2023 ásamt verðmæti loðnuafurða félagsins í USD. Verðmæti fyrir árið 2023 er áætlað. Nokkur óvissa er iðulega um úthlutað aflamark í loðnu og stundum er úthlutað öllu eða hluta aflamarks seint á vertíð þegar styttest í loðnuhrognavinnslu. Framleiðsla loðnuhrognna hefur verið félaginu mikilvæg og er framleitt magn sýnt á meðfylgjandi töflu. Mikil framleiðsla loðnuhrognna var á árinu 2023 sem kom til af úthlutun seint á vertíð, góðri veiði ásamt því að hrognavinnsla félagsins á Þórshöfn, sem var sett upp árið 2018, var á fullum afköstum. Félagið setti upp nýja hrognavinnslu í Vestmannaeyjum sem var keyrð í fyrsta sinn á vertíðinni. Hrognavinnslan á Þórshöfn framleiddi um 1.900 tonn af þeim rúmlega 5.000 tonnum sem framleidd voru árið 2023.

<i>Yfirlit</i>	<i>Framleiðsla (kg)</i>	<i>Veitt magn (kg)</i>	<i>USD</i>
<b>Loðnutengdar afurðir</b>	<b>Loðnuhrogn</b>	<b>Loðna</b>	<b>Verðmæti</b>
2011	2.287.961	69.412.999	42.161.566
2012	3.070.942	112.387.231	55.749.248
2013	2.828.832	88.871.666	55.068.106
2014	1.427.382	18.262.271	31.784.489
2015	3.374.184	60.744.481	55.325.906
2016	2.621.212	17.934.019	33.487.980
2017	3.768.930	38.735.707	37.782.083
2018	2.089.662	34.344.110	34.743.083
2019	0	0	0
2020	0	0	0
2021	1.856.690	24.009.193	44.905.789
2022	1.859.278	81.117.212	78.942.394
2023*	5.044.063	64.163.956	60.200.000

\*Áætluð verðmæti í tilfalli loðnu þar sem afurðir eru ekki allar seldar

#### 4.4 SALA OG DREIFING

Sölu- og markaðsmál Ísfélags eru að verulegu leyti í höndum sölufélaganna Iceland Pelagic og StorMar, sem jafnframt eru hlutdeildarfélag Ísfélags. Sala á sjófrystum fiski og rækju er í höndum Björns Valdimarssonar markaðsstjóra félagsins. Sala á mjöli og lýsi er í höndum Stefáns Friðrikssonar forstjóra. Hráefni sem ekki fer til vinnslu í frystihúsum félagsins er að langmestu leyti selt á fiskmörkuðum, bæði innan lands og utan. Félagið selur nánast allar sínar afurðir á erlendum mörkuðum. Sjófrystar afurðir félagsins eru seldar undir vörumerkinu Rammi. Þegar afurðir eru seldar í gegnum umsýsluaðila liggur áhætta af sölunni hjá Ísfélagi.

StorMar sjá að mestu um sölu afurða frá landvinnslum félagsins. Viðskipti við stærstu viðskiptavinum félagsins eru byggð á langtíma viðskiptasamböndum aðila.

Ísfélag selur mjöl og lýsi í gegnum erlendan umboðsaðila. Stefán Friðriksson, forstjóri, og Páll Scheving, framleiðslustjóri fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum, annast samskipti við erlenda kaupendur þessara afurða. Ísfélag selur allt mjöl og lýsi í eigin nafni og sendir viðskiptavinum reikninga án milligöngu umboðsaðilans hvað þessar afurðir snertir.

Ísfélag selur einnig ýmsar bolfiskafurðir til ótengdra íslenskra sölufyrirtækja. Stærsti, einstaki, slíki kaupandi afurða Ísfélags keypti afurðir af félaginu fyrir um 6 milljónir USD árið 2022.

Ísfélag er aðili að hluthafasamkomulagi eigenda Iceland Pelagic, sem mælir fyrir um að félagið sé skuldbundið til að selja allar frosnar uppsjávarafurðir í gegnum Icelandic Pelagic. Undanþegar þessari söluskyldu eru afurðir sem fara á markað innanlands á Íslandi eða afurðir sem seldar eru til Asíu. Félagið hefur árutugum saman selt stærstan hluta þeirra afurða sinna sem fara til Asíu í gegnum sölufélagið Icelandic Japan og forvera þess, Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna.

#### 4.5 VÖRUPRÓUN

Afurðir Ísfélags breytast lítið milli ára, enda gera kaupendur afurðanna ríkar kröfur um stöðugleika í framleiðslu og gæðum. Helstu breytingar í vörugerð koma til vegna tækniframfara. Margskonar tækniframfarir í sjávarútvegi, sem orðið hafa undanfarin ár, mynda helsta drifkraftinn í bættri og aukinni nýtingu afla og breytingum í vörugerð, en allt hefur þetta stuðlað að auknum verðmætum og lægri framleiðslukostnaði í rekstri Ísfélags.

#### 4.6 HUGVERKARÉTTINDI

Ísfélag er eigandi eftirfarandi léna: [www.isfelag.is](http://www.isfelag.is) og [www.rammi.is](http://www.rammi.is).

Ísfélag hefur sótt um vernd fyrir vörumerkið (orðmerkið) og myndmerki „ÍSFÉLAG“ í flokkum 29, 31, 35, 39 og 40 hjá Hugverkastofu. Við útgáfu þessarar lýsingar er beðið niðurstöðu Hugverkastofu varðandi umsókn félagsins.

Félagið hefur eitt vörumerki skráð, en það er orð- og myndmerki „Ísfélag Vestmannaeyja hf.“








Þá á félagið einnig 6 skráð vörumerki samkvæmt eftirfarandi töflu:

Vörumerki	Svæði/lönd	Flokkar
RAMMI (orðmerki)	Alþjóðleg (EU og USA) Ísland og Bretland	29, 31 og 35
orð + mynd (1)	Alþjóðleg (EU og USA) Ísland og Bretland	29, 31 og 36
orð + mynd (1)	Alþjóðleg (EU og USA) Ísland og Bretland	5, 29, 31 og 34
orð + mynd (1)	Alþjóðleg (EU og USA) Ísland og Bretland	5, 29, 31 og 35
orð + mynd (1a)	Bretland	29
orð + mynd (1b)	Bretland	29

Dótturfélag Ísfélags, Primex hf., á 11 vörumerki og 8 af þeim eru í notkun. Sjá má vörumerki Primex í eftirfarandi töflu:

Vörumerki	Svæði/lönd	Flokkar
ChitoClear (orðmerki)	Evrópusambandið og Bretland	1, 2, 3, 5, 24, 31, 32 og 33
ChitoClear (orðmerki)	Ísland	1,3,5,31
ChitoClear (orðmerki)	Taívan	1,3,5
ChitoClear (orðmerki)	Bandaríkin	1
ChitoClear (orðmerki)	Alþjóðleg skráning: Noregur, Sviss, Kína, Japan	1,2,3,5,24,31,32,33, (Japan skráð með þrengri vörulista, en í öllum flokkum)
ChitoClear (orð+mynd) (2)	Alþjóðleg skráning: Sviss, Kína, Evrópusambandið, Japan, Noregur, Bandaríkin	1,2,3,5,24,31,32,33 (ath. Þrengdur listi í fl. 31 í Noregi; þrengri listi í öllum flokkum í Japan)
ChitoClear (orð+mynd) (2)	Ísland	1,3,5,31
ChitoClear (orð+mynd) (2)	Hong Kong	3.5
ChitoClear:	Bandaríkin	1.5
LipoSan Ultra (orðmerki)	Alþjóðleg skráning: Sviss, Kína, Noregur og Japan	1 og 5 (Japan annar vörulisti í flokki 1 og 5)
LipoSan Ultra (orðmerki)	Ísland	1 og 29
LIPOSAN ULTRA DIET (Katana)	Japan	29
orð+mynd (3)	Evrópusambandið og Bretland	1 og 29
orð+mynd (3)	Alþjóðleg skráning: Sviss, Kína, Noregur og Japan	1, 5, (annar vörulisti í Japan í báðum flokkum)
orð+mynd (3)	Alþjóðleg skráning: Ástralía, Kína, Evrópusambandið, Japan, Suður Kórea og Bandaríkin	5, (annar vörulisti fyrir Ástralíu og Bandaríkin, sjá línur fyrir neðan)
orð+mynd (3)	Bretland	5
orð+mynd (3)	Ísland	1, 5, 29
orð+mynd (3)	Taívan	5 og 35
orð+mynd (3)	Bandaríkin	1
orð+mynd (4)	Kína	30
LIPOSAN (orðmerki)	Evrópusambandið og Bretland	1
LIPOSAN (orðmerki)	Alþjóðleg skráning: Sviss, Kína, Noregur og Suður Kórea	1, 5, (Annar vörulisti í fl. 5 fyrir S-Kóreu)
LIPOSAN (orðmerki)	Alþjóðleg skráning: Ástralía, Kína, Evrópusambandið, Japan, Suður Kórea og Bandaríkin	5 (Annar vörulisti í fl. 5 fyrir Ástralíu og Bandaríkin)
LIPOSAN (orðmerki)	Bretland	5
LIPOSAN (orðmerki)	Ísland	1,5,29
LIPOSAN (orðmerki)	Japan	1
LIPOSAN (orðmerki)	Taívan	5
LIPOSAN (orðmerki)	Bandaríkin	1
LIPOSAN (Katakana)	Japan	29

IcyPet (orðmerki)	Alþjóðleg: Evrópusambandið (skráð, ekki í notkun)	3,5,31
IcyPet (orðmerki)	Bretland (Skráð, ekki í notkun)	3,5,31
IcyPet (orðmerki)	Ísland (skráð, ekki í notkun)	3,5,31
orð+mynd (5)	Alþjóðleg: Evrópusambandið	35
orð+mynd (5)	Bretland	35
orð+mynd (5)	Ísland	1,3,5,10,35,42
CHITOCARE (orðmerki)	Alþjóðleg: Evrópusambandið, Bretland, Indland, Íran, Suður Kórea, Bandaríkin	3,5 (annar vörulisti í BNA í báðum flokkum og S-Kóreu í fl. 3)
CHITOCARE (orðmerki)	Egyptaland (umsókn)	3.5
CHITOCARE (orðmerki)	Bretland	3.5
CHITOCARE (orðmerki)	Ísland	3.5
SEAKLEAR (orðmerki)	Alþjóðleg: Ástralía, Noregur, Sviss, Bretland	1 (Annar vörulisti í Ástralíu)
SEAKLEAR (orðmerki)	Evrópusambandið, Bretland og Ísland	1
ArcticHealing (orðamerki)	Alþjóðleg: Evrópusambandið, Bretland, Ísland (skráð, ekki í notkun)	3.5
ArctiCare (orðmerki)	Ísland (skráð, ekki í notkun)	3.5
CHITOCARE NATURAL HEALING OF ICELAND	Ísland	5
CHITOCARE NATURAL BEAUTY OF ICELAND	Ísland	3

(1)	(1a)	(1b)	(2)	(3)	(4)	(4)
						

### EINKALEYFI

Primex ehf., dótturfélag Ísfélags, á fjögur einkaleyfi. Eftirfarandi er umfjöllun um hvert fyrir sig:

1. Einkaleyfið nær yfir gerð á örhúðuðu kítósani eða kítósan salti, samsetningu þess og eiginleika. Kítósan er jákvætt hlaðið trefjaefni sem hefur bindieiginleika, það bindur meðal annars fitu. Með því að örhúða kítósan er meðal annars hægt að nota það sem innihaldsefni í matvæli eða fæðubótarefni án þess að virkni efnisins glatist fyrir inntöku. Örhúðað kítósan er bragðlítið, eykur inntöku trefja og dregur úr upptöku fitu í þörmum.

Dæmi um notkun Kítósans:

- Sett í fiturík matvæli til að draga úr hitaeiningagildi þeirra eftir inntöku
- Bætt við (t.d. brauð, pasta) eða fæðubótarefni sem gegna því hlutverki að bæta kítósani við máltíð til að auka trefjainntöku og binda fitu, og með því stuðla að fituminna frásogi líkamans á meðan máltíð stendur.

<b>Heiti einkaleyfis</b>	Microencapsulated chitosan, methods of making and methods for the use thereof (ísl. örhúðað kítósan, aðferðir við framleiðslu og aðferðir við notkun þess)
<b>Tegund einkaleyfis</b>	Efni, samsetning (sem "regular utility patent") með 14 einkaleyfiskröfur
<b>Umsóknarsvæði</b>	Bandaríkin (gildir til 05.03.2038)
<b>Lýsing</b>	Einkaleyfið nær yfir framleiðslu á örhúðuðu kítósani eða kítósan salti, samsetningu þess og eiginleika. Kítósan er jákvætt hlaðið trefjaefni sem hefur bindieiginleika, það bindur meðal annars fitu. Með því að örhúða kítósan er meðal annars hægt að nota það sem innihaldsefni í matvæli eða fæðubótarefni án þess að virkni efnisins glatist fyrir inntöku. Örhúðað kítósan er bragðlítið, eykur inntöku trefja og dregur úr upptöku fitu í þörmum. Við sýrustig magans leysist örhúðunin eða afhjúpar kjarnann sem verður jákvætt hlaðinn með fitubindieiginleikum.  Dæmi um notkun: <ul style="list-style-type: none"> <li>• fituríkra matvæla til að draga úr hitaeiningagildi þeirra eftir inntöku;</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• matvæla (t.d. brauð) eða fæðubótarefna sem gegna því hlutverki að bæta kítósani við máltíð til að auka trefjainntöku og/eða stuðla að fitulítið frásog líkamans meðan á máltíð stendur;</li> <li>• fæðubótarefna í mismunandi formi til að auðvelda inntöku og hvetja til notkunar þeirra meðal yngri notenda sem hugsa vel um heilsuna og eru minna hrifnir af hylkjum.</li> <li>• Athugið að notkun kítósans í matvælum er leyfileg í sumum löndum, en ekki í ESB t.d., nema gegnum nýfæðaumsókn (novel food). Kítósan er skráð fæðubótarefni í ESB.</li> </ul>
--	--

2. Einkaleyfið nær yfir bætтар aðferðir til að framleiða kítósansölt og kítósanafurðir sem myndast með umhverfissvænni ferlum og minni tilkostnaði án notkunar lífrænna leysiefna. Þetta kítósansalt eða þessi kítósanafurð hefur einn eða fleiri af eftirfarandi eiginleikum: Vatnsleysanlegt efni, hröð/góð leysni í sýru, mikil fitubinding þegar inntakan manna eða dýra á sér stað rétt fyrir eða á meðan á máltíð stendur. Þessi framleiðsluáferð notar minna vatn, minni hitun og þurrkun og því minni orkunotkun í heild sem leiðir til hágæða, umhverfissvænni kítósanafurða.

Dæmi um notkun:

- Vatnsleysanlegt kítósansalt sem hægt er að nota í ýmsum iðnaði, t.d. landbúnaði.
- Einnig í fæðubótarefni og snyrtivörur.
- Þegar þessi aðferð er notuð er hægt að tala um að efni séu “produced by a patented, environmentally-friendly process” sem gefur afurðinni samkeppnisforskot.
- Primex notar þetta í dag meðal annars til að einkaleyfisverja neytendavörur sínar í flokki fæðubótarefna og húðvara.

<b>Heiti einkaleyfis</b>	Processes for making chitosan salts and products formed thereby (ísl. aðferð við framleiðslu kítósansalta og afurða þar úr)
<b>Tegund einkaleyfis</b>	Aðferð (sem “regular utility patent”) með 20 einkaleyfiskröfur
<b>Umsóknarsvæði</b>	Bandaríkin (gildir til 09.07.2039)
<b>Tengd einkaleyfi í bið (pending)</b>	PCT:* Evrópa (1), Hong Kong (2) <b>IMPROVED PROCESSES FOR MAKING CHITOSAN SALTS AND PRODUCTS FORMED THEREBY</b> (16 kröfur) (ísl. endurbættar aðferðir við framleiðslu kítósan salta og afurða þar úr) 1-European Patent Application No. 19748603.8 (09.07.2019) 2-Patent Application No. 62021041607.4 (02.11.2021)
<b>Lýsing</b>	Einkaleyfið nær yfir bætтар aðferðir til að framleiða kítósansölt og kítósanafurðir sem myndast með umhverfissvænni ferlum og minni tilkostnaði án notkunar lífrænna leysiefna. Þetta kítósansalt eða þessi kítósanafurð hefur einn eða fleiri af eftirfarandi eiginleikum: vatnsleysanlegt efni, hröð/góð leysni í sýru, mikil fitubinding þegar inntakan manna eða dýra á sér stað rétt fyrir eða á meðan á máltíð stendur. Þessi framleiðsluáferð notar minna vatn, minni hitun og þurrkun og því minni orkunotkun í heild sem leiðir til hágæða, umhverfissvænni kítósanafurða.  Dæmi um notkun: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vatnsleysanlegt kítósansalt sem hægt er að nota í ýmsum iðnaði, t.d. landbúnaði.</li> <li>• Einnig í fæðubótarefni og snyrtivörur</li> <li>• Þegar þessi aðferð er notuð er hægt að tala um að efni séu: framleidd með umhverfissvænni aðferð sem nýtur einkaleyfaverndar sem gefur samkeppnisforskot.</li> <li>• Primex ehf notar þetta í dag meðal annars til að einkaleyfisverja neytendavörur sínar í flokki fæðubótarefna og húðvara</li> </ul>

3. Einkaleyfið nær yfir kítósanlausnir sem eru vatnskenndar, annaðhvort fljótandi eða seigfljótandi. Það nær yfir kítósanlausnir sem innihalda vatn, kítósan, sýru og rotvarnarefni.

Dæmi um notkun:

- Lausnir geta verið seldar sem neytendavara merkt sem „patented formulation or product“;
- Lausnir geta verið seldar sem einkaleyfisvarin hráefni, t.d. í húðvörur og lækningatæki.
- Primex getur aðlagð vörur sínar á sviði vatnshreinsunar og landbúnaðar til þess að verða einkaleyfisvarðar.

<b>Heiti einkaleyfis</b>	Chitosan-containing formulations (ísl. efnablöndur er innihalda kítósan)
<b>Tegund einkaleyfis</b>	Efni, samsetning (sem “regular utility patent”) með 9 einkaleyfiskröfur
<b>Umsóknarsvæði</b>	Bandaríkin (gildir til 10.01.2038)
<b>Tengd einkaleyfi í bið (pending)</b>	PCT*: Evrópa (1), Ástralía (2), Kína (3), Hong Kong (4), Kórea (5), Bandaríkin (6) CHITOSAN-CONTAINING FORMULATIONS AND METHODS OF MAKING AND USING THE SAME (ísl. Efnablöndur er innihalda kítósan og aðferðir við framleiðslu og til notkunar þeirra) 1-European Patent Application No. 18701583.9 (13 kröfur í skoðun) 2-Australian Patent Application No. 2018208032 (26 kröfur í skoðun) 3- China Patent Application No. 201880016262.3 (22 kröfur í skoðun) 4-Patent Application No. 62020008011.2; Hong Kong Publication No. HK40018517A 5-Korean Patent Application No. 10-2019-7023599 (21 kröfur í skoðun)  6-US Application No. 17/817,241 (Continuation Application skráð 03.08.2022 fyrir 3 önnur einkaleyfi um mismunandi notkun lausna eins og tilgreind upphaflega)
<b>Lýsing</b>	Einkaleyfið nær yfir kítósanlausnir sem eru vatnskenndar, annaðhvort fljótandi eða seigfljótandi. Það nær yfir kítósanlausnir sem innihalda vatn, kítósan, sýru og rotvarnarefni.  Dæmi um notkun: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lausnir geta verið seld sem neytendavara merkt «patented formulation or product»;</li> <li>• Lausnir geta verið seldar sem einkaleyfisvarin hráefni, t.d. í húðvörur og lækningatæki.</li> <li>• Primex getur aðlagð vörur sínar á sviði vatnshreinsunar og landbúnaðar til þess að verða einkaleyfisvarðar.</li> </ul>

4. Aðferð til að framleiða N-alkýleraðar kítósanafleiður með sýrumeðhöndlun á kítósani. Slíkar afleiður geta verið seldar sem vatnsleysanlegt kítósan eða notaðar til þess að þróa vörur hærra í virðiskeðjunni með í líflæknisfræðilegum tilgangi t.d. fyrir vefjaviðgerðir, DNA rannsóknir, og lyfjaframleiðslu.

<b>Heiti einkaleyfis</b>	Chitosan derivatives and methods for preparing the same (ísl. efnaafleiður úr Kítósan og aðferðir við framleiðslu þeirra)
<b>Forgangsréttardagur</b>	23.08.2018 (IS050236- PROCESS FOR MAKING TRIALKYL-CHITOSAN) (ísl. Aðferð við framleiðslu þríakýl kítósans)
<b>Tegund einkaleyfis</b>	Aðferð (sem “regular utility patent”) með 12 (USA)
<b>Einkaleyfisnúmer</b>	US 11,535,684 B2
<b>Samþykkt og birt</b>	27.12.2022
<b>Umsóknarsvæði</b>	Bandaríkin gildir til 23.08.2039)
<b>Tengd einkaleyfi í bið (pending)</b>	PCT*: Ísland (1), Evrópa (2), Kanada (3), og hlutunarumsókn í Bandaríkjunum (4) fyrir efniskröfur CHITOSAN DERIVATIVES AND METHODS FOR PREPARING THE SAME (ísl. Kítósanafleiður og aðferðir við framleiðslu þeirra) 1-Umsókn Nr. 050236 á Íslandi, PROCESS FOR MAKING TRIALKYL-CHITOSAN 2-European Patent Application No. 19783736.2 (23.08.2019)

	3-Canadian Patent Application No. CA 3110181 (19.02.2021) 4-Hlutunarsókn nr. 18/057,825 í Bandaríkjunum (skráð 22.11.2022; hlutun úr einkaleyfisumsókn nr. 17/270,237) PROCESS FOR MAKING TRIALKYL-CHITOSAN
<b>Lýsing</b>	Aðferð til að framleiða N-alkýleraðar kítósanafléður með sýrumeðhöndlun á kítósani. Slíkar afleiður geta verið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Seldar sem vatnsleysanlegt kítósan.</li> <li>• Notaðar til þess að þróa vörur sem hafa líflæknisfræðilegan tilgang, t.d. fyrir vefjaviðgerðir, DNA rannsóknir og lyfjaframleiðslu. Söluverð slíkra efna er margfalt meira en tíðkast fyrir venjulegt kítósan.</li> </ul>

\*Tilvísun til skammstöfunarinnar PCT í ofangreindum lýsingum einkaleyfa/einkaleyfaumsókna, vísar til Alþjóðasáttmálans um einkaleyfavernd, Patent Cooperation Treaty frá 1970, sem fjallar meðal annars um tilhögun umsóknar um fjölþjóðlega einkaleyfavernd.

#### 4.7 FASTEIGNIR OG SKIP ÍSFÉLAGS

Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar á Ísfélag fasteignir og lóðir á 36 fasteignanúmerum og 12 skip og báta.

	Nafn	Fastanúmer	Póstn	Staður	Lýsing	Veðbönd
1	Gránugata 1-3	F2130229	580	Fjallabyggð	Frystigeymsla 010101	Engin
3	Hornbrekkuvegur 3	F2154103	625	Fjallabyggð	Skrifstofa 010102	Engin
3	Norðurgata 26	F2218430	580	Fjallabyggð	Frystigeymsla 010101	Engin
4	Norðurgata 24	F2130806	580	Fjallabyggð	Rækjuverksmiðja 010101	Engin
5	Múlavegur 3A	F2235295	625	Fjallabyggð	Geymsla 020106	Engin
6	Lækjarbrekka 16	F2292751	801	Grímsnes- og Gr.hr.	Sumarbústaður 010101	Engin
7	Öxnalækur	F2211115	810	Hveragerðisbær	Jörð 00	Engin
8	Öxnalækur	F2211124	810	Hveragerðisbær	Geymsla 010101	Engin
9	Öxnalækur millilóð	F2519115	810	Hveragerðisbær	Opið svæði 01	Engin
10	Bakkavegur 6B	F2167725	680	Langanesbyggð	Geymsla 050101	Engin
11	Eyraryvegur 2	F2167737	680	Langanesbyggð	Skrifstofa 010201	Engin
12	Eyraryvegur 3	F2167738	680	Langanesbyggð	Iðnaðarhús 010101	Engin
13	Eyraryvegur 3	F2167739	680	Langanesbyggð	Veitingahús 010201	Engin
14	Eyraryvegur 4B	F2167741	680	Langanesbyggð	Sundlaug 010101	Engin
15	Eyraryvegur 8	F2167745	680	Langanesbyggð	Einbýli 010101	Engin
16	Eyraryvegur 12	F2167746	680	Langanesbyggð	Iðnaðarhús 010101	Engin
17	Eyraryvegur 12	F2167747	680	Langanesbyggð	Frystihús 020101	Engin
18	Hafnarvegur 2-6	F2167801	680	Langanesbyggð	Vigtar- og dæluhús 010101	Engin
19	Langanesvegur 1	F2167836	680	Langanesbyggð	Skrifstofa 010101	Engin
20	Langanesvegur 1	F2167837	680	Langanesbyggð	Vöruskemmi 020101	Engin
21	Langanesvegur 32	F2167892	680	Langanesbyggð	Iðnaður 010101	Engin
22	Öxnalækur	F2343599	816	Sveitarfélagið Ölfus	Annað land 01	Engin
23	Strandvegur 14A	F2184741	900	Vestmannaeyjabær	Verksmiðja 010101	Áhvílandi
24	Strandvegur 14C	F2184745	900	Vestmannaeyjabær	Lýsisgeymir 010101	Engin

25	Strandvegur 18	F2184747	900	Vestmannaeyjabær	Mjölskemmi 010101	Engin
26	Strandvegur 23	F2184748	900	Vestmannaeyjabær	Fiskverkun 010101	Áhvílandi
27	Strandvegur 102	F2184835	900	Vestmannaeyjabær	Fiskverkunarhús 010101	Engin
28	Strandvegur 103	F2184841	900	Vestmannaeyjabær	Iðnaðarhús 010101	Engin
29	Strandvegur 105	F2184842	900	Vestmannaeyjabær	Iðnaðarhús 020101	Engin
30	Strandvegur 107	F2184843	900	Vestmannaeyjabær	Iðnaðarhús 030101	Engin
31	Kleifar 1	F2313311	900	Vestmannaeyjabær	Iðnaður 010101	Engin
32	Tangagata 1	F2355853	900	Vestmannaeyjabær	Skrifstofa 010201	Engin
33	Dufansdalur-Neðri	F2124626	460	Vesturbýggð	Jörð 00	Engin
34	Óseyrarbraut 20	F2212621	815	Sveitarfélagið Ölfus	Fiskvinnsluhús 010101	Engin
35	Óseyrarbraut 22	F2343383	815	Sveitarfélagið Ölfus	Verbúð 020101	Engin
36	Austurhöfn 1	F2154319	625	Fjallabýggð	Vörugæmsla 010101	Engin

Fiskiskip	Gerð	Heimahöfn	Smíðaár	Gildistími haffæraskírteinis	Veðbönd
Heimaey VE 1	Fiskiskip	Vestmannaeyjabær	2012	27.6.2024	Áhvílandi
Sigurður VE 15	Fiskiskip	Vestmannaeyjabær	2014	17.7.2024	Áhvílandi
Álsey VE 2	Fiskiskip	Vestmannaeyjabær	2003	26.3.2024	Áhvílandi
Suðurey VE 11	Fiskiskip	Vestmannaeyjabær	2006	24.6.2024	Áhvílandi
Litlanes ÞH 3	Fiskiskip	Þórshöfn	2008		Áhvílandi
Ottó N. Þorláksson VE 5	Skuttogari	Vestmannaeyjabær	1981	2.9.2023	Áhvílandi
Dala-Rafn VE 508	Fiskiskip	Vestmannaeyjabær	2007	4.11.2023	Áhvílandi
Fróði II ÁR 38*	Fiskiskip	Árnessýsla	1998	28.5.2023	Áhvílandi
Jón á Hofi ÁR 42	Fiskiskip	Árnessýsla	1983	9.8.2023	Áhvílandi
Múlaberg SI 22***	Skuttogari	Siglufjörður	1973	21.10.2023	Áhvílandi
Sólberg ÓF 1	Skuttogari	Ólafsfjörður	2017	16.12.2023	Áhvílandi
Skutla SI 49**	Fiskiskip	Siglufjörður	1982		Engin

\* Fróði II ÁR 38 hefur verið tekinn úr rekstri og er til sölu.

\*\* Skutla SI 49 er ekki í notkun.

\*\*\* Múlaberg SI 22 hefir verið tekið úr notkun og var selt til niðurrifs.

#### 4.8 GÆÐAKERFI OG VOTTANIR

Ísfélag framleiðir afurðir sínar eftir viðurkenndum stöðlum sem finna má í upptalningu að neðan, sem tryggja m.a. sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna.

Allar starfsstöðvar félagsins lúta eftirliti Matvælastofnunar (MAST).

Félagið nýtir vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið.

Fylgni félagsins við ofangreindar vottanir lýtur eftirliti þar til bærra úttektaðila. Mjöl sem er unnið úr afskurði af íslenskri síld og loðnu er TÚN vottað. Þá eru flestar afurðir sem félagið vinnur vottaðar eftir viðurkenndum stöðlum. Vottun á deilistofnum, þ.e. kolmunna, makríl og norsk-íslenskri síld er í endurskoðun þegar lýsing þessi er birt, þar sem þau ríki sem eiga lögsögu er varðar þessa stofna og gera tilkall í þá, hafa ekki komið sér saman um stjórn veiðanna og heildarúthlutun á aflamarki. Öll ríkin taka ákvörðun um veittar veiðiheimildir í umræddum stofnum með hliðsjón veiðiráðgjöf hverju sinni, en hvert og eitt ríki hefur hins vegar úthlutað sér kvóta einhliða.

Þau vottuð gæðastjórnunarkerfi sem Ísfélag nýtir eru eftirfarandi:

- BRC (BRC Global Standard for Food Safety)
- MSC (Marine Stewardship Council)
- Iceland Responsible Fisheries
- HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points)
- FEMAS (Feed Material Assurance Scheme)
- TÚN, vottun um lífræna framleiðslu

Ísfélag einsetur sér að vera fyrirmynd hvað snertir ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag og hefur félagið m.a. sett sér sérstakar siðareglur, stefnu gegn mútum og spillingu, auk stefnu um samfélagslega ábyrgð. Ísfélag kappkostar að nýta sjávarauðlindina með sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að fylgja ráðgjöf vísindamanna, þar sem stuðst er við bestu vitneskju hverju sinni, til að sjálfbærni fiskistofna sé tryggð til framtíðar í því skyni að komandi kynslóðir fái notið góðs af. Við alla veiðar og vinnslu félagsins og aðra starfsemi þess, er lögð áhersla á að ákvæðum laga og reglna sé gætt í hvívetna.

## 5. MARKAÐIR OG SAMKEPPNI Í SJÁVARÚTVEGI

### 5.1 SJÁVARÚTVEGUR Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGI

Ísfélag starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur afurðir sínar um allan heim. Framboð og eftirspurn eftir sjávarafurðum og verðþróun á heimsvísu hefur því áhrif á rekstrarafkomu og starfsemi Ísfélags.

Talið er að heimsframleiðsla á fiskafurðum (fiskveiðar og fiskeldi) hafi verið 184 milljónir tonna árið 2022. Þar af fóru rúmlega 89%, eða 164 milljón tonna til mannelis. Á síðastliðnum 10 árum hefur heildarframleiðsla í heiminum aukist um 13,3%. Meðalneysla fisks á mann á heimsvísu er talin hafa numið 20,6 kg árið 2022. Frá 1961 hefur árleg meðalaukning fiskneyslu á hvern einstakling verið um 1,4% á ári.<sup>2</sup>

Árið 2022 var áætlaður veiddur heildaraflí sjávarafurða á heimsvísu um 91 milljónir tonna, sem var -0,4% lækkun frá meðaltali síðustu þriggja ára þar á undan. Langtímaþróun á veiddum heildarafla á heimsvísu hefur haldist tiltölulega stöðugt síðan 1990, þar sem heildaraflí hefur sveiflast á bilinu frá 86 til 93 milljónir tonna á ári.

Hluttur fiskveiða af heildarframleiðslu hefur haldist á bilinu 90-95 milljón tonn sl. áratug. FAO telur að vöxtur í fiskframleiðslu heimsins muni til framtíðar vera drifinn af fiskeldi. Kínverjar eru stærsta fiskveiðipjóð heims með 12,1 milljón tonna heildarafla árið 2021, en Asíuþjóðir veiða samtals um 46,6 milljón tonn á ári, sem samsvarar 51% af heildarframleiðslu. Ísland er í 19. sæti yfir stærstu fiskveiðipjóðir heims skv. gagnabanka FAO, með um 1,1 milljón tonna heildarafla.<sup>3</sup>

Fólksfjölgun, aukin þéttbýlismyndun og bætt lífskjör fólks er meðal þeirra þátta sem hafa hvað mest áhrif á eftirspurn eftir sjávarafurðum. Veigamesti þátturinn er knýr eftirspurn eftir sjávarafurðum er fólksfjölgun í heiminum. Þróun efnahagsástands á landfræðilegum mörkuðum hefur hins vegar áhrif á eftirspurn og verðþróun sjávarafurða. Ber að hafa í huga, í því sambandi, að lífskjör fólks hafa batnað í helstu iðnríkjum heims. Stækkandi millistétt og aukin heilsuvitund hefur leitt til þess að neytendur gera meiri kröfur um gæði matvara og eru neytendur þar af leiðandi tilbúnir til að borga meira fyrir gæði og velja þeir þá oft villtan fisk fram yfir eldisfisk. Að auki eru þættir svo sem umhverfisáhrif, umgengni og sjálfbær nýting auðlinda farnir að hafa meiri áhrif í vali neytenda á uppruna próteins í fæðu. Aðrir þættir sem hafa áhrif á þróun eftirspurnar eru t.d. framboð á fiski og sjávarafurðum í heiminum, verðþróun staðkvæmdarvara, svo sem kjúklinga-, nauta- og svínakjöts, og annarra matvæla úr dýraríkinu.

### UPPSJÁVARTEGUNDIR Í NORÐAUSTUR-ATLANTSHAFI<sup>4</sup>

Staða uppsjávartegunda í Norðaustur-Atlantshafi er misgóð eftir tegundum. Þjóðirnar sem stunda veiðar úr þessum stofnum hafa ekki náð samkomulagi um skiptingu aflamarks í þessum tegundum sem er visst áhyggjuefni. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) gefur árlega út ráðgjöf um veiðar ársins fyrir stofna norsk-íslenska síldar, makríls og kolmunna. Fyrir árið 2024 hafa verið gefnir út heildarkvótar fyrir þessa stofna.

**Norsk-íslensk vorgotssíld.** ICES lagði til í samræmi við samþykka aflareglu strandríkja að afli ársins 2024 yrði ekki meiri en 390 þúsund tonn, sem samsvarar tæplega 24% lækkun frá fyrra ári. Heildaraflamark allra þjóða árið 2023 var 693 þúsund tonn, sem var tæplega 36% umfram ráðgjöf. Ekki er í gildi samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð því sett sér kvóta. Það hefur haft þær afleiðingar að frá árinu 2013 hafa veiðar verið 4-42% umfram ráðgjöf ICES á ári.

**Kolmuni.** Ráðgjöf ICES fyrir árið 2024 er tæplega 13% hækkun frá síðasta ári, eða tæp 1.530 þúsund tonn. Árgangarnir frá 2020 og 2021 eru metnir þeir stærstu frá 1981 samkvæmt stofnmati. Báðir þessir árgangar verða komnir að mestu inn í veiðina árið 2024 og er áætluð hlutdeild árgangsins frá 2020 um 44 % og um 31 % fyrir árganginn frá 2021. Því munu þessir tveir árgangar standa undir veiðinni næstu árin. Áætlað er að heildaraflí ársins 2023 verði tæplega 1,7 milljón tonn sem er 23% umfram ráðgjöf. Frá árinu 2018 hafa veiðar umfram ráðgjöf ICES numið 23-33%.

**Makríll.** Ráðgjöf ICES fyrir 2024 er ríflega 5% lægri en á síðasta ári, eða um 739 þúsund tonn. Heildar aflamark allra þjóða árið 2023 er áætlaður 1.147 þúsund tonn sem er 47% umfram ráðgjöf ICES. Ekki er í gildi samkomulag

<sup>2</sup> Food Outlook – Biannual report on global food markets (June 2023). <https://www.fao.org/3/cc3020en/cc3020en.pdf>

<sup>3</sup> FAO. Global capture production - Quantity (1950-2021). [https://www.fao.org/fishery/statistics-query/en/seatl-capture-production/capture\\_quantity](https://www.fao.org/fishery/statistics-query/en/seatl-capture-production/capture_quantity)

<sup>4</sup> Hafrannsóknastofnun. ICES veitir ráðgjöf um aflamark uppsjávarstofna fyrir árið 2024. <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/category/9/ices-veitir-radgjof-um-aflamark-uppsjavarstofna-fyrir-arid-2024>

milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr makrílstofninum um skiptingu aflahlutdeildar og hver þjóð því sett sér kvóta. Það hefur haft þær afleiðingar að frá árinu 2016 hafa veiðar verið 9-86% umfram ráðgjöf ICES á ári.

**Loðna.** Hafrannsóknastofnun leggur til, í samræmi við aflareglu strandríkja, að engar loðnuveiðar verði leyfðar fiskveiðiárið 2023/2024<sup>5</sup>. Ráðgjöfin verður endurmetin þegar niðurstöður bergmálmælinga á stærð veiðistofnsins liggja fyrir í byrjun árs 2024. Ávallt ríkir nokkur óvissa um stöðu loðnustofnsins.

Tafla 10: Uppsjávartegundir í Norðaustur-Atlantshafi, leyfilegur heildarafli Íslands í tonnum eftir árum

Tegund	2021	2022	2023
Norsk-íslensk síld <sup>6</sup>	117.707	108.225	90.954
Kolmunni <sup>7</sup>	196.081	174.557	273.442
Makrill <sup>8</sup>	140.627	148.242	144.039
Loðna <sup>9</sup>	69.834	686.440	329.460

## 5.2 ÍSLENSKUR SJÁVARÚTVEGUR

Sjávarútvegur er ein af undirstöðuáttvinnugreinum Íslands. Árið 2022 nam útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Íslandi 349 milljörðum króna á föstu verðlagi. Verðmæti útflutnings jókst um tæplega 18% á milli árunna 2021 og 2022 samhliða 8% aukningu í magni á milli sömu ára. Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings Íslands var 34,7% árið 2022 í samanburði við 38,6% árið 2021.<sup>10</sup> Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti útflutnings vöru og þjónustu var 20,0% árið 2022 en 24,4% árið 2021.<sup>11</sup>

Um 74% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða á árinu 2022 fóru til landa í Evrópu, þar af 15% til Bretlands, 11% til Frakklands og 47% til annarra Evrópulanda. Af einstaka löndum er Bretland stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir þó vægi hans sé ekki eins afgerandi og áður.

Viðskipti við einstök lönd eru mismikil á milli ára og geta þau ráðist af mörgum þáttum, t.a.m. framboði á ólíkum tegundum og ólíkri vinnslu einstakra tegunda. Nefna má loðnubrest árin 2019 og 2020 sem hafði mikil áhrif á útflutning til markaða sem flytja inn mikið af frosnum loðnuafurðum eins og í Asíu og einnig á mjöl- og lýsisútflutningi til Noregs. Síðustu ár hefur útflutningur á sjávarafurðum til Frakklands og Bandaríkjanna aukist töluvert sem má rekja til aukinnar áherslu sjávarútvegsfyrirtækja á ferskfiskvinnslu til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir ferskum fisk.

Útflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða hafa aukist um 56% á síðustu 10 árum, botnfiskur um 68% og uppsjávarfiskur um 22%. Myndin hér að neðan sýnir þróun útflutningsverðs íslenskra sjávarafurða mælt í XDF(SDR).

<sup>5</sup> Hafrannsóknastofnun. *Loðna – Veiðiráðgjöf* <https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/31-capelin-autumn1408222.pdf>

<sup>6</sup> Hafrannsóknastofnun. *Norsk-Íslensk vorgotssíld – Veiðiráðgjöf*.

[https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/830-nss\\_herring1407350.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/830-nss_herring1407350.pdf) og reglugerð 1604/2022 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2023: <https://island.is/reglugerdir/nr/1604-2022>

<sup>7</sup> Hafrannsóknastofnun. *Kolmunni – Veiðiráðgjöf*. [https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/34-blue\\_whiting1407346.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/34-blue_whiting1407346.pdf) og Reglugerð 1444/2022 um togveiðar á kolmunna árið 2023: <https://island.is/reglugerdir/nr/1444-2022>


<sup>8</sup> Hafrannsóknarstofnun. *Makrill – Veiðiráðgjöf*. <https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/36-mackerel1407354.pdf> og Reglugerð 480/2023 um veiðar á makrill: <https://island.is/reglugerdir/nr/0480-2023>

<sup>9</sup> Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2021: <https://island.is/reglugerdir/nr/0060-2021>, Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2021/2022: <https://island.is/reglugerdir/nr/1161-2021> og Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2022/2023: <https://island.is/reglugerdir/nr/1200-2022>

<sup>10</sup> Hagstofa Íslands. *Vöruviðskipti*. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/voruviðskipti/>

<sup>11</sup> Hagstofa Íslands. *Vöru og þjónustuviðskipti*. <https://hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/utanrikisverslun/voru-og-thjonustuviðskipti/>

Mynd 4: Verðvísitala íslenskra sjávarafurða<sup>12</sup>



### Staða fiskistofna í íslenskri lögsögu<sup>13</sup>

Í júnímánuði 2023 kynnti Hafrannsóknastofnun úttekt á ástandi nytjastofna og ráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2023/2024 þar sem aflamark fyrir á þriðja tug stofna var lagt til á grundvelli langtímamarkmiða um sjálfbæra nýtingu. Ráðgjöfin byggir á aflareglum stjórnvalda sem hafa það að meginmarkmiði að stuðla að hámarksafrakstri til lengri tíma.

**Þorskur.** Öll merki frá rannsóknaleiðöngrum Hafrannsóknarstofnunar og úr afla gefa til kynna að ástand þorsstofnsins sé gott um þessar mundir. Stofninn er í góðu ástandi en nýliðun hefur verið sveiflukennnd og því líklegt að stofnstærð þorsks muni sveiflast í kringum núverandi ástand á næstu árum. Gert er ráð fyrir að viðmiðunarstofn þorsks fari hægt vaxandi næstu tvö til þrjú ár þegar árgangarnir frá 2019 og 2020 koma að fullu inn í viðmiðunarstofninn þar sem þeir eru nú metnir yfir meðallagi.

**Ýsa.** Ástand ýsustofnsins er gott um þessar mundir og góðar horfur fyrir næstu ár. Hafrannsóknarstofnun spáir aukningu á viðmiðunarstofni næstu ár þar sem nýir árgangar sem eru að koma inn í stofninn eru metnir yfir meðallagi<sup>14</sup>.

**Ufsi.** Ástand ufsastofnsins er að öllum líkindum ágætt. Landaður afli hefur hins vegar verið talsvert undir aflamarki síðan 2013 sem bendir til að aflamark sé of hátt. eru þannig vísbendingar um að stærð ufsastofnsins kunni að hafa verið ofmetin síðustu ár.

**Gullkarfi.** Grunnur stofnsmats var endurskoðaður á rýnifundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins vorið 2023 og hrygningarstofninn þannig metinn stærri en áður. Hrygningarstofninn hefur hins vegar minnkað umtalsvert s.l. áratug, ekki má vænta umtalsverðrar nýliðunar á næstu árum og því útlit fyrir að stofninn fari minnkandi. Því má búast má við að draga þurfi úr sókn og minnkandi kvóta næstu ár.

**Grálúða.** Grunnur stofnsmats var endurskoðaður á rýnifundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í vor sem leiddi til lækkunar í ráðlögðu aflamarki. Horfur eru á að veiðistofn grálúðu fari minnkandi á næstu árum.

<sup>12</sup> Hagstofa Íslands – Verðvísitölur sjávarafurða. <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur/verdvisitolur-sjavarafurda/>

<sup>13</sup> Hafrannsóknastofnun. *Veiðiráðgjöf 2023*. <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/astand-nytjastofna-sjavar-og-radgjof-fyrir-fiskveiðiarid-20232024>

<sup>14</sup> Sjá stöðumat Hafrannsóknarstofnunar á ýsu, fáanlegt á: [https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/02-haddock\\_tr\\_isl1387973.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/02-haddock_tr_isl1387973.pdf)

**Sumargotssíld/íslensk síld.** Stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar hefur aukist síðan 2020 vegna góðrar nýliðunar síðustu ár. Stofninn minnkaði hins vegar stöðugt á árunum 2008-2019 vegna sýkingardauða og vegna slakrar nýliðunar. Árgangar 2017-2019 eru stórir og eru nú meginuppistaðan í viðmiðunarstofninum.

Tafla 11: Helstu fiskistofnar í íslenskri lögsögu, leyfilegur heildaraflí í tonnum eftir fiskveiðiárum, óslægður aflí

Tegund	2021/2022 <sup>15</sup>	2022/2023 <sup>16</sup>	2023/2024 <sup>17</sup>	Breyting milli 2022/2023 og 2023/2024
Þorskur	220.417	206.436	209.194	1%
Ýsa	41.229	60.569	74.711	23%
Ufsi	77.381	71.145	66.418	-7%
Gullkarfi	28.554	22.615	36.462	61%
Grálúða	15.031	15.064	13.463	-11%
Sumargotssíld	72.239	66.195	92.634	40%*

\*5.000 tonnum af sumargotssíld var úthlutað í júlí 2023

### 5.3 AFLI ÍSLENSKRA FISKISKIPA

Hafrannsóknastofnun veitir ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu veiðistofna á Íslandsmiðum á grundvelli sjálfbærni og nýtingarstefnu stjórnvalda. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar byggir á alþjóðasamningum um sjálfbærni og nýtingu náttúruauðlinda.

Fiskveiðiárið 2022/2023 stunduðu rúmlega 1.650 íslensk skip og bátar veiðar og lönduðu samtals tæplega 1,3 milljón tonnum af fiski. Það var um 204,9 þúsund tonnum minni heildaraflí en fiskveiðiárið 2021/22. Af þessum afla voru 883 þúsund tonn uppsjávarfiskur (síld, kolmunní, makrill og loðna) sem samsvarar 157 þúsund tonna minnkun á milli ára. Loðnaafli ársins var 330 þúsund tonn og minnkaði um 191 þúsund tonn frá fyrra ári. Botnfiskafli 2022/2023 var 390 þúsund tonn eða 42 þúsund tonn minni en árin 2021 og 2022. Annar aflí, s.s. grálúða, skelfiskur og krabbar, nam um 48 þúsund tonnum.<sup>18</sup>


<sup>15</sup> Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2021/2022. <https://island.is/reglugerdir/nr/0920-2021>

<sup>16</sup> Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2022/2023. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/23235>


<sup>17</sup> Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024. <https://island.is/reglugerdir/nr/0849-2023>

<sup>18</sup> Fiskistofa. *Gagnvirkt mælaborð*. [gamli.fiskistofa.is/maelaborð](https://gamli.fiskistofa.is/maelaborð)

Mynd 5: Afli íslenskra skipa eftir tegundum<sup>19</sup>



Mynd 6: Afli íslenskra skipa úr deilistofnum<sup>20</sup>



#### 5.4 SAMKEPPNIN

Íslenskar sjávarafurðir keppa á alþjóðlegum markaði og eru í samkeppni við aðrar fæðutegundir. Verðbreytingar á þessum afurðum hafa áhrif á eftirspurn. Samkeppni er á milli sjávarafurða úr villtum fiski, annars vegar, og eldisfiski, hins vegar, auk þess sem innbyrðis samkeppni er á milli mismunandi tegunda villts fisks. Verðbreytingar á mörkuðum geta t.d. ýtt undir það að neysla á einni tegund eykst á kostnað annarrar.

Alþjóðlegur markaður með sjávarafurðir einkennist af sterkum alþjóðlegum og innlendum samkeppnisaðilum. Segja má að Ísfélag eigi í samkeppni við nágrannaþjóðir og aðra íslenska aðila sem selja vörur á sömu mörkuðum og Ísfélag. Á sama tíma eru íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi samherjar í uppbyggingu markaða, þar sem aðgreining þeirra á alþjóðlegum markaði byggir á rekjanleika afurðanna, þar sem uppistaða hráefnisins fæst með sjálfbærum

<sup>19</sup> Hagstofa Íslands. [Afli og verðmæti eftir fisktegundum og veiðisvæðum, janúar 2010 - apríl 2023. PxWeb \(hagstofa.is\)](#)

<sup>20</sup> Hagstofa Íslands. [Afli og verðmæti eftir fisktegundum og veiðisvæðum, janúar 2010 - apríl 2023. PxWeb \(hagstofa.is\)](#)

og ábyrgum veiðum úr hreinu hafi við Ísland. Aukin stærðarhagkvæmni og samþætting í íslenskum sjávarútvegi hefur styrkt samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum.

## 5.5 HELSTU MARKAÐIR OG AFURÐIR ÍSFÉLAGS

Ísfélag starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur afurðir sínar sem unnar eru bæði úr bolfiski og uppsjávarfiski um heim allan. Framboð og eftirspurn eftir sjávarafurðum og verðþróun á heimsvísu hefur því áhrif á afkomu og starfsemi Ísfélags. Upplýsingar í undirkafla þessum eru fengnar úr bókhaldi félagsins og eru þær óendurskoðaðar.

Afurðum félagsins má skipta upp í fjögur svið. Uppsjávarfiskur er unninn í frystihúsum félagsins í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn. Mjöl og lýsi er unnið í fiskimjölsverksmiðjum félagsins, sem einnig eru staðsett í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn. Bolfiskafurðir eru unnar í frystihúsum félagsins í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn á milli uppsjávarvertíða, sem og í frystihúsi félagsins í Þorlákshöfn. Einnig vinnur frystitogarinn Sólberg ÓF bolfiskafurðir, sem og mjöl og lýsi úr aukaafurðum bolfisks. Rækjuvinnsla félagsins á Siglufirði vinnur skelfiskafurðir, en því til viðbótar vann frystihúsið í Þorlákshöfn humarafurðir í einhverju magni til ársins 2018, en í litlu eða engu magni eftir það. Humarafurðir eru flokkaðar sem skelfiskafurðir.

Tafla 12: Sala Ramma hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf. á afurðum og hráefni eftir afurðarsviðum. Fjárhæðir í þús.USD\*.

	Mjöl og lýsi	Uppsjávarfiskur	Bolfiskur	Skelfiskur	Alls
<b>2020</b>					
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	28.952	27.518	19.690		76.160
Rammi hf.	2.191		50.270	8.086	60.546
Alls	31.143	27.518	69.960	8.086	136.706
<b>2021</b>					
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	23.613	69.052	24.580		117.245
Rammi hf.	1.756	0	63.863	9.190	74.808
Alls	25.368	69.052	88.443	9.190	192.054
<b>2022</b>					
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	83.454	61.782	15.154		160.390
Rammi hf.	1.539	0	64.587	10.463	76.589
Alls	84.993	61.782	79.742	10.463	236.979

Stærstu viðskiptavinir félagsins fyrir uppsjávar- og bolfiskafurðir starfa við framleiðslu og dreifingu í sínu heimalandi. Eftirfarandi töflur geta breyst mikið milli ára, sérstaklega eftir úthlutun í loðnuheimildum þar sem stórar úthlutanir í loðnu þýða aukna framleiðslu í mjöli og lýsi sem er að mestu selt til Noregs og Bretlands.

Við eftirfarandi samantekt hefur verið stuðst við upplýsingar frá sölufyrirtækjunum Iceland Pelagic, StorMar og Arctic Seafood hvað varðar lönd og viðskiptavini sem kaupa afurðir Ísfélags. Í tilfelli annarra íslenskra sölufyrirtækja hefur í flestum tilfellum verið valið algengasta viðskiptalandið í stað þess að nota Ísland sem viðskiptaland. Þegar vísað er í Evrópu í þessum kafla þá er átt við Evrópu án Austur-Evrópu.

Helstu landfræðilegir markaðir félagsins eru Evrópa, Asía og Ameríka. Um 71% sölutekna félagsins koma frá Evrópu árið 2022, samanborið við 62% árið 2021 og 75% árið 2020. Sala til Austur-Evrópu nam 13% árið 2022, 19% árið 2021 og 16% árið 2020. Sala til Asíu nam 13% af sölutekjum árið 2022, 14% árið 2021 og 4% árið 2020. Önnur sala er til Norður-Ameríku og Mið-Austurlanda. Fyrirnefndar fjárhæðir eru samtölur fyrir Ísfélag Vestmannaeyja og Ramma.

Tafla 13: Sala Ísfélags (samtala Ramma og Ísfélags Vestmannaeyja) á afurðum og hráefnum eftir afurðarsviðum og heimsálfum. Fjárhæðir í þúsundum USD.

	Mjöl og lýsi	Uppsjávarfiskur	Bolfiskur	Skelfiskur	Alls	%
<b>2020</b>						
Evrópa	31.143	4.420	58.687	8.086	102.336	75%
Austur Evrópa		18.960	3.501		22.461	16%
Norður- Ameríka		263	5.118		5.381	4%
Asía		2.587	2.399	0	4.986	4%
Mið Austurlönd		1.288	255		1.543	1%
Alls	31.143	27.518	69.960	8.086	136.706	100%
<b>2021</b>						
Evrópa	25.368	8.367	75.817	9.155	118.707	62%
Austur Evrópa		33.306	2.962		36.267	19%
Asía		25.613	1.369	35	27.018	14%
Norður- Ameríka		1.708	8.202		9.909	5%
Mið Austurlönd		59	93		152	0%
Alls	25.368	69.052	88.443	9.190	192.054	100%
<b>2022</b>						
Evrópa	84.993	7.619	65.771	10.463	168.845	71%
Austur Evrópa		26.924	3.042		29.966	13%
Asía		25.892	4.001		29.892	13%
Norður- Ameríka		1.348	6.590		7.938	3%
Mið Austurlönd			338		338	0%
Alls	84.993	61.782	79.742	10.463	236.979	100%

Í eftirfarandi töflu má sjá stærstu viðskiptalönd félagsins á tímabilinu 2020 – 2022. Noregur og Bretland eru stærstu viðskiptalönd félagsins með mjöl og lýsi en þær afurðir eru notaðar í laxafóður. Lönd í Austur-Evrópu eru mikilvæg við sölu á uppsjávarafurðum og einnig Japan og önnur lönd í Asíu þegar kemur að sölu á afurðum úr loðnu. Bretland og Frakkland eru mikilvægustu viðskiptalönd félagsins í bolfiski. Sala á Íslandi er að mestu sala á hráefni á innlendum fiskmörkuðum.

Tafla 14. Stærstu viðskiptalönd Ísfélags árið 2022 sem hlutfall af heildarsölu viðkomandi árs.

	Mjöl og lýsi	Uppsjávarfiskur	Bolfiskur	Skelfiskur	Alls
<b>2020</b>					
Bretland	6%		17%	4%	27%
Noregur	14%				14%
Ísland	4%	0%	8%	0%	12%
Frakkland		2%	7%	0%	8%
Pólland		6%	2%		8%
Spánn			7%	1%	7%
Hvíta-Rússland		3%	0%		4%
Úkraína		3%	0%		4%
Bandaríkin			4%		4%
Þýskaland		0%	2%		2%
Alls	23%	15%	47%	5%	90%
<b>2021</b>					
Bretland	5%		17%	4%	25%
Japan		11%	1%	0%	12%
Ísland	2%	0%	9%	0%	11%
Pólland		8%	1%		9%
Frakkland		0%	7%	0%	8%
Hvíta-Rússland		5%	0%		6%
Bandaríkin		0%	4%	0%	5%
Úkraína		4%	0%		4%
Noregur	4%		0%		4%
Spánn			4%	0%	4%
Alls	11%	29%	43%	4%	87%
<b>2022</b>					
Noregur	27%				27%
Bretland	7%	0%	13%	2%	21%
Japan		11%	2%		12%
Ísland	1%	0%	6%	0%	7%
Pólland		5%	1%		6%
Frakkland		0%	4%	0%	4%
Hvíta-Rússland		4%	0%		4%
Spánn			4%	0%	4%
Danmörk	1%		0%	2%	3%
Bandaríkin			3%		3%
Alls	36%	20%	32%	4%	92%

Mjöl og lýsi sem félagið framleiðir fer að langstærstum hluta til fóðurframleiðslu í Noregi. Mikið var framleitt af mjöli og lýsi á árinu 2022 vegna stórrar loðnuúthlutunar. Á árinu 2022 var stærsti einstaki kaupandi uppsjávarafurða japanskur, sem kom til af sérstaklega háu verði loðnuhrogna, en loðnuhrogn lækkuðu hins vegar umtalsvert á árinu 2023 vegna mikillar framleiðslu. Kaupendur að mjöl- og lýsisafurðum félagsins eru fáir og stórir, sbr. neðangreinda töflu. Í tilfalli uppsjávarfisks og bolfisks eru fleiri viðskiptavinir.

Tafla 15: Hlutfall af sölu til stærstu viðskiptavina Ísfélagsins af heildarsölu viðkomandi árs.

	Mjöl og lýsi	Uppsjávarfiskur	Bolfiskur	Skelfiskur	Alls
<b>2020</b>					
Stærsti viðskiptavinurinn	32%	9%	14%	45%	7%
5 stærstu viðskiptavinirnir	84%	34%	42%	78%	27%
10 stærstu viðskiptavinirnir	99%	54%	63%	89%	42%
<b>2021</b>					
Stærsti viðskiptavinurinn	28%	31%	16%	29%	11%
5 stærstu viðskiptavinirnir	87%	52%	51%	76%	32%
10 stærstu viðskiptavinirnir	100%	64%	70%	90%	47%
<b>2022</b>					
Stærsti viðskiptavinurinn	33%	41%	16%	52%	12%
5 stærstu viðskiptavinirnir	90%	59%	51%	91%	44%
10 stærstu viðskiptavinirnir	100%	71%	76%	98%	58%

#### Uppsjávarfiskur

Austur-Evrópa er mikilvægasta viðskiptasvæðið fyrir landfrystar uppsjávarafurðir, en sala til Japans veltur að mestu leyti á sölu loðnuhrogna og -hrygnu sem getur sveiflast mikið milli ára, bæði hvað varðar verð og magn.

Tafla 16: Stærstu landsvæði fyrir frystar uppsjávarafurðir. Fjárhæðir í þúsundum USD.

	Loðna	Makrill	Síld	Samtals
<b>2020</b>				
Austur Evrópa		9.166	9.794	18.960
Evrópa	0	2.273	2.147	4.420
Asía		1.969	617	2.587
Mið Austurlönd		1.288		1.288
Norður-Ameríka		263		263
Alls	0	14.960	12.558	27.518
<b>2021</b>				
Austur Evrópa	7.043	13.417	12.846	33.306
Asía	23.949	1.184	481	25.613
Evrópa	2.279	3.609	2.479	8.367
Norður-Ameríka	906	776	25	1.708
Mið Austurlönd		59		59
Alls	34.177	19.044	15.831	69.052
<b>2022</b>				

Austur Evrópa	3.354	11.615	11.954	26.924
Asía	25.571	92	228	25.892
Evrópa	2.473	3.225	1.921	7.619
Norður-Ameríka		1.348		1.348
Alls	31.398	16.280	14.104	61.782

### Bolfiskur

Bolfiskafurðir Ísfélags skiptast í sjófrystar afurðir sem framleiddar eru um borð í frystitogaranum Sólbergi ÓF og afurðir sem framleiddar eru í frystihúsunum í Vestmannaeyjum, á Þórshöfn og í Þorlákshöfn.

Tafla 17: Stærstu landsvæði fyrir frystar bolfiskafurðir. Fjárhæðir í þúsundum USD.

	Þorskur	Ufsi	Ýsa	Karfi	Annað	Alls
<b>2020</b>						
Evrópa	43.619	1.720	6.497	3.941	2.910	58.687
Norður- Ameríka	3.924	44	687	87	375	5.118
Austur Evrópa	410	2.545	96	434	16	3.501
Asía	218			176	2.006	2.399
Mið Austurlönd	111	144				255
Alls	48.281	4.453	7.280	4.638	5.307	69.960
<b>2021</b>						
Evrópa	53.029	3.272	9.222	5.177	5.116	75.817
Norður- Ameríka	6.824	32	812		534	8.202
Austur Evrópa	370	2.275	57	249	11	2.962
Asía	53			10	1.306	1.369
Mið Austurlönd	81	12				93
Alls	60.356	5.592	10.091	5.437	6.968	88.443
<b>2022</b>						
Evrópa	45.827	5.304	7.502	3.985	3.151	65.771
Norður- Ameríka	4.948	124	711	113	695	6.590
Asía	101			215	3.684	4.001
Austur Evrópa	539	2.258	38	186	20	3.042
Mið Austurlönd	18	320				338
Alls	51.433	8.006	8.252	4.499	7.551	79.742

### 5.6 RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Dótturfélag Ísfélags, Primex, sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum varðandi vöruþróun úr rækjuskel. Sjá nánari umfjöllun um félagið í kafla „3.8 Dótturfélög“.

Við sameiningu Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. var komið á fót sviði viðskiptaþróunar sem ætlað er að koma að verkefnum á sviði nýsköpunar og vöruþróunar.

## 6. FJÁRHAGSYFIRLIT 1. JANÚAR 2020 – 30. JÚNÍ 2023

Hér á eftir gefur að finna umfjöllun um þróun reksturs, efnahags og sjóðstreymis Ísfélags hf., Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. fyrir rekstrarárin 2020, 2021 og 2022 sem byggir á endurskoðuðum ársreikningum, sem eru hluti af útgefandalýsingunni. Þá er sérstaklega gerð grein fyrir endurskoðuðum árshlutareikningi Ísfélags fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 eftir samruna við Ramma hf.

Ársreikningar fyrir rekstrarárin 2020, 2021 og 2022 eru gerðir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Þeim til viðbótar hefur verið unninn móðurfélagsársreikningur fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf. fyrir árið 2022 sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), ásamt samanburðartölum fyrir reikningsárið 2021. Árshlutareikningur Ísfélags fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 var unninn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér samstæðureikningana, þ.m.t. skýrslur stjórnar, skýrslur endurskoðenda og allar skýringar. Sjá nánar kaflann „2.3 Skjöl felld inn með tilvísun“.

### 6.1 ÞRÓUN, HORFUR, FJÁRFESTINGAR OG BREYTINGAR Á FJÁRHAGSSTÖÐU

Engar mikilsverðar breytingar á fjárhag, fjárhagslegri afkomu- og viðskiptastöðu Ísfélags hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 30. júní 2023 og til birtingar lýsingar þessarar. Þó er vert að nefna að töluverðar breytingar hafa hins vegar átt sér stað á fjárhags- og viðskiptastöðu Ísfélags hf. frá lokum fjárhagstímabils sem lauk þann 31. desember 2022 og fram til dagsetningar lýsingarinnar. Ber í því sambandi að nefna að félagið keypti hlutafé í Austur Holding AS fyrir um 73.3 milljónir USD í mars 2023, en gerð er sérstaklega grein fyrir þeirri fjárfestingu í kaflanum „3.9 Hlutdeildarfélög“ sem fjármögnuð var með lánsfé og eigin fé. Þá sameinuðust Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. í júní 2023 undir nafninu Ísfélag hf. Uppgjörsdagur samrunans var 31. desember 2022 en við gerð árshlutareiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er uppgjörsdagur samrunans 30. júní 2023.

#### *FJÁRFESTINGAR ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA HF.*

Á árunum 2020 – 2023 reisti félagið hrognatanka og nýtt hrognavinnsluhús fyrir um 13,3 milljónir USD í Vestmannaeyjum, sem ætlað er að auka framleiðslugetu félagsins og stuðla að meiri gæðum í hrognavinnslu. Árið 2021 keypti félagið tvö uppsjárarskip, Álseý VE 2 og Suðurey VE 11 fyrir alls um 19,6 milljónir USD. Skipin nýtast vel á makrílvertíðum, þar sem langt þarf að sækja aflann, og á stórum loðnuvertíðum eins og árin 2022 og 2023. Veturinn 2022-2023 var löndunarhús við fiskimjölsverksmiðjuna í Vestmannaeyjum endurnýjað, en sú fjárfesting nam um 3,3 milljónum USD. Á tímabilinu hefur félagið jafnframt aukið afkastagetu frystihúsanna í Eyjum og á Þórshöfn með fjárfestingum í frystiskáp, pökkunarlínum og flökunarvélum fyrir síld og makríl. Árið 2022 var hafist handa við að reisa nýja starfsmanna- og skrifstofuaðstöðu á Þórshöfn, en áætlað er að heildar fjárfestingin í þeirri framkvæmd nemi 4 milljónum USD. Þar af hefur þegar verið framkvæmt fyrir 1,5 milljónir USD til 30. júní 2023.

Neðangreind tafla veitir yfirlit yfir niðurbrot fjárfestinga Ísfélags frá og með rekstrarárinu 2020 fram til útgáfu útgefandalýsingar þessarar: *Tafla 18: Yfirlit fjárfestinga Ísfélags, rekstrarárin 2020-2023*

	2020	2021	2022	2023 til nóvember	22.
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	3.795.544	1.899.979	7.781.330	4.821.675	
Fiskiskip		19.610.157	888.383	760.651	
Vélar og framleiðslutæki	1.045.290	2.278.206	4.718.086	7.068.692	
Aflaheimildir	1.352.131	538.808	0	4.401.086	
<b>Alls fjárfestingar</b>	<b>6.192.965</b>	<b>24.327.150</b>	<b>13.387.799</b>	<b>17.052.104</b>	
<b>Helstu fjárfestingar</b>					
Hrognavinnsla í Vestmannaeyjum	2.799.586	3.355.957	5.262.739	2.109.537	
Löndunarhús við mjölverksmiðju í Vestmannaeyjum			3.046.373	1.043.198	
Uppsjárarskip (Álsey VE og Suðurey VE)		19.610.157			

#### FJÁRFESTINGAR RAMMA HF.

Í árslok 2019 keypti Rammi hf. allt hlutfé í einkahlutafélaginu Sigurbirni ehf. í Grímsey, ásamt dótturfélögum. Heildarkaupverð voru EUR 26,1 milljónir, þar af var EUR 16,1 milljón greidd með peningum. Sigurbjörn ehf. var í framhaldinu sameinað Ramma hf. á árinu 2022 og miðaðist samruninn við 1. janúar 2022. Í maímánuði 2021 var skrifað undir samning um smíði á nýjum ísfisktogara, sem ber nafnið Sigurbjörg ÁR 67. Samningsverð smíðinnar nemur um EUR 18,9 milljónum og þar af á eftir að greiða um EUR 14,9 milljónir. Stjórnendur Ísfélags búast við að heildarfjárfestingin nemi, að endingu, um EUR 21 milljón og að skipið verði afhent í byrjun árs 2024. Ísfélag áformar að fjármagna fjárfestingu sína í Sigurbjörgu ÁR til lengri tíma með blöndu af eigin fé og lánsfé.

#### FYRIRHUGAÐAR FJÁRFESTINGAR

Ísfélag áformar að auka afköst uppsjárvarvinnslunnar á Þórshöfn og er verið að skoða heildarkostnað við fjárfestinguna og hverju hún getur skilað í betri afkomu. Til stendur að reisa frystigeymslu á Þórshöfn en enn liggur ekki fyrir hversu stór hún verður og þ.a.l. ekki hver kostnaður við hana verður, en stjórnendur Ísfélag áætla að kostnaður kunni að vera í kringum 1,6 ma. kr. Ef til kemur munu fjárfestingar þessar fara fram á árunum 2024-2026. Einnig er áformað að stækka mjölgeymslu félagsins á Þórshöfn sem gefur félaginu kost á að þjónusta viðskiptavinum þess betur þar sem framleiðslan er oft mest fyrri hluta árs en notkun á mjöli er meiri seinni hluta ársins. Til stendur að endurnýja gufuketil, mjölþurrku og eimingartæki í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags í Vestmannaeyjum og gert er ráð fyrir að við þá ráðstöfun muni afköst verksmiðjunnar aukast um allt að 35%. Stjórnendur Ísfélags áætla að kostnaður við þessa framkvæmd kunni að nema í kringum 1 ma.kr. Áformað er að fyrrnefndar fjárfestingar, verði ráðist í þær, muni auka framlegð félagsins. Fjárfestingar verða fjármagnaðar með andvirði sölu eigin bréfa Ísfélags í því útboði sem lýsingin lýsir, hagnaði af rekstri og lánsfé eftir atvikum.

#### ARÐGREIÐSLA

Fyrsti hluthafafundur sameinaðs fyrirtækis var 14. júní 2023 og þar var samþykkt að greiða arð að fjárhæð 15 milljón USD. Arðurinn var bókfærður 14. júní 2023 en greiddur eftir uppgjörstímabilið sem lauk 30. júní 2023. Umfjöllun um arðgreiðslustefnu félagsins má sjá í kaflanum „8.3.2 Arður og arðgreiðslustefna“.

#### ÞRÓUN OG HORFUR

Þann 9. júní 2023 kynnti Hafrannsóknastofnun úttekt um ástand nytjastofna og ráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár, sjá nánar í köflum „5.1 Sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi“ og „5.2 Íslenskur sjávarútvegur“. Stjórnendur félagsins telja að horfur í rekstri félagsins séu góðar og ráðgera ekki verulegar breytingar á rekstrinum á komandi misserum.

Rekstur Ísfélags er þó háður þróun ýmissa ytri þátta sem félagið hefur ekki áhrif á s.s. mögulegum breytingum á lögum um fiskveiðistjórnun, úthlutun á aflahlutdeildum, þróun í gengi gjaldmiðla, hráefnisverðs, afurðaverðs, olíuverðs og annarra orkuverða á heimsmörkuðum. Stærsti einstaki áhrifaþáttur í rekstri félagsins er þó ástand fiskistofna frá einum tíma til annars og þar gæti náttúrulegra sveiflna sem fyrirtækið getur ekki haft áhrif á.

Varðandi deilistofna þá ríkir óvissa um framvindu veiða þeirra en strandríkin hafa ekki samið um veiðar á kolmunna, norsk-íslenskri vorgotssíld og makríl.

Rekstrarhorfur félagsins eru góðar, afurðaverð hefur farið hækkandi og eftirspurn er stöðug. Stríð í Úkraínu hefur ekki haft verulega neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Vaxtakjör hafa farið hækkandi en félagið hefur tryggt sér fasta grunnvexti á hluta langtímalána sinna. Markaðir fyrir bolfisk- og uppsjávarafurðir hafa verið stöðugir og vonir standa til að svo verði áfram.

Horft fram á veginn er það mat stjórnenda félagsins að afskriftir gefi vísbendingu um umfang fjárfestinga til að viðhalda núverandi rekstri. Afskriftir fastafjármuna hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. námu USD 13,2 milljónum árið 2022. Viðmið um viðhaldsfjárfestingar taka ekki til nýfjárfestinga, s.s. fjárfestinga í aukinni starfsemi eða breyttri vinnslu, né heldur fjárfestinga í ytri vexti.

## 6.2 AFKOMUSPÁ FYRIR ÁRIÐ 2023 OG SAMLEGÐARÁHRIF

Stjórn Ísfélags samþykkti í septembermánuði 2023 uppfærða afkomuspá fyrir árið 2023 sem gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (e. EBITDA) verði á bilinu 77–83 milljón USD. Rétt er að árétta að áætlunin miðar við Pro Forma rekstur Ísfélags að því leyti að EBITDA Ramma fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er innifalin í afkomuspá félagsins, en verður ekki hluti af ársreikningi félagsins þar sem samruni félaganna miðaðist við 30. júní 2023. EBITDA Ramma nam USD 9,8 milljónum á tímabilinu, en af því leiðir að vænt EBITDA í ársreikningi Ísfélags 2023 verður á bilinu USD 67-73 milljónir. Afkomuspáin byggir á aflaheimildum félagsins og áætluðum afla skipa félagsins og því magni hráefnis sem áætlað er að vinna í landvinnslum og mjölvinnslum félagsins. Góð loðnuvertíð var á árinu 2023 en mikil loðnuhrognaframleiðsla orsakaði umtalsverða lækkun á afurðarverði milli ára. Á móti hefur bæði mjöl- og lýsisverð verið mjög hátt í sögulegu samhengi sem vegur þar á móti.

Fjárfestum er sérstaklega bent á að afkomuspáin er háð mörgum óvissupáttum sem geta breytt útkomu spárrinnar verulega. Verð á makríl- og síldarafurðum getur sveiflast talsvert og birgðir um áramót hafa áhrif á afkomu félagsins, þar sem birgðir eru skráðar á kostnaðarverði. Óvíst er hvort þeir fiskistofnar sem áætlunin byggir á breyta göngumynstri sínu miðað við undanfarin ár og þar af leiðandi verði hugsanlega erfiðara að finna fiskinn og veiða hann. Einnig ríkir óvissa um hvort stöðugleiki ríki á mörkuðum félagsins, sérstaklega í Austur-Evrópu, sem gæti haft áhrif á sölu afurða þar. Framangreindar forsendur liggja utan áhrifasviðs stjórnenda félagsins. Stjórn félagsins lýsir því yfir að afkomuspáin hafi verið unnin á grundvelli sem er bæði samburðarhæfur við sögulegu fjárhagsupplýsingarnar og í samræmi við reikningsskilaaðferðir félagsins.

Stjórnendur Ísfélags hf. stefna að rekstrarlegum ábata vegna sameiningar félaganna tveggja. Ábatinn er áætlaður að muni verða á árinu 2024 og mun felast í bættri nýtingu aflaheimilda vegna sérhæfingar í fiskvinnslu, sparnaði í skrifstofukostnaði og með tilkomu nýs skips, Sigurbjargar ÁR. Félagið gerir ráð fyrir að ná fram hagræðingu þar sem skipið kemur í stað þriggja eldri bolfiskskipa. Einnig er gert ráð fyrir að Sigurbjörg ÁR stuðli að bættri aflameðferð og dragi úr orkunotkun. Áætlaður ábati vegna verkefnanna er um 5 milljónir USD á ári en jafnframt er bent á óvissu tengda forsendum útreikninga.

## 6.3 REKSTUR ÍSFÉLAGS

### 6.3.1 REKSTUR ÍSFÉLAGS FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 2023

Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Rammi hf. sameinuðust í júní 2023.

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarreikning Ísfélags þann 30. júní 2023. Vakin er athygli á því að þar sem samrunadagsetning Ísfélags Vestmannaeyja og Ramma fór samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fram í júní 2023 er Rammi ekki hluti af rekstrarreikningi Ísfélags á tímabilinu. Bent er á að Pro Forma tölur vegna rekstrarreiknings sameinaðs félags má finna í kaflanum „6.3.4 Pro forma fjárhagsupplýsingar Ísfélags fyrir fyrstu sex mánuði 2023“.

Tafla 18: Rekstrarreikningur Ísfélags fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023

	Ísfélag hf. Móðurfélag IFRS Endurskoðað 2023
<i>USD</i>	<i>1.1 – 30.6</i>
Rekstrartekjur	82.239.140
Kostnaðarverð seldra vara	(52.488.254)
<b>Framlegð</b>	<b>29.750.886</b>
Aðrar tekjur	404.458
Útflutningskostnaður	(2.275.910)
Annar rekstrarkostnaður	(3.056.129)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>24.823.305</b>
Hreinar fjármagnstekjur	(2.579.682)
Áhrif hlutdeildarfélaga	423.400
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>22.667.023</b>
Tekjuskattur	(4.754.337)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>17.912.687</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>30.278.025</b>
<i>Sem hlutfall af tekjum</i>	<i>37%</i>

### 6.3.2 EFNAHAGUR ÍSFÉLAGS ÞANN 30. JÚNÍ 2023

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag samstæðu Ísfélags þann 30. júní 2023 samanborið við stöðu efnahagsreiknings í árslok 2022. Í júní sameinuðust Ísfélag Vestmannaeyja hf. og Rammi hf. undir nafninu Ísfélag hf.

Efnahagsreikningur fyrir 30. júní 2023 sýnir stöðu sameinaðs félags og lýsir þeim breytingunum sem orðið hafa á efnahagsreikningi Ísfélags vegna sameiningarinnar.

Tafla 19: Efnahagsreikningur Ísfélags í lok annars ársfjórðungs 2023

	Móðurfélag IFRS Endurskoðað 2023
<i>USD</i>	<i>30.06</i>
<b>Eignir</b>	
<b>Fastafjármunir</b>	
Aflaheimildir	399.566.468
Rekstrarfjármunir	142.196.764
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélögum og samrekstri	90.442.151
Fjárfestingar á gangvirði	17.302.387
Langtímakröfur á tengda aðila	8.979.213
<b>Fastafjármunir</b>	<b>658.486.983</b>
<b>Veltufjármunir</b>	

Birgðir	51.000.968
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	33.364.363
Skuldabréf og næsta árs afb. langt.lána	1.422.294
Handbært fé	25.566.236
<b>Veltufjármunir</b>	<b>111.353.861</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>769.840.844</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	
<b>Eigið fé</b>	
Hlutfé	6.183.170
Varasjóður	257.662.810
Þýðingarmunur	(6.430.891)
Hlutdeildarreikningur	7.563.131
Óráðstafað eigið fé	215.740.414
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>480.718.634</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	
Vaxtaberandi skuldir	134.901.379
Tekjuskattsskuldbinding	79.393.345
	214.294.724
<b>Skammtímaskuldir</b>	
Vaxtaberandi skuldir	11.885.326
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	56.555.398
Tekjuskattur til greiðslu	6.386.762
	74.827.486
<b>Skuldir samtals</b>	<b>289.122.210</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>769.840.844</b>

#### *EIGNIR ÍSFÉLAGS ÞANN 30. JÚNÍ 2023*

Eignir Ísfélags þann 30. júní 2023 námu alls USD 769.840.844.

Óefnislegar eignir félagsins eru fólgnar í fiskveiðiheimildum þess og nam bókfært virði þeirra USD 399.566.468 í lok tímabilsins. Umfjöllun um fiskveiðiheimildir eru í kaflanum „4 Lýsing á starfsemi Ísfélags“.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu samtals USD 142.196.764 í lok tímabilsins. Varanlegir rekstrarfjármunir eru fiskiskip, fiskvinnsluhús ásamt tækjum, bifreiðum og öðrum búnaði.

Eignarhlutir í dóttur-, hlutdeildarfélagum og samrekstri námu USD 90.442.151 þann 30. júní 2023. Liður þessi hefur hækkað vegna kaupa félagsins á 29.3% hlut í Austur Holding AS fyrir 73,7 millj. USD í mars 2023.

Alls námu fastafjármunir Ísfélags USD 658.486.983 þann 30. júní 2023.

Bókfært virði veltufjármuna félagsins nam USD 111.353.861 þann 30. júní 2023. Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarvirði eða áætluðu söluverði, hvort sem lægra reynist. Stærsti hluti birgða eru fullunnar afurðir en aðrar birgðir eru hráefni, umbúðir og veiðarfæri. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur námu samtals USD 33.364.363 í lok tímabilsins. Kröfur á tengd félög eru vegna viðskipta með hráefni og afurðir við hluthafa og félög í þeirra eigu og þannig í eðli sínu viðskiptakröfur.

Starfsemi félagsins er að verulegu leyti vertíðartengd, en því fylgir fjárbinding þegar veiðar og vinnsla eiga sér stað á vertíðum en afurðir eru seldar yfir lengra tímabil. Góðar frystigeymslur gera félaginu kleift að jafna út sölu yfir lengri tíma. 30 daga greiðslufrestur er á flestum viðskiptum en félagið hefur boðið lengri greiðslufrest við sölu á mjöli og lýsi gegn þóknun. Lítið er um að viðskiptakröfur tapist, þrátt fyrir að greiðslutryggingar séu ekki í boði á mikilvægum mörkuðum, s.s. víða í A-Evrópu.

Handbært fé Ísfélags nam USD 25.566.236 þann 30. júní 2023.

### SKULDIR ÍSFÉLAGS ÞANN 30. JÚNÍ 2023

Heildarskuldir og skuldbindingar Ísfélags námu USD 289.122.210 þann 30. júní 2023, þar af nema kuldir og skuldbindingar sem yfirteknar voru við samruna við Ramma hf. USD 88.202.292. Vaxtaberandi kuldir félagsins námu alls USD 146.786.705 þar nema kuldir sem yfirteknar voru við samruna við Ramma hf. USD 30.411.403. Gjaldmiðlasamsetning vaxtaberandi skulda Ísfélags 30. júní 2023 er eftirfarandi: USD 51%, EUR 41%, JPY 8%.

Í upphafi árs 2022 voru langtímalán Ísfélags Vestmannaeyja endurfjármögnuð og í mars 2023 tók félagið ný langtímalán. Í janúar 2022 gerði Ísfélag Vestmannaeyja hf. vaxtaskiptasamning til 5 ára þar sem festir voru grunnvextir á lánum félagsins. Ísfélag hefur í lok júní 2023 fasta vexti með vaxtaskiptasamningum á móti vaxtaberandi skuldum sem nemur: 60% af skuldum í EUR, 98% af skuldum í JPY og 49% af skuldum í USD.

Langtímaskuldir og skuldbindingar sameinaðs Ísfélags, þann 30. júní 2023 námu USD 214.294.724. Vaxtaálag ofan á grunnvexti er að meðaltali 2,6% en lánveitendur lánanna eru DNB í Noregi, Íslandsbanki og Landsbankinn.

Tekjuskattsskuldbinding félagsins nam USD 79.393.345 þann 30. júní 2023 og námu vaxtaberandi skammtímaskuldir USD 11.885.326 í lok tímabilsins. Skattar tímabilsins námu USD 6.386.762.

### LÁNASKILMÁLAR

Skilmálar lánasamninga Ísfélags eru hefðbundnir, en þeir fela meðal annars í sér ákvæði um að eiginfjárlutfall skuli ekki vera lægra en 35%, nettó vaxtaberandi kuldir deilt með EBITDA (e. Leverage Ratio) fari ekki yfir 4 og að skuldaþol (e. Debt Service Capacity) sé undir 1,2.

Þá fela lánasamningarnir einnig í sér ákvæði er varða takmarkanir á frekari veðsetningu fiskiskipa án samþykkis lánastofnunar og takmarkanir á að verulegar breytingar séu gerðar á samþykktum félagsins. Einnig innihalda lánasamningarnir skilmála um fyrirframgreiðslu lána og/eða heimild til gjaldfellingar lánveitenda ef breytingar verða á yfirráðum Ísfélags, m.a. ef einhverjum aðila verður skylt til að leggja fram yfirtökutilboð í félaginu og, í tilviki eins lánessamnings, ef einhver aðili eignast 25% eignarhlut í félaginu. Jafnframt innihalda lánessamningarnir gjaldfellingarheimildir ef vanefndir verða á öðrum skuldbindingum félagsins.

### 6.3.3 SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÍSFÉLAGS FYRSTU SEX MÁNUÐI 2023

Umfjöllun um sjóðstreymi Ísfélags fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 má sjá í eftirfarandi töflu. Fjárhæðir eru í USD. Vakin er athygli á því að þar sem samrunadagsetning Ísfélags Vestmannaeyja og Ramma fór samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fram í júní 2023 er Rammi ekki hluti af rekstrarreikningi Ísfélags á tímabilinu.

Tafla 20: Sjóðstreymisyfirlit Ísfélags fyrstu sex mánuði ársins 2023

	Móðurfélag IFRS 2023
<i>USD</i>	<i>30.06</i>
Rekstrarhagnaður	24.823.305
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	5.454.721
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(58.739)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>30.219.286</b>

Óreglulegir liðir sem hafa áhrif á veltufé

Breytingar á birgðum	(13.929.330)
Breytingar á rekstartengdum eignum	(4.436.357)
Breytingar á rekstartengdum skuldum	659.241
Innborgaðir vextir	390.415
Greiddir vextir	(1.545.198)
Greiddir skattar	(3.341.867)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>8.016.190</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(9.590.919)
Fjárfesting í aflaheimildum	(4.401.086)
Söluverð rekstrarfjármuna	86.552
Áhrif samruna að frádregnu yfirteknu handbæru fé	4.435.144
Fjárfesting í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum	(61.017.823)
Fjárfesting eignarhluta í öðrum félögum	(4.923.031)
Langtímakröfur, breyting	2.142.726
Móttekinn arður frá dóttur og hlutdeildarfélögum	20.232
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>	<b>(73.248.205)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	
Greiddur arður	0
Tekin vaxtaberandi lán	67.012.098
Afborganir leiguskuldar	(14.476)
Afborganir vaxtaberandi skulda	(2.388.746)
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>64.608.876</b>
Breyting á handbæru fé á árinu	(623.139)
Gengismunur af handbæru fé	(419.279)
Handbært fé í ársbyrjun	26.608.654
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>25.566.236</b>

Hreint veltufé frá rekstri nam USD 30.219.286 á tímabilinu. Talsverðar breytingar áttu sér stað á tímabilinu, mestmegnis vegna tveggja liða, annars vegar fjárfestingar í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum, vegna fjárfestingar í Austur Holding, og hins vegar vegna endurfjármögnunar og nýrra vaxtaberandi lána.

#### **FJÁRMAGN**

Félagið er að mestu fjármagnað með eigin fé, sem bókfært var á USD 480.718.634 þann 30. júní 2023, en eiginfjárhlutfall félagsins var 62.5% á sama tíma. Að öðru leyti er félagið að mestu fjármagnað með lánsfé, en vaxtaberandi langtíma- og skammtímaskuldir námu USD 146.787.065 þann 30. júní 2023. Nánar má lesa um lán félagsins og afborganir þeirra í kafla „6.3.2Skuldir Ísfélags þann 30. júní 2023“.

#### **6.3.4 PRO FORMA FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR ÍSFÉLAGS FYRIR FYRSTU SEX MÁNUÐI 2023**

Á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla tók samruni Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Ramma hf. gildi þann 30. júní 2023 líkt og reifað er í kaflanum „3.5 Ágrip af sögu Ísfélags“. Samruninn hefur veruleg áhrif á rekstrarreikning og efnahagsreikning útgefanda og því eru Pro Forma upplýsingar birtar í lýsingu þessari. Þar sem samruninn tók gildi fyrir lok síðasta reikningstímabils vegna árs Slutareiknings 2023 fyrir fyrstu sex mánuði ársins, er

efnahagsreikningur réttur í endurskoðuðum árshlutareikningi útgefanda. Af þeim sökum einskorðast Pro Forma upplýsingar í lýsingu þessari við rekstrarreikning samstæðunnar. Pro forma upplýsingarnar eru fengnar úr 6 mánaða endurskoðuðum árshlutareikningi Ísfélags hf. og árshlutareikningi Ramma hf. Pro forma reikningurinn er ekki endurskoðaður og er á ábyrgð stjórnenda.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar ná til tímabilsins 1. janúar 2023 til 30. júní 2023. Pro forma fjárhagsupplýsingarnar eru einungis teknar saman til skýringar og sýna áhrif samrunans eins og hann hefði farið fram fyrir en raun ber vitni. Tilgátur um fjárhagsstöðu eða afkomu í Pro Forma fjárhagsupplýsingunum geta verið frábrugðnar raunverulegri fjárhagsstöðu eða afkomu útgefanda.

Innri viðskipti upp á USD 313.363 eru jöfnuð út í Pro Forma fjárhagsupplýsingunum. Þar sem um hráefnissölu er að ræða er gert ráð fyrir að leiðréttingin hafi áframhaldandi áhrif á útgefandann.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar byggja á endurskoðuðum árshlutareikningi Ísfélags hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 í USD samkvæmt IFRS og árshlutareikningi Ramma hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2023 í EUR samkvæmt ársreikningalögum.

Árshlutareikningur Ramma er umreiknaður í USD á meðalgengi tímabilsins, EUR-USD 1,08.

Tafla 21: Pro forma rekstrarreikningur Ísfélags fyrstu sex mánuði ársins 2023

	Ísfélag hf. Móðurfélag IFRS Endurskoðað USD <b>6M 2023</b>	Rammi hf. Móðurfélag Ársreikningalög USD <b>6M 2023</b>	Innri viðskipti	Ísfélag hf. Móðurfélag IFRS Pro forma USD <b>6M 2023</b>
<b>Rekstrarreikningur</b>				
Rekstrartekjur	82.239.140	38.058.789	(313.363)	119.984.566
Kostnaðarverð seldra vara	(52.488.254)	( 28.183.287)	313.363	(80.358.178)
<b>Framlegð</b>	<b>29.750.886</b>	9.875.502		<b>39.626.388</b>
Aðrar tekjur	404.458	6.473		410.931
Útflutningskostnaður	(2.275.910)	( 488.221)		(2.764.131)
Annar rekstrarkostnaður	(3.056.129)	( 1.064.289)		(4.120.418)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	24.823.305	8.329.465		<b>33.152.770</b>
Hreinar fjármagnstekjur	(2.579.682)	( 794.589)		<b>(3.374.271)</b>
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага	423.400	( 84.448)		<b>338.952</b>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	22.667.023	7.450.428		<b>30.117.451</b>
Tekjuskattur	(4.754.337)	( 1.498.112)		(6.252.449)
<b>Hagnaður ársins</b>	17.912.686	5.952.316		<b>23.865.002</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	30.278.025	9.800.551		40.078.577
<i>Sem hlutfall af tekjum</i>	37%	26%		33%

### 6.3.5 YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA Á PRO FORMA FJÁRHAGSUPPLÝSINGUM

#### STAÐFESTING ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA Á PRO FORMA FJÁRHAGSUPPLÝSINGUM

Til stjórnar Ísfélags hf.

## *SKÝRSLA UM STAÐFESTINGU Á SAMANTEKT PRO FORMA FJÁRHAGSUPPLÝSINGA Í SKRÁNINGARLÝSINGUNNI*

Við höfum lokið vinnu okkar með það að markmiði að veita staðfestingu á samantekt Pro Forma fjárhagsupplýsinga Ísfélags hf. (hér eftir nefnt „Pro forma fjárhagsupplýsingarnar“) sem unnin er af stjórnendum Ísfélagsins hf. Pro forma fjárhagsupplýsingarnar samanstanda af samanteknum rekstrarreikningi Ísfélags hf. og Ramma hf. fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023 sem birtur er í útgefandalýsingu Ísfélags hf. Þeim viðeigandi viðmiðum sem stjórnendur beittu við gerð Pro Forma fjárhagsupplýsinganna á grundvelli krafna sem koma fram í reglugerð ESB nr. 2019/980 er lýst á sömu blaðsíðu.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar hafa verið teknar saman af stjórnendum félagsins til að lýsa áhrifum samruna Ramma hf. og Ísfélags hf. á rekstur félagsins eins og ef samruninn hefði átt sér stað fyrir eða þann 1. janúar 2023. Sem hluta af þessu ferli hafa upplýsingar um rekstur félaganna verið teknar úr endurskoðuðum árs hlutareikningi Ísfélags hf. og óendurskoðuðum árs hlutareikningi Ramma hf. fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2023.

## *ÁBYRGÐ Á PRO FORMA FJÁRHAGSUPPLÝSINGUNUM*

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir samantekt á Pro forma fjárhagsupplýsingunum á grundvelli krafna sem koma fram í reglugerð ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur félagsins.

## *ÓHÆÐI OKKAR OG GÆÐAKERFI*

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur, sem gefnar hafa verið út af International Ethics Standards Board for Accountants og eru Code of Ethics for Professional Accountants (að meðtöldum International Independence Standards) (IESBA Code), en þær grundvallast á grunnreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og aðgát, trúnað og fagleg vinnubrögð.

Alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækið KPMG International hefur innleitt alþjóðlegan gæðastaðal, International Standard on Quality Management 1, sem gerir kröfu um að félagið hanni, innleiði og reki gæðakerfi, þar á meðal stefnur og verklag varðandi fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

## *ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA*

Ábyrgð endurskoðanda Ísfélags felst í að veita álit, eins og krafist er í framseldri reglugerð ESB nr. 2019/980, um hvort Pro Forma fjárhagsupplýsingarnar hafi í öllum meginatriðum verið teknar saman af stjórnendum félagsins á grundvelli viðeigandi viðmiða og krafna sem koma fram í framseldri reglugerð ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur félagsins.

Staðfesting endurskoðanda Ísfélags var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingarverkefni (ISAE) 3420 Assurance Engagements to Report on the Compilation of Pro Forma Financial Information Included in a Prospectus. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og haga vinnu okkar til að afla nægjanlegrar vissu um hvort stjórnendur félagsins hafi tekið saman, í öllum megin atriðum, Pro Forma fjárhagsupplýsingarnar á grundvelli viðeigandi viðmiða og krafna sem koma fram í reglugerð ESB nr. 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur félagsins.

Í samræmi við tilgang staðfestingarinnar þá ber okkur ekki að uppfæra eða endurútgefa áritanir eða álit á þeim sögulegu fjárhagsupplýsingum sem nýttar voru við að taka saman Pro Forma fjárhagsupplýsingarnar. Við höfum ekki, við gerð staðfestingarinnar, framkvæmt viðbótarendurskoðun né -könnun á þeim fjárhagsupplýsingum sem notaðar voru til að taka saman Pro forma fjárhagsupplýsingarnar.

Tilgangur Pro forma fjárhagsupplýsinganna í skráningarlýsingu er einvörðungu sá að sýna fram á áhrif verulegra atburða eða viðskipta á óleiðréttar fjárhagsupplýsingar félagsins eins og ef atburðurinn eða viðskiptin hefðu átt sér stað á fyrri dagsetningu sem valin er til skýringar. Þar af leiðandi veitum við ekki neina staðfestingu á því að raun niðurstaða atburðar eða viðskipta ef þau hefðu átt sér stað 1. janúar 2023 eða fyrir hefði verið í samræmi við það sem birt er.

Staðfesting með nægjanlegri vissu um hvort Pro Forma fjárhagsupplýsingar hafi verið teknar saman, í öllum meginatriðum, á grundvelli viðeigandi aðferða og forsendna, krafna sem koma fram í reglugerð ESB 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur félagsins. felur í sér að framkvæma aðgerðir til að meta hvort þær aðferðir og forsendur sem stjórnendur félagsins beita við samantekt Pro Forma fjárhagsupplýsinganna veiti viðeigandi grundvöll fyrir birtingu verulegra áhrifa sem tengja má beint við atburðinn eða viðskiptin og afla nægjanlegra viðeigandi gagna um hvort;

- Pro forma aðlaganirnar sýna áhrif þessara viðmiða, og

- Pro forma fjárhagsupplýsingarnar endurspeglir viðeigandi aðlögun óleiðrétta fjárhagsupplýsinga.

Val aðgerða er háð mati staðfestingaraðila, sem tekur mið af skilningi staðfestingaraðila á eðli félagsins, þeim atburðum eða viðskiptum sem Pro forma fjárhagsupplýsingarnar hafa verið teknar saman í tengslum við og öðrum aðstæðum sem tengjast verkefninu.

Verkefnið felur einnig í sér að meta heildarframsetningu Pro Forma fjárhagsupplýsinganna.

Við teljum að þau gögn sem við höfum aflað séu nægjanleg og viðeigandi sem grundvöllur áritunar okkar.

## ÁLIT

Að álit okkar hafa Pro Forma fjárhagsupplýsingarnar í öllum meginatriðum verið teknar saman, á grundvelli viðeigandi aðferða og forsendna og krafna sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2019/980 og í samræmi við reikningsskilareglur félagsins.

Staðfestingin er veitt að kröfu framseldrar reglugerðar ESB nr. 2019/980 og ekki í neinum öðrum tilgangi.

Reykjavík, 22. nóvember 2023

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Löggiltur endurskoðandi

## 6.4 ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA

### 6.4.1 REKSTUR ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA 2020-2022

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Vakin er sérstök athygli fjárfesta á að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör Ísfélags Vestmannaeyja fyrir árin 2020 – 2022 en árin 2020 og 2021 annars vegar og 2022 hins vegar eru ekki að öllu leyti samanburðarhæf þar sem uppgjörin eru gerð eftir mismunandi reikningsskilaaðferðum. Sérstaklega eru sýndar samanburðartölur fyrir árið 2021 með IFRS reikningsskilaaðferð.

Tafla 22: Rekstrarreikningur Ísfélags Vestmannaeyja fyrir árið 2020, 2021 og 2022

Rekstrarreikningur	Móðurfélag	Móðurfélag	Móðurfélag	Móðurfélag
	IFRS	IFRS	Ársreikningalög	Ársreikningalög
	Endurskoðað	Óendurskoðað	Endurskoðað	Endurskoðað
	2022	2021	2021	2020
Rekstrartekjur	163.714.107	128.008.076	128.008.076	81.130.605
Kostnaðarverð seldra vara	-96.686.303	-76.061.457	-68.233.714	-49.510.963
<b>Framlegð</b>	<b>67.027.804</b>	<b>51.946.619</b>	<b>59.774.362</b>	<b>31.619.642</b>
Aðrar tekjur	837.569	895.864	878.763	60.471
Útflutningskostnaður	-3.168.933	-1.017.979		
Annar rekstrarkostnaður	-5.035.542	-4.971.405	-4.821.518	-3.453.646
Afskriftir rekstrarfjármuna			-9.027.634	-8.112.922
Hagnaður af sölu eigna			17.101	988.574
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>59.660.898</b>	<b>46.853.099</b>	<b>46.821.074</b>	<b>21.102.119</b>
Hreinar fjármagnstekjur	<b>10.837.047</b>	<b>3.346.186</b>	<b>3.371.505</b>	<b>-4.865.989</b>
Áhrif dóttur og hlutdeildarféлага	<b>4.139.560</b>	<b>472.795</b>	<b>472.795</b>	<b>653.473</b>

<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>74.637.505</b>	<b>50.672.080</b>	<b>50.665.374</b>	<b>16.889.603</b>
Tekjuskattur	-13.324.891	-10.017.842	-10.010.628	-2.901.931
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>61.312.613</b>	<b>40.654.238</b>	<b>40.654.746</b>	<b>13.987.671</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	69.939.278	55.926.840	55.831.607	28.226.467
<i>Sem hlutfall af tekjum</i>	43%	44%	44%	35%

Seldar vörur ársins 2022 námu um USD 163,7 milljónum samanborið við u.þ.b.USD 128 milljónir árið 2021. Aukninguna má rekja til þess að loðnuveiðar voru leyfðar aftur í talsverðu magni eftir loðnubrest 2020 og litla loðnuvertíð árið 2021. Einnig var samdráttur í síldar- og makrílveiði þau ár. Hins vegar var stór loðnuvertíð árið 2022 sem leiddi af sér umtalsverða aukningu í framleiðslu á mjöli og lýsi. Rekstrartekjur námu USD 81.130.605 árið 2020, 128.008.076 árið 2021 og 163.714.107 árið 2022.

Sala eftir gjaldmiðlum skiptist þannig árið 2022: USD um 49%, NOK um 29%, EUR um 17% og aðrar myntir um 5%. Mjöl er að jafnaði selt í NOK sem útskýrir hátt hlutfall þeirrar myntar í þessu samhengi. Sala afurða eftir heimsálfum skiptist þannig árið 2020: Vestur-Evrópa um 66,5%, Asía um 16,5%, Austur-Evrópa um 12,1%, og önnur svæði 4,9%.

Kostnaðarverð seldra vara nam USD 49.510.963 árið 2020, USD 59.774.362 árið 2021 og USD 96.686.303 árið 2022. Rekstrargjöld milli tímabila hækkuðu í samræmi við aukinn afla í loðnu. Stærstu kostnaðarliðir félagsins eru laun, olía og útflutningskostnaður, en einnig geta hráefniskaup frá þriðja aðila verið mismikil milli ára. Fyrirnefndu liðir ásamt umbúðum og veiðigjöldum voru 71-75% af heildarrekstrarkostnaði félagsins án afskrifta.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam USD 28.226.467 árið 2020, USD 55.831.607 árið 2021 og USD 69.939.278 árið 2022 og skýrist aukningin mestmegnis af auknum rekstrartekjum á tímabilinu, en EBITDA hlutfall jókst úr 34,7% í 42,7% á tímabilinu.

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar út frá afskriftarhlutföllum eigna og kostnaðarverði þeirra í byrjun árs og eru hlutföllin mismunandi milli eignaflokka. Eins og sjá má í skýringu í ársreikningum félagsins eru afskriftarhlutföll fasteigna og lóða 0-4% á ári, skipa og fylgihluta 5-10% og búnaðar og tækja 8-20%.

Hlutdeild Ísfélags í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага kemur til að mestu frá hagnaði af rekstri Iceland Pelagic ehf., en einnig voru eignir Lundeyjar fjárfestingafélags, sem er í 50% eigu Ísfélags, hækkaðar til samræmis við aukið verðmæti VAXA technologies, sem rekur hágæða þörungaverksmiðju á Helligsheiði og er eina eign Lundeyjar fjárfestingafélags. Hækkun vaxtakostnaðar á árinu 2022 kemur til vegna sölu á viðskiptareikningum félagsins vegna mjöl- og lýsissölu. Fjármunatekjur hækka mikið milli árána 2022 og 2021 sem kemur til af bókfærðum hagnaði vegna gangvirkis vaxtaskiptasamnings sem félagið gerði til að draga úr áhættu af hækkun grunnvaxta á vaxtagreiðslur langtímalána félagsins.

#### 6.4.2 EFNAHAGUR ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA 2020-2022

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir rekstrarárin 2020, 2021 og 2022. Athygli fjárfesta er sérstaklega vakin á því, að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir árin 2020 – 2022. Það athugist hins vegar að fjárhagsupplýsingar fyrir árin 2020 og 2021, annars vegar, og 2022, hins vegar, eru ekki samanburðarhæf, þar sem uppgjör þeirra ára voru unnin eftir mismunandi reikningsskilaaðferðum. Vegna þessa eru sýndar samanburðartölur fyrir árið 2021 með IFRS reikningsskilaaðferð.

Tafla 23: Efnahagsreikningur Ísfélags Vestmannaeyja í árslok 2020, 2021 og 2022

	Móðurfélag IFRS Endurskoðað	Móðurfélag IFRS Óendurskoðað	Móðurfélag Ársreikningalög Endurskoðað	Móðurfélag Ársreikningalög Endurskoðað
<b>Eignir (USD)</b>	<b>31.des.22</b>	<b>31.des.21</b>	<b>31.des.21</b>	<b>31.des.20</b>
Aflaheimildir	127.505.652	127.505.652	126.966.844	126.966.844

Rekstrarfjármunir	98.589.353	95.407.097	80.688.825	79.542.014
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélagum og samrekstri	12.350.646	8.678.394	7.263.463	6.208.320
Fjárfestingar á gangvirði	15.013.273	1.715.955	902.433	1.957.576
Langtímakröfur	9.570.816	5.117.692	16.476.035	16.476.035
<b>Fastafjármunir</b>	<b>263.029.740</b>	<b>238.424.790</b>	<b>232.297.600</b>	<b>231.150.789</b>
Birgðir	24.094.819	21.022.177	14.278.394	14.278.394
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19.109.520	26.256.452	24.031.038	24.031.038
Næsta árs afborgun langtímakrafna	2.436.934	9.987.380	11.252.893	11.252.893
Handbært fé	26.608.654	18.657.844	12.785.026	12.785.026
<b>Veltufjármunir</b>	<b>72.249.927</b>	<b>75.923.853</b>	<b>62.347.351</b>	<b>62.347.351</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>335.279.667</b>	<b>314.348.643</b>	<b>294.644.951</b>	<b>293.498.140</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
<b>Eigið fé</b>				
Hlutfé	4.405.931	4.405.931	4.405.931	4.405.931
Varasjóður	4.510.950	4.510.950	4.510.950	4.510.950
Þýðingarmunur	-653.493	16.611	164.412	164.412
Bundinn hlutdeildarreikningur	7.436.429	3.048.927	2.576.125	2.576.125
Óráðstafað eigið fé	212.954.429	171.029.318	138.347.873	138.347.873
<b>Eigið fé</b>	<b>228.654.246</b>	<b>183.011.737</b>	<b>150.005.291</b>	<b>150.005.291</b>
<b>Skuldir</b>				
Vaxtaberandi skuldir	48.883.866	77.983.754	91.754.265	90.631.029
Tekjuskattsskuldbinding	31.742.315	29.613.883	27.544.832	27.544.832
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>80.626.181</b>	<b>107.597.637</b>	<b>119.299.097</b>	<b>118.175.861</b>
Vaxtaberandi skuldir	3.567.302	6.869.558	13.538.682	13.515.107
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11.147.647	8.887.317	7.428.990	7.428.990
Tekjuskattur til greiðslu	11.284.290	7.982.394	4.372.892	4.372.892
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>25.999.239</b>	<b>23.739.269</b>	<b>25.340.564</b>	<b>25.316.989</b>
Skuldir alls	106.625.420	131.336.906	144.639.661	143.492.850
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>335.279.667</b>	<b>314.348.643</b>	<b>294.644.951</b>	<b>293.498.140</b>

#### *EIGNIR ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA 2020-2022*

Heildareignir Ísfélags Vestmannaeyja námu USD 293.498.140 í árslok 2020 (ársreikningalög), USD 294.644.951 í árslok 2021 (ársreikningalög) og USD 335.279.667 í árslok 2022 (IFRS).

Aflaheimildir Ísfélags eru fólgnar í fiskveiðiheimildum sem haldast nokkuð stöðugar á tímabilinu. Rekstrarfjármunir Ísfélags eru fiskiskip, fiskvinnsluhús ásamt tækjum, bifreiðum og öðrum búnaði. Aukning milli

áranna 2021 og 2022 kemur til af kaupum á uppsjávarskipunum Álsey VE 2 og Suðurey VE 11 fyrir alls um 18,5 milljónir USD.

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum Ísfélags skýrast að mestu vegna 50% eignarhlutar félagsins í Lundey fjárfestingarfélagi ehf., en að öðru leyti er vísað í skýringar í ársreikningi. Athygli er vakin á því að Ísfélag keypti um 29.3% hlut í Austur Holding AS fyrir 73,7 milljónir USD í marsmánuði 2023, en sú fjárfesting birtist í efnahagsreikningi við lok fjárhagstímabils, þann 30. júní 2023.

Vörubirgðir Ísfélags eru metnar á kostnaðarverði eða áætluðu söluverði, hvort sem lægra reynist. Stærsti hluti birgða eru fullunnar afurðir en aðrar birgðir eru hráefni, umbúðir og veiðarfæri. Kröfur á tengd félög eru vegna viðskipta með hráefni og afurðir við hluthafa og félög í þeirra eigu og þannig í eðli sínu viðskiptakröfur.

Starfsemi félagsins er að verulegu leyti vertíðarháð en því fylgir fjárbinding þegar veiðar og vinnsla eiga sér stað á vertíðum en afurðir eru seldar yfir lengra tímabil. Góðar frystigeyslur gera félaginu kleift að jafna út sölu yfir lengri tíma. 30 daga greiðslufrestur er á flestum viðskiptum en félagið hefur boðið lengri greiðslufrest við sölu á mjöli og lýsi gegn þóknun. Lítið er um að viðskiptakröfur tapist, þrátt fyrir að greiðslutryggingar séu ekki í boði á mikilvægum mörkuðum, s.s. víða í A-Evrópu.

#### SKULDIR ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA 2020-2022

Heildarskuldir Ísfélags Vestmannaeyja námu USD 143.492.850 í árslok 2020 (ársreikningalög), USD 144.639.661 í árslok 2021 (ársreikningalög) og USD 106.625.420 í árslok 2022 (IFRS).

Vaxtaberandi langtíma- og skammtímaskuldir námu USD 104.146.136 í árslok 2020 (ársreikningalög), USD 105.292.947 í árslok 2021 (ársreikningalög) og USD 52.451.168 í árslok 2022 (IFRS).

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattlögum kæmi til greiðslu ef eignir samstæðunnar væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Heildarskuldir og skuldbindingar félagsins námu alls USD 106 milljón í árslok 2022, þar af voru vaxtaberandi skuldir alls USD 52 milljónir og tekjuskattsskuldbinding USD 32 milljónir.

#### 6.4.3 SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA 2020-2022

Hér á eftir fer samantekin umfjöllun um sjóðstreymi Ísfélags Vestmannaeyja síðustu þrjú rekstrarár. Vakin er sérstök athygli fjárfesta á að öll umfjöllun hér að neðan miðast við endurskoðuð uppgjör Ísfélags Vestmannaeyja fyrir árin 2020 – 2022. Það athugist að árin 2020 og 2021, annars vegar, og 2022, hins vegar, eru ekki samanburðarhæf þar sem uppgjörin voru gerð eftir mismunandi reikningsskilaaðferðum. Sérstaklega eru sýndar samanburðartölur fyrir árið 2021 með IFRS reikningsskilaaðferð

Tafla 24: Sjóðstreymi Ísfélags Vestmannaeyja fyrir árin 2020, 2021 og 2022

	Móðurfélag	Móðurfélag	Móðurfélag	Móðurfélag
	IFRS	IFRS	Ársreikningalög	Ársreikningalög
	Endurskoðað	Óendurskoðað	Endurskoðað	Endurskoðað
<b>Sjóðstreymi (USD)</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Rekstrarhagnaður	59.660.898	46.853.099	46.821.074	21.102.118
Afskriftir og virðisryrnun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	10.278.380	9.073.741	9.027.634	8.112.922
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	-23.599	-17.101	-17.101	-988.574
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>69.915.679</b>	<b>55.909.739</b>	<b>55.831.607</b>	<b>28.226.467</b>
<b>Óreglulegir liðir sem hafa áhrif á veltufé</b>				
Breytingar á birgðum	-3.072.641	-6.743.783	-6.743.783	-1.366.194
Breytingar á rekstartengdum eignum	8.301.531	-2.219.687	-2.219.687	-5.406.328
Breytingar á rekstartengdum skuldum	1.912.477	1.346.456	1.346.456	-1.004.322

Innborgaðir vextir	937.813	1.247.429	1.247.429	3.085.010
Greiddir vextir	-6.514.702	-6.282.470	-6.228.800	-2.804.723
Greiddir skattar	-7.467.577	-4.210.291	-4.210.291	-1.828.279
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>64.012.580</b>	<b>39.047.393</b>	<b>39.022.931</b>	<b>18.901.631</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	-13.387.799	-23.788.341	-23.788.341	-4.835.799
Fjárfesting í aflaheimildum	0	-538.808	-538.808	-1.352.131
Fjárfesting eignarhluta í öðrum félögum	-7.745.050	-1.906.942	-1.906.942	1.479.080
Langtímakröfur, breyting	4.883.632	12.627.342	12.627.342	-2.229.494
Fenginn arður frá dóttur og hlutdeildarfélögum	76.628	0	0	104.246
	<b>-16.172.589</b>	<b>-13.606.749</b>	<b>-13.606.749</b>	<b>-6.834.098</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Greiddur arður	-15.000.000	-7.500.000	-7.500.000	-7.500.000
Skammtímalán	0	-6.110.354	-6.110.354	2.466.235
Afborganir leiguskuldar	-26.054	-24.462		
Afborganir langtímalána	-22.412.259	-7.116.200	-7.116.200	-6.887.854
	<b>-37.438.313</b>	<b>-20.751.016</b>	<b>-20.726.554</b>	<b>-11.921.619</b>
Breyting á handbæru fé á árinu	10.401.678	4.689.628	4.689.628	145.914
Gengismunur af handbæru fé	-2.450.868	1.183.190	1.183.190	1.047.561
Handbært fé í ársbyrjun	18.657.844	12.785.026	12.785.026	11.591.551
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>26.608.654</b>	<b>18.657.844</b>	<b>18.657.844</b>	<b>12.785.026</b>

Hreint veltufé frá rekstri nam USD 28.226.467 árið 2020 (ársreikningalög), USD 55.831.607 árið 2021 (ársreikningalög) og USD 69.915.679 árið 2022 (IFRS). Aukning á hreinu veltufé frá rekstri skýrist af auknum rekstrarhagnaði á tímabilinu.

Handbært fé frá rekstri Ísfélags nam USD 18.901.631 árið 2020 (ársreikningalög), USD 39.022.931 árið 2021 (ársreikningalög) og USD 64.012.580 árið 2022 (IFRS). Aukningin á milli ára skýrist fyrst og fremst af auknum rekstrarhagnaði á tímabilinu. Birgðasöfnun jókst á tímabilinu samfara auknum rekstrartekjum. Skammtímakröfur lækkuðu töluvert á árinu 2022 með innstreymi fjár sem kemur til að mestu vegna sölu á viðskiptareikningum félagsins í mjöli og lýsi. Ofangreindir liðir hækkuðu því handbært fé frá rekstri á tímabilinu.

Fjárfestingarhreyfingar árið 2021 voru að mestu leyti vegna kaupa á Álsey VE 2 og Suðurey VE 11, en árið 2022 stöfuðu þær af byggingu hrognahúss og löndunarhúss í Vestmannaeyjum. Bókfært virði eignarhluta í félögum hækkuðu vegna kaupa félagsins á skráðu hlutafé í sjóeldisfyrirtækjum.

Fjármögnunarhreyfingar námu USD 11.921.619 árið 2020 (ársreikningalög), USD 20.726.554 árið 2021 (ársreikningalög) og USD 37.438.313 árið 2022 (IFRS). Aukningu frá 2020 til 2021 má helst skýra með töku skammtímalána, og breytingu frá 2021 til 2022 má helst skýra með afborgunum langtímaskulda á árinu 2022 sem komu til vegna endurfjármögnunar langtímalána. Þá tvöfaldaðist greiddur arður á milli ára.

Handbært fé í árslok 2020 nam USD 12.785.026 (ársreikningalög), USD 18.657.844 í árslok 2021 (ársreikningalög) og USD 26.608.654 í árslok 2022 (IFRS), en rekja má aukninguna til aukins rekstrarhagnaðar.

## 6.5 RAMMI

### 6.5.1 REKSTUR RAMMA 2020-2022

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning samstæðu Ramma hf. fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Allar fjárhæðir eru í evru (EUR).

Samstæðureikningar árána 2020, 2021 og 2022 samanstanda af rekstrar- og efnahagsreikningi og sjóðstreymisyfirliti Ramma hf. og dótturfélaganna Arctic Seafood Ltd. og Primex ehf. Dótturfélagið Sigurbjörn ehf. var sameinað Ramma hf. á árinu 2022 og miðaðist samruninn við 1. janúar 2022 og er rekstur Sigurbjörns ehf. innifalinn í rekstri Ramma hf. á árinu 2022 en er með í samstæðu Ramma hf. árin 2020 og 2021.

Tafla 25: Rekstrarreikningur Ramma fyrir árið 2020, 2021 og 2022

(EUR)	Samstæða Ársreikningalög 2022	Samstæða Ársreikningalög 2021	Samstæða Ársreikningalög 2020
Rekstrartekjur	83.550.719	66.902.767	57.332.509
Kostnaðarverð seldra vara	(58.420.101)	(45.845.286)	(40.285.854)
<b>Framlegð</b>	25.130.618	21.057.481	17.046.654
Seld þjónusta	13.595	11.208	15.602
Útflutningskostnaður	(1.307.027)	(1.129.474)	(1.196.062)
Sameiginlegur kostnaður	(3.310.109)	(2.677.876)	(2.502.274)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	20.527.077	17.261.339	13.363.920
Hrein fjármagnsgjöld	(853.560)	(783.810)	(2.707.006)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	19.673.517	16.477.529	10.656.914
Tekjuskattur	(3.714.534)	(3.316.305)	(1.900.227)
<b>Hagnaður ársins</b>	15.958.983	13.161.224	8.756.687
EBITDA	23.302.048	20.213.746	16.227.780
<i>Sem hlutfall af tekjum</i>	28%	30%	28%

Rekstrartekjur Ramma hækkuðu á milli árána 2021 og 2022 um 25% og á milli árána 2020 og 2021 um 17%. Kom hækkunin að mestu leyti til vegna aukinna tekna af útgerð félagsins og vegur þar mest hækkun tekna af útgerð Sólbergs ÓF-1, en stór hluti af þeirri tekjuaukningu er vegna hækkunar á afurðaverði á sjófrystum afurðum. Einnig hafa tekjur dótturfélagsins Primex ehf. aukist á tímabilinu. Hlutfallslega er vægi tekna af útgerð Sólbergs ÓF-1 mest í tekjum samstæðunnar og eru þær á bilinu 55 til 62% af heildartekjum. Tekjur móðurfélagsins mynduðu um 90 til 92% af tekjum samstæðunnar á árunum 2020 til 2022. Tekjur Primex ehf. námu hins vegar um 6 til 8% af tekjum samstæðunnar á árunum 2020 til 2022, en áhrif Arctic Seafood Ltd. og Sigurbjörns ehf. á tekjur samstæðunnar hafa verið óveruleg.

Sala Ramma hf. eftir gjaldmiðlum skiptist þannig árið 2022: GBP um 42%, EUR um 23%, USD um 16%, ISK um 11%, DKK um 8%, og JPY tæpt 1%. Sala Primex ehf. eftir gjaldmiðlum skiptist þannig árið 2022: USD um 50%, EUR um 39%, og ISK um 11%. Sala Arctic Seafood Ltd. er eingöngu í GBP í Englandi, en áhrif þeirra tekna nettast að mestu út við gerð samstæðureiknings. Sala afurða Ramma hf. brotin niður eftir heimsálfum á árinu 2022 var sem hér segir: Vestur Evrópa 82%, Bandaríkin 10 %, Asía 5% og Austur Evrópa 3%. Sala afurða Primex ehf. brotin niður eftir heimsálfum á árinu 2022 var sem hér segir: Vestur Evrópa 50%, Bandaríkin 47 % og Asía 3%.

Hagnaður eða tap af sölu eigna myndast þegar rekstrarfjármunir eru seldir á verði sem er annað en bókfært verð þeirra, en mismunurinn er eftir atvikum færður til tekna eða gjalda. Eðli málsins samkvæmt eru þessir rekstrarliðir

óreglulegir og fara eftir því hvenær rekstrarfjármunir eru seldir, söluverði og bókfærðu verði þeirra við sölu. Söluhagnaður af rekstrarfjármunum er talinn með í rekstrartekjum. Þannig nam hagnaður af sölu eigna EUR 20 þúsund 2020, EUR 14 þúsund 2021 og EUR 143 þúsund 2022. Söluþap af sölu rekstrarfjármuna er talinn með í kostnaðarverði seldra vara og nam það EUR 0 á árinu 2020, EUR 5 þúsund á árinu 2021 og EUR 6 þúsund á árinu 2022.

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og landvinnslu félagsins og framleiðslukostnaði í dótturfélaginu Primex ehf., þar með töldum launakostnaði og afskriftum fiskiskipa, húsnæðis og tækja. Kostnaðarverð seldra vara sem hlutfall af rekstrartekjum er nokkuð jafnt öll árin eða um 69 til 70% og skýrist hækkun milli ára að mestu af hækkun tekna.

Afskriftir rekstrarfjármuna eru taldir með í kostnaðarverði seldra vara. Afskriftir rekstrarfjármuna eru reiknaðar út frá afskriftarhlutföllum eigna og kostnaðarverði þeirra í byrjun árs og eru hlutföllin mismunandi milli eignaflokka. Afskriftarhlutföll fasteigna og lóða eru 4 til 10% á ári, skipa og fylgihluta 5 til 20% og véla og tækja 10 til 25%. Þannig námu afskriftir rekstrarfjármuna EUR 2.864 þúsund árið 2020 sem jafngildir 5,0% af rekstrartekjum, en námu EUR 2.952 þúsund árið 2021, sem jafngildir 4,4% af rekstrartekjum og EUR 2.775 þúsund 2022, sem jafngildir 3,3% af rekstrartekjum

Útflutningskostnaður samanstendur af kostnaði við útflutning á seldum vörum samstæðunnar svo sem flutningskostnaði og váttryggingum. Útflutningskostnaður Ramma hf. er sem hlutfall af tekjum 1,7% 2020, 1,3% 2021 og 1,1% 2022. Útflutningskostnaður Primex ehf. sem hlutfall af tekjum er 7,8% 2020, 7,1% 2021 og 6,7% 2022. Mismunandi söluskilmálar við hverja sölu hafa áhrif á útflutningskostnað.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samanstendur af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, launakostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ýmsum öðrum kostnaði. Sameiginlegur rekstrarkostnaður samstæðunnar er sem hlutfall af tekjum 4,4% 2020, 4,0% 2021 og 4,0% 2022.

Hrein fjármagnsgjöld eru fjármunatekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum. Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum en evru. Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lánum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum en evru og öðrum fjármagnskostnaði. Hrein fjármagnsgjöld samstæðunnar 2020 eru EUR 2.707 þúsund og þar af er gengistap vegna skulda dótturfélagsins Sigurbjörns ehf. EUR 1.172 þúsund. Á árinu 2021 eru hrein fjármagnsgjöld EUR 783 þúsund og 2022 EUR 853 þúsund.

Tekjuskattur hvers árs samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi. Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna varanlegs mismunar sem myndast hefur við samruna félaga og skilgreindur hefur verið sem aflaheimildir þar sem slíkar eignir eru ekki frádráttarbærar samkvæmt skattalögum. Fram til ársins 2021 miðaði Rammi hf. skattskil sín við íslenska krónu (ISK) en frá og með árinu 2021 eru skattskil Ramma hf. miðuð við evru (EUR) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu 2020 var 17,8%, 2021 20,1% og 2022 18,9%

Að teknu tilliti til tekjuskatts og ofangreindra liða nam hagnaður samstæðunnar eftir skatta EUR 8.757 þúsund 2020, EUR 13.161 þúsund 2021 og EUR 15.959 þúsund 2022.

EBITDA samstæðunnar var árið 2020 EUR 16.228 þúsund eða 28% af tekjum, EBITDA rekstrarársins 2021 nam EUR 20.214 þúsund eða 30% af tekjum og EBITDA rekstrarársins 2022 nam EUR 23.302 þúsund eða 28% af tekjum.

Rekstrarhagnaður hvers árs að viðbættum afskriftum hvers árs mynda EBITDA hvers árs.

## 6.5.2 EFNAHAGUR RAMMA 2020-2022

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag samstæðu Ramma hf. fyrir rekstrarárin 2020, 2021 og 2022, sem miðast við endurskoðuð uppgjör samstæðu Ramma. Allar fjárhæðir í evrum (EUR).

Samstæðureikningar árána 2020, 2021 og 2022 samanstanda af rekstrar- og efnahagsreikningi og sjóðstreymisýfirliti Ramma hf. og dótturfélaganna Arctic Seafood Ltd. og Primex ehf. Dótturfélagið Sigurbjörn ehf. var sameinað Ramma hf. á árinu 2022 og miðaðist samruninn við 1. janúar 2022 og er rekstur Sigurbjörn ehf. innifalinn í rekstri Ramma hf. á árinu 2022 en er með í samstæðu Ramma hf. árin 2020 og 2021.

Tafla 26: Efnahagsreikningur Ramma í árslok 2020, 2021 og 2022

Eignir	Samstæða	Samstæða	Samstæða
	Ársreikningalög Endurskoðað 2022	Ársreikningalög Endurskoðað 2021	Ársreikningalög Endurskoðað 2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir	33.219.060	35.650.467	38.379.523
Skip í smíðum	4.135.053	4.016.800	0
Óefnislegar eignir	101.695.395	101.695.395	100.408.404
Eignarhlutir í öðrum félögum	729.522	545.615	591.036
Langtímaskuldir	444.600	322.449	331.670
	<b>140.223.629</b>	<b>142.230.726</b>	<b>139.710.633</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	12.470.165	7.057.286	7.886.961
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	4.582.415	6.942.656	5.888.233
Fyrirframgreiddur kostnaður	22.433	99.606	36.215
Handbært fé	10.242.709	6.568.938	5.749.167
	<b>27.317.722</b>	<b>20.668.486</b>	<b>19.560.576</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>167.541.351</b>	<b>162.899.212</b>	<b>159.271.209</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé	4.559.468	4.560.158	4.560.500
Lögbundinn varasjóður	1.165.022	1.165.022	1.165.022
Annað eigið fé	-1.440.059	-1.117.597	-2.508.171
Bundinn hlutdeildarreikningur	1.463.440	2.820.537	1.638.656
Óráðstafað eigið fé	111.805.697	96.484.514	85.461.669
	<b>117.553.568</b>	<b>103.912.635</b>	<b>90.317.676</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding	11.626.177	10.990.531	10.136.283
Skuldir við lánastofnanir	7.706.667	32.131.372	38.234.736
	<b>19.332.844</b>	<b>43.121.903</b>	<b>48.371.018</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir	0	3.000.000	9.500.000
Næsta árs afborgun langtímaskulda	22.787.801	6.103.363	6.103.363
Tekjuskattur til greiðslu	2.999.174	2.509.559	1.155.378
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	4.867.965	4.251.752	3.823.773
	<b>30.654.939</b>	<b>15.864.674</b>	<b>20.582.515</b>
Skuldir samtals	49.987.783	58.986.577	68.953.533

Eigið fé og skuldir samtals

167.541.351

162.899.212

159.271.209

#### *EIGNIR RAMMA 2020-2022*

Heildareignir samstæðunnar þann 31. desember 2020 námu EUR 159.271 þúsund, EUR 162.899 þúsundum í árslok 2021 og EUR 167.541 þúsund í árslok 2022.

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til og afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Stærsti einstaki liður í rekstrarfjármunum er Sólberg ÓF-1 sem bókfært er á EUR 27.394 þúsund í árslok 2022. Allur eldri búnaður í rækjuvinnslu Ramma hf. sem og húsnæði vegna starfseminnar hafa verið að fullu gjaldfærð með virðisrýrnun.

Á eignarliðinn skip í smíðum voru færðar greiðslur vegna samnings, sem Rammi hf. hefur undirritað við skipasmíðastöð í Tyrklandi um smíði á togara. Einnig hafa verið eignfærð kaup á íhlutum í togarann. Allur kostnaður sem til hefur fallið vegna smíðinnar svo sem laun starfsmanna, eftirlits- og fjármagnskostnaður hefur verið gjaldfærður. Tyrkneskur banki hefur veitt endurgreiðsluábyrgð á móti greiðslum til skipasmíðastöðvarinnar og Rammi hf. hefur keypt greiðsluábyrgð af banka vegna ógreiddra eftirstöðva samningsupphæðarinnar.

Óefnislegar eignir félagsins voru keyptar aflaheimildir sem eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði. Breyting á milli árána 2020 og 2021 skýrist af gengismun þegar aflaheimildir dótturfélagsins Sigurbjörns ehf. eru færðar í samstæðuuppgjör. Samstæðan á 4 skráð einkaleyfi og 9 skráð vörumerki. Umfjöllun um einkaleyfi og skrásett vörumerki í eigu Ramma vísast til kaflans „4.6 Hugverkaréttindi“. Kostnaður við öflun og skráningu einkaleyfa og vörumerkja er gjaldfærður. Kostnaður vegna rannsókna og vörubróunar er einnig gjaldfærður.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru bókaðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Í árslok 2020 eru eignarhlutir í öðrum félögum EUR 591 þúsund, árslok 2021 EUR 546 þúsund og í árslok 2022 EUR 730 þúsund.

Langtímakröfur voru skuldabréf sem færð voru til eignar á kostnaðarverði. Vaxtatekjur af skuldabréfum voru færðar í rekstrarreikningi. Í árslok 2020 námu langtímakröfur EUR 332 þúsund, árslok 2021 EUR 322 þúsund og í árslok 2022 EUR 445 þúsund.

Fastafjármunir samtals voru í árslok 2020 EUR 139.711 þúsundum, í árslok 2021 nam bókfært virði þeirra EUR 142.231 þúsundum og í árslok 2022 nam bókfært virði þeirra EUR 140.224 þúsundum .

Birgðir samanstóðu af afurða- og rekstrarvörubirgðum Ramma hf. sem voru metnar til eignar á meðalframleiðsluverði, sem samanstóð af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða dagverði reyndist það lægra. Afurðabirgðir i dótturfélaginu Primex ehf. voru metnar á beinu framleiðslukostnaðarverði. Rekstrarvörubirgðir voru metnar á síðasta innkaupsverði, en undirslegin veiðarfæri voru þó metin að hámarki á 20% af kaupverði.

Bókfært virði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna samstæðunnar nam í árslok 2020 EUR 5.888 þúsundum, EUR 6.943 þúsundum í árslok 2021 og í árslok 2022 EUR 4.582 þúsundum. Starfsmenn fylgdust reglulega með innheimtu viðskiptakrafna. Mat á innheimtanleika var unnið reglulega og kröfur færðar niður ef talið var líklegt að þær myndu ekki innheimtast. Í sögulegu ljósi var útlánatap Ramma verið óverulegt og flestir viðskiptavinir samstæðunnar höfðu átt í viðskiptum við hana um árabíl.

Handbært fé Ramma samanstóð af óbundnum bankainnstæðum og nam það í árslok 2020 EUR 5.749 þúsundum, EUR 6.569 þúsundum í árslok 2021 og EUR 10.243 þúsundum í árslok 2022.

#### *SKULDIR RAMMA 2020-2022*

Heildarskuldir og skuldbindingar samstæðunnar námu alls EUR 68.954 þúsund í árslok 2020, EUR 58.987 þúsund og EUR 49.988 þúsund í árslok 2022.

Skuldir við lánastofnanir námu alls EUR 53.838 þúsund í árslok 2020, EUR 41.235 þúsund í árslok 2021 og EUR 30.494 þúsund í árslok 2022. Eftirtaldir liðir í efnahagsreikningi samstæðunnar mynduðu skuldir við lánastofnanir: i) Skuldir við lánastofnanir, færðar meðal langtímaskulda; ii) Skuldir við lánastofnanir, færðar meðal skammtímaskulda og iii) Næsta árs afborganir af langtímaskuldum. Allar skuldir samstæðunnar við lánastofnanir voru í EUR.

Meðal næsta árs afborgana í árslok 2022 voru færðar EUR 18.954 þúsund sem samið hafði verið um framlengingu á til 2026, en endanleg skjalagerð þess efnis lá ekki fyrir í árslok 2022.

Tekjuskattur til greiðslu var skattur af afkomu samstæðunnar á árinu og var hann reikningsfærður en ógreiddur um áramót. Tekjuskattur til greiðslu var í árslok 2020 EUR 1.155 þúsund, EUR 2.510 þúsund í árslok 2021 og EUR 2.999 þúsund í árslok.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samstæðunnar voru í árslok 2020 EUR 3.824 þúsund, EUR 4.252 þúsund í árslok 2021 og EUR 4.868 þúsund í árslok 2023.

### 6.5.3 SJÓÐSTREYMISYFIRLIT RAMMA 2020-2022

Hér á eftir fer samantekin umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu Ramma hf. síðustu þrjú rekstrarár. Allar fjárhæðir í evrum (EUR).

Tafla 27: Sjóðstreymi Ramma fyrir árin 2020, 2021 og 2022

(EUR)	Samstæða Ársreikningalög 2022	Samstæða Ársreikningalög 2021	Samstæða Ársreikningalög 2020
Hagnaður ársins	15.958.983	13.161.224	8.756.687
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	2.774.971	2.952.406	2.863.860
Gengismunur			
langtímakrafna/lána	(5.960)	(383.745)	1.189.011
Tekjuskattur	640.380	832.873	723.544
Aðrir liðir	(143.459)	(18.161)	90.178
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>19.224.915</b>	<b>16.544.598</b>	<b>13.623.280</b>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(2.146.283)	1.952.468	(1.186.900)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>17.078.632</b>	<b>18.497.066</b>	<b>12.436.380</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(565.817)	(4.276.788)	(797.265)
Innborgað söluverð rekstrarfjármuna	220.039	197.339	359.605
Söluverð eignarhluta í félögum	5.324	0	0
Fjárfesting í eignarhlut í félagi	(189.318)	(45.800)	(17.937)
Langtímakröfur, breyting	(116.191)	18.081	16.887
	<b>(645.964)</b>	<b>(4.107.168)</b>	<b>(438.710)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Keypt eigin bréf	(18.630)	(6.840)	(187)
Greiddur arður	(2.000.000)	(950.000)	(950.000)
Tekin langtímalán	0	0	27.076.923
Afborganir langtímaskulda	(7.740.268)	(6.113.287)	(35.546.546)
Skammtímalán breyting	(3.000.000)	(6.500.000)	(2.004.755)
	<b>(12.758.898)</b>	<b>(13.570.127)</b>	<b>(11.424.565)</b>
Breyting á handbæru fé á árinu	3.673.770	819.771	573.105
Handbært fé í ársbyrjun	6.568.938	5.749.167	5.176.063
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>10.242.709</b>	<b>6.568.938</b>	<b>5.749.167</b>

Veltufé frá rekstri var árið 2020 EUR 13.623 þúsund, EUR 16.545 þúsund árið 2021 og EUR 19.225 þúsund árið 2022. Breyting á milli ára skýrðist af stærstum hluta af breytingu á hagnaði samstæðunnar eftir skatta.

Handbært fé frá rekstri árið 2020 var EUR 12.436 þúsund, EUR 18.497 þúsund árið 2021 og EUR 17.079 þúsund árið 2022. Breyting á milli ára skýrðist af breytingu á hagnaði samstæðunnar eftir skatta og mismunandi fjárbindingu innan hvers árs í rekstrartengdum eignum og skuldum.

Fjárfestingahreyfingar samstæðunnar námu nettó EUR 439 þúsundum ár á árinu 2020, EUR 4.108 þúsundum á árinu 2021 og EUR 646 þúsundum á árinu 2022. Fjárfestingahreyfingar nettó samanstóðu af fjárfestingum í rekstrarfjármunum, greiddu söluverði rekstrarfjármuna, söluverði eignarhluta í félögum, fjárfestingum í eignarhlutum í félögum og breytingum á langtímakröfum. Á árinu 2021 námu fjárfestingar í rekstrarfjármunum EUR 4.277 þúsundum, en þar af nam fjárfesting í nýjum togara EUR 4.017 þúsundum.

Fjármögnunarhreyfingar samstæðunnar námu nettó EUR 11.425 þúsundum ár árinu 2020, EUR 13.570 þúsundum á árinu 2021 og EUR 12.759 þúsundum á árinu 2022.

Fjármögnunarhreyfingar nettó samanstanda af kaupum á eigin bréfum, greiddum arði, teknum langtímalánum, afborgunum langtímaskulda og breytingu skammtímalána. Á árinu 2020 tók félagið nýtt langtímalán að fjárhæð EUR 27.077 þúsundir og á sama ári námu afborganir langtímaskulda EUR 35.547 þúsundum, en á árinu var skipt um lánveitanda í sambankaláni og gerður sambærilegur lánssamningur við nýja lánveitendur. Skammtímalán var greitt upp í árslok 2022. Hækkun á handbæru fé samstæðunnar á árinu 2020 nam EUR 573 þúsundum, EUR 820 þúsundum árið 2021 og EUR 3.674 þúsundum árið 2022. Handbært fé samstæðunnar hækkaði því frá ársbyrjun 2020 úr EUR 5.176 þúsundum í EUR 10.243 þúsund í árslok 2022.

## 7. STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN, YFIRSTJÓRN OG ENDURSKOÐENDUR

### 7.1 STJÓRNARHÆTTIR

Stjórnarhættir Ísfélags taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar eins og þær eru á hverjum tíma. Félagið vinnur að því að aðlaga stjórnarhætti sína að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins sem tóku gildi 1. júlí 2021 („Leiðbeiningar um Stjórnarhætti Fyrirtækja“).

Félagið víkur þó frá tilmælum í fyrsta kafla Leiðbeininga um Stjórnarhætti Fyrirtækja, grein 1.4, sem varðar tilnefningarnefndir, að því leyti að stjórn félagsins hefur ekki skipað tilnefningarnefnd og telur ekki ástæðu til að grípa til aðgerða vegna þess, auk tilmæla í grein 2.3.3 í öðrum kafla Leiðbeininga um Stjórnarhætti Fyrirtækja, um að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem óháðir eru félaginu og daglegum stjórnendum þess skuli jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Upplýsingar um stjórnarhætti Ísfélags má finna í samþykktum félagsins, dagsettu 28. september 2023 og í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins, sem finna má í endurskoðuðum ársreikningi 2022. Skjöl þessi má finna í kaflanum „2.3 Skjöl felld inn með tilvísun“.

Gildandi samþykktir félagsins, sem og starfsreglur stjórnar, kveða á um stjórnarhætti þess. Samþykktir félagsins, dagsettar 28. september 2023, kveða á um hluthafafundi í gr. 3.1. - 3.27, um stjórn félagsins í gr. 4.1. - 4.18., um forstjóra félagsins í gr. 5.1 - 5.3 og um reikningshald og endurskoðun í gr. 6.1. - 6.3. Sjá nánar umfjöllun í kaflanum „2.3 Skjöl felld inn með tilvísun“.

Regluvörður félagsins er Sigurbjörn Magnússon, lögmaður og einn eiganda Juris slf., kt. 580411-0610, Borgartúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir „Juris“) og staðgengill regluvarðar er Guðmundur Jóhann Árnason. Hlutverk regluvarðar er m.a. að hafa umsjón með því að félagið uppfylli lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, og að fyrrgreindum lögum sé framfylgt hjá félaginu. Á vefsíðu Ísfélags <http://isfelag.is/fjarfestar/> má finna upplýsingar um stjórnarhætti félagsins.

### 7.2 STJÓRN OG YFIRSTJÓRN ÚTGEFANDA

Æðsta vald Ísfélags er í höndum hluthafa á lögmatum hluthafafundi. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórnin er skipuð allt að sjö aðalmönnum. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi, afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns. Fundir stjórnar eru með þeim hætti að þeir eru haldnir þegar þurfa þykir eða um 5-7 sinnum á ári. Þegar fundir eru boðaðir er leitast við að velja þeim tíma sem gerir öllum stjórnarmönnum kleift að taka þátt. Við fundi er nýttur fjarfundarbúnaður þegar við á, þar sem stjórnarmenn eru staðsettir víðsvegar um landið. Stjórn útgefanda starfar í samræmi við starfsreglur stjórnar sem settar eru á grundvelli 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og setur stjórnin undirnefndum sínum, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, starfsreglur. Stjórn hefur ákvarðað hlutverk félagsins ásamt því að setja félaginu stefnu svo sem starfskjarastefnu sem er staðfest á aðalfundum félagsins. Stjórn hefur að auki sett félaginu stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér efni þessara stefna, ásamt samþykktum, starfsreglum og stjórnarháttayfirlýsingu sem finna má á vefsíðu útgefanda á vefslóðunum: <https://isfelag.is/stefnur/> og <https://isfelag.is/stjorn-og-stjornarhaettir/>.

Stjórnin ræður forstjóra og víkur honum úr starfi, ef nauðsyn krefur. Stjórnin sér um að útbúin sé starfslýsing fyrir forstjóra. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi. Stjórnin annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi og fjárhagsáætlanir. Stjórnin annast jafnframt um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins í samræmi við samþykktir félagsins, hlutafélagalög og önnur lög sem félagið kunna að varða. Árlega skal stjórnin meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Skal stjórnin jafnframt yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið og áætlanir. Núverandi stjórn Ísfélags var kosin á hluthafafundi félagsins þann 14. júní 2023. Samkvæmt gr. 4.1. samþykktu félagsins skal hún skipuð til eins árs í senn. Hana skipa þeir fimm einstaklingar sem tilgreindir eru hér fyrir neðan.

#### *STJÓRN ÍSFÉLAGS HF.*

##### **Stjórnarformaður**

Nafn:	<b>Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson</b>
Fæðingardagur:	29. desember 1958
Fyrsta kjör:	1991
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar
Menntun:	Lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1978 og cand. Jur. prófi frá Háskóla Íslands árið 1986.
Reynsla:	Gunnlaugur hefur setið í stjórn félagsins síðan 1991. Hann er jafnframt stjórnarformaður Lýsis hf., Fastus ehf. og Ó. Johnson og Kaaber – ÍSAM ehf.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	AF101 ehf. (stjórnarmaður), ÁB12 ehf. (stjórnarmaður), Eyjaberg ehf. (stjórnarformaður), Fastus ehf. (stjórnarformaður), G Fjárfestingafélag ehf. (framkvæmdastjórn, varamaður), Hlynur A ehf. (varamaður), HV12 ehf. (stjórnarmaður), Í fjárfestingar ehf. (stjórnarformaður), ÍSKS-BAR ehf. (stjórnarformaður), ÍSKS ehf. (stjórnarmaður), Ívar ehf. (stjórnarformaður), Korpa Import ehf. (stjórnarformaður), Korputorg ehf. (stjórnarmaður), Legalis sf. (eigandi), Lýsi hf. (stjórnarformaður), Lýsi Marketing ehf. (stjórnarmaður), Ó. Johnson & Kaaber – ÍSAM hef. (stjórnarformaður), Rekstrarfélag Korputorgs ehf. (stjórnarmaður), SK10 ehf. (stjórnarmaður), VV1012 ehf. (stjórnarmaður), Iceland Pelagic ehf. (varamaður), Jörvi fasteignir ehf. (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Fastus ehf. (stjórnarmaður), Hjónasjóðurinn ehf. (stofnandi, stjórnarmaður), Ísey Skeyr Bar ehf. (stjórnarmaður), Legalis fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður), Myllan-Ora ehf. (stjórnarformaður), Nesvík fasteignir ehf. (stjórnarmaður), TH6 ehf. (stjórnarmaður), TH911 ehf. (stjórnarmaður).
Hæði:	Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telur félagið Gunnlaug háðan bæði félaginu og stórum hluthafa byggt á áralöngum tengslum þessara aðila og þjónustu Gunnlaugs í þeirra þágu.
Eignarhald í útgefanda:	Gunnlaugur á ekki hlut í félaginu.

#### Varaformaður stjórnar

Nafn:	<b>Einar Sigurðsson</b>
Fæðingardagur:	23. ágúst 1977
Fyrsta kjör:	2013
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar
Menntun:	BA próf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Babson College í Bandaríkjunum.
Reynsla:	Ýmis störf fyrir Kristinn ehf. og tengd félög.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	AF101 ehf. (stjórnarformaður), ÁB12 ehf. (stjórnarformaður), DONE ehf. (stjórnarformaður), Eignarhaldsfélagið Fastus ehf. (varamaður), Eignarhaldsfélagið Skaftahlíð ehf. (stofnandi, stjórnarformaður), Eva Consortium hf. (stjórnarmaður), Fram ehf. (stjórnarformaður), Ice Fish Farm AS (stjórnarmaður), Fiskeldi Austfjarða hf. (stjórnarmaður), Fjárfestingarfélagið B ehf. (stofnandi), Heilsumiðstöðin 108 Reykjavík ehf. (stjórnarmaður), HV12 ehf. (stjórnarformaður), Korputorg ehf. (stjórnarformaður), Kröfufélagið ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Laxar fiskeldi ehf. (stjórnarmaður), Lundey fjárfestingafélag ehf. (stjórnarmaður), MKE ehf. (stjórnarformaður), Myllan-Ora ehf. (stjórnarformaður), Rekstrarfélag Korputorgs ehf. (stjórnarformaður), Rifós hf. (stjórnarmaður), Sinnum ehf. (stjórnarmaður), SK10 ehf. (stjórnarmaður), Skeifan 13A ehf. (stjórnarmaður), TM tryggingar hf. (stjórnarmaður),

	Tækniskólinn ehf. (stjórnarmaður), Upphaf fasteignafélag slhf. (stjórnarformaður), VAXA Technologies Iceland ehf. (stjórnarmaður), VV1012 ehf. (stjórnarformaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Alma íbúðafélag hf. (stjórnarmaður), EKL ehf. (varamaður), HB 5-7 ehf. (stjórnarmaður), Myllan-Ora ehf. (stjórnarmaður), Nesvík fasteignir ehf. (stjórnarmaður), Reykjavík DC ehf. (stjórnarmaður), TH6 ehf. (stjórnarformaður), TH911 ehf. (stjórnarformaður).
Hæði:	Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Einar háður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stórum hluthafa.
Eignarhald í útgefanda:	Einar á engan beinan hlut í félaginu sjálfur, en á 22,12% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem á um 57,7% í félaginu. Einar er jafnframt þriðjungseigandi í MKE ehf. sem á um 0,26% af hlutafé í Ísfélagi (0,27% miðað við atkvæðisrétt).

### Stjórnarmenn

Nafn:	<b>Guðbjörg M. Matthíasdóttir</b>
Fæðingardagur:	14. mars 1952
Fyrsta kjör:	2001
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar
Menntun:	Próf frá Kennaraháskólanum, 1976.
Reynsla:	Ýmis störf fyrir Kristinn ehf. og tengd félög.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Árvakur hf. (stjórnarmaður), Eignarhaldsfélag Fastus ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn), Eva Consortium hf. (varastjórn), Eyjaberg ehf. (stjórnarmaður), Fastus ehf. (stjórnarmaður), Fjárfestingarfélagið B ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn), Fram ehf. (stjórnarmaður), Heilsumiðstöðin 108 Reykjavík ehf. (varastjórn), Hlynur A ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdastjórn), ÍV fjárfestingafélag ehf. (stjórn, framkvæmdastjórn), Korpa Import ehf. (stjórnarmaður), Kristinn ehf. (stjórn, framkvæmdastjórn), MarF ehf. (stjórnarmaður), Ó. Johnson & Kaaber - ÍSAM ehf. (stjórnarmaður), Sinnnum ehf. (varastjórn), Þórsmörk ehf. (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	HB 5-7 ehf. (stjórnarmaður), Myllan-Ora ehf. (stjórnarmaður).
Hæði:	Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti er Guðbjörg óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háð stórum hluthafa.
Eignarhald í útgefanda:	Guðbjörg á beint 43.623 hluti í félaginu og á 11,29% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem aftur á 472.877.741 hluti í útgefanda eða sem nemur um 57,7% af skráðu hlutafé hans.

Nafn:	<b>Gunnar Sigvaldason</b>
Fæðingardagur:	15. október 1938
Fyrsta kjör:	2023
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Hornbrekkuvegi 3, 625 Ólafsfirði

Menntun:	Verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands.
Reynsla:	Framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 1997. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Atlas hf. (stjórnarmaður), Karlsberg ehf. (stjórnarmaður), Primex Medical Investments ehf. (stjórnarmaður), Skipavörur ehf. (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Árnaflúð ehf. (stjórnarmaður), Bratti ehf. (stjórnarmaður), Hafnarhryna ehf. (stjórnarmaður), Salka-Fiskmiðlun hf. (stjórnarmaður), Sandvík ehf. (stjórnarmaður), Sigurbjörn ehf. (stjórnarmaður), S.Þ. ehf. (varamaður), Valberg ehf. (stjórnarmaður).
Hæði:	Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Gunnar óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.
Eignarhald í útgefanda:	Gunnar er eigandi 52.743.201 hluta í útgefanda eða sem nemur 6,44%.

Nafn:	<b>Steinunn H. Marteinsdóttir</b>
Fæðingardagur:	31. janúar 1966
Fyrsta kjör:	2023
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Gránugötu 1 – 3, 580 Siglufjörður
Menntun:	Hárgreiðslumeistari og Diplómanám í ferðamálafræði.
Reynsla:	Steinunn hefur starfað hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu frá árinu 2012. Hún vann við hárgreiðslustörf á árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 til 2012 vann hún hjá Sparisjóðnum Afl, nú Arion banka.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar (stjórnarmaður), Kjólakistan ehf. (varamaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Kjólakistan ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður).
Hæði:	Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Steinunn háð félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og háð stórum hluthöfum.
Eignarhald í útgefanda:	Steinunn á engan hlut í útgefanda en aðilar sem Steinunn tengist fjölskylduböndum eiga 95.145.581 hluti í útgefanda, eða sem nemur 11,62%, í gegnum Marteín Haraldsson ehf.

Stjórn félagsins hyggst boða til hluthafafundar í kjölfar skráningar þar sem kosning 2 óháðra stjórnarmanna til viðbótar verður á dagskrá og mun félagið í kjölfarið uppfylla ákvæði leiðbeininga um Stjórnarhætti Fyrirtækja, hvað þetta snertir.

#### *YFIRSTJÓRN ÍSFÉLAGS HF.*

##### **Forstjóri**

Nafn:	<b>Stefán Baldvin Friðriksson</b>
-------	-----------------------------------

Fæðingardagur:	31. október 1963
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar
Menntun	Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.
Reynsla	Forstjóri Ísfélags frá því í febrúar 2010. Áður starfaði hann hjá Vinnslustöðinni hf. frá 1997 til og hjá Fiskistofu frá 1992 til 1997.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Guddunef ehf. (stjórnarformaður, stofnandi), IVM2 ehf. (framkvæmdastjórn), Fiskmarkaður Vestmannaeyja, (stjórnarformaður), Fiskmarkaður Þórshafnar (stjórnarformaður), Icelandic Pelagic (stjórnarformaður), Pelagic Greenland (stjórnarmaður), Austur Holding (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Fagranes útgerð ehf. (stjórnarmaður, framkvæmdarstjórn), Jupiter Shipping ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum ehf. (stjórnarmaður).
Eignarhald í útgefanda:	Eigandi alls hlutfjár í Guddunefi ehf. sem á 1.080.000 hluti í útgefanda eða sem svarar til 0,13% af hlutfé hans

### Aðstoðarforstjóri

Nafn:	<b>Ólafur Helgi Marteinnsson</b>
Fæðingardagur:	30. apríl 1959
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Gránugötu 1 – 3, 580 Siglufjörður
Menntun:	Skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands.
Reynsla:	Framkvæmdastjóri Ramma hf. frá árinu 1991.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Fyrirbarð ehf. (stjórnarformaður), Hafnarhyrna ehf. (stjórnarformaður), Karlsberg ehf. (stjórnarformaður), Marteinn Haraldsson ehf. (framkvæmdastjórn), Primex ehf. (stjórnarformaður), Primex Medical Investments ehf. (stjórnarformaður), StorMar ehf. (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Árnaflúð ehf. (stjórnarformaður), Bratti ehf. (stjórnarformaður), Rammi hf. (framkvæmdarstjórn), Sandvík ehf. (stjórnarformaður), Seyra ehf., Sigurbjörn ehf. (stjórnarformaður).
Eignarhald í útgefanda:	Ólafur er eigandi 26,11% hlutfjár í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 95.145.581 hluti í útgefanda eða sem svarar til 11,62% af skráðu hlutfé hans.

### Fjármálastjóri

Nafn:	<b>Unnar Már Pétursson</b>
Fæðingardagur:	29. ágúst 1965
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Gránugötu 1 – 3, 580 Siglufjörður
Menntun:	Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.
Reynsla:	Fjármálastjóri Ramma hf. frá 1993.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Frida ehf. (stjórnarmaður), Karlsberg ehf. (framkvæmdarstjórn, stjórnarmaður), Primex ehf. (stjórnarmaður), Primex Medical Investments ehf. (stjórnarmaður).

Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Árnaflúð ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Bratti ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Dentes ehf. (stjórnarformaður), Lýtó ehf. (varamaður), Marteinn Haraldsson ehf. (framkvæmdastjórn), Sandvík ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Sigurbjörn ehf. (framkvæmdastjórn, stjórnarmaður), Stapi lífeyrissjóður (stjórnarmaður), Torfdalur ehf. (framkvæmdarstjórn).
Eignarhald í útgefanda:	Eigandi alls hlutafjár í Karlsbergi ehf. sem á 6.575.074 hluti í útgefanda. eða sem svarar til 0,8% af skráðu hlutafé hans.

### Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar

Nafn:	<b>Örvar Guðni Arnarson</b>
Fæðingardagur:	2. desember 1976
Starfsstöð:	Ísfélag hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar
Menntun:	Viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík.
Reynsla:	Fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja hf. frá 2011 til 2023.
Núverandi stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald:	Eyjasýn ehf. (varamaður), Fiskmarkaður Þórshafnar ehf. (varamaður), HB 5-7 ehf. (stjórnarformaður), HH eignir ehf. (stofnandi), Icelandic Blue Ocean Salmon ehf. (stjórnarformaður), L21 ehf. (stjórnarformaður, stofnandi, framkvæmdastjórn), Lundey fjárfestingafélag ehf. (varamaður), Lífeyrissjóður Vestmannaeyja (varamaður), Ocean EcoFarm ehf. (stjórnarmaður), Primex ehf. (stjórnarmaður).
Stjórnarseta, seta í framkvæmdastjórn eða eignarhald s.l. 5 ár:	Fagranes útgerð ehf. (varamaður), Gutenberg ehf. (varamaður), Kassagerðin ehf. (varamaður), Plastprent ehf. (varamaður), Umbúðamiðstöðin ehf. (varamaður).
Eignarhald í útgefanda:	Eigandi alls hlutafjár í L21 ehf. sem á 540.000 hluti í útgefanda, eða sem svarar til 0,07% af skráðu hlutafé hans.

### ÆÐRAR UPPLÝSINGAR UM STJÓRN OG YFIRSTJÓRN

#### HÆFI

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í yfirstjórn Ísfélags hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórnar, stjórnendur eða stjórnarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum.

#### HAGSMUNAÁREKSTRAR

Guðbjörg Matthíasdóttir og Einar Sigurðsson, stjórnarmenn í Ísfélagi, eru meðal eigenda Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf. en ÍV fjárfestingafélag ehf. er stærsti hluthafi Ísfélags með 472.877.741 hluti, eða sem svarar til 57,77% af skráðu hlutafé félagsins (60,71% atkvæðisréttar eftir að tekið hefur verið tillit til eigin hluta Ísfélags). Er það félag jafnframt einn af seljendum hlutafjár í fyrirhuguðu almennu útboði.

Gunnar Sigvaldason, stjórnarmaður í Ísfélagi á 52.743.201 hluti í Ísfélagi og er hann einn af seljendum hlutafjár í fyrirhuguðu útboði.

Ólafur Helgi Marteinnsson, aðstoðarforstjóri Ísfélags á 26,11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 95.145.581 hluti í Ísfélagi eða sem svarar til 11,62% óskráðu hlutafé (12,21% atkvæðisréttar eftir að tekið hefur verið tillit til eigin hluta Ísfélags). Er það félag einn af seljendum hlutafjár í fyrirhuguðu útboði.

Ísfélagi er ekki kunnugt um að aðrir hagsmunaaðgrekstrar séu til staðar vegna skyldustarfa stjórnarmanna, yfirstjórnar og lykilstjórnenda fyrir Ísfélag og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða yfirstjórnar og/eða lykilstjórnenda útgefanda önnur en þau að Guðbjörg Matthíasdóttir meðstjórnandi og Einar Sigurðsson varaformaður stjórnar félagsins eru mæðgin og Steinunn Marteinsdóttir og Ólafur Helgi Marteinnsson eru systkin.

### 7.3 EFTIRLITSTJÓRN

#### *ENDURSKOÐUNARNEFND*

Stjórn Ísfélags hefur skipað þriggja manna endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur einstaklingum sem skulu allir vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna er jafnframt óháður félaginu. Í nefndinni sitja eftirfarandi einstaklingar:

- Einar Sigurðsson, varaformaður stjórnar Ísfélags.
- Lárus Finnbogason, endurskoðandi.
- Gunnar Svavarsson, ráðgjafi hjá Kontakt ehf.

Verksvið nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga útgefanda og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefndin sinnir m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti sem snýr að vinnuferlum við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og annast áhættustýringu.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- Mati á óhæði ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis félagsins skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins. Í skýrslu til stjórnar skulu koma fram upplýsingar um samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn félagsins. Þá skal jafnframt gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Einnig skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings félagsins og mati á óhæði endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreikninga. Stjórn og forstjóri félagsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninga félagsins. Endurskoðunarnefnd skal meta skilvirkni sína ásamt því að fara yfir og endurskoða starfsreglur nefndarinnar eftir því sem þörf krefur, þó að lágmarki árlega.

#### *STARFSKJARANEFND*

Starfskjaranefnd er skipuð í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins og starfar hún í umboði stjórnar sem ber ábyrgð á skipun og störfum nefndarinnar, sbr. 79. gr. a laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Tilgangur með stofnun starfskjaranefndar er að bæta stjórnarhætti og gera störf stjórnar félagsins markvissari. Starfskjaranefnd skal skipuð stjórnarmönnum félagsins og skal vera einn formaður nefndarinnar. Formaður nefndarinnar er Gunnar Sigvaldason.

Í starfskjaranefnd útgefanda eiga sæti eftirfarandi einstaklingar:

- Guðbjörg Matthíasdóttir, stjórnarmaður í Ísfélagi.
- Gunnar Sigvaldason, stjórnarmaður í Ísfélagi.
- Steinunn H. Marteinsdóttir, stjórnarmaður í Ísfélagi.

Meginhlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar er að undirbúa drög að starfskjarastefnu félagsins, móta tillögu um starfskjör stjórnarmanna sem skal lögð fyrir hluthafafund og leggja drög að framkvæmd starfssamninga við stjórnendur félagsins. Í þessu felst að nefndin er stjórn og forstjóra ráðgefandi um starfskjör æðstu stjórnenda félagsins. Þá skal nefndin fylgjast með því að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan þess ramma sem starfskjarastefna félagsins setur. Starfskjarastefna skal vera bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 3. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Nefndin skal árlega gefa stjórn skýrslu um störf sín í heild á starfsárinu.

#### *Upplýsingar um starfskjarastefnu félagsins:*

Gildandi starfskjarastefna útgefanda var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 31. maí 2023. Hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda útgefanda. Starfskjarastefnan er byggð á 2. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og kveður m.a. á um þóknun til stjórnarmanna sé ákveðin á aðalfundi útgefanda og að stjórn hafi heimild til að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gæta að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Við útgáfu lýsingarinnar er ekkert fyrirkomulag við lýði sem veitir starfsfólki hlutdeild í hlutafé útgefanda né áform um að auka hlutafé. Nánari upplýsingar um starfskjara- og endurskoðunarnefndir félagsins má finna á vefslóð félagsins: <https://isfelag.is/stjorn-og-stjornarhaettir/>

#### **7.4 LAUN OG HLUNNINDI STJÓRNAR, YFIRSTJÓRNAR OG NEFNDARMANNA**

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér að neðan. Þar er einnig tilgreind hlutafjáreign þeirra í Ísfélagi og önnur réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 22. nóvember 2023. Ekki eru útistandandi neindir afleiðusamningar við félagið tengdir hlutabréfum í Ísfélagi. Engar ákvarðanir hafa verið teknar af stjórn félagsins eða hluthafafundi varðandi veitingu kaup- eða söluréttá hlutum í félaginu eða gerð annarra afleiðusamninga tengdum hlutafé félagsins, hvorki til starfsmanna þess né annarra.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga á markaði. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Félagið hefur ekki gert aðra samninga við lykilstjórnendur um greiðslu hlunninda við starfslok. Samningar við lykilstjórnendur kveða á um 6 til 9 mánaða uppsagnarfrest.

Tafla 28: Stjórnarmenn og yfirstjórn – Tekjur, hlunnindi og réttindi tengd hlutabréfum Ísfélags

	Greiðslur frá Ísfélagi Vestmannaeyja/Ramma fyrir fjárhagsárið 2022		Réttindi tengd hlutabréfum í Ísfélagi við birtingu lýsingar		
	Laun, hlunnindi, kaupaukar og framlag í lífeyrissjóð	Hlutfjáreign í útgefanda	Réttindi í eigin nafni	Hlutfjáreign fjárhagslega tengdra aðila	Réttindi fjárhagslega tengdra aðila
<b>Stjórn</b>					
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson	3.000.000	0	0	0	0
Einar Sigurðsson	28.053.600	0	0	2.111.493	0
Guðbjörg Matthíasdóttir	1.500.000	43.623	0	472.877.741	0
Gunnar Sigvaldason	0	52.743.201	0	0	0
Steinunn Marteinsdóttir	0	0	0	95.145.581	0
<b>Yfirstjórn</b>					
Stefán Friðriksson	45.607.747	0	0	1.080.000	0
Þrír lykilstjórnendur	86.688.739	0	0	102.260.655	0
<b>Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd</b>					
Guðmundur Jóhann Árnason	13.899.483	0	0	0	0
Sigurbjörn Magnússon	1.500.000	0	0	0	0

Fjárhæðir í ISK / réttindi í hlutum

Með fjölda hluta í Ísfélagi í eigu ofangreindra aðila eru taldir eignarhlutir maka, ófjárráða barna og fjárráða einstaklinga með sama lögheimili, ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Einar Sigurðsson fær laun sem starfsmaður félagsins á sviði viðskiptaþróunar. Gunnar Sigvaldason og Steinunn Marteinsdóttir voru kosin í stjórn félagsins árið 2023 og nutu því ekki launagreiðslna frá Ísfélagi fyrir árið 2022. Í þeirri samtölu launa yfirstjórnenda sem tiltekin er í ofangreindri töflu eru laun eins starfsmanns sem naut launagreiðslna frá Ísfélagi fyrir árið 2022 og tveggja starfsmanna sem nutu launagreiðslna frá Ramma hf. fyrir árið 2022. Guðmundur Jóhann Árnason er starfsmaður félagsins á sviði samfélags- og umhverfismála. Laun Sigurbjarnar Magnússonar eru vegna stjórnarlauna en hann var í stjórn félagsins árið 2022.

Hluthafafundur 14. júní 2023 samþykkti fyrir komandi starfsár að laun stjórnarmanna yrðu kr. 250.000 á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld stjórnalaun á mánuði.

## 7.5 TENGDIR AÐILAR

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi útgefanda, dótturfélag hans, stjórnarmenn, forstjóri, helstu stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir, teljast til tengdra aðila. Skilgreining þessi er byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli númer 24 (IAS24), sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 sem innleidd hefur verið með lögum, sbr. 88. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

### VIÐSKIPTI VIÐ HLUTHAFA

Hluthafar með veruleg áhrif þann 14. júní 2023 og til dagsetningar lýsingar þessarar voru ÍV fjárfestingafélag ehf. með 60,71% atkvæðisréttar í félaginu og Marteinn Haraldsson ehf. með 12,21% atkvæðisréttar í félaginu, hvort tveggja að teknu tilliti til þess að eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

### VIÐSKIPTI VIÐ TENGDA AÐILA

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, stjórnir félags sem meðtaldar eru í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu.

### VIÐSKIPTI VIÐ TENGDA AÐILA Á ÁRUNUM 2020 TIL 2022 ÁSAMT FYRRI HELMINGI 2023

Staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers tímabils eru tekin saman í neðangreindri töflu.

Tafla 29: Upplýsingar varðandi tengda aðila

#### 1. janúar– 30.júní 2023 (USD)

	Keypt vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxta- tekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	1.639.106	29.012.058	97.154	18.768.955	351.559
Aðrir tengdir aðilar	743.990	120.635	110.690	3.179.786	99.385
Samtals	2.383.097	29.132.694	207.844	21.948.742	450.944

#### Árið 2022 (USD)

	Keypt vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxta- tekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	3.015.085	44.837.452	161.722	13.345.239	628.553
Aðrir tengdir aðilar	2.260.011	149.471	257.884	4.714.244	220.996
Samtals	5.275.096	44.986.923	419.606	18.059.483	849.549

#### Árið 2021 (USD)

	Keypt vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxta- tekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	208.613	47.322.877	32.807	13.626.028	703.765
Aðrir tengdir aðilar	749.163	1.638.507	613.959	11.986.476	376.711
Samtals	957.776	48.961.384	646.766	25.612.504	1.080.476

#### Árið 2020 (USD)

	Keypt vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxta- tekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur og hlutdeildarfélag	699.290	33.969.068	N/A	14.314.138	482.562
Aðrir tengdir aðilar	372.825	0	N/A	15.511.245	1.735.180
Samtals	1.072.115	33.969.068	N/A	29.825.383	2.217.742

Árið 2020 seldi Ísfélag vörur og þjónustu til tengdra aðila að andvirði USD 33.969 þús. og keypti vörur og þjónustu af tengdum aðilum fyrir USD 1.072 þús. Í lok árs 2020 átti Ísfélag viðskiptakröfur á tengda aðila að andvirði USD 29.825 þús. og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu USD 2.218 þús.

Árið 2021 nam sala vöru og þjónustu til tengdra aðila USD 48.961 þús. en kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum USD 958 þús. Í lok árs 2021 námu viðskiptakröfur á tengda aðila USD 25.613 þús. og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu USD 1.080 þús.

Seldar vörur og þjónusta til tengdra aðila árið 2022 námu USD 44.987 þús. og keyptar vörur og þjónusta af tengdum aðilum námu USD 5.275 þús. Ísfélag átti viðskiptakröfur á tengda aðila að andvirði USD 18.059 þús. í lok árs 2022 og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu USD 850 þús.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 seldi Ísfélag vörur og þjónustu til tengdra aðila að andvirði USD 29.133 þús. og keypti vörur og þjónustu af tengdum aðilum fyrir USD 2.383 þús. Þann 30. júní 2023 átti Ísfélag viðskiptakröfur á tengda aðila að andvirði USD 21.949 þús. og viðskiptaskuldir við tengda aðila námu USD 451 þús. Á tímabilinu frá 30. júní 2023 til útgáfudagsetningar lýsingar þessarar, námu viðskipti félagsins við tengda aðila alls USD 38.241.147, hvar af USD 36.085.943 stöfuðu af sölu Ísfélags af vöru og þjónustu til þessara aðila, en USD 2.155.204 stafaði af kaupum félagsins á vöru og þjónustu af þeim.

Helstu viðskipti við tengda aðila er sala afurða til Iceland Pelagic og StorMar. Félagið kaupir jafnframt ýmsa þjónustu af þessum fyrirtækjum í tengslum við sölu, s.s. geymsluþláss vegna afurða erlendis. Tekið skal fram að ofangreindar upplýsingar eiga við um Ísfélag og Ísfélag Vestmannaeyja.

## 7.6 ENDURSKOÐENDUR

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Í gr. 24 í samþykktum útgefanda er kveðið á um að á aðalfundi skuli kjósa til eins árs í senn endurskoðanda og skal hæfi endurskoðanda vera í samræmi við lög. Endurskoðandi skal kanna allt reikningshald, meðferð fjármuna og samræmi milli rekstrarárangurs annars vegar og settra markmiða, áætlana og ákvarðana stjórnar hins vegar. Er endurskoðanda heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum.

Endurskoðandi Ísfélags hf. er KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík (hér eftir „KPMG“). Matthías Þór Óskarsson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggildra endurskoðanda, annaðist endurskoðun ársreiknings Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023 og áritaði ársreikninginn. Var KPMG kosið endurskoðandi félagsins á hluthafafundi félagsins sem haldinn var þann 14. júní 2023 og tók við starfinu af Deloitte ehf. (sjá að neðan), en endurskoðandaskiptin er að rekja til þess að Deloitte ehf. hafði áður gegnt hlutverki endurskoðanda félagsins í þann þriggja ára hámarkstíma sem starfsreglur Deloitte ehf. leyfa.

Endurskoðandi Ísfélags Vestmannaeyja hf. vegna fjárhagsupplýsinga í lýsingu þessari er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Deloitte“). Guðmundur Ingólfsson, löggildur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggildra endurskoðanda, hefur annast endurskoðun reikninga Ísfélags Vestmannaeyja hf. og endurskoðaði og áritaði ársreikninga þess fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Deloitte hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni. Um brotthvarf Deloitte frá endurskoðun Ísfélags, sjá að ofan.

Endurskoðandi Ramma hf. vegna fjárhagsupplýsinga í lýsingu þessari er KPMG. Matthías Þór Óskarsson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggildra endurskoðanda, hefur annast endurskoðun reikninga Ramma hf. og endurskoðaði og áritaði ársreikninga og samstæðureikninga Ramma hf. fyrir árin 2020, 2021 og 2022 auk ársreiknings félagsins vegna fyrsta ársheilmings 2023. Engir hlutir í útgefanda eða tengdar afleiður eru í eigu Deloitte, KPMG eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun útgefanda. KPMG hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni.

## 8. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ

### 8.1 HLUTHAFAR

Í hlutaskrá Ísfélags voru 276 skráðir hluthafar þann 22. nóvember 2023. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjár en þeir eru ÍV fjárfestingafélag ehf. með 57,77%, hlutafjár sem jafngildir 60,71% atkvæðisréttar, að teknu tilliti til eigin hluta félagsins, og Marteinn Haraldsson ehf. með 11,62%, hlutafjár sem samsvarar 12,21% atkvæðisréttar að teknu tilliti til eigin hluta félagsins. Að auki á einn hluthafi meira en 5% hlut, en það er Gunnar Sigvaldason með 6,44% hlutafjár sem samsvarar 6,77% atkvæðisréttar að teknu tilliti til eigin hluta félagsins. Aðrir hluthafar fara með minna en 5% beinan eignarhlut í Ísfélagi, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu, skv. lögum nr. 108/2007, um yfirtökur.

Tafla 30: Tíu stærstu hluthafar Ísfélags hf. á dagssetningu lýsingar

Hluthafi	Tegund fjárfestis	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign	Hlutfallsl. eign án eigin bréfa
ÍV fjárfestingafélag ehf.	Einkahlutafélag	472.877.741	57,77%	60,71%
Marteinn Haraldsson ehf.	Einkahlutafélag	95.145.581	11,62%	12,21%

Gunnar Sigvaldason	Einstaklingur	52.743.201	6,44%	6,77%
Svavar Berg Magnússon	Einstaklingur	34.977.248	4,27%	4,49%
Anna ehf.	Einkahlutafélag	18.471.622	2,26%	2,37%
Jón Ingvar Þorvaldsson	Einstaklingur	11.768.502	1,44%	1,51%
Fimman ehf.	Einkahlutafélag	11.192.088	1,37%	1,44%
Guðmundur Sigurðsson	Einstaklingur	7.005.376	0,86%	0,90%
Valgerður Sigurðardóttir	Einstaklingur	7.005.376	0,86%	0,90%
Friðgeir Sigurðsson	Einstaklingur	7.005.323	0,86%	0,90%
<b>Samtals 10 stærstu</b>		<b>718.192.058</b>	<b>87,73%</b>	<b>92,20%</b>
Samtals aðrir 266 hluthafar		60.752.336	7,42%	7,80%
<b>Virkir hlutir samtals</b>		<b>778.944.394</b>	<b>95,15%</b>	
Ísfélag hf.*	Eigin hlutir	39.667.919	4,85%	
<b>Útgefnir hlutir samtals</b>		<b>818.612.313</b>	<b>100,00%</b>	

*\*Ísfélag hf. er einn af 10 stærstu hluthöfum félagsins*

Stærsti hluthafi Ísfélags hf. er ÍV fjárfestingafélag ehf. sem á 57,77% hluta í félaginu sem jafngildir 60,71% atkvæðisréttar, að teknu tilliti til eigin hluta félagsins, og fer því með meira er 30% atkvæðisrétt í Ísfélagi. ÍV fjárfestingafélag ehf. er þannig með atkvæðisrétt umfram þann 30% atkvæðisrétt sem eru skilgreind mörk um yferráð í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um yfirtökur. ÍV fjárfestingafélag ehf. hyggst selja 70.676.203 hluti eða sem nemur 8,63% af útgefnum hlutum í Ísfélagi í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði og minnka þar með eignarhluta sinn í Ísfélagi í 49,13%. Að útbóði loknu gerir ÍV fjárfestingafélag ehf. ekki ráð fyrir því að selja meira í félaginu.

Eigendur ÍV fjárfestingafélags ehf. eru, í gegnum óbeint eignarhald, Guðbjörg Matthíasdóttir og fjölskylda sem á samtals 57,77% í félaginu. Einnig er bent á skilmála útbóðsins í kafla 5 í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 22. nóvember 2023.

Annar stærsti hluthafi Ísfélags er Marteinn Haraldsson ehf. sem á 11,62% útgefina hluta í félaginu, sem samsvarar 12,21% atkvæðisréttar að teknu tilliti til eigin hluta félagsins. Marteinn Haraldsson ehf. hyggst selja 1.651.510 hluti eða sem nemur um 0,2% af útgefnum hlutum í Ísfélagi í fyrirhuguðu hlutafjárútbóði.

Marteinn Haraldsson ehf. er í eigu Álfhildar Stefánsdóttur 30,70%, Haralds Marteinsonar 30,24%, Ólafs Helga Marteinsonar, aðstoðarforstjóra Ísfélags, 26,11% og Rúnars Marteinsonar 12,95%. Einnig er bent á skilmála útbóðsins í kafla 5 í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 22. nóvember 2023.

Þá skal bent á kafla 1.3.6 varðandi söluhömlur sem stærstu hluthafar félagsins hafa undirgengist í 6 mánuði frá lokum útbóðs.

Öllum hlutum í félaginu fylgir eitt atkvæði. Þeir hluthafar sem nefndir eru hér að ofan njóta ekki annars konar atkvæðisréttar en aðrir hluthafar félagsins.

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yferráðum einhvers aðila annars en ÍV fjárfestingafélags ehf. Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald í Ísfélagi en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Jafnframt er útgefanda ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yferráðum í félaginu.

## 8.2 HLUTAFÉ

Útgefið hlutafé Ísfélags nemur 818.612.313 krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir. Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins um hækkun eða lækkun hlutafjár.

Ísfélag á 39.667.919 eigin hluti í félaginu sem er 4,85% af heildarhlutafé. Við útgáfu lýsingar þessarar er fyrir hendi heimild hluthafafundar félagsins frá 14. júní til kaupa á eigin hlutum og gildir hún til 14. desember 2024. Heimildin takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma í samræmi við 55. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Samkvæmt heimildinni má kaupverð í slíkum vera að hámarki ISK 96 á hlut, sem er 9,69% yfir innra virði hlutafjár samrunareiknings Ramma hf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf.

í árslok 2022. Samkvæmt heimildinni er stjórn Ísfélags, jafnframt heimilt að veita forstjóra heimild til að framkvæma einstök kaup og skal setja nánari skilyrði þ.a.l.

Athygli fjárfesta er þó vakin á því, að umrædd heimild var sett í tíð fyrri samþykka Ísfélags, og skv. grein 7.1. í núgildandi samþykktum félagsins mega heimildir til kaupa hlutfjár af þessum toga ekki vera veittar til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni. Þá mælir grein 7.2 núgildandi samþykka fyrir um, að sé heimild til kaupa eigin hluta nýtt eftir að hlutir félagsins eru teknir til viðskipta á skipulegum markaði, megi kaupverð í slíkum viðskiptum ekki nema herra verði en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta með hlutabréfin, eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem herra er.

Stjórn Ísfélags lýsir því yfir að hún muni ekki nýta heimild hluthafafundar félagsins frá 14. júní 2023 til kaupa eigin hluta, heldur sækja nýja heimild hluthafafundar til slíkra kaupa, komi þau til. Mun stjórn félagsins einnig beita sér fyrir því að umrædd heimild verði afturkölluð og hún felld niður á næsta hluthafafundi félagsins.

### 8.3 RÉTTINDI

Allir útgefdir hlutir í Ísfélagi tilheyra sama flokki og eru jafn rétt háir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Ísfélagi eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq CSD SE, útíubú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, Reykjavík, og færð í hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga (hér eftir „lög um verðbréfamiðstöðvar“). Eignarskráning rafréfs í verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafréfinu gagnvart útgefanda. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær skráning reikningsstofnunar í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6 gr. laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutfjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

#### 8.3.1 ATKVÆÐISRÉTTUR

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutfé útgefanda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæðisrétt sinn og skal umboðsmaður leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð sem er dagsett. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Í samræmi við gr. 8.1. samþykka félagsins má breyta samþykktum þess á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felast í meginatriðum. Breytingin þarf að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Með tillögum um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þess í samræmi við . gr. 9.1. samþykka félagsins. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum XIII og XIV.kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög.

Stjórn félagsins skipa allt að sjö aðalmenn sem kjörnir eru af hluthöfum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún skal hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að fylgt sé settum reglum jafnt lagareglum sem öðrum reglum er hluthafafundur hafa ákveðið og að sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og hún skal taka

ákvarðanir um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt skal að á hverjum tíma. Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg, þ. á m. til veðsetningar eigna félagsins.

### 8.3.2 ARÐUR OG ARÐGREIÐSLUSTEFNA

Stjórn Ísfélags hf. hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til að mæta þeim sveiflum sem fylgt geta rekstrarumhverfi í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið keppikefli félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og er þannig mikilvægt að félagið hafi ávallt bolmagn til að nýta þau fjárfestingartækifæri sem gefast þegar þau myndast. Stjórn Ísfélags telur enn fremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu. Er þannig stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% eftir útgreiðslu arðsins. Stjórn skal yfirfara arðgreiðslustefnu félagsins eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Arðgreiðslustefnu félagsins hverju sinni má finna á heimasíðu félagsins [isfelag.is/fjarfestar/](http://isfelag.is/fjarfestar/). Arður Ísfélags til hluthafa félagsins fyrir rekstrarárið 2022 nam 37% af hagnaði félagsins á rekstrarárinu 2021. Rammi greiddi hluthöfum sínum ekki arð vegna rekstrarársins 2022.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Félagið mun fylgja reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnum af Nasdaq Iceland hf., sem eru í gildi hverju sinni. Samkvæmt núgildandi reglum frá 1. febrúar 2021 lið 3.11.3 skal útgefandi birta á vefsvæði sínu fjárhagsdagatal þar sem meðal annars skal tilgreina útborgunardag arðs. Einnig skal taka fram í ársuppgjöri félagsins tillögu stjórnar að arðsúthlutun.

Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fynnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

Sögulegar arðgreiðslur útgefanda fyrir þau rekstrarár á tímabilinu sem fjárhagsupplýsingar í lýsingu þessari ná til eru eftirfarandi:

Tafla 31: Arðgreiðslur Ramma og Ísfélags Vestmannaeyja fyrir rekstrarárin 2020-2022

	Ramma		Ísfélag Vestmannaeyja	
	Arður (EURm)	Arður á hlut (EUR/hlut)	Arður (USDm)	Arður á hlut (USD/hlut)
2020	0,95	0,202	7,5	0,014
2021	2,00	0,426	15	0,028
2022	0	N/A	15	0,019

### 8.4 HÆKKUN EÐA LÆKKUN HLUTAFJÁR

Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta samkvæmt 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá forgangsréttarákvæði sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Að sama skapi getur hluthafafundur einn ákveðið lækkun hlutafjár.

### 8.5 ÞRÓUN HLUTAFJÁR

Hlutafé félagsins er 818.612.313 kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hlutafé félagsins var hækkað um 243.215.104 á hluthafafundi Ísfélags Vestmannaeyja þann 14. júní 2023 í tengslum við samruna félagsins við

Ramma hf. Að öðru leyti hefur hlutafé ekki verið hækkað né lækkað sl. 5 ár á undan. Ekki er fyrirhugað að hækka hlutafé félagsins í tengslum við fyrirhugað almennt útboð eða töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.



**VERÐBRÉFALÝSING**

**Ísfélags hf.**

22. nóvember 2023

## EFNISYFIRLIT

1. Áhættuþættir.....	3
1.1 Almenn áhætta tengd fjárfestingu í hlutabréfum .....	4
1.2 Áhætta tengd hlutabréfum í Ísfélagi .....	5
1.2.1 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast á eftirmaaði.....	5
1.2.2 Þynning hlutafjáreignar .....	5
1.2.3 Seljanleikaáhætta.....	6
1.2.4 Uppbygging á eignarhaldi Ísfélags kann að fela í sér áhættu .....	6
1.2.5 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta.....	7
2. Veltufé, fjármögnun og skuldastaða.....	8
3. Tilkynning til fjárfesta.....	9
3.1 Umsjónaraðili útboðs, söluaðilar og ráðgjafar .....	10
3.2 Gildistími, aðgengi að lýsingu og skjöl til sýnis .....	11
3.3 Hugsanlegir hagsmunaaárekstrar .....	11
3.4 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda .....	13
3.5 Skilgreiningar og tilvísanir .....	14
3.6 Skammstafanir og hugtök .....	15
4. Almenn útboð og taka til viðskipta á skipulegum markaði .....	16
4.1 Útgefandi og seljendur hlutafjár .....	16
4.1.1 Útgefandi.....	16
4.1.2 Seljendur.....	17
4.2 Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil.....	17
4.3 Söluaðilar almenns útboðs og umsjón með töku til viðskipta.....	18
4.3.1 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna áskriftarbóka A og B .....	19
5. Skilmálar og skilyrði útboðsins .....	20
5.1 Stærð, skipting og verð í útboði.....	20
5.2 Skilyrði fyrir þátttöku .....	21
5.3 Skráning áskrifta og áskriftartímabil .....	22
5.3.1 Skráning áskrifta.....	24
5.3.2 Staðfesting á greiðslugetu og/eða trygging fyrir greiðslu.....	25
5.4 Skerðing áskrifta og úthlutun við umfram eftirspurn.....	25
5.5 Tilkynning um niðurstöður almenns útboðs .....	26
5.6 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og afhending hluta.....	26
5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning .....	27
5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði.....	27
5.8 Taka hlutabréfa Ísfélags til viðskipta.....	27
6. Viðskiptavakt .....	29
7. Upplýsingar er varða hlutabréfaflokkinn .....	30
7.1 Hlutfé .....	30

7.2 Ákvæði um hækkun og lækkun hlutafjár .....	30
7.3 Réttindi tengd hlutabréfum í Ísfélagi hf. ....	30
7.4 Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum .....	31
7.5 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda.....	32
7.6 Innlausnarskylda og innlausnarréttur .....	32
7.7 Slit, skipti eða samruni á félaginu .....	33
7.8 Skattaleg atriði.....	33
7.9 Safnskráning .....	34
8. Fjárfestakynning Ísfélags .....	36

## 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Verðbréfalýsing þessi er dagsett 22. nóvember 2023 og er hluti lýsingar, sem útbúin hefur verið af Ísfélagi hf. kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum (hér eftir nefnt ýmist „Ísfélag“, „útgefandi“ eða „félagið“), sem er sjávarútvegs- og útgerðarfélag, sem hefur þann tilgang samkvæmt samþykktum sínum að reka útgerð, fiskvinnslu og aðra vinnslu sjávarafurða, svo og aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs og á skyldum sviðum, rannsóknarstarfsemi útflutning og innflutning, þátttöku í rekstri annarra félaga, svo og fjárfestingar, lánstarfsemi, kaup, sölu og rekstur fasteigna og tengda starfsemi.

Lýsing sú sem vísað er til að ofan (hér eftir: „lýsingin“) varðar almennt útboð á þegar útgefnum hlutum Ísfélags og eftirfarandi töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Það almenna útboð hlutafjár útgefanda sem vísað er til að ofan, fer fram dagana 23. nóvember til og með 1. desember 2023. Í útboðinu verður þegar útgefið hlutafé útgefanda boðið fjárfestum til kaups. Hlutafé þetta er, þegar útboðið fer fram, í eigu hluthafa útgefanda, annars vegar, og í eigu útgefanda sjálfs, hins vegar. Í kjölfar útboðsins og birtingar lýsingar útgefanda mun útgefandi óska eftir því að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“).

Hér á eftir er fjallað um þá áhættuþætti sem Ísfélagi er kunnugt um og telur að skipti umtalsverðu máli varðandi mat fjárfesta á markaðsáhættu tengdum hlutabréfum útgefnum af félaginu.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti hlutabréfa, þar með talið verðmæti hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í hlutabréfum, eða eftir atvikum, hluta hennar. Ákvörðun fjárfestis um kaup á hlutabréfum ætti því ávallt að byggjast á áhættumati fjárfestisins sjálfs.

Með vísan til þessa, eru fjárfestar hvattir til að sækja sér óháða ráðgjöf og kynna sér ítarlega efni útgefandalýsingar Ísfélags sem dagsett er 22. nóvember 2023, þar með talið lýsingu þeirra áhættu- og óvissuþátta sem varða rekstur félagsins og samstæðu þess, í því skyni að leggja mat á þá áhættu fyrir hagsmuni fjárfesta sem fjárfestingu í bréfum útgefanda fylgir. Hvorki útgefandi né seljendur þess hlutafjár sem boðið verður til sölu í umrætt sinn ábyrgjast að fjárfesting í hlutabréfum útgefanda verði arðsöm.

Fjárfestar sem áhuga hafa á kaupum á hlutabréfum útgefnum af Ísfélagi eru einnig hvattir til að kynna sér vel þá áhættuþætti sem fjallað er um í verðbréfalýsingu þessari og leggja eigið mat á þá heildaráhættu sem kaupin kunna að hafa í för með sér fyrir hagsmuni þeirra og einnig hvattir til að afla sér óháðrar ráðgjafar sérfræðinga í því skyni.

Fjárfestum má vera ljóst að þeir áhættuþættir sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu Ísfélags, kunna að hafa veruleg áhrif á rekstur og afkomu útgefanda og fjárfestingar í hlutabréfum útgefanda og ávöxtun þeirra fjármuna sem fjárfestar binda í þeim.

Þessi kafli í verðbréfalýsingu útgefanda sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur samkvæmt sinni bestu vitund að eigi sérstaklega við um hlutabréf sem útgefin eru af honum. Veitir útgefandi upplýsingar þessar svo fjárfestar megi meta áhættuna sem tengist þeim, eftir atvikum að fenginni óháðri sérfræðiráðgjöf.

Fjárfestum er ráðlagt og þeir eindregið hvattir til að skoða lagalega stöðu sína í tengslum við fjárfestingu í hlutabréfum útgefanda, sem og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfunum kunna að hafa. Eru fjárfestar eindregið hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf hvað þetta varðar.

Framsetning og uppröðun eftirfarandi áhættuþátta byggir á alvarleika þeirra og áhrif þeirra á fjárfestingu fjárfesta, að mati útgefanda. Í því sem eftir fer, eru fyrst taldir upp alvarlegustu áhættuþættirnir, byggt á hugsanlegum neikvæðum áhrifum þeirra á hlutabréfin og verðmæti þeirra, meðal annars byggt á líkum á að áhættuþættirnir gangi eftir.

Til viðbótar framangreindu, gerir fyrsti kafli útgefandalýsingar útgefanda, sem dagsett er 22. nóvember 2023 og ber yfirskriftina „Áhættuþættir“, grein fyrir áhættuþáttum sem útgefandinn telur að eigi sérstaklega við um hann, rekstur hans og starfsemi, samstæðu hans og þá atvinnugrein sem hann starfar í. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér báða flokka áhættutegunda, þ.e. þá sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingu þessari, sem og þá sem tilgreindir eru í framangreindri útgefandalýsingu.

Fjárfestum má vera ljóst að allir þeir áhættuþættir sem hér greinir eru háðir óvissu. Af þeim sökum er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur þess að áhættuþættirnir verði að veruleika. Fjárfestum er jafnframt sérstaklega bent á, að ávallt er möguleiki á því að aðrir þættir en þeir sem grein er gerð fyrir í verðbréfalýsingu þessari og framangreindri útgefandalýsingu, og sem útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjárfestum má þannig vera ljóst að upptalning áhættuþátta í báðum lýsingunum er ekki tæmandi, heldur geta hagsmunir þeirra tengdir hlutabréfum útgefanda beðið tjón af völdum annarra áhættuþátta, atvika eða kringumstæðna en þeirra sem verðbréfalýsing þessi og framangreind útgefandalýsing gera grein fyrir.

## 1.1 ALMENN ÁHÆTTA TENGD FJÁRFESTINGU Í HLUTABRÉFUM

Fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum. Kemur það meðal annars til vegna þess að hlutafé félaga telst til áhættufjármagns þeirra og veldur það því að hlutabréf eru réttlægst í kröfuröð við slit eða gjaldþrot hlutafélaga.

Af þessu leiðir að eigendur hlutabréfa fá greitt í hlutfalli við hlutfjáreign sína af því verðmæti sem eftir stendur þegar allir aðrir kröfuhafar hafa fengið kröfur sínar á hendur hlutafélaginu greiddar að fullu í samræmi við löglega lýstar og gildar (samþykktar) kröfur. Vegna þessa er sú áhætta til staðar að hluthafar fái litlar eða engar endurheimturgagnsmuna sinna við gjaldþrotaskipti eða í tengslum við annars konar fullnustu kröfuhafa á hendur búi útgefanda, þar með talið í tengslum við nauðasamninga útgefanda við kröfuhafa.

Ávöxtun fjárfesta af hlutabréfum getur komið til með tvennum hætti; annars vegar með breytingum á verði hlutabréfa yfir tíma, auk þess sem hlutafélög geta, hins vegar, skilað eigendum sínum ávöxtun með útgreiðslu arðs eða annars konar úthlutun úr búi útgefanda.

Vert er að hafa í huga að þó svo fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila eða hafi til þessa skilað góðri ávöxtun, er sú hætta almennt fyrir hendi að verð hlutabréfa geti lækkað í framtíðinni, bæði almennt á hlutabréfamarkaði en einnig í einstökum félögum. Verð hlutabréfa getur sveiflast meira en virði skuldabréfa á markaði og er virði þeirra háð stöðugum breytingum. Ekkert er heldur hægt að fullyrða um það hvort arðgreiðslur eða aðrar útgreiðslur úr sjóðum einstakra félaga muni eiga sér stað í framtíðinni, en geta félaga til slíks ræðst af rekstrarárangri þeirra í framtíðinni, sem engin fullvissa er um hvernig verði.

Breytingar á virði hlutabréfa geta bæði átt sér stað vegna breytinga á innri eða ytri skilyrðum viðkomandi félags, auk þess sem virðið ræðst af væntingum fjárfesta þar um. Einnig getur virði fyrirtækja ráðist af óvæntum atburðum og breytingum á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur einstakra fyrirtækja, eða áhrif á hagkerfið í heild. Útgefendur kunna að hafa takmarkaða eða enga stjórn á þeim kringumstæðum sem þannig hafa áhrif á rekstur þeirra og getu þeirra til að bregðast við kringumstæðum sem þessum, kann því að vera takmörkuð.

Fjárfestum er bent á, í dæmaskyni, að draga má úr áhættu tengdri hlutabréfakaupum með fjárfestingu í vel dreifðu safni hlutabréfa og annarra fjármálagerninga sem útgefnir eru af ólíkum félögum, fremur en að fjárfesta alfarið í fjármálagerningum útgefnum af einstökum félögum. Þá getur góð þekking og skilningur fjárfestis á rekstri og atvinnugreinum félaga sem fjárfest er í ennfremur reynst gagnleg til að efla skilning hans á þeirri áhættu sem fyrir hendi er samfara fjárfestingunni.

Fjárfestum er sérstaklega bent á, að lántökur þeirra til hlutabréfakaupa auka verulega áhættu þeirra tengda slíkum viðskiptum og eru fjárfestar því hvattir til að takmarka slíkt eins og þeim er unnt.

Fjárfestum skal þó fullljóst að framangreindar ráðstafanir eru þó einungis til þess fallnar að draga úr áhættu vegna fjárfestingar í hlutabréfum og má þeim vera ljóst að ráðstafanir þessar geta aldrei orðið fullnægjandi, hvorki einar eða samhliða öðrum, til að eyða áhættunni að fullu.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margskonar áhættu. Dæmi um áhættuþætti sem geta haft verðmyndandi áhrif á verðmæti hlutabréfa eru markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættur.

*Markaðsáhætta* er sú áhætta sem m.a. felst í breytingum á gengi hlutabréfa og þar með virði þeirra á hlutabréfamarkaði. Ýmsir atburðir eða kringumstæður geta orðið til þess að virði hlutabréfa lækkar eða hækkar og eru sumir þeirra utan áhrifasviðs eigenda og stjórnenda viðkomandi hlutafélaga. Dæmi um slíkar áhættur geta verið breytingar á vaxtaumhverfi, verðbólga, almenn þróun hlutabréfaverðs og þróun á gengi erlendra gjaldmiðla. Þá er umfang viðskipta á hlutabréfamarkaði einnig breytilegt frá einum tíma til annars og getur það verið misjafnt milli missera, mánaða, vikna og daga þar sem margir þættir markaðsaðstæðna og annarra ytri aðstæðna fyrirtækja ráða framboði og eftirspurn.

*Seljanleikaáhætta* er áhætta á því að ekki takist að selja hlutabréfin í því magni eða við því verði sem fjárfestir telur ásætlanlegt eða verði sem næst ætluðu raunvirði að hans mati. Þannig getur komið til þess að fjárfestar geti ekki selt hlutabréf tiltekins útgefanda þegar þeir vilja selja, ellegar geti ekki selt á því verði sem væntingar þeirra standa til. Tilvist fárra hluthafa í félagi kann að vera vísbending um að aukin slík seljanleikaáhætta sé fyrir hendi.

Líta má á bilið á milli kaup- og sölutilboða sem einn þeirra mælikvarða sem nýttir eru til að lýsa þessari tegund áhættu. Getur áhætta þessi m.a. falist í því að markaðurinn taki ekki við því magni sem vilji fjárfesta er til að selja á raunvirði hverju sinni, sem og falist í því að gengi bréfanna í slíkum viðskiptum verði lægra en vonir fjárfestanna stóðu til. Til viðbótar þurfa fjárfestar að hafa hugfast að umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

*Mótaðilaáhætta* er áhætta á því að mótaðili við kaup eða sölu hlutabréfa, eða mótaðili við framkvæmd viðskipta með aðra fjármálagerninga, efnir ekki samningsskyldur sínar þegar að uppgjöri kemur.

Ennfremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda (eða annars konar sameiginlegar fullnusturáðstafanir kröfuhafa) fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjäreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan skiptingar þess sem stendur eftir af eignum félagsins, eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Fjárfestar sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að engin fullvissa ríkir fyrir því að fjárfestingin muni reynast þeim ábatasöm og að engin trygging verður veitt af hálfu útgefanda fyrir slíku. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast, að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt, er sú hætta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum, þar með talið útgefanda, lækki í verði eða hækki ekki með sama hætti og önnur fyrirtæki á markaði. M.a. af þessum sökum er væntanlegum fjárfestum eindregið bent á að dreifa áhættu sinni tengt kaupum á hlutum útgefanda og leita sér fjárfestingarráðgjafar óháðra aðila.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

## **1.2 ÁHÆTTA TENGD HLUTABRÉFUM Í ÍSFÉLAGI**

### **1.2.1 MARKAÐSVERÐ HLUTA ÚTGEFANDA GETUR SVEIFLAST Á EFTIRMARKAÐI**

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum, sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Markaðsverð hlutabréfa getur sveiflast, bæði til hækkunar og lækkunar, eftir að viðkomandi hlutabréfaflokkur hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, þar með talið á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Útboðsgengi sem ákvarðast í fyrirhuguðu útboði útgefanda í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland geta verið hærri eða lægri en verð síðar sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ekki er hægt að fullyrða með neinni vissu um það hver þróun gengis hlutabréfa í Ísfélagi kann að verða í framtíðinni. Hreyfingar á gengi hlutabréfanna gætu meðal annars verið að rekja til almenns framboðs og eftirspurnar eftir hlutabréfum almennt, en einnig hlutabréfum Ísfélags. Einnig geta margskonar breytingar á högum félagsins, svo sem innri málefnum þess, rekstri, afkomu eða stjórnun, auk samsetningar hluthafahóps, haft verðmótandi áhrif á hlutabréf í félaginu.

Að auki geta ytri skilyrði, svo sem lagabreytingar eða aðrir utanaðkomandi þættir, til dæmis úthlutanir veiðiheimilda eða magn sjávarafra, auk afurðaverðs á mörkuðum, haft áhrif á rekstur Ísfélags, markaðsverðmæti hlutafjár þess, sem og íslenskt hagkerfi í heild. Framangreind ytri skilyrði teljast utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda Ísfélags. Hætta kann að vera á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almennu útboði hlutafjár Ísfélags geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu, ellegar að þeir geti jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

### **1.2.2 ÞYNNING HLUTAFJÁREIGNAR**

Sá möguleiki er ávallt fyrir hendi, að útgefandi hækki hlutafé sitt í framtíðinni af einhverri ástæðu. Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt með öðrum hætti en með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, mun það að öðru jöfnu leiða til þess að hlutfallsleg hlutafjäreign þeirra fjárfesta sem þegar eiga hlutabréf í útgefanda minnkar til samræmi við aukninguna, nema hluthafarnir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda til viðbótar þeim sem þeir áttu fyrir. Verði hlutafé félagsins hækkað, munu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjäreign sína, eins og kveðið er á um í lögum og samþykktum útgefanda á hverjum tíma.

Fjárfestum er þó rétt að hafa hugfast að hluthafafundur útgefanda kann að ákveða að falla frá þeim forgangsrétti hluthafa til nýrra hluta sem að ofan er lýst, hvort heldur í tengslum við eina eða fleiri hlutafjárukningar. Til þess

getur því komið, að félagið ráðist í hlutfjárhækkunir í framtíðinni, sem valda því að eignarhlutur þeirra hluthafa sem ekki taka þátt í þeirri aukningu minnki hlutfallslega, enda þynnist þá hlutfjáreign einstakra hluthafa út um það sem aukningunni nemur.

Samkvæmt gr. 2.2 samþykktu félagsins, dagsettra 28. september 2023, þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar hlutfjár félagsins. Við útgáfu lýsingar þessarar er ekki í gildi heimild til stjórnar félagsins til að hækka eða lækka hlutfé félagsins. Verði hlutfé félagsins hækkað, mæla samþykktir félagsins fyrir um að hluthafar skuli hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutfjáreign sína, eins og kveðið er á um í lögum á hverjum tíma. Í slíkri ályktun hluthafafundar um hækkun hlutfjár má kveða á um að hluthafar falli frá forgangsrétti, eins og oft er gert í reynd í starfsemi félaga sem fengið hafa fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á skipulegum markaði.

Margvíslegar ástæður geta legið að baki ákvörðun einstaks útgefanda, á borð við Ísfélag, um að ráðast í aukningu hlutfjár. Algengt er að hlutfé sé aukið til að fjármagna fjárfestingar sem talið er að muni auka verðmæti félagsins til lengri tíma lítið og þannig virði hlutfjár útgefandans. Bent er á að í kjölfar slíkra ákvarðana geta fjárfestar staðið frammi fyrir aukinni áhættu vegna hinnar nýju fjárfestingar. Fleiri ástæður kunna þó að vera fyrir því að útgefendur ráðist í hlutfjárhækkun, þar með talið sú að félaginu sé nauðsynlegt að afla sér viðbótar eigin fjár í kjölfar taprekstrar. Ekki er því víst að þátttaka fjárfestis í hlutfjárhækkun leiði til aukningu á verðmæti eignarhluta hans.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutfjár. Samkvæmt samþykktum Ísfélags er hluthafafundur lögmaður ef til hans hefur réttilega verið boðað. Í greinum 2.2 til 2.4. í samþykktum félagsins sem dagsettar eru 28. september 2023, er kveðið á um að það þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar hlutfjár. Þá þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, til að breyta því. Hluthafafundur einn getur með sama atkvæðamagni ákveðið lækku hlutfjár.

Samkvæmt 55. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, er heimild fyrir því að hlutfélög eignist allt að 10% af heildarhlutfé félagsins á hverjum tíma. Eigin hluti getur félag aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn þar að lútandi. Slík heimild verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en fimm ára. Við útgáfu lýsingar þessarar á útgefandi 39.667.919 eigin hluti sem eru 4,85% af útgefnu hlutfé. Óheimilt er að nýta atkvæðisrétt eigin hluta félagsins og eru þau talin frá við afmörkun atkvæðamagns í félaginu.

### 1.2.3 SELJANLEIKAÁHÆTTA

Fjárfestar mega búast við því að seljanleiki hlutabréfa í útgefanda og markaðsverð hlutabréfa hans kunni að breytast í takti við breytingar á markaðsaðstæðum, hagsveiflur, aflaheimildir, sjávarafla, fjárhagslegra afkomu útgefanda sjálfs, viðskiptamanna hans og afkomu hagkerfisins almennt, sem og aðra þætti sem almennt hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa, eða seljanleika þeirra.

Seljanleikaáhætta er fyrir hendi á íslenskum hlutabréfamarkaði m.a. vegna smæðar markaðarins. Viðskiptavakt með hlutabréf á markaði getur að einhverju leyti dregið úr seljanleikaáhættu. Ísfélag hefur gert samninga við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf., sem viðskiptavaka, um viðskiptavakt með hlutabréf í félaginu og taka þessir samningar gildi við töku þeirra til viðskipta á Nasdaq Iceland svo sem nánar má lesa í kafla „6 Viðskiptavakt“. Þrátt fyrir það er ekki hægt að tryggja að hluthafar í Ísfélagi geti selt bréf sín í því magni og á því verði sem þeir telja sanngjarnt á eftirmarkaði. Til þess að fjárfestar geti selt hlutabréfaeign sína þarf að vera til staðar virk verðmyndun með hlutabréfin á markaði.

### 1.2.4 UPPBYGGING Á EIGNARHALDI ÍSFÉLAGS KANN AÐ FELA Í SÉR ÁHÆTTU

Skipan eignarhalds Ísfélags á hverjum tíma getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Eru fjárfestar í því sambandi minntir á að eignarhald útgefanda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Hluthafar Ísfélags þann 22. nóvember 2023 eru 276 talsins. Eignarhald félagsins er samþjappað, þ.e. fáir hluthafar eiga stærstan hluta félagsins, og mun sú samþjöppun vara áfram í kjölfar útboðs. Stærstu hluthafar útgefanda gætu því, miðað við eignarhald sitt, tekið sig saman um að hafa veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafafundar. Þeir hafa einnig atkvæðisrétt til að koma í veg fyrir breytingu á yferráðum og gætu gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg, neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa í útgefanda. Þetta á bæði við um eignarhald Ísfélags samkvæmt núverandi hlutaskrá, sem og eignarhald félagsins eftir þær breytingar á eignarhaldi sem búast má við í kjölfar fyrirhugaðs almenns útboðs á áður útgefnu hlutfé í félaginu, sem ráðgert er að fram fari í aðdraganda töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um hluthafa Ísfélags og fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar á hlutfjáreign í félaginu, sem koma fram, annars vegar í kafla „7.5 Lögbundin yfirtökuútlit og tilboðsskylda“ í

verðbréfalýsingu þessari, og hins vegar upplýsingar kafla í útgefandalýsingu, sem dagsett er 22. nóvember 2023 og ber yfirskriftina „8. Hluthafar og hlutafé“.

Stærstu hluthafar félagsins, ÍV fjárfestingarfélag ehf., Marteinn Haraldsson ehf. og Gunnar Sigvaldason hafa undirgengist söluhömlur að útboðinu loknu en þeir hafa undirgengist að selja ekki frekar af útistandandi hlut sínum í Ísfélagi í 6 mánuði frá lokum útboðs (sem áætluð eru 1. desember 2023). Ekki liggja fyrir upplýsingar um frekari áform seljenda í útboðinu varðandi eignarhluti sínu eftir það tímamark og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um söluskyldu á hlutum í Ísfélagi. Eftir að söluhömlum lýkur verða allir hlutir í félaginu að fullu framseljanlegir innan þeirra marka sem leiða má af samþykktum félagsins og ákvæðum laga á hverjum tíma, sbr. það sem að neðan greinir varðandi heimild erlendra aðila til fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegsfélögum.

Fjárfestum er bent á, að þegar hlutir í Ísfélagi hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur, ákvæði laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem og ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem öllum er ætlað að tryggja upplýsingagjöf og fjárfestavernd í tengslum við eignabreytingar á hlutum í félögum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeim til viðbótar munu einnig gilda reglur sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur sett, m.a. um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 320/2022, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa nr. 655/2023 og um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 44/2023. Í íslenskri löggjöf eru takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, samanber lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Erlendur aðili er, samkvæmt 2. gr., laganna einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Takmarkanir þessar kunna að draga úr seljanleika hlutabréfa í útgefanda þar sem mengi mögulegra kaupenda er af þessum sökum takmarkaðra en hlutabréfa annarra útgefenda sem ekki falla undir slíkar kvaðir. Athygli fjárfesta er í þessu sambandi vakin á ákvæðum gr. 2.8 í samþykktum félagsins þar sem segir að engar hömlur séu lagðar á sölu og veðsetningu eða önnur viðskipti með hluti í Ísfélagi milli íslenskra aðila, en að um takmarkanir á kaupum erlendra aðila á hlutum í Ísfélagi fari samkvæmt lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

### 1.2.5 LAGAUMHVERFI ALMENNIS ÚTBOÐS OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Um útgefanda og þau hlutabréf sem hann mun gefa út og óska eftir að verði einnig tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda m.a. reglur laga nr. 108/2007 um yfirtökur, laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, sem og innherjareglur laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, auk þeirrar löggjafar Evrópusambandsins sem framangreind lög innleiða í íslenskan rétt. Um verðbréfavíðskipti gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, með áorðnum breytingum sem og þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli framangreindra laga og reglna.

Lýsing þessi er gefin út á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sem og þeirra reglugerða Evrópusambandsins sem umrædd lög innleiddu í íslenskan rétt.

Einnig lýtur útgefandi og hlutabréfin sem hann gefur út reglum fyrir útgefendur hlutafjár (e. Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares) sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland þann 1. febrúar 2021 í samræmi við lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, en í reglum þessum er m.a. fjallað um skilyrði fyrir töku hluta til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, og upplýsingaskyldu útgefenda slíkra hluta.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, auk annarra laga og reglugerða, þ.m.t. löggjafar sem síðar kann að vera sett og hefur áhrif á starfsemi eða hlutabréf útgefanda. Brot gegn þessum réttarheimildum kunna að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna jafnframt að hafa það í för með sér að Fjármálaeftirlitið og/eða Nasdaq Iceland taki hlutabréf í útgefanda úr viðskiptum á markaði um tiltekinn tíma eða endanlega.

Brjótí útgefandi framangreind lög eða reglur og/eða lög eða reglur sem síðar kunna að vera settar og hafa áhrif á starfsemi eða hlutabréf útgefanda, kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði.

Vakin er sérstök athygli á því að eftir að viðskipti með hlutabréfin hefjast, munu eigendur hlutabréfa í félaginu falla undir ákvæði III. kafla laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu um útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu

(flöggunarreglur), ákvæði laga nr. 108/2007 um yfirtökur, sem og ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum. Brot gegn ákvæðum þessara laga, framin af ásetningi eða gáleysi, kunna að varða þá aðila refsíabýrgð sem slík brot fremja, hvort heldur í formi sektargreiðslna eða fangelsisrefsinga, eða hvort tveggja.

## 2 VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA

Stjórnarformaður Ísfélags og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé Ísfélags vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi rekstrarþarfir félagsins.

Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru í samræmi við endurskoðað uppgjör félagsins fyrir tímabilið frá 1. janúar 2023 til og með 30. júní 2023. Aðrar fjárhagsupplýsingar Ísfélags sem birtar eru í og eru hluti af lýsingu félagsins, sem dagsett er 22. nóvember 2023 eru endurskoðaðir samstæðuársreikningar fyrir fjárhagsárin 2020–2022, auk þess sem birtar eru samanburðarupplýsingar samkvæmt IFRS reikningskilastaðli fyrir rekstrarárið 2022, sem og slíkar upplýsingar fyrstu 6 mánuði þess árs, en skjöl þessi má finna í kafla 2.3 í útgefandalýsingu Ísfélags sem dagsett er 22. nóvember 2023, sem ber yfirskriftina „Skjöl felld inn með tilvísun“.

Tafla 2.1: Fjármögnun og skuldsetning þann 30. september 2023 (USD)<sup>1</sup>:

### Skammtímaskuldir:

- með ábyrgðum:	USD 1.535.000
- með veði:	USD 12.440.000
- án ábyrgða/veðs:	USD 53.738.000
<b>Skammtímaskuldir samtals:</b>	<b>USD 67.713.000</b>

### Langtímaskuldir og skuldbindingar:

- með ábyrgðum:	USD 0
- með veði:	USD 127.706.000
- án ábyrgða/veðs:	USD 80.720.000
<b>Langtímaskuldir samtals:</b>	<b>USD 208.426.000</b>

### Eigið fé:

-Hlutfé USD:	USD 6.150.000
- Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár/varasjóður:	USD. 254.524.000
- Bundinn hlutdeildarreikningur:	USD 7.563.000
- Óráðstafað eigið fé:	USD 230.260.000
Annað eigið fé:	USD (6.431.000)

**Eigið fé samtals:** **USD 492.066.000**

**Samtals fjármögnun:** **USD 768.205.000**

<sup>1</sup> Upplýsingar í töflu eru byggðar á óendurskoðuðu innanhúsuppgjöri Ísfélags m.v. 30. september 2023

Félagið hyggst efna til almenns útboðs þar sem boðið verður til sölu hlutfé í Ísfélagi sem þegar hefur verið gefið út og er annars vegar í eigu núverandi hluthafa félagsins og, hins vegar, í eigu félagsins sjálfs. Af því leiðir að fjárstreymi til Ísfélags í tengslum við hið fyrirhugaða almenna útboð á hlutum í félaginu sem áætlað er að fram fari dagana 23. nóvember til 1. desember 2023 mun aðeins samsvara greiðslum fyrir þá eigin hluti sem seldir verða í útboðinu. Sjá nánari umfjöllun kafla „4.1.2 Seljendur“.

Í kjölfar útboðsins verður óskað eftir töku alls hlutfjár í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Bent er á upplýsingar um kostnað sem fellur á félagið við að undirbúa og fá hlutabréf í Ísfélagi tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland má finna í kafla „5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði“ í verðbréfalýsingu þessari

### 3 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu Ísfélags sem dagsett er 22. nóvember 2023 og ber heitið Lýsing hlutabréfa Ísfélags hf. Er lýsing þessi birt í tengslum við almennt útboð á áður útgefnum hlutum í Ísfélagi hf. og umsókn um að fá hlutabréf í Ísfélagi hf. tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Hvort tveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Falla útgefandi og fjármálagerningar sem hann gefur út þar undir ákvæði umræddra laga.

Um útgáfu hlutabréfanna gilda íslensk lög og teljast hlutabréf Ísfélags vera verðbréf í skilningi 64 tl., 1 mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um hlutabréfin gilda enn fremur lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 2/1995, um hlutafélög, auk annarra laga og reglugerða.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, hafa verið leidd í lög hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2019 frá 29. mars 2019, sbr. lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði gilda einnig um lýsinguna.

Að auki munu, eftir töku verðbréfa útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, gilda reglur Nasdaq fyrir útgefendur skráðs hlutafjár (e. Nordic Main Market Rulebook for Issuers of Shares), eins og þær eru á hverjum tíma. Reglur þessar mæla m.a. fyrir um þau skilyrði sem uppfylla þarf varðandi töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem og kröfur til upplýsingagjafar útgefanda.

Fjármálaeftirlitið, sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, hefur staðfest lýsingu Ísfélags hf., sem dagsett er 22. nóvember 2023.

Staðfesting Fjármálaeftirlits varðar einungis það, að stofnunin telji lýsinguna uppfylla þær kröfur sem gerðar um að lýsingin sé fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Fjárfestum ber ekki að líta á slíka staðfestingu stofnunarinnar sem staðfestingu á gæðum eða eiginleikum verðbréfanna sem lýsingin varðar.

Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Lýsingin er á íslensku og er eingöngu birt á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands.

Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 22. nóvember 2023. Lýsinguna í heild sinni má nálgast á vef útgefanda, <http://isfelag.is/fjarfestar>, og verður hún aðgengileg þar í 10 ár. Verðbréfalýsing þessi sem dagsett er 22. nóvember 2023, ásamt útgefandalýsingu sem dagsett er sama dag auk samantektar (skjölín þrjú hér saman nefnd einu nafni „lýsingin“), innihalda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og upplýsingar um þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Leitast hefur verið við að setja upplýsingar í lýsingunni fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsinguna og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er birt og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar hlutabréfin eru tekin til viðskipta.

Hvorki útgefandi, umsjónaraðili né söluaðilar bera ábyrgð á áhrifum lagabreytinga, breytinga á reglugerðum og reglum eða ákvörðunum dómstóla sem kunna að koma til eftir staðfestingu lýsingarinnar. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á hlutabréfunum, koma fram á tímabilinu frá birtingu lýsingar þessarar og þar til útboðstímabili lýkur eða víðskipti hefjast á skipulegum verðbréfamarkaði, hvort heldur sem síðar gerist, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og lýsingin sjálf.

Í samræmi við ákvæði fyrrnefndra laga og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir fjármálagerningum sem viðkomandi lýsing varðar, áður en viðaukinn er birtur, eiga rétt á að falla frá fyrrgreindu samþykki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans, að því tilskildu að

viðkomandi mikilvægar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni sem að framan greinir hafi komið fram eða uppgötvast fyrir lok útboðstímabilsins eða afhendingu verðbréfanna, hvort heldur sem gerist fyrr.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda sem dagsett er 22. nóvember 2023, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna, hvort heldur sem er af hálfu útgefanda, seljenda, umsjónaraðila útboðs, og umsjónaraðila með töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða annarra aðila.

Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum, en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í Ísfélagi hf. og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna, sem og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á hlutabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestar eru jafnframt hvattir til að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa fyrir þá og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. líta svo á, að áskrift og þátttaka fjárfestis í útboðinu feli eingöngu í sér framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla hans skv. 5. mgr. 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 og að bönkunum sé þannig ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda sé viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í þeim viðskiptum þannig ekki verndar samkvæmt 45. gr. í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða, annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing stangast á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal þannig m.a. hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa utan Íslands.

Athygli fjárfesta er vakin á takmörkunum á eignarhaldi erlendra aðila í sjávarútvegsfélögum, skv. lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og takmarkanir á slíki fjárfestingu sem áréttuð er í grein 2.8 í samþykktum Ísfélags.

Útgefandi og umsjónaraðilarnir skulu ekki teljast ábyrgir eða á annan hátt skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

Eftir að hlutabréf útgefin af Ísfélagi hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fylgir útgefandi settum lögum og reglugerðum um verðbréfavíðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem útgefna eru af Nasdaq Iceland, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um útgefanda á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður, sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta, beri að birta eins fljótt og unnt er.

Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu upplýsinga skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, auk þess sem þær skulu sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur hlutabréfa. Ísfélag mun birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef útgefanda, á slóðinni <http://isfelag.is/fjarfestar>.

### **3.1 UMSJÓNARAÐILI ÚTBOÐS, SÖLUAÐILAR OG RÁÐGJAFAR**

Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík (hér „Arion banki“), Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (hér „Íslandsbanki“) og Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík (hér „Landsbankinn“) hafa umsjón með almennu útboði á hlutum í Ísfélagi hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, sem tilgreint er í verðbréfalýsingu þessari. Arion banki hefur unnið að gerð útgefandalýsingar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans sem, ásamt verðbréfalýsingu þessari, byggir á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal endurskoðuðum ársreikningum Ísfélags Vestmannaeyja hf. fyrir fjárhagsárin 2020, 2021 og 2022 sem og endurskoðuðu árshlutauppgjöri Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023. Ísfélag hf. ber ábyrgð á öllum þeim upplýsingum sem veittar eru í verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu.

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa jafnframt umsjón með töku hlutabréfa Ísfélags til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Upplýsingar í lýsingu þessari byggja á upplýsingum frá útgefanda. Hvorki Arion banki, Íslandsbanki né Landsbankinn hafa lagt mat á nákvæmni eða heilleika þeirra upplýsinga sem fram koma í lýsingu þessari né

annarra upplýsinga sem birtar eru í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútböð og töku hlutabréfanna til viðskipta. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2020, 2021 og 2022.

### 3.2 GILDISTÍMI, AÐGENGI AÐ LÝSINGU OG SKJÖL TIL SÝNIS

Lýsing útgefanda dagsett 22. nóvember 2023 samanstendur af þremur skjölum: Samantekt, útgefandalýsingu, og verðbréfalýsingu þessari, sem öll eru dagsett 22. nóvember 2023 og, eftir atvikum, viðaukum sem síðar kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útböði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin gildir í 12 mánuði frá staðfestingu hennar.

Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af útgefanda eða varða hann.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Samþykktir Ísfélags hf., dagsettar 28. september 2023.
- Endurskoðaður árshlutareikningur Ísfélags hf., fyrir fjárhags tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023
- Samandreginn árshlutareikningur Ísfélags 30. júní 2023 með ókönnuðum samanburðartölum 30. júní 2022
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf. samkvæmt IFRS reikningsskilastaðli, fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2022.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyja hf., fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2021.
- Endurskoðaður ársreikningur Ísfélags Vestmannaeyjar hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður ársreikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Endurskoðaður samstæðureikningur Ramma hf., fyrir fjárhagsárið 2020.
- Samfélagsskýrsla Ísfélags Vestmannaeyja 2021 og 2022, og samfélagsskýrsla Ramma 2022.
- Fjárfestakynning félagsins dagsett 22. nóvember 2023.

Verðbréfalýsingu þessa skal lesa í samhengi við öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun í útgefandalýsingu. Lýsingu þessa skal lesa og túlka á þeim grundvelli að öll þau skjöl sem vísað er til með tilvísun eru eins og áður segir órjúfanlegur hluti af lýsingu þessari.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <http://www.isfelag.is/fjarfestar>.

### 3.3 HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn Ísfélags sem koma fram í kafla í útgefandalýsingu Ísfélags, sem dagsett er 22. nóvember 2023, sem ber yfirskriftina „2.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar“. Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum seljenda í fyrirhuguðu útböði, en upplýsingar um seljendur koma fram í kafla „4.1.2 Seljendur“ í verðbréfalýsingu þessari. Athygli fjárfesta er vakin á þeim hagsmunum sem Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. eiga tengda fyrirhuguðu almennu útböði á hlutabréfum Ísfélags og ósk um að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland.

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa umsjón með töku á hlutabréfum í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hafði Arion banki umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu. Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn hafa auk þess umsjón með fyrirhuguðu almennu útböði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og fá bankarnir þóknun frá Ísfélagi fyrir þá þjónustu.

Arion banki er einn hluthafi Ísfélags hf. með um 0,66 eignarhlut af útgefna hlutafé (0,69% af atkvæðisrétti eftir að tekið er tillit til eigin hluta félagsins), en Arion banki er hvorki viðskiptabanki né lánveitandi Ísfélags. Þó hefur Ísfélag gert afleiðusamninga með Arion banka sem mótaðila. Arion banki hf. er einn seljenda hlutafjár í útböðinu og ráðgerir bankinn að selja þar allan eignarhlut sinn.

Íslandsbanki er lánveitandi útgefanda, auk þess sem bankinn veitir Ísfélagi þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, gjaldeyrisvíðskipta og afleiðuvíðskipta. Fær Íslandsbanki greiddar þóknanir frá útgefanda vegna þessarar þjónustu.

Landsbankinn er einn hluthafa Ísfélags hf. með um 0,10% eignarhlut (0,11% af atkvæðisrétti að teknu tilliti til eigin hluta). Landsbankinn er lánveitandi útgefanda og veitir honum þjónustu á sviði gjaldeyrisvíðskipta. Fær bankinn greiddar þóknanir frá útgefanda vegna þessara þjónustu.

Þá hafa bæði Íslandsbanki og Arion banki gert samninga við útgefanda þar sem þeir taka að sér viðskiptavakt með þau hlutabréf sem verðbréfalýsing þessi varðar, eftir töku þeirra til víðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Útgefandi, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn beina því til fjárfesta, að þeir kynni sér þá hugsanlegu hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu.

Útdrátt úr stefnu Arion banka um hagsmunaárekstra, sem sett er í samræmi ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, er að finna á vefslóðinni <https://www.arionbanki.is/bankinn/stjornarhaettir/reglur-og-skilmalar/>

Útdrátt úr stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra, sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, er að finna á vefslóðinni <https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/stefnur-reglur-og-verklag>. Þá hefur Íslandsbanki sett sér verklag og frekari reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Útdrátt úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra, sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, er að finna á vefslóðinni <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar>

Reglur bankanna þriggja um meðferð hagsmunaárekstra eru ekki felldar inn í lýsingu þessa með tilvísun og mynda því ekki hluta lýsingar Ísfélags.

Útgefanda, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum, sem umsjónaraðilum, er ekki skylt að meta hvort kaup á hlutabréfum sem þessi lýsing tekur til sé viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum víðskiptum því ekki verndar samkvæmt 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

### 3.4 YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA FYRIR HÖND ÚTGEFANDA

Stjórnarformaður og forstjóri Ísfélags hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, lýsa því yfir fyrir hönd Ísfélags hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund, séu upplýsingar þær sem verðbréfalýsing þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sé sleppt úr verðbréfalýsingunni sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Vestmannaeyjum, 22. nóvember 2023

Fyrir hönd Ísfélags hf.

---

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson  
Stjórnarformaður Ísfélags hf.

---

Stefán Friðriksson  
Forstjóri Ísfélag hf.

### 3.5 SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR

Í verðbréfalýsingu þessari skulu eftirfarandi orð túlkuð með þessum hætti:

„Aðalmarkaður“	vísar til aðalmarkaðar Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
„Fjármálaeftirlitið“	vísar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.
„Arion banki hf.“	vísar til Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
„Íslandsbanki hf.“	vísar til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.
„Landsbankinn hf.“	vísar til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.
„lýsingin“	vísar til lýsingar Ísfélags hf. dagsettrar 22. nóvember 2023, sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu og samantekt, auk viðauka er kunna síðar að verða gerðir við skjöl þessi.
„lýsingarreglugerð“	vísar til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB en reglugerð þessi hefur lagagildi á Íslandi.
„lög um verðbréfamíðstöðvar“	vísar til laga nr. 7/2020, um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.
„lög um markaði fyrir fjármálagerninga“	vísar til laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
„Nasdaq Iceland“	vísar til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
„Nasdaq verðbréfamíðstöð“	vísar til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
„skipulegur markaður“	vísar til skipulegs markaðar samkvæmt skilgreiningu laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
„söluaðilar“	vísar sameiginlega til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, og til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, einhvers eða einhverra þeirra, eftir atvikum.
„umsjónaraðili (-ar)“	vísar sameiginlega til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi og til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, einhvers eða einhverra þeirra, eftir atvikum.

„útgefandalýsingin“

vísar til útgefandalýsingar Ísfélags hf. dagsettrar 22. nóvember 2023

„verðbréfalýsingin“

vísar til verðbréfalýsingar þessarar dagsettrar 22. nóvember 2023.

Í verðbréfalýsingu þessari skal túlka hugtakið „króna“ og skammstöfunina „kr.“ sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu.

Í verðbréfalýsingu þessari skal túlka skammstöfunina „m.kr.“ sem tilvísun til milljóna króna.

Í verðbréfalýsingu þessari skal túlka skammstöfunina „ma.kr.“ sem tilvísun til milljarða króna.

Vísun til „Ísfélags“, „útgefanda“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Ísfélags hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Ísfélag hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti hans.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa Ísfélags hf. hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í flokki hlutabréfa með ISIN númerið IS0000030112, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „seljenda“, í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til eftirtalinna aðila saman:

ÍV fjárfestingafélag ehf.	kt. 580402-5850
Marteinn Haraldsson ehf.	kt. 510291-1319
Gunnar Sigvaldason	kt. 151038-2719
Ísfélag hf.	kt. 660169-1219
Svavar Berg Magnússon	kt. 111038-3099
Arion banki hf.	kt. 581008-0150

og hvers og eins þeirra sem „seljanda“, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með síðari breytingum.

### 3.6 SKAMMSTAFANIR OG HUGTÖK

Eftirfarandi skammstafanir og hugtök teljast hafa eftirfarandi þýðingu í útgefandalýsingu þessari:

e.	- enska
ehf.	- einkahlutafélag
ESB	- Evrópusambandið
gr.	- grein
hf.	- hlutafélag
ISK	- íslenskar krónur
kr.	- krónur
kt.	- kennitala
mgr.	- málsgrein
tl.	- töluliður
m.kr.	- milljónir króna
nr.	- númer
USD	- bandaríkjadalur
þús. USD	- þúsundir bandaríkjadala

## 4 ALMENNT ÚTBOÐ OG TAKA TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI

Útboðið sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu felur í sér útboð til almennings samkvæmt þeim skilmálum sem gerð er grein fyrir í verðbréfalýsingu þessari.

Með „útboðinu“ í þessum kafla er átt við útboð til almennings sem lýtur bæði ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1129 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980, sem báðar njóta lagagildis á Íslandi.

Í útboðinu munu þeir hluthafar Ísfélags sem tilgreindir eru í kafla „4.1.2 Seljendur“ í verðbréfalýsingu þessari bjóða til kaups í útboðinu allt að 118.923.851 hluti í Ísfélagi.

Hlutir Ísfélags hafa verið gefnir út rafrænt sem nafnbref hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð með ISIN númer IS0000030112. Sjá nánar kafla „4.1.2 Seljendur“

Í kjölfar útboðsins verður óskað eftir að öll útgefin hlutabréf í Ísfélagi verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Markmiðið með því að fá hlutabréf Ísfélags tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika hlutabréfa í félaginu, virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegri fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Gert er ráð fyrir að heildarandvirði útboðsins verði allt að 16.055 m.kr. að markaðsvirði<sup>1</sup>, miðað við að full áskrift fáiast að hlutum í útboðinu. Nafnverð hvers hlutar Ísfélags hf. er 1. kr. og tilheyrir allir hlutirnir sama flokki og það hlutafé Ísfélags hf. sem til staðar er við upphaf útboðsins.

Til fjárflæðis hjá Ísfélagi kann að koma í kjölfar útboðsins, en slíkt fjárflæði mun samsvara heildar söluandvirði þeirra eigin hluta félagsins sem seldir verða í útboðinu, allt að frádrögnum kostnaði félagsins vegna útboðsins. Sjá nánar um þetta kafla „5.7 Áætlaður kostnaður og hreint söluandvirði“.

Allir hlutir í útboðinu verða seldir í tveimur áskriftarbókum, sem stjórn útgefanda tók ákvörðun um. Sjá nánar kafla „5.1 Stærð, skipting og verð í útboði“. Útboðið mun fara fram dagana 23. nóvember 2023 til og með 1. desember 2023 og er áformað að niðurstöður útboðsins liggja fyrir eigi síðar en í lok dags þann 4. desember 2023.

Í kjölfar uppgjors og afhendingar seldra hluta í útboðinu mun Ísfélag sækja um að allir útgefnir hlutir félagsins verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ákvörðun sína ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Útboðið fer eingöngu fram á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands. Útboðið er ekki sölutryggt. Ísfélagi er ekki kunnugt um hvort einstakir hluthafar, stjórnarmenn eða stjórnendur Ísfélags hyggist skrá sig fyrir hlutum í útboðinu, eða hvort einhver aðili hyggst skrá sig fyrir meira en 5% af stærð útboðsins.

### 4.1 ÚTGEFANDI OG SELJENDUR HLUTAFJÁR

#### 4.1.1 ÚTGEFANDI

Útgefandi:	Ísfélag hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum.
Sími:	+354 480 1100
Vefur:	<a href="http://www.isfelag.is">http://www.isfelag.is</a>
LEI númer:	549300R7Z508ZEW03R28
Auðkenni:	ISF
ISIN númer:	IS0000030112

---

<sup>1</sup>Miðað við 135 kr. pr. hlut,

Heildarfjöldi skráðra hluta í útgefanda er 818.612.313 og samkvæmt samþykktum útgefanda, nýtur hver króna nafnverðs hlutafjár í félaginu eins atkvæðis á hluthafafundum. Útgefandi er hins vegar eigandi að 39.667.919 eigin hlutum (eða sem svarar til 4,85% af heildar skráðu hlutafé hans), sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, njóta ekki atkvæðisréttar á fundum hluthafa félagsins. Við útgáfu lýsingar þessar njóta, af þessum sökum, einungis 778.944.394 hlutir atkvæðisréttar í félaginu. Samkvæmt því nýtur hver og einn hluthafi í félaginu aukins hlutfallslegs atkvæðavægis í félaginu, umfram eignarhlutfall sitt, sé miðað við heildar skráðan hlutafjölda í félaginu og nýtur hver og einn hluthafi útgefanda (aðrir en félagið sjálft) þannig í reynd atkvæðavægis sem svarar til um 105,9% af fjölda skráðra hluta í hans eigu.

Ísfélag hefur lýst því yfir, að félagið hyggist selja alla eigin hluti í útboðinu, sem samkvæmt því verða að nýju atkvæðisberandi í höndum nýrra hluthafa að útboðinu liðnu, Mega hluthafar Ísfélags við útgáfu lýsingar þessar því búast við því að við útboðið dragi úr núverandi atkvæðavægi þeirra í félaginu um sem nemur 5,09%, er atkvæðavægi þeirra í félaginu færast að nýju í sem svarar til eins atkvæðis á hvern hlut af skráðu hlutafé félagsins.

#### 4.1.2 SELJENDUR

Í útboðinu hyggjast eftirtaldir hluthafar selja af hlutafjäreign sinni sem hér segir:

Tafla 4.2.1 – Sala hluta í útboði og þróun atkvæðisréttar seljandi hluthafa í tengslum við útboð

Nafn hluthafa	Kennitala	Hlutaf.eign fyrir útboð	Seldir hlutir í útboði	Hlutaf.eign eftir útboð	Akvæðisr. í % f. útboð*	Atkvæðisr. í % eftir útboð**
ÍV fjárfestingafélag ehf.	580402-5850	472.877.741	70.676.203	402.201.538	60,71%	49,13%
Marteinn Haraldsson ehf.	510291-1319	95.145.581	1.651.510	93.494.071	12,21%	11,42%
Gunnar Sigvaldason	151038-2719	52.743.201	915.501	51.827.700	6,77%	6,33%
Ísfélag hf.	660169-1219	39.667.919	39.667.919	0	0	0
Svavar Berg Magnússon	111038-3099	34.977.248	607.125	34.370.123	4,49%	4,20%
Arion banki hf.	581008-0150	5.405.593	5.405.593	0	0,69%	0
<b>Samtals</b>		700.817.283	118.923.851	581.893.432	84,87	71,08%

\* Skilgreining atkvæðisréttar fyrir útboð tekur tillit til eigin hluta Ísfélags hf. sem ekki eru atkvæðisberandi.

\*\* Hlutfall miðast við að seljandi hluthafar verði ekki meðal áskrifenda í útboðinu.

Athygli fjárfesta er vakin á því, að þar sem engir nýir hlutir í Ísfélagi verða seldir og gefnir út í útboðinu, þynnist hlutafjäreign seljandi hluthafa Ísfélags, sem slík, ekki út af þeim sökum. Hins vegar leiðir sala eigin hluta í félaginu, sem áður voru ekki atkvæðisberandi, en verða það við söluna, til þess að atkvæðisréttur seljandi hluthafa (þeirra sem ekki selja eignarhluti sína að fullu) þynnist sem því nemur.

#### 4.2 FYRIRHUGUÐ TÍMAÁÆTLUN ÚTBOÐSINS OG ÚTBOÐSTÍMABIL

Tafla 4.2: Áætlun tímaáætlun útboðsins:

Áskriftartímabil hefst:	23. nóvember 2023, kl. 10:00 (GMT)
Áskriftartímabili lýkur:	1. desember 2023, kl. 14:00 (GMT)
Tilkynning um niðurstöður útboðsins:	Áætlað eigi síðar en 4. desember 2023

Tilkynning um úthlutun:	Áætlað eigi síðar en 4. desember 2023
Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla vegna útboðsins:	6. desember 2023
Afhending hluta til fjárfesta:	8. desember 2023
Hlutir teknir til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland:	Áætlað eigi síðar en 8. desember 2023.

Framangreindar dagsetningar miðast við að útgefandi og seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en útgefandi og seljendur gera ráð fyrir og umsókn útgefanda til Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem útgefandi gerir ráð fyrir.

Ekki er tekið við áskriftum framangreinds áskriftartímabils. Áskriftartímabilið verður ekki stýtt. Útgefandi og seljendur kunna að framlengja áskriftartímabil, sé þess krafist skv. lögum vegna birtingar viðauka við lýsingu þessa eða af öðrum orsökum. Útgefandi og seljendur áskilja sér einhliða rétt til framlengja eða fresta áskriftartímabilinu. Allar breytingar á áskriftartímabilinu verða tilkynntar opinberlega og auglýstar. Áskriftir fjárfesta að hlutum í Ísfélagi sem berast eftir lok útboðsfrests verða að engu hafðar. Nýti útgefandi og seljendur framangreindar heimildir, verður tilkynnt um slíkt með viðauka við verðbréfalýsingu þessa.

Seljendur áskilja sér rétt til að falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir öllum boðnum hlutum og verður það þá tilkynnt með niðurstöðum útboðs. Seljendur munu einnig hafa rétt til þess að falla frá útboðinu ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn útgefanda um að taka hluti í Ísfélagi til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi þann 15. desember 2023.

Útgefandi og seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er allt fram að tilkynningu Nasdaq Iceland um að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda og útgefanda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft útgefandann, eða seljendur, neikvæð þróun hérlendis eða erlendis á efnahagsumhverfi eða verðbréfamörkuðum. Ef útgefandi og seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar. Komi til þess að fallið verði frá útboðinu eða útboðstímabilið framlengt eða því frestað, verður það tilkynnt opinberlega.

Komi til þess að útboðstímabilið verði framlengt eða því frestað, verður birtur viðauki við verðbréfalýsingu þessa þar sem gerð verður grein fyrir breytingunni, en jafnframt verða birtar allar mikilvægar nýjar upplýsingar sem komið hafa fram frá staðfestingu verðbréfalýsingar þessarar sem máli skipta fyrir mat fjárfesta á hlutabréfum í útgefanda. Viðaukinn skal staðfestur innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki innan tveggja virkra daga frá birtingu viðaukans.

#### 4.3 SÖLUAÐILAR ALMENNIS ÚTBOÐS OG UMSJÓN MEÐ TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi og Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík munu sameiginlega fara með umsjón með fyrirhuguðu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, og töku hlutabréfa í útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Auk þessa munu Markaðsviðskipti Arion banka hf., Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. og Markaðsviðskipti Landsbankans hf. verða söluaðilar útboðsins.

Arion banki hf. hefur unnið að gerð samantektar, verðbréfalýsingar þessarar og útgefandalýsingar sem dagsett er 22. nóvember 2023 í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans, en skjöl þessi eru byggð á upplýsingum frá útgefanda.

Samskiptaupplýsingar Arion banka hf. eru:

isfelag@arionbanki.is og LEI auðkenni er RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19

Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka hf. eru:

isfelag@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79Q0T97

Samskiptaupplýsingar Landsbankans hf. eru:

isfelag@landsbankinn.is og LEI auðkenni er 549300TLZPT6JELDWM92

#### **4.3.1 UPPLÝSINGAR OG TÆKNILEG AÐSTOÐ VEGNA ÁSKRIFTARBÓKA A OG B**

Upplýsingar og tæknileg aðstoð hjá Arion banka hf.:

Upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna áskriftarbókar A og áskriftarbókar B veitir verðbréfaþjónusta Arion banka hf. Sími: +354 444-7000 Tölvupóstfang: isfelag@arionbanki.is. Frekari upplýsingar: <https://www.arionbanki.is/isfelag>

Upplýsingar og tæknileg aðstoð hjá Íslandsbanka hf.:

Upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna áskriftarbókar A og áskriftarbókar B veitir fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Sími: +354 440-4000 Tölvupóstfang: isfelag@islandsbanki.is. Frekari upplýsingar: <https://www.islandsbanki.is/isfelag>

Upplýsingar og tæknileg aðstoð hjá Landsbankanum hf.

Upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna áskriftarbókar A og áskriftarbókar B veitir fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. Sími: +354 410-4000 Tölvupóstfang: isfelag@landsbankinn.is. Frekari upplýsingar: <https://www.landsbankinn.is/isfelag>

## 5 SKILMÁLAR OG SKILYRÐI ÚTBOÐSINS

### 5.1 STÆRÐ, SKIPTING OG VERÐ Í ÚTBOÐI

Útboðið felur í sér almennt útboð á Íslandi á þegar útgefna hlutafé Ísfélags hf. og samkvæmt því er bæði almennum fjárfestum og fagfjárfestum sem uppfylla að öðru leyti skilyrði útboðsins heimil þátttaka í því, sbr. kafla 5.2, hér að neðan.

Með útboðinu hyggjast fimm hluthafar Ísfélags hf. selja samtals 79.255.932 þegar útgefna hluti í Ísfélagi, auk þess sem félagið sjálft hyggst selja alls 39.667.919 þegar útgefna hluti sem eru í eigu félagsins við birtingu lýsingar, eða í heild þegar útgefna 118.923.851 hluti sem samsvara um 14,53% af útgefna hlutafé félagsins. Við birtingu lýsingar nemur hrein eign hvers hlutar í félaginu, á dagsetningu nýjasta efnahagsreiknings, þann 30. júní 2023, USD 0,59 á hlut.

Um nánari tilgreiningu á þeim hluthöfum Ísfélags sem hyggjast selja af hlutafjáreign sinni í útboðinu, sem til þess magns hlutafjár sem hver og einn þeirra hyggst selja, vísast til kafla „4.1.2 Seljendur“ í verðbréfalýsingu þessari.

Í tengslum við útboðið er athygli fjárfesta vakin á því, að með alls 10 samningum sem gerðir voru sumarið 2023, seldi Ísfélagið alls 4.374.000 eigin hluti til eftirtalinnna aðila: Karlsbergs ehf., kt. 690905-0510 (540.000 hlutir), Guddunefs ehf., kt. 661108-0370 (1.080.000 hlutir), L21 ehf., kt. 540823-1380 (540.000 hlutir), Stafnes ehf., kt. 540823-1030 (360.000 hlutir), BBH invest ehf., kt. 570823-0430 (360.000 hlutir), Gjálpanda ehf., kt. 540823-1540 (360.000 hlutir), Loðnu ehf., kt. 640823-1000 (360.000 hlutir), Rúnu ehf., kt. 540823-1100 (360.000 hlutir) Kemal ehf., kt. 540823-1460 (270.000 hlutir) og Eysteinsvíkur ehf., kt. 700823-0400 (144.000 hlutir). Kaupverð hlutafjár í öllum viðskiptum nam 96 kr. pr. keyptan hlut.

Allir kaupendur hlutafjár í umræddum viðskiptum eru lögaðilar er tengjast einstaklingum í stjórnendateymi Ísfélags.

Útgefandi og/eða seljendur hafa ekki aflað sölutryggingar vegna þeirra hluta sem ætlað er að selja í útboðinu.

Útboðið varðar 14,53% af skráðu hlutafé félagsins.

### TVÆR ÁSKRIFTARBÆKUR

Fjárfestar munu geta valið um tvær áskriftarleiðir í útboðinu: Áskriftarbók A og áskriftarbók B.

Áskriftarbækurnar tvær eru ólíkar m.a. hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmálar áskriftarbókanna tveggja eru tilgreindir hér að neðan og eru fjárfestar hvattir til að lesa þennan 5. kafla verðbréfalýsingarinnar vandlega og kynna sér ítarlega skilmála útboðsins.

Af því hlutafé sem boðið er til sölu eru 23.784.770 hlutir, eða sem svarar til um 20% af heildarframboði hluta í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í áskriftarbók A.

Á samsvarandi hátt eru 95.139.081 hlutir, eða sem svarar til um 80% af heildarframboði hluta í útboðinu, ætlaðir þátttakendum í áskriftarbók B.

Útgefandi og/eða seljendur áskilja sér þó einhliða rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli áskriftarbóka A og B, hvað varðar heildarstærð hvorrar bókar fyrir sig, reynist eftirspurn gefa tilefni til þess þegar til úthlutunar kemur. Ákvörðun verðs í áskriftarbókunum er í samræmi við neðangreint:

**Áskriftarbók A:** Fjárfestar skuldbinda sig til að kaupa hluti útgefna af útgefanda í útboðinu fyrir sem nemur, að hámarki, allt að þeirri heildarfjárhæð sem tilboð þeirra tilgreinir. Teljast öll tilboð fjárfesta í áskriftarbók A gerð á genginu 135 kr./hlut. Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr.

Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í áskriftarbók A, en samtala þeirra má ekki vera hærri en 20.000.000 kr. Allir hlutir í áskriftarbók A verða seldir á sama verði<sup>2</sup> (hér eftir „útboðsgengi áskriftarbókar A“).

Komi til umfræftirspurnar verða áskriftir í áskriftarbók A skertar hlutfallslega, en þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir, ef það dugar ekki til.

**Áskriftarbók B:** Í áskriftarbók B er tekið við áskriftum yfir 20.000.000 kr. Fjárfesti er heimilt að skrá fleiri en eina áskrift í áskriftarbók B en samtala þeirra má ekki vera hærri en sem nemur heildarstærð útboðsins.

<sup>2</sup> Með verði í þessu samhengi er átt við verð á hvern hlut.

Í áskriftarbók B er ekkert hámarksverð áskrifta tilgreint af hálfu seljenda, en fjárfestar leggja fram áskriftir sem fela í sér tilboð um kaup hluta á verði, sem hver og einn fjárfestir tiltekur, en verður að vera jafnt eða hærra og lágmarksverð í áskriftarbók B sem er 135 kr./hlut.

Allir hlutir í áskriftarbók B verða seldir á sama verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af þeim verðum pr. hlut sem fjárfestar hafa boðið með þeim tilboðum sem samþykkt eru (hér eftir „útboðsgengi áskriftarbókar B“). Áskriftum þar sem verð áskriftar er undir útboðsgengi áskriftarbókar B verður hafnað.

Áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi áskriftarbókar B verða samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar eins og nánar er rakið í kafla „5.4 Skerðing áskrifta og úthlutun við umframeftirspurn.“

Tafla 5.1: Skipting áskriftarbóka eftir fjölda boðinna hluta

Áskriftarbók	Áskriftarbil	Fjöldi hluta	Lágmarksverð kr./hlut	Andvirði m.v. lág.verð í kr.
A-bók	100.000 kr.- 20.000.000 kr.	23.784.770	135	3.210.943.950
B-bók	Yfir 20.000.000 kr.	95.139.081	135	12.843.775.935
<b>Samtals:</b>		<b>118.923.851</b>		<b>16.054.719.885</b>

Heildarsöluandvirði þeirra hluta sem boðnir verða í útboðinu verður því að lágmarki 16.054.719.885 kr., miðað við lágmarksverð í áskriftarbókum A og B.

Nemi áskriftir fjárfestis, ein eða fleiri, hærri fjárhæð en heimiluðum samanlögðum hámarksfjárhæðum áskrifta eins fjárfestis samkvæmt framansögðu, hafa umsjónaraðilarnir einhliða heimild til að lækka áskriftirnar hlutfallslega uns heildar samtala þeirra samsvarar umræddum hámarkum.

## 5.2 SKILYRÐI FYRIR ÞÁTTTÖKU

Útboðið fer fram á Íslandi og er markaðssett á Íslandi og verða hinir seldu hlutir ekki markaðssettir eða boðnir til kaups utan Íslands. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum þeim einstaklingum sem hafa bæði íslenska kennitölu og lögheimili hérlandis og eru fjárráða í skilningi lögræðislaga nr. 71/1997, sem og þeim lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, skráð heimili hér á landi og eru ekki ógjaldfærir í skilningi laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með þeim takmörkunum sem af lögum kunna að leiða. Þar af leiðir m.a. að einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri sem og þeim einstaklingum og lögaðilum sem ekki ráða búi sínu sjálfir, af hvaða orsökum sem er, er ekki heimil þátttaka í útboðinu.

Það er skilyrði fyrir þátttöku lögaðila í útboðinu að þeir búi yfir alþjóðlegu auðkenni lögaðila (e. Legal Entity Identifier, LEI) og framvísi því við umsjónaraðila fyrir lok áskriftartímabils. Umsjónaraðilar útboðsins munu ógilda áskriftir lögaðila sem ekki búa yfir slíku auðkenni, eða ekki hafa komið því á framfæri við umsjónaraðila, við lok áskriftartímabils.

Til að taka af tvímæli um slíkt, þá er útboðinu ekki beint að, né það markaðssett, gagnvart fjárfestum utan Íslands, og eru hlutir Ísfélags því ekki boðnir til sölu eða áskriftar í neinu því lögsagnarumdæmi öðru, þar sem frekari útgáfa, afhending, staðfesting eða skráning lýsingar hjá stjórnvöldum er nauðsynleg í tengslum við útboðið eða í lögsagnarumdæmum þar sem útboðið getur ekki farið fram nema að uppfylltum viðbótarskilyrðum, umfram birtingu staðfestrar lýsingar af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fjárfestar sem, þrátt fyrir ofangreint, afhenda áskriftir að hlutum Ísfélags í útboðinu, munu teljast hafa gert það innan Íslands og teljast þannig hafa afsalað sér rétti til þess að hafa uppi mótbáru er varða það að ekki hafi verið réttilega staðið að framkvæmd útboðsins í heimaríki þeirra.

Af hálfu umsjónaraðila, seljenda og/eða útgefanda er áskilinn réttur til þess að hafna í heild eða hluta, að eigin geðþótta, áskriftum fjárfestis og án þess að gefa skýringar þar á. Ákvörðun hér um er endanleg og verður hún ekki rökstudd gagnvart fjárfesti.

Ekki eru takmarkanir á þátttöku starfsmanna og stjórnarmanna Ísfélags né annarra seljenda í útboðinu, uppfylli þeir þau skilyrði sem fram koma hér að ofan.

Um viðskipti starfsfólks Arion banka hf. með fjármálagerninga gilda reglur bankans um viðskipti starfsmanna, sem eru aðgengilegar á heimasíðu bankans. Reglurnar takmarka sérstaklega heimildir starfsmanna tiltekinnar

starfssviða bankans til að stunda hlutabréfaviðskipti fyrir eigin reikning og, þar sem bankinn er umsjónaraðili útboðsins, verður starfsfólki sem hefur aðkomu að verkefninu og aðilum þeim nátengdir óheimilt að taka þátt. Starfsfólki Arion banka hf. sem er heimilt að taka þátt í útboðinu, og aðilum þeim nátengdir, er einungis heimilt að taka þátt í áskriftarbók A á fyrsta degi útboðsins. Starfsfólki og tengdum aðilum er almennt óheimilt að selja verðbréf innan 30 daga frá því þau voru keypt.

Um viðskipti starfsmanna Íslandsbanka hf. með fjármálagerninga gilda reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum samþykktar af stjórn Íslandsbanka í janúar 2023<sup>3</sup>. Þar sem um er að ræða almennt útboð þar sem bankinn er einn af umsjónaraðilunum er tilteknu starfsfólki óheimilt að taka þátt, þ.m.t. ædstu stjórnendum, starfsfólki sem kemur að útboðinu, starfsfólki tengdra sviða og aðrir innanhússhagaðilar, sem og aðilar nátengdir framangreindum aðilum. Það starfsfólk sem er heimilt að taka þátt í útboðinu og aðilar nátengdir þeim þurfa að óska eftir heimild regluvörslu til þess. Þeim er einungis heimilt að taka þátt í tilboðabók A og aðeins á fyrsta degi útboðsins. Lágmarkseignarhaldstími á fjármálagerningum sem starfsmaður eða aðili nátengdur honum, hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna bankans er 30 dagar frá kaupdegi.

Um viðskipti starfsfólks Landsbankans hf. með fjármálagerninga gilda reglur bankans um einkahagsmuni, samþykktar í september 2023. Þar sem bankinn er umsjónaraðili útboðsins verður tilteknu starfsfólki og aðilum þeim nátengdir óheimilt að taka þátt í útboðinu. Þá er starfsfólki einungis heimilt að taka þátt ef ekki er hætt á að innherjaupplýsingar eða hagsmunaárekstrar geti verið til staðar eða talið að aukin orðsporsáhætta felist í þátttöku þeirra að mati framkvæmdastjórnar. Öðru starfsfólki Landsbankans og aðilum sem þeim eru nátengdir er heimilt að taka þátt í útboðinu í áskriftarbók A. Lágmarks eignarhaldstími á fjármálagerningum sem starfsmaður eignast er almennt 30 dagar.

Stjórnarmönnum Ísfélags, eða starfsmönnum umsjónaraðila verður ekki veittur sérstakur forgangur við úthlutun í útboðinu. Áskriftir starfsmanna Ísfélags í útboðinu verða ekki skertar.

Athygli fjárfesta er sérstaklega vakin á takmörkunum á eignarhaldi erlendra aðila í sjávarútvegsfyrirtækjum skv. lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sem einnig er áréttuð í grein 2.8 í samþykktum Ísfélags.

Áskriftum fjárfesta, sem að mati útgefanda og umsjónaraðila, teljast erlendir aðilar samkvæmt ákvæðum 2. gr. tilgreindra laga verður hafnað í útboðinu. Ákvörðun hér um er endanleg og verður ekki rökstudd gagnvart fjárfesti. Erlendur aðili er, samkvæmt lögnum einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum.

## 5.3 SKRÁNING ÁSKRIFTA OG ÁSKRIFTARTÍMABIL

### ÁSKRIFTARTÍMABIL, BREYTING EÐA AFTURKÖLLUN ÁSKRIFTAR O.FL.

Tekið verður við áskriftum í útboðinu á tímabilinu frá því kl. 10.00 (GMT) þann 23. nóvember 2023 til kl. 14.00 (GMT) þann 1. desember 2023. Áskriftir sem berast utan þessa tímaramma teljast ekki gildar og verða felldar niður. Hið sama á við um áskriftir sem berast með öðrum hætti en þeim sem að neðan segir.

Áskriftum fjárfesta í útboðinu skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef Arion banka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vefsíðum Arion banka hf. (<https://arionbanki.is/isfelag>), Íslandsbanka ([www.islandsbanki.is/isfelag](http://www.islandsbanki.is/isfelag)) og Landsbankans ([www.landsbankinn.is/isfelag](http://www.landsbankinn.is/isfelag)) við upphaf útboðsins. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi en því sem hér greinir, fyrir utan það sem fram kemur í kafla „5.3.1.2 Áskriftir eignastýringaraðila“. Áskriftarvefurinn verður bæði á íslensku og ensku,

Ekki verður tekið við áskriftum í útboðinu sem útgefandi og umsjónaraðilar telja að innihalda fyrirvara.

Þátttaka fjárfestis í útboðinu með framlagningu áskriftar er skuldbindandi fyrir fjárfestinn. Fjárfestir, sem staðfest hefur þátttöku sína í útboðinu hvort heldur sem er með því að afhenda áskrift í áskriftarbók A og/eða B getur ekki breytt áskrift eða fallið frá henni, eftir lok áskriftartímabils, nema að til komi einhverjar þær aðstæður sem lýst er í kafla „5.1 Staerð, skipting og verð í útboði“.

<sup>3</sup> Reglur Íslandsbanka um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga er að finna á eftirfarandi vefslóð: [https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Reglur\\_um\\_vidskipti\\_starfsmanna\\_med\\_fjarmalagerninga.pdf](https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Reglur_um_vidskipti_starfsmanna_med_fjarmalagerninga.pdf)

Til að taka af tvímæli um þau efni, er fjárfestum heimilt að breyta eða fella niður áskriftir sínar í hinu rafræna útboðskerfi, fyrir lok áskriftartímabils. Framvísun staðfestingar úr rafrænu áskriftarkerfi telst ein lögfull sönnun þess að fjárfestir hafi breytt eða fellt áskrift sína niður innan þessa tíma.

Í útboðinu er hverjum fjárfesti heimilt að skila inn fleiri en einni áskrift á sömu kennitölu, hvort sem er í áskriftarbók A eða B, innan þeirra marka sem lýst er í kafla „5.1 Stærð, skipting og verð í útboði“.

Á áskriftarformi því sem fjárfestir undirritar lýsir fjárfestir því yfir með áskrift sinni að:

1. hann samþykki skilmála útboðsins sem fram koma í lýsingu Ísfélags hf. („útgefandi“), dagsettri 22. nóvember 2023 sem samanstendur af útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt („lýsingin“) og hafi kynnt sér efni lýsingarinnar;
2. hann hafi kynnt sér og skilið upplýsingar um reglur Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. („umsjónaraðilar“) um hagsmunaárekstra sem fjallað er um í kafla 3.3 „Hugsanlegir hagsmunaárekstrar“ í verðbréfalýsingu og að hann geri sér grein fyrir hagsmunaárekstrum sem tilgreindir eru í lýsingunni;
3. hann geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutabréfum almennt sem og að fjárfesting í hlutabréfum gefnum út af útgefanda beri með sér talsverða áhættu;
4. hann geri sér grein fyrir að allar áskriftir sem ekki eru afturkallaðar fyrir lok áskriftartímabilsins eru skuldbindandi fyrir hann;
5. hann samþykki að umsjónaraðilar deili nauðsynlegum gögnum eins og kennitölu og vörslureikning, með útgefanda og öðrum eins og vörsluaðila í þeim tilgangi að stýra og framkvæma útboðið. Nánari upplýsingar um gagnaverndunarstefnur umsjónaraðila og útgefanda má nálgast á vefsíðum þeirra;
6. hann geri sér grein fyrir að hann þurfi að eiga vörslureikning til að fá hlutina afhenta;
7. þátttaka hans í útboðinu sé að hans eigin frumkvæði;
8. hann uppfylli öll skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu sem fjallað er um í kafla 5.2 „Skilyrði fyrir þátttöku“ í verðbréfalýsingu í lýsingunni;
9. hann sé ekki undirorpinn neinum viðskiptaþvingunum og stundi ekki viðskipti við einstaklinga eða aðila sem falla undir slíkar þvinganir;
10. hann geri sér grein fyrir því að áskrift hans felst aðeins í framkvæmd fyrirmæla, skv. 5. mgr. 45. gr. laga 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og að honum sé ljóst að umsjónaraðilum er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og fjárfesting í hlutabréfum sé viðeigandi fyrir hann og hann njóti því ekki verndar skv. 45. gr. umræddra laga;
11. hann hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 34/1991 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.m.t. takmarkanir á heimildum erlendra lögaðila og íslenskra lögaðila undir erlendum yfirráðum til að eignast eignarhluti í fiskveiðifyrirtækjum og fiskvinnslufyrirtækjum og að áskrift hans samræmist þeim reglum;
12. hann brjóti ekki gegn ófrávíkjanlegum ákvæðum íslensks réttar, hvort heldur að hann sjálfan varðar, eða þá hluti sem boðnir eru til sölu í útboðinu, og
13. að hver sá einstaklingur sem skilar áskrift fyrir hans hönd hafi nægjanlegt umboð til slíks að lögum, að viðlagðri persónulegri ábyrgð.

Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnur/yfirlýsingar Arion banka hf.<sup>4</sup>, Íslandsbanka hf.<sup>5</sup> og Landsbankans hf.<sup>6</sup> er að finna á heimasíðum bankanna, hvors um sig. Persónuverndarstefnur- eða yfirlýsingar bankanna eru ekki felldar inn í lýsinguna með tilvísun og mynda ekki hluta hennar.

### TILGREINING VÖRSLUAÐILA

Fjárfestir skal tilgreina þann vörsluaðila sem hann óskar eftir að móttaki þá hluti sem fjárfestinum kunna að verða afhentir við uppgjör viðskipta. Með vörsluaðila er átt við reikningsstofnun sem hefur gildan aðildarsamning við Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, (hér eftir „Nasdaq verðbréfamiðstöð“) samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Sjá nánar kafla „5.6.1 Skylda til að eiga vörslureikning“.

Arion banki hf. mun annast innheimtu og uppgjör vegna útboðsins. Hvorki umsjónar- og söluaðilar, seljendur né útgefandi munu leggja kostnað á fjárfesta vegna áskriftar þeirra, nema ef til innheimtu áskriftar fjárfestis kemur.

<sup>4</sup> Persónuverndaryfirlýsingu Arion banka er að finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/personuvernd/>

<sup>5</sup>Stefnu Íslandsbanka um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er að finna á eftirfarandi vefslóð: [https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Personuverndarstefna\\_Islandsbanka.pdf](https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Personuverndarstefna_Islandsbanka.pdf)

<sup>6</sup> Persónuverndarstefnu Landsbankans er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.landsbankinn.is/uploads/documents/bankinn/personuvernd/Personuverndarstefna-IS.pdf>

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér sérstaklega hvort kostnaður muni falla á þá frá öðrum aðilum vegna útboðsins, svo sem vörslugöld frá þeim vörsluaðila sem fjárfestir tilgreinir.

### 5.3.1 SKRÁNING ÁSKRIFTA

Fjárfesti sjálfum eða lögmætum umboðsmanni hans ber að staðfesta áskriftir fjárfestisins. Umboðsmönnum, sem skila inn áskriftum fyrir hönd fjárfesta, teljast skuldbundnir af slíkum áskriftum sem þær væru þeirra eigin, teljist lögmætt umboð fjárfestis ekki fyrir hendi.

Til að skila áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi áskriftarbók A eða B á áskriftarvef, með einhverjum af eftirfarandi aðgangsaðkennum:

1. Með rafrænum skilríkjum í farsíma, eða
2. með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans, eða
3. með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá söluaðilum útboðsins gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem söluaðilar útboðsins meta fullnægjandi.

Að skráningu áskriftar lokinni, fær fjárfestir senda staðfestingu á áskrift hans með tölvupósti, á það netfang sem hann tilgreindi á áskriftarformi sínu. Rafræn staðfesting er forsenda fyrir gildri áskrift. Athygli fjárfesta er vakin á því að það getur tekið staðfestinguna nokkrar mínútur að berast.

Berist staðfestingin hins vegar ekki, getur fjárfestir ekki verið viss um að áskrift hans hafi borist og er bent á að hafa samband við söluaðila útboðsins áður en áskriftartímabilinu lýkur, þ.e. fyrir kl. 14.00 (GMT) þann 1. desember 2023.

Á áskriftarvefnum skal fjárfestir tilgreina þá fjárhæð sem hann hyggst kaupa hluti fyrir. Sé fjárhæð kaupverðs fjárfestis ekki jafngildi fjölda hluta í heilli tölu áskilja umsjónaraðilar sér einhliða rétt til að þess að námunda kaupverðið niður þannig að næsta heila tala hluta náist.

Heimilt er að skrá margar áskriftir fyrir hverja kennitölu í hverja áskriftarbók innan þeirra marka sem lýst er í kafla „5.1 Stærð, skipting og verð í útboði“. Heimilt er að skrá áskriftir í fleiri en eina áskriftarbók.

#### 5.3.1.1 ÁSKRIFTIR VIÐSKIPTAVAKA

Leitast verður við að tryggja viðskiptavökum hluti í útboðinu sem nema að andvirði allt að 400.000.000 kr. samanlagt, á útboðsgengi áskriftarbókar B. Áskriftir viðskiptavaka vegna þessarar úthlutunar verða gerðar í áskriftarbók B.

Viðskiptavakar geta þar að auki skilað áskriftum í báðar áskriftar bækur útboðsins í gegnum áskriftarvef útboðsins og gilda engar sérreglur um þá úthlutun, verð eða aðra skilmála vegna þeirra áskrifta.

Nánar má lesa um fyrirkomulag viðskiptavaktar eftir að hlutabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland í kafla „6 Viðskiptavakt“.

#### 5.3.1.2 ÁSKRIFTIR EIGNASTÝRINGARAÐILA

Fjármálastofnunum sem sinna eignastýringarþjónustu, eins og sú þjónusta er skilgreind í 11. tl. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, er gefinn kostur á að skila áskriftum í áskriftarbók A og/eða áskriftarbók B, fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta, beint í áskriftarkerfið með því að fylla út sérstakt eyðublað sem fá má hjá umsjónaraðilum útboðsins.

Eignastýringaraðili skal, sé sú heimild nýtt, fylla út eyðublaðið, annaðhvort sundurliðað niður á hvert og eitt nafn eða með einni samtölu. Ef áskrift er lögð fram sem ein samtala þarf starfsmaður viðkomandi eignastýringar að skila til söluaðila upplýsingum um fjölda fjárfesta að baki áskriftinni.

Söluaðilar áskilja sér rétt til þess að gera að skilyrði gildrar áskriftar að starfsmaður viðkomandi eignastýringar afhendi lista með upplýsingum um nöfn og kennitölur fjárfesta sem standa að baki áskrift sem gerð er á fyrrgreindu áskriftarformi, sem samtala.

Söluaðilar áskilja sér rétt til þess að kalla eftir staðfestingu á því að viðkomandi eignastýring hafi heimild og fullnægjandi umboð frá hverjum og einum fjárfesti til að skuldbinda þá með þátttöku í útboðinu fyrir þeirra hönd og að viðkomandi fjármálastofnun ábyrgist greiðslu áskriftarverðs fjárfestisins.

Þeim fjármálastofnunum sem vísað er til að framan er heimilt að afturkalla þær áskriftir sem hér er fjallað um meðan á áskriftartímabilinu stendur, með því að senda umsjónaraðilum tölvupóst á eitthvert eftirfarandi netfanga: isfelag@arionbanki.is, isfelag@islandsbanki.is, eða isfelag@landsbankinn.is

Úthlutun til eignastýringaraðila, byggt á framangreindu, verður háttáð eins og um margar sjálfstæðar áskriftir væri að ræða, allt í samræmi við sundurliðaðar upplýsingar viðkomandi eignastýringar á áskriftarformi varðandi skiptingu áskrifta og fjölda fjárfesta sem að baki áskriftinni standa.

Vakin er athygli á því að fjárfestum er heimilt að skila áskrift í eigin nafni á áskriftarvef, til viðbótar áskriftar í gegnum viðkomandi eignastýringu.

Komi til þess að fjármálastofnun sem sinnir eignastýringarþjónustu leggi fram áskrift fyrir hönd tiltekins viðskiptavinar, en að viðskiptavinur leggi jafnframt fram áskrift í eigin nafni án aðkomu fjármálastofnunarinnar, teljast báðar áskriftirnar gildar.

Umsjónaraðilar útboðsins munu tilkynna þeim fjármálastofnunum sem nýtt hafa þá heimild til að skila einni áskrift vegna viðskiptamanna sinna, um heildarúthlutun til þeirra og er það á ábyrgð fjármálastofnananna að skipta úthlutuðum hlutabréfum milli viðskiptamanna sinna.

### **5.3.1.3 FREKARI UPPLÝSINGAR OG VEITING TÆKNILEGRAR AÐSTOÐAR VEGNA SKRÁNINGAR ÁSKRIFTA**

Verðbréfaþjónusta Arion banka hf. mun veita upplýsingar í tengslum við útboðið sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn í tengslum við það.

Upplýsingar verða veittar í síma 444-7000 og í tölvupósti isfelag@arionbanki.is á milli kl. 09.00 (GMT) og kl. 16.00 (GMT) á meðan áskriftartímabili stendur.

Upplýsingar um símanúmer Arion banka hf. má nálgast í kafla „4.3.1 Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna áskriftarbóka A og B“ í verðbréfalýsingu þessari.

### **5.3.2 STAÐFESTING Á GREIÐSLUGETU OG/EDA TRYGGING FYRIR GREIÐSLU**

Söluaðilar áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu eða tryggingar fyrir greiðslu áskrifta frá fjárfestum í hverju því formi sem söluaðilar telja best henta.

Með staðfestingu á greiðslugetu er t.d. átt við stöðufirlit innlánsreiknings í banka eða verðbréfareiknings, staðfesting fjármálastofnunar á fjármögnun eða yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda, eða aðra þá staðfestingu sem söluaðilar meta nægjanlega. Með tryggingu er t.d. átt við veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi eða ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun, eða aðra tryggingu sem söluaðilar meta nægjanlega. Við skilvísu greiðslu áskriftar fellur trygging niður.

Verði fjárfestir ekki við slíkri kröfu söluaðila um framlagningu staðfestingar á greiðslugetu eða framlagningu umkrafinna trygginga, innan þess frests sem fjárfesti hefur verið veittur í því skyni, áskilja söluaðilar, í samráði við seljendur, sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi fjárfestis að hluta eða í heild. Söluaðilar meta einhliða hvort staðfesting á greiðslugetu eða trygging sé fullnægjandi.

Söluaðilar eru ekki skuldbundnir til að gefa upp á hverju ákvörðun um ógildingu áskriftar fjárfestis byggir og gefst fjárfesti ekki kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Ákvörðun söluaðila og seljenda um að ógilda áskrift fjárfestis er þannig endanleg.

### **5.4 SKERÐING ÁSKRIFTA OG ÚTHLUTUN VIÐ UMFRAM EFTIRSPURN**

Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins, skiptingu boðinna hluta milli áskriftarbóka og úthlutun verður í höndum fulltrúa seljenda. Söluaðilar verða fulltrúum seljenda til ráðgjafar um þau efni. Ef umframeftirspurn verður í útboðinu geta fulltrúar seljenda ákveðið að skerða áskriftir í útboðinu.

Seljendur áskilja sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð áskriftarbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útboðsins. Ef kemur til skerðingar á áskriftum gildir eftirfarandi varðandi úthlutun áskrifta:

- a) Í áskriftarbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.

- b) Í áskriftarbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi áskriftarbókar B samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í áskriftarbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Þannig verður leitast við að skerða ekki áskriftir sem eru yfir útboðsgengi áskriftarbókar B en þær áskriftir sem eru á útboðsgengi áskriftarbókar B verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi. Öll samþykkt tilboð verða samþykkt á sama gengi: Útboðsgengi áskriftarbókar B.

Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna Ísfélags. Áskriftir viðskiptavaka, aðrar en þær sem koma fram í kafla „5.3.1.1 Áskriftir viðskiptavaka“, verða skertar með sama hætti og aðrar áskriftir í áskriftarbók B komi til umframeftirspurnar.

Jafnvel þótt leitast verði við að skerða áskriftir ekki niður fyrir framangreind mörk, áskilja fulltrúar seljenda sér engu að síður rétt til þess að skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins.

Fulltrúar seljenda áskilja sér enn fremur rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa.

Ákvörðun fulltrúa seljenda um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né heldur geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

## 5.5 TILKYNNING UM NIÐURSTÖÐUR ALMENNIS ÚTBOÐS

Fyrirhugað er að birta niðurstöður útboðsins, selt magn og verð eigi síðar en í lok dags þann 4. desember 2023. Tilkynning hér að lútandi verður birt á heimasíðu félagsins, <https://isfelag.is/fjarfestar/> og á heimasíðum umsjónaraðila útboðsins.

Fyrirgreind dagsetning er birt með þeim fyrirvara að engar breytingar eru gerðar á dagsetningum áskriftartímabils sem tilgreint er í kafla „4.2 Fyrirhuguð tímaáætlun útboðsins og útboðstímabil“ og að framkvæmd útboðsins sé í samræmi við þá ráðagerð sem fram kemur í verðbréfalýsingu þessari. Nasdaq Iceland mun tilkynna síðar hvort það staðfesti umsókn um töku hlutabréfa Ísfélags til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

## 5.6 TILKYNNING UM ÚTHLUTUN, GREIÐSLUFYRIRMÆLI OG AFHENDING HLUTA

Eftir að niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega, munu fjárfestar geta nálgast upplýsingar um úthlutun í áskriftarkerfinu, á vefsíðu útboðsins [www.arionbanki.is/isfelag](http://www.arionbanki.is/isfelag) með því að nota sömu aðgangsaðkenni og notuð voru við skráningu áskrifta í útboðinu. Eins verða upplýsingar um úthlutun sendar fjárfestum á þann tölvupóst sem fjárfestir hefur tilgreint í áskrift hans í áskriftarkerfinu. Fjárfestir ber ábyrgð á því að tölvupóstfang hans sé rétt skráð. Slíkar upplýsingar verða aðgengilegar eigi síðar en 4. desember 2023.

Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna innheimtukrafna sem aðgengilegar verða í netbönkum fjárfesta. Áætlaður fyrsti viðskiptadagur með hlutabréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er 8. desember 2023. Athygli er vakin á að hlutabréf í Ísfélagi geta skipt um hendur áður en niðurstaða um úthlutun hefur borist fjárfestum.

Gjalddagi og eindagi innheimtukrafna vegna útboðsins er fyrirhugaður 6. desember 2023. Innheimtukröfur sem enn eru ógreiddar að eindaga liðnum verða annað hvort felldar niður og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim þá ógiltar eða áskriftunum ráðstafað með öðrum hætti ellegar innheimtar með löginnheimtu hjá áskrifanda í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar, að viðbættum dráttarvöxtum, sbr. lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og innheimtukostnaði.

Umsjónar- og söluaðilar hafa sjálfðæmi um hvaða leið verður farin við innheimtu krafna hjá fjárfestum og/eða ógildingu áskrifta þeirra og/eða ráðstöfun úthlutaðra hlutabréfa sem komið hefðu í þeirra hlut til annarra fjárfesta í tilefni vanefnda þeirra á greiðslu áskrifta þeirra.

Verði innheimtukröfurnar felldar niður, sem og áskriftir og úthlutanir tengdar þeim, er seljendum frjálst að halda þeim hlutum sem ekki hefur borist greiðsla fyrir, eða selja þá til þriðja aðila án frekari tilkynningar til áskrifanda og þá jafnframt, eftir atvikum, innheimta hugsanlegt gengistap við sölu til slíks þriðja aðila hjá upphaflegum áskrifanda. Arion banki hf. sem einn af umsjónaraðilum útboðsins, hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta. Hlutir verða afhentir fjárfesti eftir að fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og er áformað að afhending hluta fari fram 8. desember 2023.

Hlutir í Ísfélagi verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar. Vörsluaðilar munu móttaka hluti inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis í samræmi við upplýsingar frá umsjónaraðilum.

Fáiast ekki áskrift að öllum þeim hlutum sem boðnir eru til áskriftar, eða hafi Nasdaq Iceland ekki samþykkt umsókn Ísfélags um töku hluta í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, þegar til stendur að afhenda þá hluti sem keyptir verða í útboðinu, áskilja seljendur sér heimild til að lýsa útboðið ógilt og fella allar áskriftir niður. Ekki mun því koma til þess að fjárfestar fái afhenta hluti í félagi sem ekki hefur verið samþykkt að taka til viðskipta á Nasdaq Iceland. Þátttakendur í útboðinu eru skuldbundnir til þess að setta sig við slíka ákvörðun seljenda.

Komi til þess að útboðið verði ógilt, verður haft samband við þá fjárfesta sem þegar hafa greitt fyrir áskriftir sínar í samræmi við úthlutun, á það tölvupóstfang sem þeir tilgreindu í áskrift sinni. Verða þeim í kjölfarið endurgreiddir þeir fjármunir sem þeir hafa innt af hendi til efnda á áskriftarloforðum þeirra. Slíkar endurgreiðslur verða ekki bættar með vöxtum, verðbótum eða að neinu öðru leyti.

### 5.6.1 SKYLDA TIL AÐ EIGA VÖRSLUREIKNING

Arion banki hf. hefur milligöngu um móttöku greiðslu og afhendingu hluta vegna útboðsins. Afhending hluta er áætluð 8. desember 2023 að undangenginni greiðslu samkvæmt greiðslufyrirmælum og verða hlutirnir færðir á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá þeim vörsluaðila sem fjárfestir hefur tilgreint í áskrift sinni. Fjárfestum er bent á að ganga úr skugga að þeir eigi virkan vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem þeir tilgreina í áskrift sinni, svo afhending hluta gangi greiðlega fyrir sig. Vörslureikningur fjárfestis verður að hafa verið tilgreindur og hann til staðar fyrir lok áskriftartímabils.

Eigi fjárfestir þá ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskriftarkerfi, eða eigi yfir höfuð ekki áskriftarreikning, áskilur Arion banki hf. sér rétt, en ekki skyldu, til að stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Arion banka hf., svo hægt sé að afhenda hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og jafnframt áskilur Arion banki hf. sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá bankans sem aðgengileg er á vef bankans, <https://www.arionbanki.is/bankinn/fleira/vextir-og-verdskra/>. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni, nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga sem Arion banki hf. krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti, svo sem fullnægjandi áreiðanleikakönnun skv. lögum nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjárfestir sem þarf að ljúka áreiðanleikakönnun samkvæmt framangreindu skal gera slíkt fyrir lok áskriftartímabils, en hafi það ekki verið gert slíkt áskilja umsjónaraðilar sér rétt til að fella áskrift fjárfestis niður.

Veiti fjárfestir ekki upplýsingar um vörslureikning sinn samkvæmt framansögðu, ellegar neiti Arion banka hf. um heimild til að stofna slíkan reikning í hans nafni, verður áskrift fjárfestis felld niður.

### 5.7 ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR OG HREINT SÖLUANDVIRÐI

Áætlaður heildarkostnaður Ísfélags vegna sölu hlutafjár í útboðinu og töku alls hlutafjár til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er um 275 m.kr. og samanstendur kostnaðurinn m.a. af þóknunum Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbanka hf. sem umsjónar- og söluaðila, kostnaði vegna staðfestingar og birtingar lýsingar, kostnaði vegna markaðssetningar útboðs, skráningargjöldum Nasdaq Iceland og Nasdaq verðbréfamíðstöðvar og aðkeyptri sérfræðipjónustu í aðdraganda skráningar.

Ísfélag hefur í eigin nafni gert samninga við Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankann um að þeir hafi umsjón með útboðinu og annist sölu þeirra hluta sem þar verða boðnir til sölu í, en Ísfélag áður hefur með samningum við seljendur, auk umboðs er þeir hafa veitt félaginu, tryggt sér ráðstöfunarrétt yfir þeim bréfum sem seld verða í útboðinu. Þar sem útboðið og eftirfarandi taka hluta félagsins til viðskipta fer fram að frumkvæði og ósk Ísfélags, en ekki einstakra hluthafa, mun Ísfélag greiða þóknunir umsjónar- og söluaðila vegna þessa og hefur félagið ekki fyrirætlan um að endurkrefja hluthafa um þá fjármuni sem félagið mun þurfa að inna af hendi í því sambandi.

Áætlað söluandvirði útboðsins, að fráregnum kostnaði, m.v. að allir hlutir í útboðinu verði seldir á lágmarksverði hvernar áskriftarbókar útboðsins, er um 15.779 m.kr. Af því myndu 5.355 m.kr. renna til Ísfélags sjálfs sem endurgjald fyrir þá eigin hluti félagsins sem ætlunin stendur til að selja í útboðinu. Heildarsöluandvirði eigin hluta Ísfélags að fráregnum kostnaði við útboðið samkvæmt framansögðu mun mynda fjárflæði hjá félaginu, sem áætlað er 5.080 m.kr. Fjármuni þá sem félaginu greiðast mun félagið nýta til að greiða kostnað við útboðið og töku hluta félagsins til viðskipta, í fjárfestingar sínar, rekstur og til almennra félagsþarfa eins og þurfa þykir.

### 5.8 TAKA HLUTABRÉFA ÍSFÉLAGS TIL VIÐSKIPTA

Í kjölfar uppgjors og afhendingar mun Ísfélag sækja um að allir útgefnir hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Nasdaq Iceland mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Ísfélag mun birta ákvörðun hér um á heimasíðu sinni <https://isfelag.is/fjarfestar/>. Þá munu umsjónarðaðilar útboðsins einnig birta tilkynningu hér að lútandi á heimasíðum sínum.

## 6 VIÐSKIPTAVAKT

Ísfélag hf. hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í Ísfélagi hf. við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf., sem báðir annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá útgefanda. Setja báðir aðilar fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland.

Helstu skilmálar viðskiptavakta bankanna tveggja eru sem hér segir:

### **Skilmálar Arion banka hf.**

<i>Fjárhæð (magn) kaup- og sölutilboða:</i>	<i>90.000 hlutir.</i>
<i>Skuldbundin hámarksfjárhæð viðskipta á dag:</i>	<i>80.000.000 kr.</i>
<i>Verðbil kaup- og sölutilboða:</i>	<i>Ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Kauphallarinnar eins og hún er hverju sinni, á þann veg að verðbil verði sem næst 1,5% en þó ekki lægra en 1,45%.</i>
<i>Hámarksverðbil:</i>	<i>Ef verðbreyting á hlutabréfum útgefanda innan viðskiptadags er umfram 5% er Arion banka heimilt að auka hámarksverðbil þannig að það verði sem næst 3,0% en þó ekki lægra en 2,95% og ef verðbreyting á hlutabréfunum er umfram 10% er Arion banka heimilt að auka hámarksverðbil þannig að það verði sem næst 4,5% en þó ekki lægra en 4,45%.</i>
<i>Endurnýjun tilboða:</i>	<i>Innan 10 mínútna frá síðustu viðskiptum</i>

### **Skilmálar Íslandsbanka hf.**

<i>Fjárhæð kaup- og sölutilboða:</i>	<i>10 m.kr. að markaðsvirði á gengi sem Íslandsbanki ákveður, en þó ekki með meira fráviki en 3% frá síðasta viðskiptaverði.</i>
<i>Skuldbundin hámarksfjárhæð viðskipta á dag:</i>	<i>6 vaktir</i>
<i>Verðbil kaup- og sölutilboða:</i>	<i>Ákvarðað með hliðsjón af verðskrefatöflu Kauphallarinnar eins og hún er hverju sinni, á þann veg að verðbil verði sem næst 1,5%, en aldrei lægra en 1,45%</i>
<i>Hámarksverðbil:</i>	<i>Ef verðbreyting innan viðskiptadags er umfram 5,0% er Íslandsbanka heimilt að tvöfalda hámarksverðbil milli kaup- og sölutilboða þann viðskiptadag.</i>
<i>Endurnýjun tilboða:</i>	<i>Innan 10 mínútna frá síðustu viðskiptum</i>

## 7 UPPLÝSINGAR ER VARÐA HLUTABRÉFAFLOKKINN

### 7.1 HLUTAFÉ

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög og samþykktir félagsins dagsettar 28. september 2023. Heildar útgefið hlutafé Ísfélags nemur 818.612.313 íslenskum krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.

Við útgáfu þessarar lýsingar á Ísfélag 39.667.919 eigin hluti. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir.

Hlutabréf Ísfélags hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð eru auðkennd með ISIN númerinu IS0000030112.

### 7.2 ÁKVÆÐI UM HÆKKUN OG LÆKKUN HLUTAFJÁR

Hluthafafundur Ísfélags einn getur ákveðið hækkun hlutafjár. Samkvæmt grein 3.8 í samþykktum félagsins er hluthafafundur Ísfélags lögmætur hafi verið löglega til hans boðað.

Samkvæmt grein 2.2, sbr. 8 gr. í samþykktum félagsins, sem dagsettar eru 28. september 2023, þarf samþykki hluthafafundar til hækkunar hlutafjár og fylgir samþykki tillögu þar um sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins.

Ekki er í gildi heimild sem veitir stjórn félagsins heimild til hækkunar eða lækkunar hlutafjár félagsins. Verði hlutafé félagsins hækkað eiga hluthafar forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum á hverjum tíma.

Einungis hluthafafundur getur ákveðið lækkun hlutafjár skv. gr. 2.4 í samþykktum félagsins. Sama magn atkvæða og þarf til að breyta samþykktum félagsins þarf til þess að samþykkja lækkun hlutafjár.

### 7.3 RÉTTINDI TENGD HLUTABRÉFUM Í ÍSFÉLAGI HF.

Í grein 2 í samþykktum Ísfélags felst að allir útgefnir hlutir í félaginu tilheyra sama flokki og njóta sömu réttihæðar, sbr. einnig 2. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög.

Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

Samþykktir félagsins, dagsettar 28. september 2023, kveða ekki á um að sérréttindi fylgi einhverjum eða öllum hlutum í félaginu.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í Ísfélagi eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og fer um eigendaskipti að hlutum og framkvæmd þeirra samkvæmt ákvæðum þeirra laga og reglna sem á þeim byggja, sbr. grein 2.9 í samþykktum félagsins.

Útskrift úr eignaskrá að hlutum félagsins sem fengin er frá Nasdaq verðbréfamiðstöð telst fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár í samræmi við ákvæði laga um verðbréfamiðstöðvar og samþykktir félagsins.

Í þessu samhengi skal arður, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem hverju sinni er skráður eigandi viðkomandi hluta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð.

Samkvæmt gr. 2.8 í samþykktum Ísfélags eru engar hömlur lagðar á meðferð hluta í félaginu og er hluthöfum heimilt að veðsetja þá og selja án afskipta félagsstjórnar. Um eigendaskipti að hlutum félagsins og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Athygli fjárfesta er sérstaklega vakin á því, í þessu samhengi, að í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila á atvinnurekstri er fortakslaust bann við beinni fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Erlendur aðili er, samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila á atvinnurekstri, einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum.

Athygli fjárfesta er einnig vakin á því, að í grein 2.8 í samþykktum Ísfélags kemur fram sú takmörkun að um heimildir til kaupa erlendra aðila á hlutum í félaginu fari samkvæmt lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila á atvinnurekstri

Stjórnendum félagsins ber skylda til að tilkynna viðeigandi ráðuneyti ef þeir telja að farið sé gegn framangreindum lagaákvæðum.

Um eigendaskipti að hlutum í Ísfélagi og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um verðbréfamiðstöðvar og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Ræðst forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda af því hvenær skráning reikningsstofnunar á slíkum réttindum í kerfi verðbréfamiðstöðvar er framkvæmd. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni, skv. 6 gr. laga um verðbréfamiðstöðvar.

Eigendaskipti að hlutum í Ísfélagi og framkvæmd þeirra skal vera samkvæmt ákvæðum framangreindra laga. Hluthafi félagsins getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eignarhald sitt. Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Eigendur hluta Ísfélags eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutfjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafrænt skráð hlutabréf (rafbréf) útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um verðbréfamiðstöðvar er óheimilt að gefa út viðskiptabréf fyrir þegar skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja slík verðbréf og eru slík viðskipti ógild.

#### 7.4 ARÐGREIÐSLUR OG KAUP Á EIGIN BRÉFUM

Á stjórnarfundi Ísfélags, sem fram fór þann 30. júní 2023, markaði stjórn félagsins því þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé á hverjum tíma með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til að mæta sveiflum í rekstrarumhverfinu. Það hefur jafnframt verið stefna félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í sjávarútvegi og því þarf fyrirtækið að hafa bolmagn hverju sinni til að fjárfesta þegar tækifæri gefst.

Með vísan til þessa, og að stjórnin telur ennfremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu, er þannig stefnt að því að félagið greiði árlega arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins árs. Arðgreiðslan skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins. Arðgreiðslustefna félagsins skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins og skal stjórn yfirfara hana eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Arðgreiðslustefnu félagsins má finna á heimasíðu félagsins, <https://isfelag.is/fjarfestar/>

Á aðalfundi skal tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu reikningsári. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur hluthafa til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu.

Félagið mun fylgja reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnum af Nasdaq Iceland sem eru í gildi hverju sinni. Samkvæmt lið 3.11.3 í núgildandi reglum frá 1. febrúar 2021 skal útgefandi birta á vefsvæði sínu fjárhagsdagatal þar sem meðal annars skal tilgreina útborgunardag arðs. Einnig skal taka fram í ársuppgjöri félagsins tillögu stjórnar að arðsúthlutun. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

Ísfélag á, við útgáfu lýsingar þessarar 39.667.919 eigin hluti sem samsvara 4,85% af heildar hlutafé félagsins. Heimild til kaupa á eigin hlutum er fyrir hendi og gildir til 14. desember 2024 en takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af nafnverði hlutfjár félagsins á hverjum tíma í samræmi við 55 gr. laga nr. 2/1995 um

hlutafélög og takmarkast kaupverð við ISK 96 kr. á hlut. Ekki má nota atkvæði sem fylgja hlutum sem félagið kann að eiga sjálft og skulu þau atkvæði talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

Athygli fjárfesta er þó vakin á því, að umrædd heimild var sett í tíð fyrri samþykktu Ísfélags, og skv. grein 7.1. í núgildandi samþykktum félagsins mega heimildir til kaupa hlutafjár af þessum toga ekki vera veittar til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni. Þá mælir grein 7.2 núgildandi samþykktu fyrir um, að sé heimild til kaupa eigin hluta nýtt eftir að hlutir félagsins eru teknir til viðskipta á skipulegum markaði, megi kaupverð í slíkum viðskiptum ekki nema hærra verði en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta með hlutabréfin, eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er.

Stjórn Ísfélags lýsir því yfir að hún muni ekki nýta þá heimild hluthafafundar félagsins frá 14. júní 2023 til kaupa eigin hluta, heldur sækja nýja heimild hluthafafundar til slíkra kaupa, komi þau til. Mun stjórn félagsins einnig beita sér fyrir því að umrædd heimild verði afturkölluð og hún felld niður á næsta hluthafafundi félagsins.

## 7.5 LÖGBUNDIN YFIRTÖKUTILBOÐ OG TILBOÐSSKYLDA

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 108/2007, um yfirtökur, er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yferráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 er með yferráðum átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. Hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboð skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yferráðum var náð. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

ÍV fjárfestingarfélag ehf. fer, fyrir það útboð sem rætt er í lýsingu þessari, með um 61% atkvæðisrétt í útgefanda, sem er yfir skilgreindum mörkum yferráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007, um yfirtökur. ÍV fjárfestingarfélag ehf. hefur lýst því yfir að það hyggist selja af þeim eignarhlut í útboðinu, þó ekki sé víst sú sala dugi til að færa eignarhlut þess niður fyrir skilgreind mörk yferráða. Er rétt að geta þess, í þessu sambandi, að fari aðili og, eftir atvikum þeir aðilar sem hann er í samstarfi við, með yferráð í Ísfélagi þá þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verður slíkur aðili/samstarfshópur ekki tilboðsskyldur samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur vegna þeirra. Komi hins vegar til þess að viðkomandi aðili missi yferráðin eftir það tímamark en nái þeim að nýju, þá kviknar skylda samkvæmt framangreindum lögum til að leggja fram yfirtökutilboð í hlutafé Ísfélags á markaði.

Útgefanda er ekki kunnugt um að samstarf hluthafa sem eiga samanlagt yfir 30% hlutafjár verði til staðar eftir töku hluta Ísfélags til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í útgefanda er að finna í kafla sem ber yfirskriftina „8 Hluthafar og hlutafé“ í útgefandalýsingu Ísfélags sem dagsett er 22. nóvember 2023.

## 7.6 INNLAUSNARSKYLDA OG INNLAUSNARRÉTTUR

Í samþykktum Ísfélags er ekki að finna ákvæði um að hluthafar skuli sæta innlausn hluta sinna að nokkru leyti eða öllu.

Að því marki sem samþykktir Ísfélags segja ekki til um gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995 um starfsemi félagsins og réttindi hluthafa. Samkvæmt 24. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum.

Samkvæmt 26. gr. laga um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum.

Athygli fjárfesta er einnig vakin á ákvæðum 110. gr. laga nr. 108/2007, um yfirtökur, en þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutfjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geti hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skulu sæta innlaun á hlutum sínum.

Einnig geta aðrir hluthafar krafist þess að sá/þeir hluthafar sem eiga yfir 90% hlutfjár, hvort heldur í samstarfi við aðra eða einir, leysi til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem þess krefjast.

Enginn einstakur hluthafi fer með 9/10 hlutfjár eða atkvæðisrétt í Ísfélagi við útgáfu verðbréfalýsingar þessarar. Útgefanda er ekki kunnugt um samstarf neinna hluthafa sem samtals fara með að lágmarki 9/10 hlutfjár eða atkvæðisrétt í félaginu.

## 7.7 SLIT, SKIPTI EÐA SAMRUNI Á FÉLAGINU

Með tillögum um slit og skipti á Ísfélags skal fara sem um breytingar á samþykktum félagsins. Skal tillaga um slík hljóta sömu meðferð og tillaga um breytingu á samþykktum Ísfélags sbr. 9. gr. samþykktu félagsins.

Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Um samruna félagsins við önnur félag fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. samþykktu félagsins og ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í því felst m.a. að sé ætlunin að Ísfélag verði yfirtekið af öðru félagi, skal um samþykki yfirtökunnar af hálfu hluthafa félagsins fara sem um breytingar á samþykktum félagsins sé að ræða sbr. 124. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Sé Ísfélagi ætlað að taka annað félag yfir, getur stjórn félagsins tekið ákvörðun um samrunann, nema þörf sé á að breyta samþykktum félagsins samhliða að öðru leyti en varðar heiti félagsins. Þó geta 5% hluthafa félagsins krafist þess að samrunaáætlun verði borin undir samþykki hluthafafundar félagsins og verði slíkt gert, þá verður samrunaáætlunin samþykkt með því atkvæðamagni sem þarf til breytinga á samþykktum félagsins.

## 7.8 SKATTALEG ATRÍÐI

Hér fyrir neðan er almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið vegna arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir „tekjuskattslög“).

Skattlagning framangreindra tekna fer eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestar í útboðinu skulu athuga sérstaklega að skattalög aðildarríkis fjárfestis og skráningarlands útgefanda geta haft áhrif á tekjur af verðbréfunum.

Samantektin hér að neðan tekur til íslenskra laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrif innlendra og erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki o.fl.

### *Aðilar með skattskyldu á Íslandi:*

Fjármálastofnunum ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu skatts af arðgreiðslum bæði til einstaklinga og tiltekinna lögaðila sem búsettir eru og skattskyldir á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skatthlutfall staðgreiðslu miðast við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við greiðslunni. Skatthlutfall einstaklinga utan rekstrar og flestra lögaðila með skattskyldu á Íslandi er 22%.

Söluhagnaður einstaklinga og lögaðila er skattskyldur og er skatthlutfall einstaklinga 22%. Ekki er reiknaður tekjuskattur af annars vegar vaxtatekjum og hins vegar tekjum af hlutabréfaeign í formi arðs og söluhagnaðar í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, samtals allt að 300.000 kr. á ári hjá einstaklingum með skattskyldu á Íslandi. Frádráttur er nýttur þannig að fyrst skal jafna út vaxtatekjur, næst arðstekjur og loks söluhagnað af hlutabréfum þar til hámarki frádráttar hefur verið náð, sbr. 3. mgr. 66. gr. tekjuskattlaga. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Tilteknir skattskyldir lögaðilar (hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og samlagshlutafélög sem eru sjálfstæður skattaðili) hafa heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðgreiðslna eða

söluhagnaðar eins og nánar er kveðið á um í 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt. Við álagningu geta slík félög fengið endurgreidda afdregna staðgreiðslu reynist álagður tekjuskattur félagsins lægri en sem nemur afdreginni staðgreiðslu.

#### *Aðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi:*

Fjármálastofnunum ber skylda til að draga skatt af arðgreiðslum til aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, skv. ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Söluhagnaður aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattskyldur en ekki staðgreiðsluskyldur, skv. ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Skatthlutfall einstaklinga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 22% og lögaðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er 20%.

Samkvæmt a-lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattslaga er ekki reiknaður tekjuskattur af tekjum af arði og/eða söluhagnaði af hlutabréfaeign í félögum skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga, allt að 300.000 kr., hjá einstaklingum með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, að því marki sem frímark vaxtatekna skv. a-lið 8. tölul. 70. gr. hafi ekki verið fullnýtt. Þetta frítekjumark á ekki við um lögaðila.

Um félög með takmarkaða skattskyldu á Íslandi og eru heimilisföst innan Evrópska efnahagssvæðis gilda sams konar reglur og um félög sem eru skattskyld á Íslandi, m.a. um heimild til að færa sérstakan frádrátt á skattframtal vegna arðstekna eða söluhagnaðar.

Ákvæði tvísköttunarsamninga geta leitt til þess að staðgreiðsluhlutfall af arðstekjum aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi verði lægra en fyrrnefnd 22% og 20%. Til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna er hægt að sækja um undanþágu eða lækkun á grundvelli tvísköttunarsamnings hjá íslenskum skattyfirvöldum. Hafi skatti þegar verið haldið eftir er hægt að sækja um endurgreiðslu þess skatts hjá íslenskum skattyfirvöldum heimili viðkomandi tvísköttunarsamningur það. Skattur leggst á hagnað aðila með takmarkaða skattskyldu á Íslandi af sölu íslenskra hlutabréfa. Skatturinn leggst á söluverð að frádregnu upphaflegu kaupverði hlutanna.

Félögum, með takmarkaða skattskyldu á Íslandi, sem eru heimilisföst innan hins Evrópska efnahagssvæðis er heimilt að færa sérstakan frádrátt á skattframtali þar sem á móti skattskyldum söluhagnaði er færður sérstakur frádráttur vegna söluhagnaðar, sbr. a-lið 9. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt.

Söluhagnaður annarra félaga með takmarkaða skattskyldu á Íslandi er skattlagður með 20% skatti, sbr. b - lið 7. tl. 70. gr. tekjuskattslaga.

Tvísköttunarsamningar kunna að innihalda ákvæði um undanþágu frá skattskyldu eða eftir atvikum lækkun hennar.

Áréttuð skal þó fyrri umfjöllun um takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, samanber lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

## **7.9 SAFNSKRÁNING**

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lögum nr. 7/2020, um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í 42. gr. laga nr. 115/2021 kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavinum grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig.

Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þetta á þó ekki við


um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá útgefanda.

Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn.

Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanskilur ekki viðkomandi hluthafa frá ákvæðum laga nr. 20/2021 um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun). Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

## 8 FJÁRFESTAKYNNING ÍSFÉLAGS



Í FORYSTU Í 122 ÁR  
Fjárfestakynning í nóvember 2023

 ÍSFÉLAG

# Sterk fjárhagsstaða Ísfélags er grunnur fyrir áframhaldandi vöxt




## Löng og farsæl saga

- Ísfélag var stofnað árið 1901 og er elsta starfandi hlutafélag landsins
- Eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins



## Umfangsmikil starfsemi

- Vinnslur á fjórum stöðum á landinu og 374 stöðugildi til sjós og í landi
- Einn stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi
- Dekking og reynsla fyrir hendi hjá stjórnendum og starfsmönnum



## Markvissar fjárfestingar

- Skipaflotinn hefur verið endurnýjaður að mestu leyti
- Aukin afköst í uppsjávarvinnslu og tæknivæðing í bolfiskvinnslu



## Sterkur og stöðugur fjárhagur

- EBITDA framlegð Ísfélags hefur að jafnaði verið hærri en EBITDA framlegð sjávarútvegsins í heild
- Eiginfjárlutfall, 62%, myndar sterkan grunn til arðgreiðslna og frekari fjárfestinga



## Vaxtartækifæri í núverandi rekstri

- Félagið heldur á 8,9% af aflaheimildum en hámarkið er 12% og því er tækifæri til vaxtar
- Tækifæri til hagræðingar í núverandi rekstri samhliða vaxtartækifærum í nýsköpunarfyrirtækjum



## Samfélagsleg ábyrgð


- Félagið einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti í sátt við umhverfi og samfélag
- Félagið kappkostar að umgangast lífríki sjávar með sjálfbærum hætti

# Stöndugt sjávarútvegsfélag stefnir á markað



23. nóvember – 1. desember

Almennt hlutafjárútboð áformað



16 ma.kr. (14,5%)

Stærð útboðs miðað við lágmarksverð og hlutfall af útgefnu hlutafé



Fyrsti viðskiptadagur  
8. desember

Fyrirhuguð skráning á Aðalmarkað Nasdaq Iceland

## Fjárhagstölur 30. júní 2023<sup>1</sup>



USD 120m

Tekjur 1H2023

USD 40m

EBITDA 1H2023



USD 770m

Eignir samtals

62%

Eiginfjárlutfall



USD 113m

Bókfært virði dóttur- og hlutdeildarféлага auk annarra eigna<sup>2</sup>

USD 121m

Nettó vaxtaberandi skuldir<sup>3</sup>

## Almennar lykiltölur<sup>4</sup>

8,9%

Aflahlutdeild

39.300 tonn

Aflaheimildir í þorskígildum

374

Stöðugildi



# STARFSEMI FÉLAGSINS

Ísfélag hefur verið þátttakandi í sjávarútvegi frá upphafi vélbátavæðingarinnar. Félagið er elsta starfandi hlutafélag landsins, stofnað árið 1901. Hér er Sigurður VE að dæla loðnu í lestar skipsins norður af Eyjum árið 2022.

# Ísfélag er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins

Býr yfir öflugum skipastól og er vel tækjum búíð

## Starfsemi Ísfélags



Útgerð félagsins samanstendur af níu skipum

- 4 uppsjárskip
- 1 frystitogari
- 3 bolfiskskip
- 1 krókabátur




Landvinnslur á fjórum stöðum á landinu

- 3 fiskvinnslur
- 2 fiskimjölsverksmiðjur
- 1 rækjuvinnsla
- 1 kítósanverksmiðja




Sala og útflutningur félagsins fer að miklu leyti fram í gegnum sölufélögin Iceland Pelagic ehf. og StorMar ehf., en Ísfélag er stór hluthafi í þeim félögum



# Ísfélag er elsta starfandi hlutafélag landsins

Fyrirtækið hefur vaxið með samrunum og arðbærum rekstri




# Tvö fjárhagslega sterk félög sameinuðust

Tækifæri til hagræðingar og frekari vaxtar

- Sameinað félag er vel í stakk búið til þess að grípa tækifæri og bregðast við áskorunum
  - Með jafnari hlutföll í uppsjávar- og bolfiskheimildum
  - Sterkari samkeppnisstöðu á erlendum mörkuðum
- Tækifæri eru til hagræðingar og frekari vaxtar
  - Hagræðing í bolfiskútgerð með tilkomu nýs togara, Sigurbjargar ÁR
  - Félagið heldur á 8,9% aflahlutdeild en hámarkið er 12%

## Sameinað félag

6 mánuðir til 30.6.2023



## Lykiltölur fyrir samruna<sup>1</sup>

2022



USD 164m

*Tekjur*

USD 70m (43%)

*EBITDA*

USD 335m

*Eignir*

68%

*Eiginfjárlutfall*

0,3x

*Nettó vaxtaberandi skuldir/  
EBITDA 2022*

5,3%

*Hlutdeild í aflaheimildum  
2022/2023*

2022



EUR 84m

*Tekjur*

EUR 23m (28%)

*EBITDA*

EUR 168m

*Eignir*

70%

*Eiginfjárlutfall*

0,9x

*Nettó vaxtaberandi skuldir/  
EBITDA 2022*

3,4%

*Hlutdeild í aflaheimildum  
2022/2023*

# Reynslumiklir stjórnendur með víðtæka þekkingu á sjávarútvegi


Samanlögð starfsreynsla framkvæmdastjórnar í sjávarútvegi um 100 ár

## Stjórn

- Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson
  - Stjórnarformaður Ísfélags
- Einar Sigurðsson
  - Varaformaður stjórnar
- Guðbjörg M. Matthíasdóttir
  - Stjórnarmaður
- Gunnar Sigvaldason
  - Stjórnarmaður
- Steinunn H. Marteinsdóttir
  - Stjórnarmaður

## Framkvæmdastjórn

- Stefán Friðriksson, forstjóri
  - Forstjóri Ísfélags Vestmannaeyja frá 2010, starfaði áður hjá Vinnslustöðinni hf. frá 1997
- Ólafur H. Marteinsson, aðstoðarforstjóri
  - Framkvæmdastjóri Ramma hf. frá 1991
- Unnar Már Pétursson, fjármálastjóri
  - Fjármálastjóri Ramma hf. frá 1993
- Örvar G. Arnarson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar
  - Fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja hf. frá 2011



<sup>1</sup>Önnur dótturfélög og hlutdeildarfélag eru Fiskmarkaður Dórshafnar ehf., Fiskmarkaður Vestmannaeyja ehf., Jörvi fasteignir ehf., Arctic Seafood Ltd., Eyjasýn ehf., Ocean Ecofarm ehf., Rannsóknarþjónustan Vestmannaeyjum ehf. <sup>2</sup>Eignarhlutur í gegnum Austur Holding AS. Ísfélag á 29,3% hlut í félaginu sem heldur á 55,3% hlut í Ice Fish Farm AS <sup>3</sup>Eignarhlutur í gegnum Lundey fjárfestingafélag. Ísfélag á 50% í félaginu á móti Kaupfélagi Skagfirðinga

# Dæmi um fjárfestingar undanfarinna ára sem hafa skilað góðum árangri



Aukin frystigeta, flokkunarstöð og frystigeymsla



Hrognavinnsla og hrognatankar



Stór lausfrystir á Þórshöfn



Nýlegur uppsjávarfloti



Tenging milli frystihúss og mjólverksmiðju



Sjálfvirkni í uppsjávarvinnslu



Vatnskurðarvél í bolfiskvinnslu



Glæsilegur frystitogari



Nýr ísfisktogari í smíðum

# Spennandi vaxtartækifæri hjá dóttur- og hlutdeildarfélögum



- Skráð í Euronext Growth kauphöllinni í Osló
- 16,2% hlutur í gegnum eignarhaldsfélag
- Áforma 20 þúsund tonna framleiðslu á næsta ári



Stefnt að 30 þúsund tonna framleiðslu



- Framleiðir kítósan úr rækjuskel
- 100% dótturfélag
- Árið 2022 var veltan 958 m.kr. og hagnaður 132 m.kr.
- Selur vörur undir vörumerkjunum ChitoCare, ChitoClear, Liposan og SeaKlear



Vara með einstaka lífvirkni og mörg tækifæri

## Pelagic Greenland

- Gerir út öflugt uppsjávarfrystiskip frá Grænlandi
- 33,3% beinn hlutur
- Meðeigandi er grænlenzka fyrirtækið Royal Greenland
- Aflaheimildir í loðnu, síld, makríl og kolmunna



25 þúsund tonna afli árið 2022



- Framleiðir þörunga með koltvísýringi frá borholum OR, hitastýrðu vatni og ljósi
- 7,5% hlutur í gegnum eignarhaldsfélag
- Mikil vaxtartækifæri til staðar
- Framleiðslugeta félagsins hefur stóraukist eftir hlutafjárútkningu í lok 2021



Stýrð framleiðsla hágæðavöru

# Ísfélag stundar ábyrgar fiskveiðar í sátt við umhverfi og samfélag

Félagið er aðili að samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



## Sjálfbær nýting auðlinda

Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið dregur úr sóun við sókn og vinnslu hráefnis og hámarkar verðmæti auðlindarinnar

## Öryggismál á sjó og landi í fyrirrúmi



## Fullnýting hráefnis

Fullvinnsla alls hráefnis í uppsjávar- og bolfiskvinnslu og hreinsibúnaður fyrir blóðvatn í mjölverksmiðjum



## Endurvinnsla og flokkun

Skynsamleg og mælanleg flokkun úrgangs auk endurvinnslu ónýtra veiðarfæra

## Mjölverksmiðjur verða keyrðar á raforku



## Hagkvæmar veiðar

Nýlegur og hagkvæmur skipakostur



## Hornsteinninn í héraði

Ísfélag hefur alla tíð gegnt veigamiklu hlutverki í heimabyggð



## Nánar í ársskýrslu á [www.isfelag.is](http://www.isfelag.is)

Upplýsingar um samfélagsmál, umhverfismál og stjórnarhætti má finna í ársskýrslu sem birt var á vefsíðu félagsins, [www.isfelag.is](http://www.isfelag.is) fyrir árið 2021 og 2022

# SKIPAKOSTUR OG VINNSLUR

Heimaey VE og Surtsey VE landa loðnu í botni Friðarhafnar í Vestmannaeyjum.  
Surtsey kom í land með 100 tonn af ókældum afla. Heimaey kemur með 1.000 tonn af kældum afla. Tímarnir hafa sannarlega breyst.



2021

Um 1980

# Uppsjárvarfloti félagsins

Flotinn fiskaði rúmlega 60 þúsund tonn á 6 vikna loðnuvertíð 2023



## Sigurður VE

Smíðaður í Tyrklandi 2014  
80x17m



## Heimaey VE

Smíðuð í Síle 2012  
71x14m



## Álsey VE

Smíðuð í Noregi 2003  
69x14m




## Suðurey VE


Smíðuð í Danmörku 2006  
63x13m

## Skipting uppsjárvarfla 2020-2022

Hlutfall af heild




■ Heimaey VE



■ Sigurður VE

■ Álsey VE

■ Suðurey VE



## Nýr ísfisktogari verður tekinn í notkun 2024

Kemur í stað þriggja eldri bolfiskskipa



### Sigurbjörg ÁR

- Er í smíðum í Tyrklandi
- Áætluð afhending í byrjun árs 2024
- Skipið er 48 metrar að lengd og 14 metrar að breidd
- Skipið er búið fjórum togvindum og með möguleika á þriggja trolla veiðum
- Í lest skipsins er rými fyrir 500 kör eða um 165 tonn af afla
- Kemur í stað Ottós N. Þorlákssonar VE auk Múlabergs SI og Fróða II ÁR sem tekin voru úr rekstri á árinu 2023

# Bolfiskfloti félagsins

Hagræðing með nýju skipi sem er í smíðum



## Ottó N. Þorláksson VE

Smíðaður á Íslandi 1981  
57x10m



## Dala-Rafn VE

Smíðaður í Pólandi 2007  
29x10m



## Jón á Hofi ÁR

Smíðaður á Íslandi 1983  
39x8m



## Litlanes DH

Smíðað á Íslandi 2008  
12x4m



## Sólberg ÓF

Smíðað í Tyrklandi 2017  
80x15,4m

Frustitogari fyrir bolfisk. Vinnur úr 10-12 þúsund tonnum af hráefni. Um borð er hátæknivinnsla, tvær vatnsskurðarvélar, lausfrystir ásamt fiskimjöls- og lýsisvinnslu




### Allt hráefni nýtt

Í Sólbergi ÓF er fiskimjölsverksmiðja sem framleiðir mjöl og lýsi úr öllu hráefni sem ekki er fryst um borð

## Skipting bolfiskafla 2020-2022

Hlutfall af heild




<sup>1</sup>Vélarbilun á Ottó N. Þorlákssyni frá apr. til okt. 2022 <sup>2</sup>Fróði II ÁR og Múlberg SI

# Uppsjávar- og bolfiskvinnslur


Hafa verið sjálfvirknivæddar að miklu leyti á síðustu árum

## Frystihús og hrognavinnslur



- Í Vestmannaeyjum og á Dórshöfn starfrækir félagið uppsjávarvinnslur til frystingar á loðnu, makríl og síld ásamt vinnslu loðnuhrogna
- Á milli uppsjávarvertíða er unninn bolfiskur á hvorum stað

## Bolfiskvinnsla



- Í Dorlákshöfn er starfrækt bolfiskvinnsla fyrir þorsk, ýsu, ufsa og karfa
- Vinnslan er við góða útflutningshöfn og í nálægð við Keflavíkurflugvöll



### Afall til kælingar

Afall varmadælustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, sem er ískaldur sjór, er nýttur til kælingar afla til vinnslu hjá félaginu



### 27% aflahlutdeild í humri

Félagið hefur góða aflahlutdeild í humri en ekki hefur verið úthlutað aflamarki í nokkur ár. Sá tími mun koma að veiðar hefjist á ný




<sup>1</sup>Afurðir og aukaafurðir

# Fiskimjölverksmiðjur og rækjuvinnsla


Fullnýting hráefnis og orku

## Fiskimjölverksmiðjur



- Fiskimjölverksmiðjur félagsins vinna úr uppsjávarafla
- Afkastageta verksmiðjunnar í Vestmannaeyjum er um 1.000 tonn af hráefni á sólarhring og á Dórshöfn um 900 tonn af hráefni

## Rækjuvinnsla og kítósanverksmiðja



- Á Siglufirði er starfrækt nýleg verksmiðja sem framleiðir soðna og pillaða kaldsjávarrækju
- Primex, dótturfyrirtæki Ísfélags, framleiðir lífvirkt kítósan úr rækjuskel



### Afgangshiti til húshitunar

Afgangshiti frá fiskimjölverksmiðjunni í Vestmannaeyjum er leiddur inn á hitaveitukerfi bæjarins



### Hreinsistöðvar fyrir frárennsli fiskvinnslunnar

Frárennsli fiskvinnslanna í uppsjávarfiski er hreinsað til vinnslu í mjölverksmiðjum



### Verðmæti úr rækjuskel

Félagið vinnur verðmætt kítósan úr rækjuskel sem fellur til við rækjuvinnslu á Siglufirði og öðrum rækjuvinnslum

## Ný öflug hrognavinnsla tekin í notkun árið 2023




# Metframleiðsla loðnuhrogrna árið 2023

Hrognavinnsla er veigamikil hjá félaginu

## Vinnsla á loðnuhrogrum

Dús. tonn



- Fjárfest var í nýrri hrognavinnslu á Þórshöfn sem fór í full afköst árið 2023
- Árið 2023 var ný hrognavinnsla tekin í notkun í Vestmannaeyjum
- Framleiðslan í Eyjum var um 3.200 tonn og á Þórshöfn 1.900 tonn á síðustu vertíð

## Frystihús og vinnslur í Vestmannaeyjum eru tengdar með lögnum



- Félagið lagði lagnir í Eyjum milli fiskimjölverksmiðjunnar og frystihússins árið 2012
- Loðnuhrogrum er dælt úr hrognahúsinu yfir í frystihúsið þar sem þeim er pakkað eftir þurrkun
- Afskurði frá frystihúsinu er dælt með öðrum lögnum í fiskimjölverksmiðjuna
- Við þetta sparast árlega um 40 þúsund km í akstri

# AFLAHEIMILDIR OG MARKAÐIR

Erlingur VE var smíðaður í Danmörku árið 1930. Heimaey var smíðuð í Síle árið 2012. Fiskurinn er sá sami. Á Erlingi VE má sjá 15 manna áhöfn, sjö um borð í mótorbátnum og fjórir í hvorum nótabátanna. Um borð í Heimaey VE má greina einn sjómann af þeim ellefu sem eru um borð á nótaveiðum.



Heimaey VE (2012)




Erlingur VE (1930)

# Eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins

Tækifæri til vaxtar í aflaheimildum

## Aflaheimildir eftir útgerðarfélögum

Fiskeveiðiárið 2023/2024<sup>1</sup>, ÞÍG tonn<sup>2</sup>





- Bolfiskur
- Uppsjávarfiskur
- Hlutdeild í aflaheimildum

Heimildir: Gagnasiður Fiskistofu <sup>1</sup>Aflaheimildir í loðnu, makríl, kolmunna og norsk-íslenski sild taka mið af aflaheimildum fyrir fiskeveiðiárið 2022/2023 <sup>2</sup>Þorskiðlisstuðlar fyrir fiskeveiðiárið 2023/2024 <sup>3</sup>Leiðrétt vegna kaupa Brims á Sólborgu RE-27


# Meiri stöðugleiki með jafnara hlutfalli í uppsjávar- og bolfiskheimildum

Úthlutun tæp 40 þúsund þorskígildistonn og er félagið fjórða stærsta útgerðin í þorski

Úthlutun aflaheimilda  
2023/2024<sup>1</sup> - Tonn



Heildarúthlutun  
2023/2024<sup>1</sup> - Þorskígildistonn




# Úthlutaðar loðnuheimildir sveiflast milli ára

Tekjur af loðnuafurðum eru stöðugri en aflamagn


## Loðnuveiðar Ísfélags

Dús. tonn



## Tekjur Ísfélags af loðnuafurðum

USD m



Mestu verðmætin felast í fyrstu úthlutuðu tonnunum af loðnu

## Öflug sölustarfsemi

### Samstarf í markaðs- og sölumálum

- Ísfélag á hlut í þeim sölufyrirtækjum sem sjá að verulegu leyti um sölu- og markaðsmál félagsins
- StorMar og Iceland Pelagic eru rekin í samstarfi við önnur stór sjávarútvegsfélög
  - Ná þannig fram mikilvægri stærðarhagkvæmni í markaðs- og sölumálum
  - Félögin hafa sölumenn í Litháen, Póllandi og Frakklandi til að tryggja góð samskipti við viðskiptavinum félagsins
- Afurðir Ísfélags eru seldar undir vörumerkjum Ísfélags og Ramma

### stormar

- Selur bolfiskafurðir til Evrópu og Bandaríkjanna
- Félagið er í jafnri eigu Ísfélags, Skinneyjar-Dinganess, Brims og Gjögurs



Seldar afurðir 2022  
6.100 tonn



- Selur aðallega uppsjávarafurðir
- Félagið er í jafnri eigu Ísfélags, Skinneyjar-Dinganess og Brims




Seldar afurðir 2022  
63.000 tonn



# Markaðir og afurðir Ísfélags


48% af tekjum félagsins komu frá Noregi og Bretlandi árið 2022

Sala afurða 2022 eftir gjaldmiðlum



- Mjöl og lýsi er aðallega selt til fóðurframleiðenda í Noregi
- Uppsjávarafurðir eru að mestu seldar til A-Evrópu og Asíu
- Bolfiskafurðir eru að mestu seldar til meginlands Evrópu og Bretlands
- Flestar afurðir eru seldar í USD, s.s. lýsi, loðnuhrog og aðrar uppsjávarafurðir
- Mjöl er selt í NOK, verð byggir á heimsmarkaðsverði í USD

Sala afurða 2022 eftir landsvæðum og vöruflokkum




# Sjávarútvegurinn hefur verið undirstaða hagsældar á Íslandi

Skynsamleg nýting fiskistofna er forsenda verðmætaaukningar til framtíðar


## Útflutningsverðmæti sjávarafurða

ma.kr., leiðrétt fyrir gengisbreytingum<sup>1</sup>



## Jákvæð verðþróun á markaði síðustu ár

Verðþróun bolfisks og uppsjávarfisks, leiðrétt fyrir gengisbreytingum<sup>1</sup>



**8-9 þús.**  
Bein störf í sjávarútvegi\*

**40%**  
Hlutf. sjávarútvegs í vöruútflutningi\*

**7,5%**  
Hlutf. fiskveiða og vinnslu í landsframleiðslu\*









**5,6%**  
Árlegur meðalvöxtur verðvísitölu sjávarafurða síðastliðin 10 ár á föstu gengi<sup>1</sup>

**38%**  
Samdráttur í olíunotkun í sjávarútvegi frá aldamótum

\*að jafnaði undanfarin 15 ár

Heimildir: Samtök fyrirtækja í Sjávarútvegi, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands <sup>1</sup>Á föstu gengi miðað við gengi Seðlabankans, viðskiptavog þróng, á tímabilinu sept. 2013 - sept. 2023 <sup>2</sup>Árlegur meðalvöxtur (e. compound annual growth rate)

# Staða fiskistofna

<p><b>Dorskur</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gert er ráð fyrir að viðmiðunarstofn þorsks fari hægt vaxandi næstu tvö til þrjú ár þegar árgangarnir frá 2019 og 2020 koma að fullu inn í viðmiðunarstofninn</li> </ul> <p><b>Leyfilegur heildarafli</b> 209.194 (+1%)<sup>1</sup></p>	<p><b>Loðna</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Veiðistofn loðnu var metinn 325 þúsund tonn haustið 2023 en ráðgjöfin var að leyfa ekki veiði 2023/2024 skv. aflareglu</li> <li>- Ráðgjöfin verður endurmetin í byrjun árs 2024</li> <li>- Mæling á unglöðnu gefur góða vísbendingu um vertið 2025</li> </ul>
<p><b>Ýsa</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ástand ýsustofnsins er gott og góðar horfur eru fyrir næstu ár</li> </ul> <p><b>Leyfilegur heildarafli</b> 74.711 (+23%)<sup>1</sup></p>	<p><b>Makrill</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ráðgjöf ICES fyrir 2024 er ríflega 5% lægri en á síðasta ári</li> </ul> <p><b>Ráðgjöf fyrir 2024</b> -5%</p>
<p><b>Ufsi</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Vísbendingar eru um að stærð ufsastofnsins kunnist að hafa verið ofmetinn síðustu ár</li> </ul> <p><b>Leyfilegur heildarafli</b> 66.418 (-7%)<sup>1</sup></p>	<p><b>Norsk- íslensk síld</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ráðgjöf ICES fyrir 2024 er ríflega 24% lægri en á síðasta ári</li> </ul> <p><b>Ráðgjöf fyrir 2024</b> -24%</p>
<p><b>Íslenska sumargotssíldin</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Stofnstærð íslensku sumargots-síldarinnar hefur aukist síðan 2020 vegna góðrar nýliðunar síðustu ár</li> </ul> <p><b>Leyfilegur heildarafli</b> 92.634 (+40%)<sup>1</sup></p>	<p><b>Kolmunni</b></p>  <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ráðgjöf ICES fyrir árið 2024 er tæplega 13% hækkun frá síðasta ári</li> </ul> <p><b>Ráðgjöf fyrir 2024</b> +13%</p>

Ekki er samkomulag milli strandríkjanna um hlutdeild og veiðistjórnun makrils, norsk-íslenskrar síldar og kolmunna




# FJÁRHAGUR

Ljósmynd Loftis Guðmundssonar frá 1928 er hér felld handlituð inn í nýlega ljósmynd af Vestmannaeyjahöfn. Áhugavert er að staldra aðeins við og íhuga þær gríðarlega miklu breytingar sem orðið hafa á íslenski útgerð síðastliðin eitt hundrað ár.


# Dróun rekstrartekna hjá sameinuðu félagi

Bætt afkoma og tekjur með hækkandi verði og hagkvæmum rekstri

**Rekstrartekjur félagsins<sup>1</sup>**  
USD m. og vísitala sjávarafurða



**EBITDA félagsins<sup>1</sup>**  
USD m. og EBITDA hlutfall



<sup>1</sup>Sögulegar tölur miða við móðurfélag Ísfélags Vestmannaeyja að viðbætti samstæðu Ramma í USD miðað við meðalgengi EUR/USD hvers árs, reikningskil eru á grundvelli íslenskra ársreikningalaga að undanskildu á árinu 2022 hjá Ísfélagi Vestmannaeyja (IFRS reikningskil) <sup>2</sup>Sjávarútvegsgræining Deloitte


# Fjárfestingar undanfarinna ára skapa tækifæri í rekstri

Fjárfest í nýrri tækni sem skilar betri nýtingu og gæðum

- Töluvert hefur verið fjárfest í skipum og landvinnslu í þeim tilgangi að bæta framlegð, afkastagetu og hagkvæmni
- Dæmi um nýlegar fjárfestingar félagsins eru:
  - Á árunum 2020-2023 reisti félagið hrognatanka og hrognvinnsluhús fyrir um USD 13 m í Vestmanneyjum
  - Árið 2021 voru Álsey VE og Suðurey VE keyptar fyrir alls um USD 20 m
  - Aukin afkastageta í Eyjum og á Þórshöfn með fjárfestingum í frystiskáp, þökkunarlinum og flökunarvélum
- Ísfisktogarinn Sigurbjörg ÁR er í smíðum og verður tekinn í notkun árið 2024
  - Drjú eldri skip fara úr flota félagsins
  - Ógreitt kaupverð nemur EUR 14,9 m
- Dæmi um áformaðar fjárfestingar félagsins eru:<sup>1</sup>
  - Allt að 35% afkastaukning fiskimjölsverksmiðjunnar í Eyjum
  - Aukið geymslupláss og frystigeta á Þórshöfn
- Afskriftir hafa numið að meðaltali USD 11,6 m frá 2015 og að mati stjórnenda gefa þær góða mynd af viðhaldsfjárfestingum til framtíðar

## Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og afskriftir<sup>2</sup>

USD m. og hlutfall af varanlegum rekstrarfjármunum %



<sup>1</sup>Sjá nánar í viðauka <sup>2</sup>Sögulegar tölur miða við móðurfélag Ísfélags Vestmannaeyja að viðbætti samstæðu Ramma í USD miðað við meðalgengi EUR/USD hvers árs, reikningsskil eru á grundvelli íslenskra ársreikningalaga að undanskildu 2022 hjá Ísfélagi Vestmannaeyja (IFRS reikningsskil)


## Fjárbinding í rekstri

Fjárbinding í veltufjármunum nam 28 milljónum USD í árslok 2022 eða 11% af tekjum ársins

- Hlutfall hreinna veltufjármuna af rekstrartekjum hefur numið 19% að meðaltali á árunum 2015 til 2022
  - Hlutfallið var lágt 2022 vegna tekna af góðri loðnuvertíð sem voru innleystar á árinu
- Stærsti hluti birgða eru fullunnar afurðir en aðrar birgðir eru hráefni, umbúðir og veiðarfæri
  - Góðar frystigeymslur gera kleift að jafna út sölu yfir lengri tíma
  - Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða áætluðu söluverði, hvort sem lægra reynist
- Um 30 daga greiðslufrestur er á flestum viðskiptum
  - Félagið hefur boðið lengri greiðslufrest við sölu á mjöli og lýsi gegn þóknun
  - Lítið er um að viðskiptakröfur tapist

### Fjárbinding í veltufjármunum<sup>1</sup>

USD m., hlutfall af tekjum



<sup>1</sup>Sögulegar tölur miða við móðurfélag Ísfélags Vestmannaeyja að viðbættri samstæðu Ramma í USD miðað við árslokagengi EUR/USD hvers árs, reikningsskil eru á grundvelli íslenskra ársreikningalaga að undanskildu 2022 hjá Ísfélagi Vestmannaeyja (IFRS reikningsskil)

# Vaxtaberandi skuldir og órekstrartengdar eignir

Stór hluti langtímalána á föstum vaxtagrunni frá ársbyrjun 2022

- Efnahagsreikningur þann 30.06.2023 er birtur á móðurfélagsgrunni samkvæmt IFRS<sup>1</sup>
- Nettó vaxtaberandi skuldir auk leiguskuldbindinga námu USD 121 m
  - Vaxtaberandi skuldir félagsins námu alls USD 145 m
  - Leiguskuldbindingar námu alls USD 1 m (lóðaleigusamningar)
  - Handbært fé nam USD 26 m
- Vaxtagrunnur af 57% af lánum félagsins var festur með vaxtaskiptasamningi sem gerður var í janúar 2022 til 5 ára
  - Lánveitendur eru DNB í Noregi, Íslandsbanki og Landsbanki
- Helstu dóttur- og hlutdeildarfélag eru:
  - Austur Holding AS (eignarhlutur í Ice Fish Farm)
  - Primex ehf
  - Iceland Pelagic ehf
  - Pelagic Greenland AS
  - Lundey ehf (eignarhlutur í Vaxa Technologies)



**USD 121 m**  
Nettó vaxtaberandi skuldir<sup>2</sup>



**2,6%**  
Meðal vaxtaálag á grunnvexti lána



**USD 113 m**  
Bókfært virði dóttur- og hlutdeildarféлага auk annarra eigna<sup>3</sup>




**62%**  
Eiginfjárhlutfall

\*Efnahagur 30.06.23

## Gjaldmiðlasamsetning vaxtaberandi skulda 30.06.23

Hlutfall af heild



<sup>1</sup>Félagið telur að dótturfélög hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin <sup>2</sup>Vaxtaberandi skuldir auk leiguskuldbindinga að frádrögnum handbæru fé <sup>3</sup>Inniheldur bókfært virði: Eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélagum (USD 90,4 m), fjárfestingum á gangvirði að undanskildum vaxtaskiptasamningi (USD 12,0 m) auk krafna og skuldabréfa á tengda aðila (USD 10,4 m)

# Góðar rekstrarhorfur og tækifæri til hagræðingar

Áætluð EBITDA fyrir 2023 er USD 77-83 m

## Afkomuspá félagsins er byggð á eftirfarandi lykilþáttum

- Áætlunin miðast við sameiginlegan rekstur félaganna frá áramótum
- Aflaheimildum félagsins og áætluðum afla skipa félagsins
- Magni hráefnis sem áætlað er að unnið verði í landvinnslum og mjölvinnslum félagsins
- Fjárfestum er sérstaklega bent á að afkomuspáin er háð óvissuþáttum sem geta breytt útkomu spárinnar verulega
  - Birgðastaða um áramót
  - Verðsveiflur á mörkuðum

## Tækifæri í rekstri á næstu árum

- Stjórnendur félagsins stefna að USD 5 m rekstrarlegum ábata árið 2024 vegna sameiningar félaganna tveggja
  - Bætt nýting aflaheimilda vegna sérhæfingar í fiskvinnslu
  - Sparnaður í skrifstofukostnaði og innkaupum
  - Með tilkomu nýs skips, Sigurbjargar ÁR, verður hagræðing en skipið kemur í stað þriggja eldri bolfiskskipa

## Arðgreiðslustefna

- Stefna félagsins að arður nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs
- Arður skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins



<sup>1</sup>Miðað við gengi USD 140 <sup>2</sup>Miðast við Proforma rekstur Ísfélags að því leyti að EBITDA Ramma fyrir tímabilið 01.01.23-30.06.23 er innifalin í afkomuspá félagsins en verður ekki hluti af ársreikningi því reikningshaldslegur samruni miðar við 30.06.2023

# Fjárfesting í sterku og rótgrónu félagi með traustan efnahag



Verð á sjávarafurðum hefur sögulega farið hækkandi



Framlegð félagsins er yfir meðaltali sjávarútvegs



Vel samsettar aflaheimildir



Lág skuldsetning og sterk eiginfjárstaða



Tækifæri til frekari vaxtar í aflaheimildum



Sterkt og reynslumikið stjórnendateymi



Starfsemi félagsins er nálægt helstu veiðisvæðum



Mikið hefur verið fjárfest í vinnslum og skipaflota



Félagið er með skýra stefnu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni




# ÚTBODIÐ

Sigurður VE 15 var eitt þekktasta skip íslenska flotans. Hann var smíðaður í Seebeck Werft skipasmíðastöðinni í Brimarahöfn í Þýskalandi árið 1960. Árið 1973 var skipinu breytt í nótaveiðiskip og Kristbjörn Árnason (Bóbi) tók við skipstjórnartaumunum. Var skipið mikið aflaskip. Árið 1975 setti skipið met þegar það landaði rúmlega 40 þúsund tonn.

# Dagsetningar hlutafjárútboðs og skráningar

Áskriftartímabil útboðs hefst 23. nóvember og lýkur 1. desember 2023



**22. nóv**

*Birting lýsingar*

**23. nóv**

*Áskriftartímabil hefst*

**1. des**

*Áskriftartímabili lýkur*



**6. des**

*Gjalddagi og eindagi*




**8. des**

*Uppgjör og afhending hluta, fyrsti viðskiptadagur*

## Nóvember

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22 	23 	24	25
26	27	28	29	30		

## Desember

S	M	Þ	M	F	F	L
					1 	2
3	4	5	6 	7	8 	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

# Fyrirkomulag útboðs

Sala á 14,5% af þegar útgefnu hlutafé eða ISK 16 ma.kr. miðað við lágmarksverð

	Áskriftarbók A	Áskriftarbók B
Tilboðsverð	Fast verð 135 kr. á hlut	Á eða yfir lágmarksverði 135 kr. á hlut. Sala fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum
Stærð útboðs	23.784.770 hlutir (20% af heildarframboði útboðs)	95.139.081 hlutir (80% af heildarframboði útboðs)
Stærð áskrifta	Lágmarksfjárhæð áskriftar er 100.000 kr. og hámarksáskrift er 20.000.000 kr.	Áskriftir yfir 20.000.000 kr.
Meginreglur úthlutunar	Í áskriftarbók A verða áskriftir skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til. Áskriftir starfsmanna Ísfélags í útboðinu verða ekki skertar. Í áskriftarbók B verða áskriftir sem eru á eða yfir útboðsgengi áskriftarbókar B samþykktar, þó þannig að ef umframeftirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir skertar. Við skerðingu í áskriftarbók B verða áskriftir metnar á grundvelli verðs. Þannig verður leitast við að skerða ekki áskriftir sem eru yfir útboðsgengi áskriftarbókar B en þær áskriftir sem eru á útboðsgengi áskriftarbókar B verða skertar hlutfallslega með tilliti til fjárhæðar áskrifta á því gengi. Öll samþykkt tilboð verða samþykkt á sama gengi: Útboðsgengi áskriftarbókar B.	
Áskriftartímabil	Frá kl. 10:00 (GMT) 23. nóvember 2023 til kl. 14:00 (GMT) 1. desember 2023	
Annað	Fyrirhugað er að birta niðurstöður útboðsins eigi síðar en í lok dags þann 4. desember 2023	

# Virði alls hlutafjár ISK 105 ma.kr.


Miðað við lágmarksverð 135 kr./hlut

Rekstrarvirði („EV“) er um USD 784 m og virði hlutfjár USD 751 m, miðað við lágmarksverð 135 kr. á hlut

- Jafngildir rekstrarvirði ISK 110 ma.kr. og eiginfjárvirði hlutafjár ISK 105 ma.kr.
- Ógreiddur arður USD 15 m fyrir rekstrarárið 2022 og eftirstöðvar kaupverðs vegna Austur Holding (Ice Fish Farm), samtals USD 13 m
  - Flokkað meðal skammtímaskulda á efnahag 30.6.23
- Miðað við lágmarksverð útboðs er EV/EBITDA Ísfélags 8,2x EBITDA 22 og 9,8x EBITDA 23Á


## Margfaldarar Ísfélags og skráðra sjávarútvegsfélaga

Rekstrarvirði („EV“)/EBITDA miðað við dagslokagengi 21.11.23



## Eiginfjárbrú miðuð við lágmarksverð á hlut

Virði fyrir útboð („Pre-money“), byggt á stöðu efnahags 30.06.23, USD m.



\*Miðað við gengi ISK/USD 140 og ISK/EUR 153 <sup>1</sup>Afkomu Vísis 2022 bætt við SVN á meðalgengi ISK/USD ársins 2022 (áætluð afkoma 11 mánaða bætt við þar sem hlutdeild SVN í afkomu Vísis var einn mánuður) <sup>2</sup>Miðgildi EBITDA áætlunar (birt í Q1 uppgjöri 2023) <sup>3</sup>EBITDA áætluð miðað við afkomu fyrstu 9 mánuði ársins á ársgrundvelli <sup>4</sup>Sjá nánar á blaðsíðu 32 <sup>5</sup>Sala á eigin bréfum til starfsmanna eftir 30.06.2023, fyrir útboð

# Hluthafar og sala eigin hluta

Félagið vill vera reiðubúið til þess að grípa tækifæri í sjávarútvegi

## Stefnt er að sölu eigin hluta



### Fjármögnun á Sigurbjörgu ÁR

- Þrjú eldri skip fara úr flota félagsins
- Áætluð afhending í febrúar 2024
- Greiðsla eftirstöðva kaupverðs, samtals EUR 14,9 m



### Fjármögnun framkvæmda á fiskimjölsverksmiðju

- Framkvæmdir til að auka afkastagetu fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum um allt að 35%
- Kostnaður áætlaður samtals um ISK 1,0 ma.kr.
- Áformað er að fyrrnefnd fjárfesting muni auka framlegð



### Aðrar ástæður fyrir sölu eigin bréfa

- Félagið vill vera reiðubúið til að grípa þau tækifæri sem eru í sjávarútvegi

Hluthafar Ísfélags	Fjöldi hluta fyrir útboð	Útboðið	Fjöldi hluta eftir útboð	Áætlaður eignarhlutur eftir útboð <sup>1</sup>
ÍV fjárfestingafélag ehf.	472.877.741	-70.676.203	402.201.538	49,13%
Marteinn Haraldsson ehf.	95.145.581	-1.651.510	93.494.071	11,42%
Gunnar Sigvaldason	52.743.201	-915.501	51.827.700	6,33%
Svavar Berg Magnússon	34.977.248	-607.125	34.370.123	4,20%
Anna ehf.	18.471.622		18.471.622	2,26%
Jón Ingvar Þorvaldsson	11.768.502		11.768.502	1,44%
Fimman ehf.	11.192.088		11.192.088	1,37%
Guðmundur Sigurðsson	7.005.376		7.005.376	0,86%
Valgerður Sigurðardóttir	7.005.376		7.005.376	0,86%
Friðgeir Sigurðsson	7.005.323		7.005.323	0,86%
<b>Samtals 10 stærstu</b>	<b>718.192.058</b>	<b>-73.850.339</b>	<b>644.341.719</b>	<b>78,71%</b>
Arion banki hf.	5.405.593	-5.405.593	-	-
Aðrir	55.346.743	+118.923.851	174.270.594	21,29%
<b>Útistandandi hlutir samtals</b>	<b>778.944.394</b>		<b>818.612.313</b>	<b>100%</b>
Ísfélag hf. (eigin hlutir)	39.667.919	-39.667.919	-	-
<b>Útgefnir hlutir samtals</b>	<b>818.612.313</b>		<b>818.612.313</b>	<b>100%</b>

# Helstu áhættuþættir

Fjárfestar skulu kynna sér vel upplýsingar um áhættuþætti félagsins



## Rekstraráhætta

- Efnahagsumhverfi
  - Hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vaxtastig og gengi ISK
- Fiskimið og deilistofnar
  - Sveiflur í fiskgengd
- Hráefnis- og afurðaverð
- Aðgengi að mörkuðum
  - Aðstæður í viðskiptalöndum og á alþjóðlegum mörkuðum



## Laga-, leyfis og regluáhætta

- Fiskveiðistjórn
  - Stjórnvaldsaðgerðir kunna að takmarka úthlutun aflaheimilda
- Stjórnmálaumhverfi
  - Stjórnvöld kunna að breyta leikreglum í sjávarútvegi
- Veiðigjöld
  - Breytingar á álagningu veiðigjalda



## Markaðsáhætta

- Gjaldeyris- og uppgjörshætta
  - Tekjur og skuldir félagsins eru í mismunandi myntum
- Vaxta- og fjármögnunaráhætta
  - Vextir skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir eða fastir vextir í mismunandi myntum
- Verðbólguáhætta
  - Um 30% af rekstrarkostnaði Ísfélags hefur fallið til í íslenskri krónu sem er því háður þróun verðlags á innlendum markaði

# VIÐAUKI

Sigurður VE kemur til hafnar í Vestmannaeyjum  
árið 2021 með makríl til vinnslu.




# Ice Fish Farm AS

## Vöxtur í fiskeldi á Austfjörðum á næstu árum

- Ice Fish Farm AS er skráð í kauphöllinni í Osló
- Ísfélag á 16,2% hlut í Ice Fish Farm gegnum eignarhaldsfélag
  - 29,3% hlutur í Austur Holding AS sem á 55% hlut í Ice Fish Farm
- Mikil framleiðslugeta
  - Gert er ráð fyrir um 6 þúsund tonna framleiðslu í ár og 20 þúsund á næsta ári
  - Framleiðslugeta áætluð um 30 þúsund tonn í framtíðinni
- Leyfi fyrir 34.500 tonnum af frjóum laxi og 9.300 tonnum fyrir ófrjóan lax
  - Leyfisumsókn fyrir 6.500 tonnum (frjór) og 3.500 tonn (ófrjór)



### Verðþróun á laxi<sup>1</sup>

NOK/kg.



### Óbein hlutdeild í leyfum Ice Fish Farm<sup>2</sup>

Leyfilegt magn í sjó, tonn



# Pelagic Greenland AS

## Samstarf við Royal Greenland frá árinu 2014

- Ísfélag á 33% hlut í félaginu á móti grænlenka fyrirtækinu Royal Greenland AS
- Félagið á tvö uppsjávarskip
  - Tasiilaq sem smíðað var árið 2003 og er 84 metra langt
  - Tuneq sem smíðað var árið 1988 og er 70 metra langt
- Pelagic Greenland hefur aflaheimildir í loðnu, síld, makríl og kolmunna
- Afli árið 2022 nam um 25 þúsund tonnum og þar af var um helmingur loðna
  - Aflinn 2023 stefnir í um 27 þúsund tonn



11.200 tonna  
loðnuafli  
(2023)



2.100 tonna  
norsk-íslensk  
síldarheimildir  
(2023)



6.900 tonna  
makrílafli  
(2023)



7.200 tonna  
kolmunnaheimildir  
(2023)



Tasiilaq er smíðað árið 2003, landar loðnu á Þórshöfn í janúar 2023

# VAXA Technologies

## Ræktun smápörunga með einkaleyfavarinni tækni

- Ísfélag á með óbeinum hætti 7,5% hlut í VAXA og hefur verið hluthafi frá stofnun árið 2017
- Félagið framleiðir þörunga með koltvísýringi frá borholum OR, hitastýrðu vatni og ljósi
- Fyrirtækið er í miklum vexti en heildarfermetra fjöldi húsnæðis er 5.000 m<sup>2</sup> og áformað að verði 13.000 m<sup>2</sup> innan fárra ára
- Framleiðsla á ýmsum afurðum svo sem fæðubótarefni, fóður fyrir klak seiðastöðva, litarefni og prótein



Blátt litarefni er verðmæt vara





Omega 3 olía úr þörungum



Prótein



Spírulína




# Primex

Sjávarlíftæknifélag með mörg tækifæri

- Að fullu í eigu Ísfélags
- Framleiðir einkaleyfvarið hágæða kítósan úr rækjuskel
- Náttúruleg lífræn virkni Primex kítósan í stað kemískra efna
- Félagið selur kítósan beint til framleiðanda á ýmsum vörum
- 958 milljóna króna velta og 132 milljóna króna hagnaður árið 2022
- ChitoCare medical
  - Rannsóknir hafa sýnt græðandi virkni á bæði gömul og ný sár
  - Grunnvinna að markaðssetningu í Bandaríkjunum er hafin
  - Varan er með lækningaleyfi í Evrópu og er í umsóknarferli í Bandaríkjunum
- ChitoCare beauty
  - Vinsælt íslenskt húðvörumerki



Hlutfall sára af völdum sykursýki sem höfðu gróið



Súluritið sýnir niðurstöður rannsóknar frá árinu 2020, notkun ChitoCare medical sárageils annars vegar og hins vegar notkun á hefðbundnu sárageili<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Chitwound study on type 1 and 2 diabetes patients, rannsóknin er með Clinicalgov skráningarnúmer NCT04178525 og má nálgast skráninguna á vefsíðunni classic.clinicaltrials.gov.

# Dæmi um græðandi virkni ChitoCare medical sáragelsins

ChitoCare medical sáragel notað á 11 ára gamalt ör.



Fyrir meðferð

Eftir 2 vikur

Eftir 6 mánuði

ChitoCare medical sáragel var hér notað á alvarlegt sár strax eftir að saumar voru teknir úr því.



Fyrir meðferð

Eftir 4 daga

Eftir 6 daga

Eftir 38 daga

Eftir 8 mánuði



Sex klukkutímum eftir sólbruna og notkun ChitoCare medical Healing Spray for sunburn.



Nítján ára drengur með alvarleg brunasár. Eftir tveggja mánaða meðferð með ChitoCare medical voru engin sjáanleg ör.



Exemsár á fótleggjum 7 ára barns sem aldrei náðu að gróa. Eftir tveggja vikna meðferð með ChitoCare medical voru sárin gróin.


## Nýjung við frystingu uppsjávarafurða

- Yfir 250 tonna frystigeta á sólarhring
- 1.300 metra lausfrystir á Þórshöfn
- Lausfrystur makrill er eftirsóttur á mörkuðum



# Rafvæðing og afkastaaukning mjólverksmiðjunnar í Eyjum

Eykur framlegð og hefur jákvæð umhverfisáhrif



Með aukinni flutningsgetu á raforku er tækifæri til að fara yfir í raforku

Á næsta ári er gert ráð fyrir að auka afköst fiskimjólverksmiðjunnar um allt að 35%

# Efnahagsreikningur Ísfélags hf. þann 30. júní 2023

<i>Eignir í USD<sup>1</sup></i>		<i>Eigið fé og skuldir í USD<sup>1</sup></i>	
Aflaheimildir	399.566.468	Hlutfé	6.183.170
Rekstrarfjármunir	142.196.764	Varasjóður	257.662.810
Eignarhlutar í dóttur, hlutdeildarfélögum og samrekstri	90.442.151	Þýðingarmunur	(6.430.891)
Fjárfestingar á gangvirði	17.302.387	Hlutdeildarreikningur	7.563.131
Langtímakröfur á tengda aðila	8.979.213	Óráðstafað eigið fé	215.740.414
<i>Fastafjármunir samtals</i>	<i>658.486.983</i>	<b><i>Eigið fé samtals</i></b>	<b><i>480.718.634</i></b>
Birgðir	51.000.968	Vaxtaberandi skuldir	134.901.379
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	33.364.363	Tekjuskattsskuldbinding	79.393.345
Skuldabréf og næsta árs afb. langt.lána	1.422.294	<i>Langtímaskuldir samtals</i>	<i>214.294.724</i>
Handbært fé	25.566.236	Vaxtaberandi skuldir	11.885.326
<i>Veltufjármunir samtals</i>	<i>111.353.861</i>	Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	56.555.398
<b><i>Eignir samtals</i></b>	<b><i>769.840.844</i></b>	Tekjuskattur til greiðslu	6.386.762
		<i>Skammtímaskuldir samtals</i>	<i>74.827.486</i>
		<b><i>Skuldir samtals</i></b>	<b><i>289.122.210</i></b>
		<b><i>Eigið fé og skuldir samtals</i></b>	<b><i>769.840.844</i></b>

## Fyrirvari (1/2)

- Fjárfestakynning þessi (hér eftir „kynningin“) hefur verið útbúin af Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., (hér eftir „Íslandsbanki“), Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. (hér eftir „Arion banki“), Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., (hér eftir „Landsbankinn“) og Ísfélaginu hf. (hér eftir „félagið“ eða „Ísfélagið“), í tengslum við fyrirhugaða skráningu Ísfélagsins á aðalmarkað Nasdaq Iceland og er eingöngu ætluð til upplýsinga í tengslum við hlutafjárútbod félagsins (hér eftir „útboðið“). Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn eru ráðgjafar félagsins og eigenda þess (sameiginlega eru Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn nefndir „ráðgjafarnir“). Félagið og ráðgjafarnir skulu einir hafa heimild til að veita upplýsingar um fjárfestakynningu þessa. Ráðgjafarnir bera ekki neina ábyrgð á upplýsingum sem þriðji aðili veitir.
- Fjárfestakynning þessi hefur eingöngu upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu verðbréfa félagsins í neinni lögsögu. Fjárfestar sem vilja taka þátt í útboðinu skuldbinda sig til að lesa samantektina, útgefandalýsinguna og verðbréfalýsinguna, sem er samin af félaginu og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanki Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd „lýsingin“) og önnur gögn sem gefin eru út í tengslum við lýsinguna og sem innihalda upplýsingar um skilmála útboðsins. Hvers konar ákvörðun um að skrá sig fyrir eða kaupa hlutabréf í hvaða útboði sem er skal eingöngu byggja á upplýsingum í lýsingunni eða öðrum lykilupplýsingum sem gefnar eru út af félaginu.
- Upplýsingar í fjárfestakynningunni skulu ekki skoðaðar sem ráðgjöf af neinu tagi, svo sem, en ekki einskorðað við, viðskipta- eða fjármálaráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, skattaráðgjöf eða tæknileg ráðgjöf. Viðtakandi samþykkir með móttöku fjárfestakynningarinnar að hann einn ber ábyrgð á að framkvæma eigin rannsókn og greiningu á félaginu og viðeigandi mörkuðum, ásamt því að mynda sér sjálfstæða skoðun á þeim upplýsingum sem snerta framtíðar afkomu félagsins, ásamt núverandi og framtíðar fjárhagsstöðu þess. Ákvörðun um þátttöku í útboðinu byggir því eingöngu á skoðun viðtakanda á félaginu.
- Kynning þessi er byggð á upplýsingum frá félaginu, eigendum þess, utanaðkomandi aðilum og opinberum upplýsingum þar sem það á við. Ráðgjafarnir hafa ekki staðreynt eða lagt mat á réttmæti þessara upplýsinga með sjálfstæðum könnunum. Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn, (ásamt öllum félögum innan sömu samstæðu og starfsmönnum hvors félags um sig) geta því ekki ábyrgst að upplýsingar í þessari kynningu séu réttar og/eða að ályktanir sem dregnar eru af slíkum upplýsingum séu réttar. Slík ábyrgð er þannig hér með undanskilin. Samkvæmt bestu vitund ráðgjafanna eru upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við þær staðreyndir sem kunnar eru á útgáfudegi.
- Ráðgjafarnir eru því með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, sem tengist fjárfestakynningunni, innihaldi hennar, eða tengist útboðinu, þar með talið en ekki takmarkað við villur, ónákvæmni, yfirsjónir eða misvísandi upplýsingar í fjárfestakynningunni. Þá eru ráðgjafarnir ekki á neinn hátt skaðabótaskyldir vegna tjóns sem hlýst af beinni eða óbeinni notkun á fjárfestakynningunni eða vegna útboðsins.
- Ráðgjöfunum ber hvorki skylda til að meta né hefur metið hvort þátttaka í útboði á hlutum í félaginu og fjárfesting í hlutabréfum sé viðeigandi fyrir viðtakanda eða tryggja vernd skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagæringa.
- Fjárfestakynning þessi inniheldur staðhæfingar um framtíðarhorfur félagsins, atvinnugreinarinnar og hagkerfi heimsins (slíkar framtíðarhorfur má greina á því að hugtökin og orðræðan um félagið vísa þá til framtíðar, svo sem „búist er við“, „áætlanir“, „mat“, „spá“ eða annað sambærilegt orðalag). Ekki er hægt að ábyrgjast á nokkurn hátt að fyrirætlanir eða spár í fjárfestakynningunni gangi eftir. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðra eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma getur verið mjög ólík þeirri þróun sem búist var við í veigamiklum atriðum. Því er varað við því að reiða sig um of á framtíðarhorfur og áætlanir og þær ætti á engan hátt að skoða sem loforð um árangur. Ráðgjafarnir eru ekki á neinn hátt skuldbundin til að uppfæra fjárfestakynninguna, þar með talið framtíðarhorfur, eða til að uppfæra framtíðarhorfur í samræmi við raunverulegan árangur.

## Fyrirvari (2/2)

- Upplýsingar sem koma fram í þessari kynningu eru almenns eðlis og taka ekki mið af fjárhagsstöðu, fjárfestingaráformum eða sérstökum þörfum viðtakanda. Móttaka hennar skal ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu ráðgjafanna. Fjárfestar skulu greina og leggja eigið mat á fjárfestinguna og eru hvattir til að setja fram eigin áætlanir á grundvelli þeirra greininga. Kynningu þessa má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna af hálfu félagsins, ráðgjafanna eða annarra aðila. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka, er hluti af samstæðu Íslandsbanka hf., sem á meðal annars í viðskiptum á sviði lánastarfsemi, verðbréfamiðlunar, eignastýringu og ráðgjafar. Aðilar innan hvernar starfseiningar starfa sjálfstætt og aðskilnaður er á milli starfssviða, bæði í húsnæði og kerfislega. Fyrirtækjaráðgjöf, aðrar starfseiningar innan samstæðu Íslandsbanka hf., eða aðilar þeim tengdum, kunna að hafa hagsmuni eða skyldur við aðra hagaðila sem tengjast félaginu eða verkefninu. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan bankans er meðal annars fullur aðskilnaður milli starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda. Þá starfa deildir bankans eftir verklagi og reglum bankans sem miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra.
- Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, er hluti af samstæðu Arion banka hf., sem á meðal annars í viðskiptum á sviði lánastarfsemi, verðbréfamiðlunar, eignastýringu og ráðgjafar. Aðilar innan hvernar starfseiningar starfa sjálfstætt og aðskilnaður er á milli starfssviða, bæði í húsnæði og kerfislega. Fyrirtækjaráðgjöf, aðrar starfseiningar innan samstæðu Arion banka hf., eða aðilar þeim tengdum kunna að hafa hagsmuni eða skyldur við aðra hagaðila sem tengjast félaginu eða verkefninu. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan bankans er meðal annars fullur aðskilnaður milli starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda. Þá starfa deildir bankans eftir verklagi og reglum bankans sem miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra.
- Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, er hluti af samstæðu Landsbankans hf., sem á meðal annars í viðskiptum á sviði lánastarfsemi, verðbréfamiðlunar, eignastýringu og ráðgjafar. Aðilar innan hvernar starfseiningar starfa sjálfstætt og aðskilnaður er á milli starfssviða, bæði í húsnæði og kerfislega. Fyrirtækjaráðgjöf, aðrar starfseiningar innan samstæðu Landsbankans hf., eða aðilar þeim tengdum, kunna að hafa hagsmuni eða skyldur við aðra hagaðila sem tengjast félaginu eða verkefninu. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra innan bankans er meðal annars fullur aðskilnaður milli starfssviða til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaflæði milli starfsmanna og koma þannig í veg fyrir að að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist milli einstakra deilda. Þá starfa deildir bankans eftir verklagi og reglum bankans sem miða að því að komið sé í veg fyrir eða takmarka hagsmunaárekstra.
- Útboðið er áætlað sem opið hlutfjárútboð og verður lýsing félagsins einungis gefin út á Íslandi og í samræmi við íslensk lög. Dreifing á kynningu þessari og útboðið, þar með talið áskrift eða kaup á hlutum í félaginu er takmörkuð í ákveðnum lögsögum. Kynning þessi er ekki tilboð um eða hvatning til áskriftar eða kaupa á hlutum í félaginu í neinni lögsögu þar sem slíkt tilboð eða sala væri ólögleg. Af því leiðir að ekki má dreifa kynningu þessari né hvers konar auglýsingum eða útboðsgögnum í neinni lögsögu, nema þegar kringumstæður eru í samræmi við öll viðeigandi lög og reglur.
- Athygli er sérstaklega vakin á þeim áhættuþáttum sem tengjast félaginu og útboðinu sem fjallað er um í lýsingunni. Athugið að raungerist einn eða fleiri áhættuþáttur, eða ef forsendur bregðast, getur raunverulegur árangur og framtíðarþróun félagsins verið mjög ólík því sem lýst er í fjárfestakynningu þessari í veigamiklum atriðum.
- Fjárfesting í fjármálagerningum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Fjárfestum er bent á að kynna sér upplýsingar um áhættu í tengslum við fjármálagerninga áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í fjármálagerningum. Samantekt á fjármálagerningum og áhættu má finna á vefsíðum ráðgjafanna: <https://www.islandsbanki.is/is/grein/fjarfestavernd/>, <https://www.arionbanki.is/markadir/fleira/fjarfestavernd/> og <https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/reglur-og-skilmalar>.
- Um kynningu þessa gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur vegna kynningarinnar skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

# Undirritunarsíða

F.h. Ísfélags hf.,  
Gunnlaugur S Gunnlaugsson



Undirritað af:  
Gunnlaugur S  
Gunnlaugsson  
2912585739  
Dags: 22.11.2023  
Tími: 17:36:33  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4e2781d-  
8c63-49bc-b918-  
200d0786a546

F.h. Ísfélags hf.,  
Stefán Baldvin Friðriksson



Undirritað af:  
Stefán Baldvin Friðriksson  
3110635029  
Dags: 22.11.2023  
Tími: 17:39:39  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4e2781d-  
8c63-49bc-b918-  
200d0786a546

Undirritun vegna pro forma yfirlýsingar f.h. ... <sup>1)</sup>  
Matthías Þór Óskarsson



Undirritað af:  
Matthías Þór Óskarsson  
0705755079  
Dags: 22.11.2023  
Tími: 17:46:55  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d4e2781d-  
8c63-49bc-b918-  
200d0786a546